

***Rannsóðum
daglega
ritningarnar***

2018



es18-IC
170725

Rannsökum daglega ritningarnar

2018

Árstexti

**Þeir sem vona á Jehóva
fá nýjan kraft.**

– Jesaja 40:31.

Nafn

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á www.jw.org til að gefa framlag.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2010 nema annað sé tekið fram. Leturbreytingar eru okkar. Tilvitnanir í *New World Translation of the Holy Scriptures* eru merktar NW.

Rannsókkum daglega ritningarnar - 2018

Examining the Scriptures Daily - 2018

Prentað í ágúst 2017

Icelandic (*es18-IC*)

© 2017

**WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY
OF PENNSYLVANIA**

Útgefendur

2018

JANÚÁR

M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

FEBRÚÁR

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28				

MARS

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

APRÍL

M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

MAÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

JÚNÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

JÚLÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

ÁGÚST

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

SEPTEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

OKTÓBER

M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

NÓVEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

DESEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

LÍF OKKAR OG BOÐUN

BIBLÍULESTRARÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 2018

Janúar

- | | | |
|----|---------------|--------------------------|
| 1 | Matteus 1-3 | ☐ |
| 8 | Matteus 4-5 | ☐ |
| 15 | Matteus 6-7 | ☐ |
| 22 | Matteus 8-9 | ☐ |
| 29 | Matteus 10-11 | ☐ |

Febrúar

- | | | |
|----|---------------|--------------------------|
| 5 | Matteus 12-13 | ☐ |
| 12 | Matteus 14-15 | ☐ |
| 19 | Matteus 16-17 | ☐ |
| 26 | Matteus 18-19 | ☐ |

Mars

- | | | |
|----|---------------|--------------------------|
| 5 | Matteus 20-21 | ☐ |
| 12 | Matteus 22-23 | ☐ |
| 19 | Matteus 24 | ☐ |
| 26 | Matteus 25 | ☐ |

Apríl

- | | | |
|----|---------------|--------------------------|
| 2 | Matteus 26 | ☐ |
| 9 | Matteus 27-28 | ☐ |
| 16 | Markús 1-2 | ☐ |
| 23 | Markús 3-4 | ☐ |
| 30 | Markús 5-6 | ☐ |

Maí

- | | | |
|----|--------------|--------------------------|
| 7 | Markús 7-8 | ☐ |
| 14 | Markús 9-10 | ☐ |
| 21 | Markús 11-12 | ☐ |
| 28 | Markús 13-14 | ☐ |

Júní

- | | | |
|----|--------------|--------------------------|
| 4 | Markús 15-16 | ☐ |
| 11 | Lúkas 1 | ☐ |
| 18 | Lúkas 2-3 | ☐ |
| 25 | Lúkas 4-5 | ☐ |

Júlí

2	Lúkas 6-7	☐
9	Lúkas 8-9	☐
16	Lúkas 10-11	☐
23	Lúkas 12-13	☐
30	Lúkas 14-16	☐

Ágúst

6	Lúkas 17-18	☐
13	Lúkas 19-20	☐
20	Lúkas 21-22	☐
27	Lúkas 23-24	☐

September

3	Jóhannes 1-2	☐
10	Jóhannes 3-4	☐
17	Jóhannes 5-6	☐
24	Jóhannes 7-8	☐

Október

1	Jóhannes 9-10	☐
8	Jóhannes 11-12	☐
15	Jóhannes 13-14	☐
22	Jóhannes 15-17	☐
29	Jóhannes 18-19	☐

Nóvember

5	Jóhannes 20-21	☐
12	Postulasagan 1-3	☐
19	Postulasagan 4-5	☐
26	Postulasagan 6-8	☐

Desember

3	Postulasagan 9-11	☐
10	Postulasagan 12-14	☐
17	Postulasagan 15-16	☐
24	Postulasagan 17-18	☐
31	Postulasagan 19-20	☐

Hvernig á að nota þetta hefti?

Á næstu blaðsíðum er að finna biblíuvers fyrir hvern dag ásamt skýringum við versið. Að sjálfsögðu má lesa dagstextann hvenær sem er, en mörgum finnst hentugt að lesa hann að morgni til því að þá er hægt að íhuga efnið yfir daginn. Fjölskyldur hafa mikið gagn af því að fara saman yfir dagstextann. Það gera Betelfjölskyldur um heim allan að morgni dags.

Skýringarnar eru teknar úr *Varðturninum* (*w*) frá apríl 2016 til mars 2017. Á eftir dagsetningu *Varðturnsins* eru tölur (1-5) sem segja til um hvort efnið sé sótt í fyrstu, aðra, þriðju, fjórðu eða fimmtu námsgreinina í blaðinu. Síðan er vísað í tölugreinarnar sem efnið er sótt í. (Sjá skýringarmyndina að neðan.) Viðbótarupplýsingar um efnið má sækja í námsgreinina sjálfa. Á fyrstu eða annarri blaðsíðu *Varðturnsins* má sjá á hvaða blaðsíðu hver námsgrein hefst.

Miðvikudagur 3. janúar

*Verið varkárir eins og höggormar
en saklausir eins og dúfur.*

– Matt. 10:16, NW.

Við erum varkár með því að koma auga á hættumerki snemma og við varðveitum sakleysi okkar með því að gera engar málamiðlanir ... Við tókum ekki afstöðu til þess hvaða lög eigi að setja, afnema eða breyta, og við reynum ekki að þvinga aðra til að taka undir sjónarmið okkar. *w16.04 4:8, 9*

.....

Númer tölugreina sem
skýringarnar eru sóttar í.

Númer námsgreinar.

Mánuður *Varðturnsins*.

Útgáfuár *Varðturnsins*.

Mánudagur 1. janúar

Berjist fyrir trúnni. – Júd. 3.

Unga konan hefur beðið kvíðafull. Þegar hún sér pabba sinn koma heilan á húfi úr stríðinu hleypur hún á móti honum og fagnar einstökum sigri hans. Hvilíkur léttir! En í staðinn fyrir að syngja og dansa með dóttur sinni rífur hann klæði sín og hrópar: „Æ, dóttir mín, nú hryggirðu mig sárlega.“ Það sem hann segir í framhaldinu á eftir að breyta lífi hennar til frambúðar og gera að engu vonir hennar og drauma um eðlilegt líf. En hún svarar honum hiklaust og hvetur hann til að halda loforðið sem hann gaf Jehóva. Orð hennar bera vitni um sterka trú. Hún treystir því að hvað sem Jehóva biður um sé henni fyrir bestu. (Dóm. 11:34-37) Faðirinn er yfir sig stoltur af dótturinni. Hann veit að það gleður Jehóva að hún skuli vera svona fús til að styðja ákvörðun hans. Jefta og dóttir hans leggja traust sitt á Jehóva. Þau vita að það er alltaf best að fylgja leiðbeiningum hans, jafnvel þótt það geti verið erfitt. Þau eru sannfærð um að það sé þess virði að færa hvaða fórn sem er til að hljóta velpóknun hans. *W16.04 1:1, 2*

Þriðjudagur 2. janúar

„Þið hafið heyrt um þolgæði Jobs og vitið hvaða lyktir Drottinn gerði á högum hans.“ – Jak. 5:11.

Ertu niðurdreginn vegna þess að vinur eða ættingi sagði eitthvað særandi við þig? Áttu við alvarlegan sjúkdóm að stríða? Ertu sorgmæddur vegna þess að þú hefur misst ástvin? Þá getur frásagan af Job verið þér til uppörvunar. (Job. 1:18, 19; 2:7, 9; 19:1-3) Hann vissi ekki hvers vegna miklir erfiðleikar lögðust á hann en örvænti samt ekki né gafst upp. Af hverju? Meðal annars af

því að hann „óttaðist Guð“. (Job. 1:1) Job var staðráðinn í að þóknast honum í blíðu og stríðu. Með hjálp Jehóva hugleiddi hann þann mikla mátt sem birtist í sköpunarverki hans. Það sannfærði Job um að Jehóva myndi fyrr eða síðar binda enda á prófraunir hans. (Job. 42:1, 2) Og þannig fór það líka. Jehóva „sneri við högum Jobs ... [og] gaf tvöfalt það sem hann hafði áður átt“. Hann lifði langa og góða ævi. – Job. 42:10, 17. *W16.04 2:11, 13*

Miðvikudagur 3. janúar

Verið varkárir eins og höggormar en saklausir eins og dúfur.

– Matt. 10:16, NW.

Við erum varkár með því að koma auga á hættumerki snemma og við varðveitum sakleysi okkar með því að gera engar málamiðlanir. Við þurfum að vera varkár þegar pólitísk mál ber á góma. Segjum að við séum að boða fagnaðarerindið. Þá megum við hvorki hrósa stjórnmalaflokki eða leiðtoga fyrir stefnumál hans né gagnrýna hann. Reyndu að finna sameiginlegan grundvöll með húsráðandanum með því að beina athyglinni að undirrót vandans í stað þess að ræða um hugsanlegar pólitískar lausnir. Notaðu síðan Biblíuna til að sýna fram á hvernig stjórn Guðs á eftir að leysa vandann endanlega. Ef umdeild mál eins og fóstureyðingar og hjónabönd samkynhneigðra ber á góma skaltu vekja athygli á mælikvarða Guðs og útskýra að við fylgjum honum. Gættu þess að vera fullkomlega hlutlaus ef farið er inn á pólitískar hliðar slíkra mála. Við tökum ekki afstöðu til þess hvaða lög eigi að setja, afnema eða breyta, og við reynum ekki að þvinga aðra til að taka undir sjónarmið okkar. *W16.04 4:8, 9*

Fimmtudagur 4. janúar

„Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum.“ – Matt. 28:19.

Við þurfum að gera fólk að lærisveinum, skíra það og kenna því. En hvað er það fyrsta sem við verðum að gera? Jesú sagði: „Farið!“ Biblíufræðingur segir eftirfarandi um þessi fyrirmæli: „Það er verkefni allra trúaðra manna að ‚fara‘, hvort sem það er yfir götuna eða yfir haf-ið.“ (Matt. 10:7; Lúk. 10:3) Til hvers ætlaðist Jesús af lærisveinum sínum? Ætlaðist hann til að þeir boðuðu fagnaðarerindið einir og óstuddir eða áttu þeir að gera það í skipulögðum hópi? Einn einstaklingur gat ekki farið og gert „allar þjóðir“ að lærisveinum og þar af leiðandi þurfti skipulagðan hóp. Jesús gaf þetta til kynna þegar hann bauð lærisveinum sínum að ‚veiða menn‘. (Matt. 4:18-22) Jesús átti ekki við stangveiði þar sem maður situr í makindum og bíður eftir að fiskur bítí á. Hann var að tala um að veiða í net en það var erfiðisvinna sem útheimti oft að margir ynnu saman. – Lúk. 5:1-11. *w16.05* 2:3, 4

Föstudagur 5. janúar

„Treystu Drottni af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Minnstu hans á öllum vegum þínum, þá mun hann gera leiðir þínar greiðar.“ – Orðskv. 3:5, 6.

Til að kynnast viðhorfum Jehóva þurfum við að vera dugleg við biblíunám. Þegar við lesum og ígrundum orð Guðs gætum við spurt okkur: Hvað segir þetta efni mér um Jehóva, um réttláta vegi hans og viðhorf? Við þurfum að hugsa eins og sálmaskáldið Davíð sem söng: „Vísu mér vegu þína, Drottinn, kenn mér stigu þína. Lát mig ganga í sann-

leika þínum og kenn mér því að þú ert Guð hjálpræðis míns, allan daginn vona ég á þig.“ (Sálm. 25:4, 5) Þegar þú hugleiðir vers í Biblíunni gætirðu velt fyrir þér spurningum eins og þessum: *Hvernig* get ég nýtt mér þetta efni í fjölskyldunni? *Hvar* get ég nýtt mér það? Heima fyrir? Í vinnunni? Í skólanum? Í boðuninni? Þegar við sjáum *hvar* við getum nýtt okkur ákveðið efni getur verið auðveldara að átta okkur á *hvernig* við getum heimfært það upp á líf okkar. *w16.05* 3:9, 11

Laugardagur 6. janúar

Umsjónarmaðurinn á að vera óaðfinnanlegur. – 1. Tím. 3:2, NW.

Með því að útlista hæfniskröfur fyrir umsjónarmenn lætur Jehóva í ljós að hann gerir miklar kröfur til þeirra sem fara með ábyrgðarstörf í söfnuðinum. (1. Tím. 3:2-7) Hann ætlast til að þeir séu til fyrirmyndar og þeir þurfa að gera honum skil á því hvernig þeir annast söfnuðinn sem hann keypti með blóði sonar síns. (Post. 20:28, NW) Jehóva vill að við finnum til öryggiskenndar í umsjá undirhirðanna sem hann hefur skipað. (Jes. 32:1, 2) Ef horft er á hæfniskröfur safnaðaröldunga frá þessum bæjardyrum minna þær á hve mjög Jehóva lætur sér annt um okkur. Allir þjónar Guðs geta reyndar lært sitthvað af hæfniskröfunum sem eru talðar upp í þessum versum því að flestar snúast þær um hluti sem Jehóva ætlast til af öllum kristnum mönnum. Við eigum til dæmis öll að vera sanngjörn og skynsöm. (Tít. 3:2; Jak. 3:13) Þegar við sjáum öldunga vera „fyrirmynd hjarðarinnar“ getum við lært af þeim og „líkt eftir trú þeirra“. – 1. Pét. 5:3; Hebr. 13:7. *w16.05* 5:8-10

Sunnudagur 7. janúar

„Varðveit hjarta þitt frammar öllu öðru.“ – Orðskv. 4:23.

Til að hjartað forherðist ekki þurfum við meðal annars að forðast hroka og vantrú, og við megum ekki heldur iðka synd. Það gæti ýtt undir óhlýðni og uppreisnargug. (Dan. 5:1, 20; Hebr. 3:13, 18, 19) Ússía konungur gerði sig sekan um hroka. (2. Kron. 26:3-5, 16-21) Hann „gerði það sem rétt var í augum Drottins“ fyrst í stað og „leitaði Guðs“. En þegar hann var orðinn „mjög voldugur varð hann ... hrokafullur“ þó að hann ætti veldi sitt Guði að þakka. Hann reyndi meira að segja að brenna reykersi í musterinu en það máttu aðeins prestar af ætt Arons gera. Prestarnir sögðu honum að hann hefði brotið af sér en þá reiddist hann þeim. Það hafði þær afleiðingar að Jehóva auðmýkti hann og hann var holdsveikur til dauðadags. (Orðskv. 16:18) Ef við erum ekki á varðbergi gætum við líka farið að „huga hærra um sjálf okkur en hugsa ber“. Það gæti gengið svo langt að við hættum að hlusta á leiðbeiningar Biblíunnar. – Rómv. 12:3; Orðskv. 29:1. *w16.06 2:3, 4*

Mánudagur 8. janúar

„Umberíð og elskið hvert annað.“ – Ef. 4:2.

Hvernig líturðu á trússystkini sem hafa vanist allt annarri menningu en þú? Móðurmál þeirra, fatastill, siðir og matarmenning er ef til vill ólík því sem þú hefur alist upp við. Áttu það til að forðast þau og umgangast aðallega þá sem hafa svipaðan bakgrunn og þú? Hvað ef umsjónarmenn í söfnuðinum, á

farandsvæðinu eða svæði deildarskrifstofunnar eru yngri en þú, eða af öðrum kynþætti eða menningu? Læturðu slíkt hafa áhrif á eininguna sem á að ríkja meðal þjóna Jehóva? Hvað getur hjálpað okkur að falla ekki í slíka gryfju? Páll gaf kristnum mönnum í Efesus, sem var blómleg og fjölpjóðleg borg, góð og hagnýt ráð. (Ef. 4:1-3) Páll nefnir fyrst eiginleika eins og lítillæti, hógværð, þolinmæði og kærleika. Þessum eiginleikum mætti líkja við stóðir húss sem halda því uppi. *w16.06 3:17, 18*

Þriðjudagur 9. janúar

„Gætið ykkar og varist alla ágirnd.“ – Lúk. 12:15.

Satan vill að við verðum þrælur efnislegra eigna frekar en að við þjónum Jehóva. (Matt. 6:24) En lífið verður innantómt ef við hugsum fyrst og fremst um að nota krafta okkar til að eignast efnislega hluti. Við gætum orðið fyrir vonbrigðum og lent í fjárhagskröggum. Og það sem verra er, við gætum misst trúna á Jehóva og ríki hans. (1. Tím. 6:9, 10; Opinb. 3:17) Jesús lýsti þessu vel í dæmisögunni um sáðmanninn. Þegar boðskapnum um ríki Guðs er „sáð meðal þyrna koma aðrar girndir til og kefja orðið svo það ber engan ávöxt“. (Mark. 4:14, 18, 19) Núna, þegar endir þessa heims nálgast, er ekki rétti tíminn til að sankar að sér efnislegum eigum. Við ættum ekki að búast við því að komast með nokkrar eigur okkar í gegnum þrenginguna miklu, hversu verðmætar sem þær kunna að vera. – Orðskv. 11:4; Matt. 24:21, 22. *w16.07 1:5, 6*

Miðvikudagur 10. janúar

*Vér höfum öll þegið, náð á
náð ofan. – Jóh. 1:16.*

Vínbóndi nokkur gekk á torgið snemma morguns og réð verkamenn til að vinna í vingarði sínum. Mennirnir féllust á launin sem hann bauð og héldu til vinnu sinnar. En bóndann vantaði fleiri verkamenn og fór því nokkrum sinnum yfir daginn á torgið til að ráða fleiri og samdi við þá um sanngjarnt kaup, einnig þá sem hann réð síðla dags. Um kvöldið kallaði hann verkamennina saman og greiddi þeim launin. Allir fengu sömu laun hvort sem þeir höfðu unnið daglangt eða aðeins eina klukkustund. Þegar þeir sem hann réð að morgni áttuðu sig á því kvörtuðu þeir. Vínbóndinn svaraði: „Sömdum við ekki um ákveðið kaup? Má ég ekki greiða öllum verkamönnum mínum það sem ég vil? Sérðu ofsjónum yfir því að ég er örlátur?“ (Matt. 20:1-15) Dæmisaga Jesú minnir á einn af eiginleikum Jehóva sem er oft nefndur í Biblíunni. Það er einstök góðvild hans eða „náð“ eins og gríska orðið er oftast þýtt í íslenskum biblíum. – 2. Kor. 6:1. *16.07 3:1, 2*

Fimmtudagur 11. janúar

Sjá, ég geri alla hluti nýja. Rita þú, því að þetta eru orðin trúu og sönnu. – Opinb. 21:5.

Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að boða fagnaðarerindið um ríkið. (Mark. 13:10) Þessi boðskapur leggur greinilega áherslu á einstaka góðvild Jehóva. Við ættum að hafa það í huga þegar við boðum hann. Markmið okkar er að heiðra Jehóva. Við gerum það með því að benda fólki á að allt sem Jehóva lofar að gera í nýja heiminum ber vitni

um einstaka góðvild hans. Þegar við boðum fagnaðarboðskapinn getum við útskýrt fyrir fólki að þegar Kristur ríkir yfir jörðinni munu mennirnir hafa fullt gagn af lausnarfórinni og verða smám saman fullkomnir. Biblían segir: „Sjálf sköpunin [verður] leyst úr ánað sinni undir hverfulleikanum og [fær] frelsið í dýrðinni með börnum Guðs.“ (Róm. 8:21) Það er aðeins einstök góðvild Jehóva sem getur komið þessu til leiðar. *16.07 4:17-19*

Föstudagur 12. janúar

*„Karlmaðurinn gæti skyldu sinnar gagnvart konunni og sömuleiðis konan gagnvart karlmanninum.“
– 1. Kor. 7:3.*

Í Biblíunni er ekki að finna sérstakar reglur um forleik í edlilegu kynlífi hjóna eða hvar mörkin liggja, en hins vegar talar hún um ástaratlot. (Ljódal. 1:2; 2:6) Kristin hjón ættu að koma ástúðlega fram hvort við annað. Ef við berum djúpan kærleika til Guðs og til náungans kemur það í veg fyrir að við leyfum nokkrum eða nokkru að stofna hjónabandinu í hættu. Reynt hefur á sum hjónabönd og þau jafnvel sundrast vegna þess að annar makinn er háður klámi. Við þurfum að standa gegn öllum tilhneigingum til að horfa á klám og öðrum óviðeigandi kynferðislegum löngunum. Við ættum meira að segja að forðast allt sem gæti gefið í skyn að við séum að daðra við einhvern annan en maka okkar, enda væri það ekki kærleiksríkt. Munum að Guð þekkir allar hugsanir okkar og verk. Þá styrkjum við löngun okkar til að þóknast honum og lifa siðferðilega hreinu lífi. – Matt. 5:27, 28; Hebr. 4:13. *16.08 2:7-9*

Laugardagur 13. janúar

Ég hef ekki látið af að biðja fyrir ykkur. Ég bið þess að Guð láti anda sinn auðga ykkur að þekkingu á vilja sínum. – Kól. 1:9.

Þekkingin á Guði gerði kristnum mönnum í Kólössu kleift að ,breyta eins og Guði líkaði og þóknað honum á allan hátt'. Þá gátu þeir ,borið ávöxt með hvers kyns góðum verkum', ekki síst með því að boða fagnaðarerindið. (Kól. 1:10) Til að koma að sem mestu gagni í þjónustu Jehóva er nauðsynlegt að hafa góða reglu á biblíunámi sínu. Við þurfum að hjálpa biblíunemendum okkar að átta sig á því. Auk þess þurfum við sjálf að vera sannfærð um gildi þess. Við þurfum að hafa góða reglu á biblíunámi okkar. Segjum sem svo að þú sért að boða fagnaðarerindið og húsráðandi spyrji erfiðra spurninga eða láti í ljós skoðun sem stangast á við Biblíuna. Geturðu þá byggt svör þín á Biblíunni? Ef við segjum öðrum frá hvernig við njótum góðs af reglubundnu biblíunámi getur það verið þeim hvatning til að vera ötulir biblíunemendur. *w16.08 4:3, 4*

Sunnudagur 14. janúar

Baráttan sem við eigum í er við andaverur vonskunnar í himingeimnum. – Ef. 6:12.

Það er mjög áriðandi að við leyfum ekki áróðri heimsins og heimspeki að hafa áhrif á okkur. Við megum ekki heldur smitast af röngu lífernir heimsins eins og siðleysi, reykingum, misnotkun áfengis og fíkniefnaneyslu. Og við verðum stöðugt að berjast gegn veikleikum okkar, kjarkleysi og vanmáttarkennd. (2. Kor. 10:3-6; Kól. 3:5-9) Er hægt að sigrast á svona öfl-

ugum andstæðingum? Já, en það er ekki átakalaust. Páll líkti sjálfum sér við hnefaleikamann. Hann sagði: „Ég berst eins og hnefaleikamaður sem engin vindhögg slær.“ (1. Kor. 9:26) Við þurfum að verjast óvinum okkar, líkt og hnefaleikamaður sem ber af sér högg andstæðingsins. Jehóva þjálfar okkur og hjálpar í baráttunni. Hann gefur okkur nauðsynlegar leiðbeiningar í Biblíunni. Hann gefur okkur líka biblíutengd rit, samkomur og mót sem hjálpa okkur. Ferðu eftir því sem þú lærir þar? *w16.09 2:2, 3*

Mánudagur 15. janúar

„Kristur hugsaði ekki um sjálfan sig.“ – Róm. 15:3.

Við eigum að líkja eftir Jesú og leggja meiri áherslu á að gera vilja Guðs og hjálpa öðrum en að halda í eitthvað sem við höfum dálæti á. Við viljum ekki að klæðnaður okkar verði til þess að fólk loki eyrunum fyrir boðskapnum. (Róm. 15:2) Það er hlutverk kristinna foreldra að kenna börnunum að fara eftir meginreglum Biblíunnar. Það gera þeir meðal annars með því að sjá til þess að allir í fjölskyldunni klæðist á látlausan hátt og séu snyrtilegir í útliti. Það er ein leið til að gleðja Guð. (Orðskv. 22:6; 27:11) Með fordæmi sínu og góðri leiðsögn geta foreldrar kennt börnunum að bera heilnæma virðingu fyrir þeim heilaga Guði sem þau tilbiðja. Þeir ættu að leiðbeina börnunum svo að þau læri að finna og velja sér viðeigandi föt. Börnin þurfa að muna að þau bera nafn Jehóva og læra að velja sér ekki bara föt sem þau langar í heldur föt sem eru honum til heiðurs. *w16.09 3:13, 14*

Þriðjudagur 16. janúar

„Ekki er lærisveinn meistaranum fremri en hver sem er fullnuma verður eins og meistari hans.“

– Lúk. 6:40.

Jesús náði til hjartna fólks þegar hann kenndi því vegna þess að hann elskaði Jehóva, orð hans og fólkið sjálft. (Lúk. 24:32; Jóh. 7:46) Sams konar kærleikur hjálpar foreldrum að ná til hjartna barna sinna. (5. Mós. 6:5-8; Lúk. 6:45) Foreldrar, verið því duglegir biblíunemendur og lesið vandlega rit safnaðarins. Sýnið áhuga á sköpunarverkinu og kynnið ykkur vel greinar um það í ritunum okkar. (Matt. 6:26, 28) Þannig aukið þið þekkingu ykkar, lærið betur að meta Jehóva og verk hans og verðið betur í stakk búin til að kenna börnunum. Þegar hjarta þitt er fullt af biblíusannindum langar þig til að ræða þau við fjölskylduna. Gerðu það hvenær sem þið eruð saman, ekki aðeins í tilbeiðslustund fjölskyldunnar eða þegar þið búið ykkur undir samkomur. Slíkar samræður ættu ekki að vera þvingaðar heldur afslappaðar og eðlilegar – hluti af hversdagslegum samræðum ykkar. *16.09* 5:6, 7

Miðvikudagur 17. janúar

Þau kunnu ekki að tala mál Gyðinga. – Neh. 13:24.

Samband okkar við Jehóva getur verið í hættu ef við skiljum ekki orð Guðs á því máli sem talað er í söfnuðinum. Nehemía var illa brugðið þegar hann sneri aftur til Jerúsalem á fimmtu öld f.Kr. Sum börn Gyðinga kunnu ekki hebresku. Þau höfðu ekki myndað sterk tengsl við Jehóva og þjóð hans vegna þess að þau skildu ekki orð hans fylli-

lega. (Neh. 8:2, 8) Sumir foreldrar, sem starfa í erlendum söfnuðum, hafa uppgötvað að áhugi barnanna á sannleikanum hefur dvínað. Hvers vegna skyldi það vera? Þegar við lesum rit á erlendu máli er óvíst að það snerti okkur eins og værum við að lesa móðurmál okkar. Auk þess getur verið mjög lýjandi að geta ekki tjáð sig almennilega á öðru tungumáli og það getur sett mark sitt á tilbeiðslu okkar. Það er ekki nóg að löngunin til að þjóna Jehóva á erlendu málsvæði sé sterk heldur verður sambandið við hann að vera það líka. – Matt. 4:4. *16.10* 2:4-6

Fimmtudagur 18. janúar

Trúin er sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.

– Hebr. 11:1.

Kristin trú er mjög verðmæt. En trúin er ekki allra. (2. Þess. 3:2) Jehóva hefur þó gefið hverjum þjóni sínum ákveðinn „mæli trúar“. (Róm. 12:3; Gal. 5:22) Allir sem hafa öðlast slíka trú ættu að vera innilega þakklátir. Faðirinn á himnum dregur fólk til sín fyrir milligöngu sonar síns, Jesú Krists. (Jóh. 6:44, 65) Þeir sem trúa á Jesú geta síðan fengið syndir sínar fyrirgefna. Þannig hafa þeir möguleika á að eignast samband við Jehóva sem varir um alla eilífð. (Róm. 6:23) Hvað höfum við gert til að hljóta þessa dásamlegu blessun? Öll syndgum við og eigum því ekkert annað skilið en dauða. (Sál. 103:10) En Jehóva sá þá möguleika sem við höfðum á að gera gott. Vegna einstakrar góðvildar sinnar gerði hann hjörtu okkar móttækileg fyrir fagnaðarerindinu. Þannig fórum við að trúa á Jesú og eignuðumst von um eilíft líf. – 1. Jóh. 4:9, 10. *16.10* 4:1, 2

Föstudagur 19. janúar

Páll uppörvaði menn með mörgum orðum. – Post. 20:2.

Páll postuli fór lofsamlegum orðum um trúsystkini sín í bréfum sínum. Hann hafði ferðast með sumum þeirra árum saman og þekkti ef laust galla þeirra en samt talar hann bara jákvætt um þau. Páll kallar Tímóteus til dæmis „elskað og trútt barn sitt í samfélagi við Drottin“ og segir að hann láti sér einlæglega annat um trúsystkini sín. (1. Kor. 4:17; Fil. 2:19, 20) Hann hrósaði Títusi og sagði söfnuðinum í Korintu að hann væri „félagi sinn og starfsbróðir hjá þeim“. (2. Kor. 8:23) Það hlýtur að hafa verið mjög uppörvandi fyrir Tímóteus og Títus að vita að Páll skyldi líta þannig á þá. Páll og Barnabas hættu lífi sínu til að geta hvatt bræður sína. Í Lýstru höfðu þeir til dæmis orðið fyrir árás borgarbúa en þrátt fyrir ofstæki andstæðinga sneru þeir þangað aftur til að uppörva nýja lærisveina og hvetja þá til að vera staðfastir í trúnni. (Post. 14:19-22) Eftir að æstur múgur ógnaði Páli í Efesus uppörvaði hann trúsystkini sín þar. – Post. 20:1. *w16.11* 1:10, 11

Laugardagur 20. janúar

*Verið samlynd og einhuga.
– 1. Kor. 1:10.*

Jehóva leiðir og nærir þá sem tilheyra jarðneskum hluta safnaðar hans. Hann gerir það fyrir milligöngu „hins trúa og hyggna þjóns“ sem fylgir leiðsögn Krists. Og Kristur er höfuð safnaðarins. (Matt. 24:45-47; Ef. 5:23) Þessi þjónn virðir innblásið orð Guðs, eða boðskap, og metur það mikils, rétt eins og hið stjórnanndi ráð á fyrstu öld gerði.

(1. Þess. 2:13) Biblían bendir okkur á að við eigum að sækja samkomur reglulega. (Hebr. 10:24, 25) Hún hvetur okkur til að vera einhuga í því sem við trúum og kennum. Orð Guðs segir okkur líka að láta ríki hans ganga fyrir í lífinu. (Matt. 6:33) Það leggur áherslu á þá skyldu okkar að boða trúna hús úr húsi, opinberlega og óformlega. (Matt. 28:19, 20; Post. 5:42; 17:17; 20:20) Einnig kemur fram að kristnir öldungar eigi að halda söfnuði Guðs hreinum. (1. Kor. 5:1-5, 13; 1. Tím. 5:19-21) Og Jehóva gefur fyrirmæli um að allir sem tilheyra söfnuði hans eigi að vera hreinir bæði líkamlega og andlega. – 2. Kor. 7:1. *w16.11* 3:7, 8

Sunnudagur 21. janúar

„Fólkið mitt, forðið yður úr borginni.“ – Opínb. 18:4.

Charles Taze Russell og félagar hans áttuðu sig á því mörgum árum áður en fyrri heimsstyrjöldin braust út að kirkjufélög kristna heimsins kenndu ekki sannleika Biblíunnar. Þeir einsettu sér því að eiga ekkert saman að selda við fólks trúarbrögð. Afstöðu þeirra var vel lýst í *Varðturni Sionar* í nóvember 1879. Þar stóð: „Við hljótum að forðæma hverja þá kirkju sem kallar sig hreina mey, fastnaða Kristi, en vinnur með heiminum (dýrinu) og nýtur stuðnings hans. Á máli Biblíunnar er slík kirkja kölluð *skækja*,“ en það er vísun til Babýlonar hinnar miklu. (Opínb. 17:1, 2) Guðhræddir karlar og konur vissu hvað þau þurftu að gera. Þau vissu að Guð myndi ekki blessa þau ef þau héldu áfram að styðja kirkju sem aðhylltist falstrú. Margir biblíunemendur sögðu sig skriflega úr þessum kirkjum. *w16.11* 5:2, 3

Mánudagur 22. janúar

„Þau sem stjórnað af anda Guðs hafa hugann við það sem hann vill.“ – Róm. 8:5.

Þú hefur kannski lesið Rómverjabréfið 8:15-17 um það leyti sem minningarhátíðin er haldin. Þessi vers útskýra hvernig kristinn maður veit að hann er andasmurður. Þar segir að heilagur andi vitni með anda hans. Áttundi kafli Rómverjabréfsins var skrifaður sérstaklega fyrir hina andasmurðu. Þeir fá „andann“ meðan þeir bíða, þeirrar stöðu Guðs barna sem í vændum er með endurlausn líkama sinna. (Róm. 8:23) Þeir eiga sem sagt í vændum að verða börn Guðs á himnum, það er að segja andasynir hans. Guð hefur fyrirgefið þeim syndir þeirra á grundvelli lausnargjaldsins. Hann hefur lýst þá réttláta þannig að þeir geta verið synir hans. (Róm. 3:23-26; 4:25; 8:30) Rómverjabréfið kafli 8 á líka erindi til þeirra sem eiga í vændum eilíft líf á jörð af því að Guð lítur á þá sem réttláta í vissum skilningi. Þeir geta líka notið góðs af ráðunum sem hinir réttlátu fá þar. *16.12 2:1-3*

Þriðjudagur 23. janúar

*Hafið ekki áhyggjur.
– Matt. 6:34.*

Hvað átti Jesús við þegar hann sagði: „Hafið ekki áhyggjur“? Hann átti greinilega ekki við að þjónar Guðs myndu aldrei á lífsleiðinni verða áhyggjufullir. Jesús var öllu heldur að benda lærisveinum sínum á að *óþarfar* eða *óhóflegar* áhyggjur leysa engin vandamál. Hverjum degi fylgja sín vandamál og því er óþarfi að bæta við þau með því að hafa áhyggjur af fortíðinni eða framtíðinni. Sumir þjónar Guðs hafa óþarf-

ar áhyggjur af því sem gæti hugsanlega gerst í framtíðinni. En það er engin ástæða til að hafa áhyggjur af ókomnum atburðum sem við vitum ekkert um. Hvers vegna? Vegna þess að oft fara hlutirnir ekki eins og við óttumst. Auk þess er Guði ekkert um megn og því getum við varpað öllum áhyggjum okkar á hann. Þú mátt treysta því að Guð getur launað trúföstum þjónum sínum og hjálpað þeim að takast á við sektarkennd tengda fortíðinni, áhyggjur af núverandi aðstæðum og kvíða út af ókomnum atburðum. *16.12 3:13, 16*

Miðvikudagur 24. janúar

*„Hjá hinum hógværu er viska.“
– Orðskv. 11:2.*

Sál, konungur í Ísrael til forna, var hógvær og virtur maður í upphafi stjórnskipunar sinnar. (1. Sam. 9:1, 2, 21; 10:20-24) En fljótlega fór hann að sýna af sér hroka sem birtist við ýmis tækifæri. Þegar Samúel, spámaður Guðs, mætti ekki á tilsettum tíma til Gilgal varð Sál óþreyjufullur. Filistear voru að búa sig til bardaga og Ísraelsmenn voru farnir að yfirgefa Sál. Hann hefur eflaust hugsað með sér: „Ég verð að gera eitthvað, og það fljótt.“ Hann færði því Guði fórn þó að hann hefði ekki umboð til þess. Jehóva var ekki ánægður. (1. Sam. 13:5-9) Samúel ávitaði Sál þegar hann kom til Gilgal. En Sál tók ekki við leiðréttingunni heldur kom með afsakanir, reyndi að kenna öðrum um og gerði lítið úr mistökum sínum. (1. Sam. 13:10-14) Þetta hrinti af stað röð skelfilegra atvika sem kostaði Sál að lokum konungdóminn og það sem verra var, velþóknun Jehóva. (1. Sam. 15:22, 23) Þrátt fyrir góða byrjun endaði Sál ævina með ósköpum. – 1. Sam. 31:1-6. *17.01 3:1, 2*

Fimmtudagur 25. janúar

*Ég hef fundið Davíð, mann eftir
minu hjarta. – Post. 13:22.*

Á heildina litið var Davíð trúfastur þjónn Guðs. Engu að síður er sagt frá dæmum um að hann hafi syndgað alvarlega. Hann framdi hjúskaparbrot með Batebu. (2. Sam. 11:1-21) Davíð gat ekki breytt því sem búið var. Hann gat ekki heldur komist hjá því að taka afleiðingum gerða sinna og sumar þeirra fylgdu honum til æviloka. (2. Sam. 12:10-12, 14) Hann þurfti að hafa trú. Hann varð að treysta að Jehóva fyrirgæfi honum fyrst hann iðraðist í einlægni og hjálpaði honum að þola afleiðingar gerða sinna. Öll erum við ófullkomin og syndgum. Syndirnar eru misalvarlegar. Í sumum tilfellum er óvíst að við getum bætt fyrir þær. Þá þurfum við einfaldlega að búa við afleiðingarnar. (Gal. 6:7) En við tökum Guð á orðinu og treystum að ef við iðrumst styðji hann okkur í erfiðleikunum, jafnvel þótt erfiðleikarnir séu sjálfum okkur að kenna. – Jes. 1:18, 19; Post. 3:19. *17.01* 1:10-12

Föstudagur 26. janúar

Maðurinn getur ekki skilið til fulls það verk sem gerist undir sólinni því að hversu mjög sem maðurinn gerir sér far um að leita fær hann þó ekki skilið það til fulls, og enda þótt spekingurinn segist þekkja það fær hann ekki skilið það til fulls heldur. – Préd. 8:17.

Hógværð getur hjálpað okkur að taka góðar ákvarðanir þó að við vitum ekki hvernig allt fer eða höfum ekki stjórn á því. Ef við til dæmis hefjum fullt starf í þjónustunni við Jehóva vitum við ekki hvernig fer ef við veikjumst. Hvað ef foreldr-

ar okkar veikjast og þurfa á aðstoð okkar að halda? Hvernig eigum við að sjá fyrir okkur í ellinni? Við getum ekki fengið endanlegt svar við slíkum spurningum, sama hve mikið við biðjum eða lesum í ritunum okkar. Traust okkar á Jehóva hjálpar okkur bæði að viðurkenna og sætta okkur við takmarkanir okkar. Þegar við höfum lesið okkur til, spurt aðra ráða og beðið Jehóva um leiðsögn þurfum við að stíga ákveðin skref í þá átt sem andi hans leiðir okkur. (Préd. 11:4-6) Þá getur Jehóva blessað ákvörðun okkar eða beint okkur í aðra átt. – Orðskv. 16:3, 9. *17.01* 4:14

Laugardagur 27. janúar

Af því máttu ekki eta.

– 1. Mós. 2:17.

Adam og Eva þurftu að ákveða sig. Ætluðu þau að hlýða Jehóva eða hlusta á höggorminn? Þau ákváðu að óhlýðnast Guði. (1. Mós. 3:6-13) Adam og Eva glötuðu fullkomleikanum þegar þau gerðu uppreisn gegn Jehóva. Með uppreisninni misstu þau tengslin við Jehóva því að „augu hans eru of hrein til að líta hið illa“ og hann „getur ekki horft upp á rangsleitni“. (Hab. 1:13, *Biblían* 1981) Ef hann hefði umborið hið illa hefði það ógnað velferð allra lifandi vera, bæði á himni og jörð. Og hefði Jehóva látið syndina í Eden óátalda hefði mátt véfengja að honum væri treystandi. En Jehóva er trúr sínum eigin lögum. Hann brýtur þau aldrei. (Sálm. 119:142) Þótt Adam og Eva hefðu frjálstan vilja gaf það þeim ekki rétt til að hunsa lög Guðs. Uppreisnin gegn Jehóva varð til þess að þau dóu og sneru aftur til moldarinnar sem þau voru sköpuð úr. – 1. Mós. 3:19. *17.02* 1:8, 10, 11

Sunnudagur 28. janúar

„Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði heldur á hverju því orði sem fram gengur af Guðs munni.“

– Matt. 4:4.

Jesús lét ritningarnar leiðbeina sér allt frá upphafi þjónustu sinnar. Hann vitnaði jafnvel í Messíasarspádóma með síðustu orðum sínum áður en hann dó. (Matt. 27:46; Lúk. 23:46) Trúarleiðtogar þess tíma virtu hins vegar orð Guðs að vettugi hvenær sem það stangaðist á við erfikenningar þeirra. Jesús vitnaði í orð Jehóva sem spámaðurinn Jesaja hafði boðað og sagði um þessa trúarleiðtoga: „Þessir menn heiðra mig með vörunum en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig því að þeir kenna það eitt sem menn hafa samið.“ (Matt. 15:7-9) Jesús lét orð Guðs einnig leiðbeina sér þegar hann kenndi öðrum. Þegar upp komu trúarleg ágreiningsmál reiddi hann sig hvorki á eigin visku né reynslu, þótt mikil væri. Hann lét öllu heldur ritningarnar hafa lokaorðið. – Matt. 22:33-40. *17.02* 3:18, 19

Mánudagur 29. janúar

Virðið alla menn, heiðrið keisarann. – 1. Pét. 2:17.

Vottar Jehóva leggja sig fram um að sýna ráðamönnum virðingu í samræmi við það sem til er ætlast og venja er í landinu. Við erum samvinnuþýð við þá sem fara með völdin. Virðing okkar og stuðningur á sér auðvitað eðlileg og biblíuleg takmörk. Við göngum ekki svo langt að óhlýðnast Guði eða víkja frá hlutleysi okkar. (1. Pét. 2:13-16) Þjónar Jehóva forðum daga eru

okkur fyrirmynd um samskipti við stjórnvöld og ráðamenn. Jósef og María hlýddu þegar rómversk yfirvöld gáfu út tilskipun um að tekið skyldi manntal. Þau ferðuðust til Betlehem þó að María ætti von á sínu fyrsta barni innan skamms. (Lúk. 2:1-5) Þegar Páll postuli var sakaður um refsivert athæfi varði hann sig með háttvísi og sýndi tilhlýðilega virðingu þeim Heródesi Agrippu konungi og Festusi, landstjóra í Júdeu. – Post. 25:1-12; 26:1-3. *17.03* 1:9, 10

Þriðjudagur 30. janúar

Allt þetta er ritað okkur til viðvörunar. – 1. Kor. 10:11.

Jehóva hætti að vernda Ísraelsmenn þegar þeir tóku upp syndsamlegt liferni Kanverja. (Dóm. 2:1-3, 11-15; Sál. 106:40-43) Það hefur ekki verið auðvelt fyrir guðhræddar fjölskyldur að vera trúar Jehóva á þessum erfiðu tímum. Í Biblíunni kemur samt fram að til hafi verið trúfastir menn og konur eins og Jefta, Elkana, Hanna og Samúel. Öll voru þau staðráðin í að hljóta velpóknun Guðs. (1. Sam. 1:20-28; 2:26) Við búum í heimi þar sem fólk hugsar og hegðar sér ekki ósvipað og Kanverjar. Hjá mörgum virðist lífið snúast um kynlíf, ofbeldi og peninga. Jehóva hefur varað okkur við slíku því að hann vill vernda okkur fyrir slæmum áhrifum heimsins, rétt eins og Ísraelsmenn. Ætlum við að læra af mistökum þeirra? (1. Kor. 10:6-10) Gerum allt sem í okkar valdi stendur til að uppræta hjá okkur hvern einasta snefil af hugsunarhætti heimsins. (Róm. 12:2) Höfum við gert okkar ýtrasta til þess? *16.04* 1:4-6

Miðvikudagur 31. janúar

„Hinn hyggni þiggur hollráð.“

– Orðskv. 1:5.

Jehóva hefur gefið okkur bestu ráðin í orði sínu, Biblíunni. Við þurfum því að leita ráða í henni og biðja hann um leiðsögn þegar við stöndum frammi fyrir mikilvægum ákvörðunum. Jehóva getur gætt okkur þeim eiginleikum sem við þurfum til að taka ákvarðanir í samræmi við vilja hans. Venjum okkur á að spyrja: Sýnir þessi ákvörðun að ég elska Jehóva? Stuðlar hún að friði og hamingju í fjölskyldunni? Og gefur hún til kynna að ég sé þolinmóður og góðviljaður? Jehóva þvingar okkur ekki til að elska sig og þjóna. Hann hefur gefið okkur frjálsan vilja og felur okkur ábyrgðina að kjósa hvort við ætlum að þjóna honum, en hann virðir líka val okkar. (Jós. 24:15; Préd. 5:3) Hann ætlast þó til að við stöndum við þær ákvarðanir sem við tökum í samræmi við orð hans. Ef við treystum á leiðsögn Jehóva og meginreglurnar sem hann veitir okkur í kærleika sínum getum við tekið skynsamlegar ákvarðanir og staðið stöðug í öllu sem við gerum. – Jak. 1:5-8; 4:8. *w17.03* 2:17, 18

Fimmtudagur 1. febrúar

„Leyfið þolgæðinu að ljúka verki sínu.“ – Jak. 1:4, NW.

Hvaða verk er það sem þolgæðið á að ljúka? Þolgæði hjálpar okkur að vera „heilir og heilbrigðir að öllu leyti“ og vera „í engu ábótavant“. (Jak. 1:4, NW) Prófraunir leiða oft í ljós hverjir veikleikar okkar eru, það er að segja það sem við þurfum að bæta í fari okkar. En ef við erum þolgóð í prófraunum verðum við heilbrigðari og heilsteyptri sem kristnir menn. Við getum til dæmis orðið þolinmóðari, þakklátari og umhyggjusamari. Þar sem þol-

gæðið bætir kristna eiginleika okkar er mikilvægt að hvika ekki frá meginreglum Biblíunnar í þeim tilgangi að binda enda á prófraunir sem við verðum fyrir. Segjum til dæmis að þú sért að berjast við óhreinar hugsanir. Í stað þess að láta undan freistingu skaltu biðja Jehóva að hjálpa þér að vinna bug á röngum löngunum. Þá verður auðveldara fyrir þig að sýna sjálfstjórn. Er einhver í fjölskyldunni á móti trú þinni? Í stað þess að láta undan þrýstingi skaltu vera ákveðinn í að halda þínu striki og þjóna Jehóva af heilu hjarta. Mundu að hann hefur velpóknun á þeim sem eru þolgóðir. – Róm. 5:3-5; Jak. 1:12. *w16.04* 2:15, 16

Föstudagur 2. febrúar

„Verið litillát og metið hvert annað meira en ykkur sjálf.“ – Fil. 2:3.

Ef við erum of stolt af uppruna okkar er ljóst að við höfum ekki tileinkað okkur skoðun Jehóva á mannkyninu og stjórn manna. Jehóva ætlast auðvitað ekki til þess að við afneitum menningu okkar. Ólík menning er einmitt til marks um hve fjölbreytt og litríkt mannlífið er. Við verðum samt að hafa hugfast að allir menn eru jafnir fyrir Guði. (Róm. 10:12) Ef við erum einum of stolt af uppruna okkar er stutt í þjóðernishyggjuna, og þá er hætta á að við varðveitum ekki hlutleysi okkar. Þjónar Guðs eru ekki ónæmir fyrir stolti af þessu tagi, enda gerðist það í frumkristna söfnuðinum að sumum var mismunað vegna þjóðernis. (Post. 6:1) Hvernig getum við merkt að óviðeigandi stolt sé að festa rætur hjá okkur? Segjum að bróðir eða systir frá öðru landi komi með tillögu. Myndirðu hafna henni umbúðalaust og hugsa með þér: „Við vitum miklu betur hvernig á að gera þetta“? Við ættum frekar að fara eftir innblánsu ráðunum í versni dagsins. *w16.04* 4:12, 13

Laugardagur 3. febrúar

Mér ber að flytja fagnaðarerindið um Guðs ríki. – Lúk. 4:43.

Jesús boðaði „fagnaðarerindið um ríkið“ og hann ætlast til að lærisveinar sínir geri það líka. Hvaða hópur fólks boðar „öllum þjóðum“ þennan boðskap? (Matt. 28:19) Svarið er augljóst – aðeins Vottar Jehóva. Prestur, sem hafði verið trúboði í mörgum löndum, sagði við eitt trússystem okkar að hann hefði spurt vottana í hverju einasta landi hvaða boðskap þeir boðuðu. Hvaða svar fékk hann? Hann sagði: „Þeir voru allir svo vitlausir að þeir gáfu sama svarið: „Fagnaðarerindið um ríkið.““ En vottarnir voru alls ekkert „vitlausir“ heldur einhuga eins og sannkristnir menn eiga að vera. (1. Kor. 1:10) Og þeir endurómuðu boðskapinn sem er inntak tímaritsins *Varðturninn kunngerir ríki Jehóva*. Það er fánlegt á 254 tungumálum og meðalupplag hvers tölublaðs er næstum 59 milljónir eintaka. Það er útbreiddasta tímarit í heimi. *w16.05 2:6*

Sunnudagur 4. febrúar

*„Sérhver gefi eins og hann hefur ásett sér í hjarta sínu.“
– 2. Kor. 9:7.*

Okkur langar kannski að gerast brautryðjendur. Til að það sé hægt byrjum við á að einfalda líf okkar en við veltum kannski fyrir okkur hvort við getum raunverulega verið hamingjusöm með minna af efnislegum gæðum. Í Biblíunni er auðvitað ekkert boð sem segir að við verðum að vera brautryðjendur, þannig að við gætum alveg haldið áfram að þjóna Jehóva trúfastlega án þess. En Jesús fullvissar

okkur um að þeir sem færa fórnir í þágu ríkis Guðs hljóti blessun í ríkum mæli. (Lúk. 18:29, 30) Biblían sýnir líka að við gleðjum Jehóva þegar við færum lofgjörðarfórnir með „munni okkar“ og leggjum okkur fúslega fram í þjónustu hans. (Sálm. 119:108) Ættum við ekki að átta okkur á viðhorfum Jehóva þegar við lesum þessi vers og biðjum hann um leiðsögn? Þegar við hugleiðum þetta verðum við fær um að taka góða ákvörðun miðað við okkar aðstæður og hljótum blessun föður okkar á himnum. *w16.05 3:13*

Mánudagur 5. febrúar

„Mundu eftir skapara þínum á unglingaárum þínum, áður en vondu dagarnir koma.“ – Préd. 12:1.

Mörg af þeim vandamálum, sem fjallað er um í ritunum okkar handa unglingum, eru ekki einskorðuð við þá. Öll þurfum við að verja trú okkar, hafa stjórn á tilfinningunum, standast skaðlegan hóprýsting og forðast vafasaman félagskap og afþreyingarefni. Rætt hefur verið um þessi mál og mörg önnur í lesefni handa unglingum. Fullorðnir þjónar Guðs ættu alls ekki að hugsa sem svo að það sé fyrir neðan þeirra virðingu að lesa rit sem eru samin fyrir unglinga. Enda þótt efnið sé sett þannig fram að það höfði til unglinga er það byggt á sigildum meginreglum Biblíunnar. Við getum því öll haft gagn af þessari andlegu fæðu. Ritin okkar hjálpa unga fólkinu ekki aðeins að takast á við vandamál heldur líka að þroskast í trúnni og tengjast Jehóva nánari böndum. Fullorðnir þjónar Guðs geta líka notið góðs af þess konar efni. – Préd. 12:13. *w16.05 5:15, 16*

Þriðjudagur 6. febrúar

„Heyr, Ísrael. Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn. Þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.“ – 5. Mós. 6:4, 5.

„Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn.“ Þetta er áhrifamikil yfirlýsing! Hún bjó Ísraelsmenn undir þá erfiðleika sem áttu eftir að mæta þeim þegar þeir gengu inn í fyrirheitna landið og lögðu það undir sig. Ef við tökum þessi orð til okkar veitir það okkur kraft til að komast í gegnum þrenginguna miklu sem er rétt fram undan og stuðla að friði og einingu í paradísinni. Höldum áfram að sýna Jehóva óskipta hollustu með því að elska hann og þjóna honum af öllu hjarta, og leggja okkur einlæglega fram um að varðveita eininguna innan kristna safnaðarins. Ef við gerum það getum við hlakkað til þess að sjá rætast orð Jesú um þá sem hann dæmir svo að séu sauðir. Hann sagði: „Komið þér, sem faðir minn á og blessar, og takið við ríkinu sem yður var ætlað frá grundvöllun heims.“ – Matt. 25:34. *16.06 3:2, 20*

Miðvikudagur 7. febrúar

„Svikult er hjartað frammar öllu öðru.“ – Jer. 17:9.

Stolt getur orðið til þess að við förum að réttlæta gerðir okkar og hættum að vera eins og mjúkur leir. Hefur trúsyskini einhvern tíma sært þig eða hefurðu þurft að afsala þér verkefnum í söfnuðinum? Hvernig brástu þá við? Var stoltið sært? Eða fannst þér mestu máli skipta að sættast við trúsyskini þitt og vera Jehóva trúr? (Sálm. 119:165; Kól. 3:13) Ef við venjum okkur á að syndga, og förum jafn-

vel leynt með það, getum við orðið ónæm fyrir leiðbeiningum Guðs. Það getur orðið minna mál fyrir okkur að syndga. Bróðir nokkur, sem vandi sig á að horfa á klám, viðurkenndi síðar: „Ég varð smám saman gagnrýninn í garð öldunganna.“ Synd hans hafði alvarleg áhrif á samband hans við Jehóva. Um síðir kom fram í dagsljósið hvað hann var að gera og hann fékk hjálp frá öldungunum. Öll erum við auðvitað ófullkomin. En það er hættu á að við forherðumst í hjarta okkar ef við verðum gagnrýnin eða afsökum ranga breytni okkar í stað þess að leita fyrirgefningar Guðs og fá aðstoð. *16.06 2:5, 6*

Fimmtudagur 8. febrúar

„Verið ekki áhyggjufull um líf yðar.“ – Matt. 6:25.

Áheyrundur Jesú höfðu áhyggjur af ýmsu sem þeir áttu ekki að hafa áhyggjur af. Jesús sagði þeim að hætta því, og ekki að ástæðulausu. Óþarfaáhyggjur, jafnvel af nauðsynjum, geta valdið manni truflunum og orðið til þess að maður gleymi því sem er mikilvægast í lífinu. Jesú var svo annnt um lærisveina sína að hann varaði þá við þessari hættulegu tilhneigingu fjórum sinnum í viðbót í fjallræðunni. (Matt. 6:27, 28, 31, 34) Jesús gerði sér grein fyrir daglegum þörfum fólks. Auk þess vissi hann hversu erfiðir tímar biðu fylgjenda hans á hinum „síðustu dögum“ sem myndu einkennast af „örðugum tíðum“. (2. Tím. 3:1) Margir myndu þá búa við atvinnuleysi, verðbólgu, hungursneyð og mikla fátækt. En Jesús vissi líka að „lífið væri meira en fæðan og líkaminn meira en klæðin“. *16.07 1:8, 9*

Föstudagur 9. febrúar

*„Ég varð þjónn þessa fagnaðar-
erindis af því að Guð gaf mér þá
náð.“ – Ef. 3:7.*

Ef við stæðumst allar kröfur Jehóva myndum við verðskulda góðvild hans. En við gerum það ekki. Salómon konungur skrifaði því: „Enginn réttlátur maður er til á jörðinni sem gert hefur gott eitt og aldrei syndgað.“ (Préd. 7:20) Páll postuli tók í sama streng og sagði: „Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð“ og „laun syndarinnar er dauði“. (Rómv. 3:23; 6:23a) Það er það sem við verðskuldum. Jehóva sýndi syndugum mönnum hins vegar óviðjafnanlega góðvild og kærleika. Hann gaf okkur bestu gjöf sem hugsast getur þegar hann sendi „einkason sinn“ til jarðar til að deyja fyrir okkur. (Jóh. 3:16) Páll skrifaði að Jesús væri „krýndur vegsemd og heiðri“ vegna dauðans sem hann þoldi. Fyrir Guðs náð skyldu allir hljóta blessun af dauða hans.“ (Hebr. 2:9) Já, „náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, Drottni vorum“. – Rómv. 6:23b. *W16.07 3:3, 4*

Laugardagur 10. febrúar

„Ég vil gera honum meðhjálp við hans hæfi.“ – 1. Mós. 2:18.

Hjónabandið er eðlilegur hluti lífsins. Að skoða upphaf þess og tilgang getur hjálpað okkur að sjá það í réttu ljósi og njóta betur þeirrar blessunar sem á að fylgja því. Eftir að Guð skapaði Adam, fyrsta manninn, voru dýrin leidd fyrir hann þannig að hann gæti gefið þeim nöfn. En maðurinn átti sér „enga meðhjálp við hæfi“. Guð lét því Adam falla í djúpan svefn, tók

úr honum rifbein og bjó til úr því konu sem hann síðan færði manninn. (1. Mós. 2:20-24) Guð er því höfundur hjónabandsins. Jesús staðfesti að það hefði verið Jehóva sem sagði: „Maður skal yfirgefa föður og móður og búa með konu sinni og þau tvö skulu verða einn maður.“ (Matt. 19:4, 5) Guð notaði rifbein úr Adam til að skapa fyrstu konuna. Sú vitneskja hefur eflaust hjálpað fyrstu hjónunum að átta sig á hversu náin þau voru. Engar ráðstafanir voru gerðar um skilnað eða fjölkvæni. *W16.08 1:1, 2*

Sunnudagur 11. febrúar

*Jesús hélt þaðan að kenna og
prédika í borgum þeirra.
– Matt. 11:1.*

Jesús ræddi oft við fólk um ríki Guðs. Hann átti til dæmis líflegt samtal við konu við Jakobsbrunn nálægt borginni Síkar. (Jóh. 4:5-30) Hann ræddi einnig við Matteus Leví sem var tollheimtumaður. Matteus þáði boð Jesú um að fylgja honum. Síðar ræddi Jesús í alllöngu máli við gesti í veislu sem Matteus hélt. (Matt. 9:9; Lúk. 5:27-39) Jesús talaði einnig vinsamlega við Natanael en sá síðarnefndi var ekki sérlega jákvæður í garð fólks frá Nasaret. En Natanael skipti um skoðun og ákvað að kynna sér betur það sem Jesús var að kenna – þótt hann væri frá Nasaret. (Jóh. 1:46-51) Það er því full ástæða til að kenna nýjum boðberum að ræða við fólk á vinsamlegum notum. Þegar við förum þannig að taka nýju boðberarnir eftir hvernig auðmjúkt fólk bregst við vinsamlegum orðum og læra trúlega að njóta þess að boða trúna. *W16.08 4:7-9*

Mánudagur 12. febrúar

Konan skal ekki skilja við mann sinn. Maðurinn á ekki heldur að skilja við konuna. – 1. Kor. 7:10, 11.

Þegar ekki er leyst úr alvarlegum vandamálum gæti annar makinn eða báðir íhugað að slíta samvistum eða sækja um skilnað. Við ættum ekki að líta það léttvægum augum að slíta samvistum. Þó að það gæti verst vera lausnin þegar alvarleg vandamál koma upp skapar það oft fleiri vandamál. Eftir að Jesús hafði endurtekið orð Guðs um að maðurinn eigi að yfirgefa föður sinn og móður og búa með konu sinni sagði hann: „Það sem Guð hefur tengt saman má eigi maðurinn sundur skilja.“ (Matt. 19:3-6; 1. Mós. 2:24) Það þýðir að hvorki maðurinn né konan ætti að „skilja sundur það sem Guð hefur tengt saman“. Jehóva lítur á hjónabandið sem ævilangt samband. (1. Kor. 7:39) Við þurfum öll að standa Guði reikningsskap. Þegar hjón hafa það í huga hvetur það þau til að gera sitt ýtrasta til að leysa fljótt úr vandamálum svo að þau verði ekki alvarlegri. *16.08 2:10, 11*

Þriðjudagur 13. febrúar

*„Lát ekki hið illa sigrá þig.“
– Róm. 12:21.*

Óvinir okkar eiga það til að ráðast á okkur þegar við eigum þess síst von eða gera atögu að okkur þegar við erum veik fyrir. Við verðum því alltaf að vera á varðbergi. Orðin „lát ekki hið illa sigrá þig“ sýna að við *getum* sigrast á hinu illa en til þess þurfum við að halda áfram að berjast. Satan, illur heimur hans og ófullkomleikinn myndi hins vegar yfirbuga okkur ef við sofnuðum

á verðinum og hættum að berjast. Leyfðu Satan aldrei að draga úr þér kjarkinn svo að þú gefist upp. (1. Pét. 5:9) Þeir sem eiga í baráttu mega ekki missa sjónar á ástæðunni fyrir því að þeir berjast. Þeir þurfa að hafa ofarlega í huga loforðið sem við lesum í Hebreabréfinu 11:6: „Sá sem vill nálgast Guð verður að trúna því að hann sé til og að hann umbuni þeim er leita hans.“ Gríska sögnin, sem er þýdd „leita“, gefur til kynna ákafan og einbeittan vilja. – Post. 15:17. *16.09 2:4, 5*

Miðvikudagur 14. febrúar

*Gerið allt Guði til dýrðar.
– 1. Kor. 10:31.*

Í Biblíunni eru góðar leiðbeiningar sem auðvelda okkur að taka viturlegar ákvarðanir og heiðra Guð. En smekkur hvers og eins ræður auðvitað einhverju um klæðnað hans. Smekkur fólks er mismunandi og fjárráð sömuleiðis. Hins vegar ættum við alltaf að vera snyrtilega til fara, hrein, látlaus, klædd eftir tilefni og eftir því sem talið er viðeigandi á hverjum stað. Það er ekki alltaf auðvelt að velja sér látlaus og viðeigandi föt sem bera vitni um skynsemi og góða dómgreind. Úrvalið í fatabúðum miðast oft við það sem er í tísku þá stundina þannig að það getur kostað nokkurn tíma og fyrirhöfn að finna sér pils, kjól, blússu, buxur eða jakkaföt sem eru sómasamleg og ekki of þröng. En trússystkini okkar taka líklega eftir að við leggjum okkur fram við að finna okkur smekkleig og viðeigandi föt og eru þakklát fyrir. Og ánægjan, sem fylgir því að vera föðurnum á himnum til lofs, meira en bætir upp þær förnir sem við færum til að klæðast honum að skapi. *16.09 3:15, 16*

Fimmtudagur 15. febrúar

*Hann þenur norðrið yfir tómið
og lætur jörðina svifa í geimnum.*

– Job. 26:7.

Börn hafa gjarnan fjörugt ímyndunarafli. Þið foreldrar skuluð því leggja ykkur fram um að nota líkingar og dæmi þegar þið kennið. Áhrifarík dæmi geta styrkt trú barnsins á að það sem stendur í Biblíunni sé rétt og nákvæmt. Þið gætuð til dæmis skoðað vers dagsins. Hvernig geturðu sýnt fram á að þetta biblíuvers hafi verið skrifað undir innblæstri? Þú gætir bent á staðreyndir. En hvernig væri að virkja þess í stað ímyndunarafli barnsins? Minnstu á þá staðreynd að Job lifði langt fyrir tíma sjónauka og geimferða. Barnið gæti fengið það verkefni að sýna fram á hve erfitt sumum hafi fundist að trúa því að stór hlutur eins og jörðin geti svifið í lausu lofti. Barnið gæti notað bolta eða stein til að sýna að allir hlutir þurfi að hvíla á einhverju. Dæmi sem þetta getur sýnt barninu fram á að Jehóva lét skrá staðreyndir í Biblíuna löngu áður en mennirnir gátu sannað þær. – Neh. 9:6. *w16.09* 5:9, 12

Föstudagur 16. febrúar

Trúðu í hjarta þínu.

– Róm. 10:9.

Fleira felst í því að trúa en bara að skilja hver vilji Guðs er. Trúin er sterkur drifkraftur sem hvetur mann til að breyta í samræmi við vilja Guðs. Að trúa á leið Guðs til að veita hjálpræði hvetur mann til að segja öðrum frá fagnaðarerindinu. Von okkar um að lifa að eilífu í nýjum heimi Guðs er háð því að við trúum og höldum trúnni

sterkri. Þörfinni fyrir að halda okkur við í trúnni mætti lýsa með þörf plöntu fyrir vatn. Alvöruplöntur breytast stöðugt, ólíkt gerviplöntum. Lifandi planta getur annaðhvort visnað vegna þess að hún fær ekki vatn eða dafnað þegar hún er vökvuð reglulega. Heilbrigð planta deyr að lokum ef hún fær ekki nóg af vatni. Það sama á við um trúna. Hún visnar og deyr ef við vanrækjum hana. (Lúk. 22:32; Hebr. 3:12) En ef við hlúum að trúnni höldum við henni lifandi, hún heldur áfram að vaxa og við verðum „heilbrigð í trúnni“. – 2. Þess. 1:3; Tít. 2:2. *w16.10* 4:4, 5

Laugardagur 17. febrúar

„Æðsti geldingur konungs gaf þeim nöfn og kallaði Daniel Beltsasar.“

– Dan. 1:7.

Þegar Daniel og félagar voru leiddir í útleð til Babýlonar reyndu Babýloníumenn að þvinga þá til að samlagast menningu sinni með því að kenna þeim „mál Kaldea“. Hirðmaður konungs, sem sá um að fræða þá, gaf þeim auk þess babýlonsk nöfn. (Dan. 1:3-7) Daniel var gefið nafn sem var dregið af Bel, helsta guði Babýloníumanna. Nebúkadnesar konungur vildi líklega hnykkja á því að Jehóva, Guð Daníels, hefði beðið lægri hlut fyrir guði Babýlonar. (Dan. 4:8) Daniel var boðið að borða krásir af borðum konungs. En hann einsetti sér að saurga sig ekki. (Dan. 1:8) Hann var iðinn við að rannsaka ritningarnar á móðurmáli sínu og varðveitti því sambandið við Jehóva þótt hann byggði í framandi landi. (Dan. 9:2) Eftir að hafa búið í 70 ár í Babýlon var hann enn þekktur undir hebrösku nafni sínu. – Dan. 5:13. *w16.10* 2:7, 8

Sunnudagur 18. febrúar

*„Þær gengu þangað sem andinn
vildi að þær gengju.“
– Esek. 1:20.*

Jesús hefur útvalið, trúa þjóninn til að sjá alfarið um að úthluta andlegri fæðu. (Matt. 24:45-47) Frá árinu 1919 hefur Jesús Kristur notað þennan þjón til að hjálpa fylgjendum sínum að skilja bók Guðs og fara eftir því sem stendur í henni. Þegar við hlýðum leiðbeiningum Biblíunnar stuðlum við að hreinleika, friði og einingu í söfnuðinum. Hvert og eitt okkar ætti að spyrja sig: Er ég trúr þeirri boðleið sem Jesús notar nú á dögum? Í rituðu orði Jehóva fáum við innsýn í himneskan hluta alheimssafnaðar hans. Til dæmis sá Esekíel spámaður í sýn himnavagn sem táknaði þennan hluta safnaðarins. (Esek. 1:4-28) Kristur og heilagir englar hans eru við það að eyða þessum illa heimi og þannig nálgast himnavagn Jehóva öðfluga það markmið að drottinvald hans verði réttlætt og heilagt nafn hans helgað. *W16.11* 3:9, 10

Mánudagur 19. febrúar

„Uppörvið hvert annað og það því fremur sem þið sjáið að dagurinn færist nær.“ – Hebr. 10:25.

Við fáum fræðslu og uppörvun á samkomunum, rétt eins og frumkristnir menn. (1. Kor. 14:31) Þeir sem hafa þjónað Jehóva lengi þurfa líka að fá uppörvun. Tökum Jósúa sem dæmi. Jehóva sagði Móse að hvetja hann og uppörva. Hann sagði: „Skipaðu Jósúa foringja, stappaðu í hann stálinu því að hann skal fara fyrir þessu fólki yfir ána og skipta einnig landinu, sem þú færð að sjá, í erfðahluti

milli þeirra.“ (5. Mós. 3:27, 28) Jósúa var í þann mund að taka að sér það ábyrgðarstarf að fara fyrir Ísraelsþjóðinni og leiða hana inn í fyrirheitna landið. Hann átti eftir að verða fyrir vonbrigðum og biða ósigur í að minnsta kosti einni orrustu. (Jós. 7:1-9) Hann þurfti því eðlilega á uppörvun og hvatningu að halda. Við getum uppörvað öldunga og farandhirða sem vinna hörðum höndum til að sjá um hjörð Guðs. – 1. Þess. 5:12, 13. *W16.11* 1:12, 13

Þriðjudagur 20. febrúar

*„Ég mun sýna þér hvernig skækj-
unni miklu verður refsað, borg-
inni sem liggur við vötnin mörgu.“
– Opínb. 17:1.*

Biblíunemendurnir skildu að það var ekki nóg að upplýsa ættingja, nána vini og aðra í kirkjusöfnuðinum um afstöðu þeirra til falskra trúarbragða. Allur heimurinn þurfti að fá að vita að Babýlon hin mikla væri trúarleg skækja. Biblíunemendurnir voru ekki nema nokkur þúsund talsins en frá desember 1917 fram á fyrri hluta 1918 dreifðu þeir tíu milljónum eintaka af smáriti með grein sem hét „Fall Babýlonar“. Greinin afhjúpaði kristna heiminn umbúðalaust. Prestarnir voru ævareidir eins og við var að búast en biblíunemendurnir létu ekki deigan síga. Þeir voru staðráðnir í að „hlýða Guði framar en mönnum“. (Post. 5:29) Hvaða ályktun getum við dregið af því? Að þessir kristnu karlar og konur voru alls ekki hneppt í fjötra Babýlonar hinnar miklu á stríðsárunum heldur voru þau að slíta af sér fjötrana og hjálpa öðrum að gera slíkt hið sama. *W16.11* 5:2, 4

Miðvikudagur 21. febrúar

Þau sem stjórna af holdinu hafa hugann við það sem holdið krefst. En þau sem stjórna af anda Guðs hafa hugann við það sem hann vill.
– Róm. 8:5, neðanmáls.

Sumir gætu ímyndað sér að hér sé átt við þá sem eru ekki í sannleiknum og hina sem eru það, þá sem þjóna ekki Guði og þá sem gera það. En Páll stílar bréfið á „alla sem Guð elskar í Róm og kallar til heilags lífs“. (Róm. 1:7) Páll var því að bera saman þjóna Guðs sem láta holdið leiða sig og þjóna Guðs sem láta andann leiða sig. Hann setti „syndugar ástríður, sem virkuðu í limum fólks“, í samband við það að „lífa að holdsins hætti“. (Róm. 7:5) Þegar Páll talar um fólk sem „hefur hugann við það sem holdið krefst“ á hann því við um ófullkomna menn sem láta langanir sínar og hneigðir stjórna huga sínum og gerðum. Í stórum dráttum eru þetta þeir sem láta ástríður sínar, skyndihvatir og þrjár ráða ferðinni, hvort sem þær eru kynferðislegar eða af öðru tagi. *16.12 2:5, 7*

Fimmtudagur 22. febrúar

„Sæll er sá er afbrotin eru fyrirgefni.“ – Sál. 32:1.

Fyrri breytni eða mistök gætu legið þungt á okkur. Stundum leið Davíð konungi eins og „misgjörðir hans hefðu vaxið honum yfir höfuð“. Hann sagðist „stynja í hjartans angist“. (Sál. 38:4, 5, 9, 19) Hvað var það viturlegasta sem Davíð gat gert í stöðunni? Og hvað gerði hann? Hann treysti á miskunn og fyrirgefningu Jehóva. (Sál. 32:2, 3, 5) Við gætum líka verið í aðstæðum sem valda áhyggjum og kvíða. Þegar Davíð orti Sál. 55 óttaðist hann um líf sitt. (Sál. 55:3-6) En hann

leyfði óttanum ekki að draga úr trausti sínu til Jehóva. Davíð úthelti hjarta sínu fyrir Jehóva í bæn en hann vissi líka að hann þyrfti að gera það sem hann gæti til að takast á við rót vandans. (2. Sam. 15:30-34) Þú getur dregið lærdóm af því hvernig hann brást við. Gerðu það sem í þínu valdi stendur til að leysa vandann í stað þess að láta ótta og kvíða ná tökum á þér. Treystu síðan að Jehóva sjái um framhaldið. *16.12 3:14, 15*

Föstudagur 23. febrúar

*„Ég hef syndgað gegn Drottni.“
– 2. Sam. 12:13.*

Davíð tók þeirri leiðréttingu sem hann fékk frá Natan spámanni en hann var fulltrúi Jehóva. Davíð bað líka til Jehóva, játaði syndir sínar og tjáði einlæga löngun sína til að endurheimta velþóknun hans. (Sál. 51:3-19) Hann lamaðist ekki af sektarkennd heldur lærði af mistökum sínum. Hann syndgaði aldrei framar á sama hátt. Þegar ævi hans lauk löngu síðar var hann trúfastur maður og þannig minnst Jehóva hans. (Hebr. 11:32-34) Hvað getum við lært af Davíð? Ef okkur verður á að syndga alvarlega þurfum við að iðrast í einlægni og biðja Jehóva fyrirgefningar. Við þurfum að játa syndir okkar fyrir honum. (1. Jóh. 1:9) Við þurfum líka að leita til öldunga safnaðarins en þeir geta hjálpað okkur að endurheimta gott samband við Jehóva. (Jak. 5:14-16) Með því að þiggja hjálp Jehóva sýnum við að við treystum að hann lækni okkur og fyrirgefi eins og hann hefur lofað. Við ættum síðan að læra af mistökum okkar, halda áfram að þjóna Jehóva og horfa með björtum augum fram á veginn. – Hebr. 12:12, 13. *17.01 1:13, 14*

Laugardagur 24. febrúar

Varðveittu þinn þjón frá drambsemi. – Sálms. 19:14, Biblían 1859.

Hvernig birtist drambsemi eða hroki? Þegar einhver gerir eitt-hvað sem hann hefur ekki rétt á í fljótfærni eða af virðingarleysi sýnir hann hroka. Þar sem við höfum fengið syndina í arf sýnum við öll hroka af og til. En ef við leggjum það í vana að troða okkur áfram kemur það fyrr eða síðar niður á sambandi okkar við Jehóva eins og sjá má af dæmi Sáls konungs. Í Sálmi 119:21 er sagt um Jehóva: „Þú straffar hina dramblátu.“ (*Biblían 1859*) Hvers vegna gerir hann það? Hroki er mun alvarlegri en sakleysisleg mistök. Skoðum þrjár ástæður fyrir því. Ef við sýnum stærilæti heiðrum við ekki Jehóva sem réttmætan Drottin okkar. Og ef við förum út fyrir valdasvið okkar er líklegt að við lendum upp á kant við aðra. (Orðskv. 13:10) Þegar það kemur í ljós að við höfum sýnt hroka getum við líka orðið okkur til skammar eða jafnvel verið niðurlægð. (Lúk. 14:8, 9) Hroki leiðir ekkert gott af sér. Eins og fram kemur í Biblíunni ættum við alltaf að reyna að sýna högværð. *W17.01 3:4, 5*

Sunnudagur 25. febrúar

„Svikul kynslóð og spillt brást honum; sér til svívirðu eru þeir ekki synir hans framar.“ – 5. Mós. 32:5.

Adam gat ekki endurspeglað eiginleika Guðs fullkomlega þar sem hann var ekki lengur fullkominn. Hann fyrirgerði ekki aðeins þeim möguleika að eiga unaðslega framtíð sjálfur heldur gaf líka börnum sínum ófullkomleika, synd og dauða í vöggugjöf. (Rómv. 5:12) Hann svipti afkomendur sína þeim

möguleika að lifa að eilífu. Nú gátu Adam og Eva ekki eignast fullkomin börn og ekkert barna þeirra gat það heldur. Satan djöfullinn hefur leitt mannkynið afvega allar götur síðan hann sneri Adam og Evu gegn Guði. (Jóh. 8:44) En Jehóva heldur áfram að elska mennina. Þrátt fyrir uppreisn Adams og Evu vill hann að mennirnir eigi gott samband við sig. Hann vill ekki að neinn deyi. (2. Pét. 3:9) Strax eftir uppreisnina gerði Jehóva því ráðstafanir til að mennirnir gætu endurheimt vináttusambandið við hann án þess þó að hann færi á svig við réttlát lög sín. – Jóh. 3:16. *W17.02 1:12-14*

Mánudagur 26. febrúar

„Hjá ráðþægnum mönnum er víska.“ – Orðskv. 13:10.

Við kunnum betur að meta hlutverk okkar í þjónustu Jehóva þegar við leitum að hinu góða í fari annarra, rétt eins og hann gerir. Við verðum þá fúsari til að leita ráða hjá öðrum og hlusta á tillögur þeirra í stað þess að sækjast eftir að vera í sviðsljósinu eða segja þeim fyrir verkum. Við samgleðjumst þeim þegar þeir hljóta ný verkefni. Og við lofum Jehóva þegar við sjáum hvernig hann blessar söfnuðinn í heild. (1. Pét. 5:9) Einnig verðum við fær um að sýna góða dómgreind ef við lærum að sjá hlutina frá sjónarhóli Jehóva. Með reglulegu biblíunámi og bænnum og með því að tileinka okkur það sem við lærum styrkjum við samviskuna smám saman. (1. Tím. 1:5) Við lærum að taka aðra fram yfir sjálf okkur. Ef við leggjum okkar af mörkum lofar Jehóva að „fullkomna okkur“, hjálpa okkur að þroska með okkur högværð og aðra góða eiginleika. – 1. Pét. 5:10. *W17.01 4:17, 18*

Þriðjudagur 27. febrúar

„Öldungar þeir sem veita góða forstöðu séu hafðir í tvöföldum metum, allra helst þeir sem leggja hart að sér við boðun og fræðslu.“

– 1. Tím. 5:17.

Trúsysstkinu okkar verðskulda vissulega virðingu og heiður, ekki síst öldungarnir sem fara með forystuna. Við virðum þá óháð þjóðerni þeirra, menntun, þjóðfélagsstöðu eða fjárhag. Í Biblíunni er talað um þá sem „gjafir“ til safnaðarins og þeir gegna mikilvægu hlutverki í að annast þarfar þjóna Guðs. (Ef. 4:8) Safnaðaröldungar, farandhirðar, bræður í deildarnefndum og í stjórnandi ráði eiga allir virðingu skilda. Trúsysstkinu okkar á fyrstu öld báru mikla virðingu fyrir þeim sem fóru með forystuna og það gerum við líka. Við dýrkum ekki þessa menn eða komum fram við þá eins og þeir væru englar. Við berum engu að síður virðingu fyrir þeim vegna auðmýktar þeirra og þess sem þeir leggja á sig. – 2. Kor. 1:24; Opín. 19:10. *w17.03* 1:13

Miðvikudagur 28. febrúar

*„Hví kallar þú mig góðan?
Enginn er góður nema Guð einn.“*
– Mark. 10:18.

Það var reginmunur á Jesú og Heródesi Agrippu fyrsta sem varð konungur Júdeu. Á formlegum fundi „klæddist Heródes konungsskrúða“. Mannfjöldinn hylti hann og hrópaði: „Guðs rödd er þetta en eigi manns.“ Heródes var greinilega ánægður með upphæðina. En „jafnskjótt laust engill Drottins hann sökum þess að hann gaf ekki Guði dýrðina. Hann var étinn upp af ornum og dó.“ (Post. 12:21-23)

Enginn hlutlaus áhorfandi hefði með nokkru móti getað sagt að Jehóva hefði útvalið Heródes til að vera leiðtogi fólksins. Jesús sannaði hins vegar svo ekki varð um villst að hann var útvalinn af Guði og gaf honum alltaf heiðurinn af því að vera æðsti leiðtogi þjóðar sinnar. Jesús átti ekki aðeins að vera leiðtogi þjóna Guðs í fáein ár. „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu,“ sagði hann eftir að hafa verið reistur upp frá dauðum. „Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ – Matt. 28:18-20. *w17.02* 3:20, 21

Fimmtudagur 1. mars

*Þeir ráku Jefta burt.
– Dóm. 11:2.*

Hálfbræður Jefta hröktu hann burt sökum öfundar og haturs. Þannig neituðu þeir honum um arf sem hann átti rétt á þar sem hann var elstur þeirra. (Dóm. 11:1-3) Þrátt fyrir það varð hann við beiðni þeirra þegar þeir báðu hann hjálpar. (Dóm. 11:4-11) Það skipti Jefta meira máli að verja nafn Jehóva en að berjast fyrir rétti sínum. Hann var staðráðinn í að vera Jehóva trúur og það var honum sjálfum og öðrum til góðs. (Hebr. 11:32, 33) Ætlum við að draga lærdóm af Jefta? Vera má að trúsysstkinu hafi valdið okkur vonbrigðum eða komið illa fram við okkur. Ef sú er raunin ættum við ekki að hætta að þjóna Jehóva heldur halda áfram að mæta á samkomur og taka þátt í safnaðarlífínu. Við ættum að líkja eftir Jefta og láta meginreglur Guðs leiða okkur í lífinu og hjálpa okkur að takast á við erfiðleika. Þannig getum við haft jákvæð áhrif á aðra. – Róm. 12:20, 21; Kól. 3:13. *w16.04* 1:7, 9, 10

Föstudagur 2. mars

Ég læt ekki hugfallast.

– 2. Kor. 4:1.

Við verðum að vera þolgóð *allt til enda*, ekki aðeins um tíma. Lýsum því með dæmi: Segjum að skip fari á hliðina skammt frá landi. Til að komast lífs af þurfa farþegarnir að synda í land. Sá sem gefst upp nokkra metra frá ströndinni hlýtur sömu örlög og sá sem gefst upp miklu fyrr. Við erum ákveðin í að halda út uns við komumst inn í nýja heiminn. Líf okkar er undir því komið að við séum þolgóð. Við hugsum eins og Páll postuli sem sagði tvívegis að hann léti ekki hugfallast. (2. Kor. 4:16) Við getum treyst fullkomlega að Jehóva hjálpi okkur að vera þolgóð allt til enda. Við erum jafn sannfærð og Páll sem sagði í Rómverjabréfinu 8:37-39: „Í öllu þessu vinnum við fyllsta sigur í krafti hans sem elskaði okkur. Því að ég er þess fullviss að hvorki dauði né líf, englar né tignir, hvorki hið yfirstandandi né hið ókomna, hvorki kraftar, hæð né dýpt né nokkuð annað skapað muni geta gert okkur viðskila við kærlleika Guðs sem birtist í Kristi Jesú, Drottni vorum.“ *w16.04 2:17, 18*

Laugardagur 3. mars

Ef einhvern mann í ykkar hópi brestur visku, þá biðji hann Guð og honum mun gefast. – Jak. 1:5.

Biddu Jehóva að gefa þér visku til að koma auga á aðstæður sem gætu stefnt hlutleysi þínu í hættu og bregðast rétt við þeim. Ef þú ert hnepptur í fangelsi eða þér er refsað á annan hátt fyrir að vilja ekki hvíka frá sannri tilbeiðslu skaltu biðja um styrk og hugrekki til að

verja trú þína og þola þær ofsóknir sem yfir þig ganga. (Post. 4:27-31) Jehóva getur styrkt þig með aðstoð Biblíunnar. Hugleiddu vers sem hjálpa þér að vera hlutlaus í prófraunum. Leggðu þau á minnið núna. Þá er auðvelt að rifja þau upp ef þú hefur ekki aðgang að Biblíunni seinna. Biblían getur líka hjálpað þér að treysta því sem Jehóva lofar um framtíðina. Slík von er nauðsynleg til að standast ofsóknir. (Rómv. 8:25) Veldu vers sem draga upp mynd af því sem þú hlakkar sérstaklega til að upplifa í framtíðinni. Sjáðu síðan fyrir þér hvernig þú nýtur þess í paradís. *w16.04 4:14, 15*

Sunnudagur 4. mars

„Gefins hafið þér fengið, gefins skuluð þér láta í té.“ – Matt. 10:8.

Prestar kristna heimsins boða ekki ríki Guðs. Ef þeir tala um ríki Guðs á annað borð segja þeir að það sé tilfinning í hjarta kristins manns. (Lúk. 17:21) Þeir kenna ekki fólki að ríki Guðs sé himnesk stjórn í höndum Jesú Krists. Þeir kenna ekki að það sé lausnin á öllum vandamálum mannkyns og að von bráðar muni það uppræta alla illsku á jörðinni. (Opinb. 19:11-21) Þeir kjósa heldur að hugsa um Jesú á jólum og páskum. Þeir virðast ekki hafa hugmynd um hverju Jesús mun áorka sem nýr stjórnandi jarðar. Þeir hafa líka misst sjónar á því af hvaða *hvötum* á að boða. Það ætti ekki að gera það til að safna peningum eða til að reisa íburðarmiklar byggingar. Það ætti ekki að fara með orð Guðs eins og verslunarvöru. (2. Kor. 2:17) Þeir sem boða fagnaðarerindið ættu ekki að gera það fyrir kaup. – Post. 20:33-35. *w16.05 2:7, 8*

Mánudagur 5. mars

*„Enginn hyggi að eigin hag
heldur hag annarra.“*

– 1. Kor. 10:24.

Segjum að þú aðhylltist fatastíl sem gæti truflað einhverja í söfnuðinum en það er ekkert í Biblíunni sem mælir beint gegn honum. Hvernig litur Jehóva á málið? Páll postuli gaf þessar innblásnu leiðbeiningar: „Konur séu látlausar í klæðaburði, ekki með fléttur og gull eða perlur og skartklæði heldur skrýðist góðum verkum eins og sómir konum er segjast vilja dýrka Guð.“ (1. Tím. 2:9, 10) Í meginatriðum eiga þessi ráð eins við um kristna karlmenn. Trúfastir þjónar Jehóva hugsa ekki bara um eigin sjónarmið heldur líka um hvaða áhrif fataval þeirra og útlit hefur á aðra. Hógværð og kærleikur hvetur okkur til að taka tillit til skoðana trússystkina okkar svo að við truflum þau ekki eða jafnvel hneykslum. – 1. Kor. 10:23; Fil. 3:17. *w16.05* 3:14

Þriðjudagur 6. mars

„Þú, Drottinn, ert faðir vor, vér erum leir, þú hefur mótað oss og allir erum vér handaverk þín.“

– Jes. 64:7.

Guð hætti að líta á Adam sem son sinn þegar hann gerði uppreisn gegn honum. Í aldanna rás hefur fjöldi afkomenda Adams þó stutt drottinvald Jehóva. (Hebr. 12:1) Með því að lúta skapara sínum í auðmýkt sýndu þeir að þeir völdu hann, en ekki Satan, sem föður sinn og leirkerasmið. (Jóh. 8:44) Hollusta þeirra við Guð minnir á það sem stendur í versi dagsins. Allir sem tilbiðja Jehóva

nú á tímum í anda og sannleika reyna líka að vera auðmjúkir og undirgefnir. Þeim finnst það mikill heiður að mega ávarpa Jehóva sem föður og vera eins og leir í höndum hans. Sérðu sjálfan þig sem mjúkan leir í höndum Jehóva og ertu fús til að leyfa honum að búa til úr þér verðmætt ker? Og sérðu líka trússystkini þín sem ker í vinnslu sem Guð er enn þá að móta? *w16.06* 1:2, 3

Miðvikudagur 7. mars

*„Rannsakið hvort trú ykkar
kemur fram í breytni ykkar.“*

– 2. Kor. 13:5.

Nýi heimurinn er ekki langt undan og það reynir líka á trú okkar. Það er gott að skoða hve sterk hún er. Við gætum til dæmis hugleitt hvernig við lítum á orð Jesú í Matteusi 6:33. Spyrðu þig: Sýni ég með ákvörðunum mínum og áherslum í lífinu að ég trúi orðum Jesú? Myndi ég fórna samkomum eða boðunarstarfinu til að auka tekjurnar? Hvað geri ég þegar álagið frá heiminum eykst? Leyfi ég heiminum að þrýsta mér í sitt mót og jafnvel út úr sannleikanum? Tökum annað dæmi. Hugsum okkur þjón Jehóva sem er svolítið tregur til að fylgja leiðbeiningum Biblíunnar, til dæmis um félagsskap, skemmtiefni eða þá sem vikið er úr söfnuðinum. Spyrðu þig hvort þú eigir við þess konar vanda að stríða. Ef þú uppgötvar eitthvað þess háttar í fari þínu er bráðnauðsynlegt fyrir þig að taka trú þína til skoðunar. Vertu heiðarlegur við sjálfan þig og notaðu Biblíuna oft til að leiðrétta hugsun þína. *w16.06* 2:8, 9

Fimmtudagur 8. mars

„Hinn minnsti verður að þúsund, hinn lítilmótleigasti að voldugri þjóð.“ – Jes. 60:22.

Trúfastir þjónar Jehóva á jörð mynda einstakan söfnuð votta hans. Þeir eru vissulega ófullkomnir og hafa sína galla. En heilagur andi Guðs hefur samt sem áður haft þau áhrif að söfnuður hans heldur áfram að vaxa og dafna út um allan heim. Þjónar Guðs voru tiltölulega fáir árið 1914 þegar síðustu dagar hófust. En Jehóva blessaði boðun þeirra. Síðan þá hafa milljónum manna kynnst sannleika Biblíunnar og orðið vottar Jehóva. Jehóva spáði þessum mikla vexti. Hann sagði það sem stendur í versi dagsins og bætti við: „Ég, Drottinn, mun hraða þessu þegar að því kemur.“ Þessi spádómur hefur sannarlega ræst núna á síðustu dögum. Reyndar eru margar þjóðir í heiminum fámennari en vottar Jehóva eru núna. *16.06 4:1, 2*

Föstudagur 9. mars

Eruð þér ekki miklu fremri fuglum himinsins? – Matt. 6:26.

Þar sem Jehóva sér fuglunum fyrir fæðu var Jesús ekki í vafa um að hann myndi einnig hugsa um grunnþarfir mannanna. (1. Pét. 5:6, 7) Jehóva matar okkur ekki bókstaflega en hann getur blessað það sem við leggjum á okkur til að rækta þau matvæli sem við þurfum eða vinna fyrir þeim. Hann gæti knúið aðra til að gefa okkur af því sem þeir eiga ef við þörfnumst þess. Jesús nefndi ekki að Jehóva sæi fuglum himinsins fyrir skjóli. En Jehóva skapaði þá samt með

eðlishvöt og hæfileika til að búa sér hreiður, og hann sér þeim líka fyrir efnivið til þess. Hann getur sömuleiðis hjálpað okkur að finna hentugt húsnæði fyrir fjölskyldu okkar. Þegar Jesús sagði það sem stendur í versi dagsins hafði hann eflaust í huga að hann myndi bráðum fórna lífi sínu í þágu mannkyns. (Samanber Lúkas 12:6, 7) Jesús dó ekki fyrir fugla himinsins en hann dó fyrir okkur þannig að við gætum öðlast eilíft líf. – Matt. 20:28. *16.07 1:11-13*

Laugardagur 10. mars

„Synd skal ekki ríkja yfir ykkur þar eð þið eruð ekki undir lög-málinu heldur undir náðinni.“ – Róm. 6:14.

Hvernig urðu mennirnir syndugir og dauðlegir? Í Biblíunni er talað um að „misgjörð hins eina manns“, Adams, hafi leitt til þess að „dauðinn tók völd“ yfir afkomendum hans. (Róm. 5:12, 14, 17) Til allrar hamingju getum við þó valið að láta ekki syndina ríkja yfir okkur. Með því að trúa á lausnarfórn Jesú leyfum við einstakri góðvild Guðs að ríkja í lífi okkar. (Róm. 5:20, 21) Þó að við séum syndarar þurfum við ekki sætta okkur við það hlutskipti að láta syndina fara með völdin í lífi okkar. Þegar við látum undan syndinni biðjum við Jehóva að fyrirgefa okkur. Við látum sem sagt einstaka góðvild Guðs fara með völdin í lífi okkar. Hvaða áhrif hefur það? Páll svarar: „Náð Guðs ... kennir okkur að afneita óguðleik og veraldlegum girndum og lifa hógátlega, réttvíslega og guðrækilega í heimi þessum.“ – Tit. 2:11, 12. *16.07 3:5, 6*

Sunnudagur 11. mars

Guð leiddi hana til mannsins.

– 1. Mós. 2:22.

Adam og Eva þurftu að þola mikla erfiðleika í hjónabandinu vegna þess að þau kusu að misbeita frjálsum vilja sínum og óhlýðnast Jehóva. Satan djöfullinn, „hinn gamli höggormur,“ blekkti Evu með því að telja henni trú um að ef hún borðaði ávöxt af „skilningstré góðs og ills“ myndi hún öðlast sérstaka visku til að geta greint milli góðs og ills. Hún vanvirti forystuhlutverk eiginmanns síns með því að bera málið ekki undir hann. Og Adam óhlýðnaðist Guði með því að þiggja ávöxtinn sem Eva rétti honum. (Opinb. 12:9; 1. Mós. 2:9, 16, 17; 3:1-6) Þegar Guð lét hjónin svara til saka skellti Adam skuldinni á eiginkonu sína. Eva kenndi svo höggorminum um að hafa blekkt sig. (1. Mós. 3:12, 13) Þetta voru lélegar afsakanir sem réttlættu ekki neitt! Þar sem fyrstu hjónin höfðu óhlýðnast Jehóva voru þau dæmd uppreisnarseggir í hans augum. Þetta er okkur víti til varnaðar! Bæði hjónin þurfa að axla sína ábyrgð og hlýða Jehóva til að hjónabandið verði farsælt. w16.08 1:1, 4, 5

Mánudagur 12. mars

„Það sem Guð hefur tengt saman má eigi maðurinn sundur skilja.“

– Matt. 19:6.

Óraunhæfar væntingar geta valdið hjónabandsferfiðleikum. Þegar draumurinn um hamingjuríkt hjónaband verður ekki að veruleika gætu sumir orðið fyrir vonbrigðum, fundist þeir sviknir og jafnvel orðið bitrir. Ólíkt uppeldi og það að skilja ekki tilfinningar hvort annars getur skapað vanda. Ósætti getur líka orðið vegna

fjármála, tengdaforeldra og barnauppeldis. En það er hrósvert að langflest kristin hjón ná að vinna úr öllum slíkum vandamálum vegna þess að þau leita leiðsagnar Guðs. Kristin hjón, sem glíma við alvarleg vandamál, ættu að leita hjálpar hjá öldungunum. Þessir reyndu bræður geta hjálpað hjónum að nýta sér leiðbeiningarnar í orði Guðs. Þegar hjón vinna úr erfiðleikum ættu þau líka að biðja Jehóva um heilagan anda og hjálp við að fylgja meginreglum Biblíunnar og sýna ávöxt andans. – Gal. 5:22, 23. w16.08 2:11-13

Þriðjudagur 13. mars

„Héðan í frá skalt þú menn veiða.“

– Lúk. 5:10.

Jesús hafði takmarkaðan tíma til umráða. Hann gaf sér þó góðan tíma til að örva þann áhuga sem fólk sýndi á fagnaðarerindinu. Einu sinni safnaðist fjöldi fólks saman á strönd Galíleuvatns til að hlusta á hann og hann kenndi þá af báti lítið eitt frá landi. Síðan vann hann kraftaverk sem fólst í því að Pétur fékk mikinn afla í einu kasti. Það var við þetta tækifæri sem Jesús sagði orðin í versi dagsins. Hvaða áhrif hafði það sem Jesús sagði og gerði? Pétur og félagar hans „yfirgáfu allt og fylgdu honum“. (Lúk. 5:1-11) Nikódemus, sem sat í Æðstaráði Gyðinga, fékk áhuga á því sem Jesús kenndi. Hann langaði til að vita meira en óttaðist það sem aðrir myndu segja ef þeir sæju hann tala við Jesú fyrir opnum tjöldum. Jesús var sveigjanlegur og tilbúinn til að hitta hann að nóttu til fjarri fjöldanum. (Jóh. 3:1, 2) Sonur Guðs tók sér tíma til að styrkja trú annarra. Ættum við þá ekki að vera dugleg að fara í endurheimsóknir og hjálpa áhugasömum við biblíunám? w16.08 4:10, 11

Miðvikudagur 14. mars

Þjónaðu Guði í hógværð.

– Míka 6:8.

Við viðurkennum í hógværð að Jehóva er hreinn og heilagur og að það sé okkur fyrir bestu að hafa meginreglur hans að leiðarljósi. Hógvær maður tekur líka til lit til skoðana og tilfinninga annarra. Við þjónum Guði í hógværð með því að lifa í samræmi við háleitar meginreglur hans og hugsa um þau áhrif sem við höfum á aðra með ákvörðunum okkar. Við ættum að klæða okkur þannig að fólk dragi ekki rangar ályktanir um okkur. Trúsystkini okkar og fólk almennt ætti að geta séð greinilega að við erum verðugir fulltrúar hins réttláta Guðs, Jehóva. Hann ætlast til að við fylgjum háleitum meginreglum sínum og við erum meira en fús til þess. Bræður og systur eiga almennt hrós skilið fyrir klæðaburð sinn og góða hegðun. Þannig laða þau einlægt fólk að boðskap Biblíunnar, heiðra Jehóva og gleðja hann. *W16.09 3:18-20*

Fimmudagur 15. mars

„Þú hefur glímt við Guð og menn og unnið sigur.“ – 1. Mós. 32:28.

Jakob var mjög einbeittur og veigraði sér ekki við að berjast fyrir því að hljóta blessun Guðs. (1. Mós. 32:24-26) Og Jehóva blessaði hann fyrir að vera þrautseigur og gaf honum nafnið Ísrael sem merkir „sá sem glímir við Guð“ eða „Guð glímir“. Jakob hlaut sömu launin og við keppumst eftir – velþóknun Jehóva og blessun. Rakel, eiginkona Jakobs, var spennt að sjá hvernig Jehóva myndi uppfylla fyr-

irheit sitt um að blessa niðja eiginmanns síns. En hún gat ekki eignast börn. Í þá daga var það talin mikil ógæfa að vera barnlaus. Hvernig fékk hún styrk til að takast á við þessar þrúgandi aðstæður sem hún hafði alls enga stjórn á? Hún gaf aldrei upp vonina. Hún hélt áfram að berjast og það sífellt heitar til Jehóva. Hann heyrði áköll hennar og hún eignaðist tvö börn. – 1. Mós. 30:8, 20-24. *W16.09 2:6, 7*

Föstudagur 16. mars

„Orð Guðs er lifandi og kröftugt og beittara hverju tvíeggjuðu sverði.“ – Hebr. 4:12.

Það er mikilvægt að þið sýnið barninu ykkar fram á að það sé til góðs að fylgja meginreglum Biblíunnar. (Sálm. 1:1-3) Það má gera á ýmsa vegu. Þið gætuð til dæmis sagt því að ímynda sér að það eigi að búa á afskekktu eyju og þurfi að velja sér nokkra til að búa þar með sér. Spyrjið síðan: „Hvaða eiginleika þurfa allir að hafa til að hópurinn geti lifað í sátt og samlyndi?“ Síðan gætuð þið lesið Galatabréfið 5:19-23 til að sjá hvers konar fólk Jehóva vill hafa í nýja heiminum. Með þessum hætti getið þið kennt barninu tvennt sem skiptir miklu máli. Í fyrsta lagi að meginreglur Guðs stuðla að sönnunum friði og einingu. Í öðru lagi að Jehóva er með kennslu sinni að búa okkur undir lífið í nýja heiminum. (Jes. 54:13; Jóh. 17:3) Til að leggja enn meiri áherslu á þetta getið þið lesið frásögur í ritunum okkar, til dæmis í greinaröðinni „Biblían breytir lífi fólks“ sem finna má í *Varðturninum*. *W16.09 5:13, 14*

Laugardagur 17. mars

„Notið hverja stund.“

– Ef. 5:16.

Við þurfum öll að gefa okkur tíma til sjálfsnáms og fjölskyldunáms þótt við höfum mörgum skyldum að gegna. (Ef. 5:15) Markmiðið ætti þó ekki aðeins að vera að komast yfir ákveðinn blaðsíðufjölda eða búa okkur undir að svara á samkomum. Við þurfum að láta orð Guðs snerta okkur og styrkja trúna. Við þurfum að finna rétta jafnvægið. Þegar við lesum og hugleiðum biblíutengt efni er ekki nóg að íhuga hvernig aðrir geta haft gagn af því. Við þurfum líka að koma auga á hvernig það styrkir sjálf okkur. (Fil. 1:9, 10) Þegar við undirbúum okkur fyrir boðunina og samkomur og semjum ræður er ekki sjálfgefið að við látum efnið ná til hjartans. Lýsum þessu með dæmi: Kokkur þarf að smakka réttina áður en hann ber þá fram fyrir gesti. En hann lifir ekki bara á því að smakka á réttunum. Hann þarf að elda næringaríkan mat handa sjálfum sér til að halda heilsu. Við þurfum sömuleiðis að næra okkar innri mann á andlegri fæðu sem fullnægir okkar eigin þörfum. *w16.10* 2:10, 11

Sunnudagur 18. mars

„Fyrir trú skiljum við að Guð skapadi heimana með orði sínu og að hið sýnilega varð til af hinu ósýnilega.“ – Hebr. 11:3.

Lýsingu Biblíunnar á trú má finna í Hebreabréfinu 11:1. Þeir sem trúa beina huganum að tvennu sem við getum ekki séð: (1) „Því sem menn vona“ – það getur falið í sér ókomna atburði sem búið er að lofa en eru

ekki enn orðnir að veruleika. Dæmi um það eru endalok illskunnar og nýi heimurinn sem er í vændum. (2) Hlutum „sem eigi er auðið að sjá“. Með gríska orðinu, sem er þýtt „sannfæring“, er í þessu samhengi átt við sannfærandi rök um ósýnilegan veruleika eins og tilvist Jehóva Guðs, Jesú Krists og englanna og starfsemi ríkis Guðs. Hvernig sýnum við að von okkar er lifandi og að við trúum á það sem orð Guðs segir frá en er ekki hægt að sjá? Með orðum okkar og verkum – en án þeirra er trúnni ábótavant. *w16.10* 4:6

Mánudagur 19. mars

Uppörvið hvert annað.

– Hebr. 3:13.

Jehóva og Jesús kunna vel að meta það sem við gerum fyrir þá, jafnvel þó að aðstæður okkar setji okkur takmörk. (Lúk. 21:1-4; 2. Kor. 8:12) Sum öldruð trússystemi okkar leggja mikið á sig til að sækja samkomur, taka þátt í þeim og boða trúna. Ættum við ekki að hrósa þeim fyrir það og hvetja þau? Grípum þau tækifæri sem gefast til að uppörva aðra. Ef við tökum eftir að einhver gerir eitthvað vel ættum við að hrósa honum. Þegar Páll og Barnabas voru í Antíókkíu í Pisidíu sögðu samkundustjórnarnir við þá: „Bræður, ef þið hafið einhver hvatningarorð til fólksins takið þá til máls.“ Páll greip þá tækifærið og flutti uppörvandi ræðu. (Post. 13:13-16, 42-44) Er ekki full ástæða til að segja eitthvað uppörvandi ef færi gefst? Ef við temjum okkur að vera uppörvandi við aðra verða aðrir að öllum líkindum uppörvandi við okkur. – Lúk. 6:38. *w16.11* 1:3, 15, 16

Þriðjudagur 20. mars

„Augu Drottins eru alls staðar og vaka yfir vondum og góðum.“

– Orðskv. 15:3.

Það er mikill heiður að fá að tilheyra söfnuði Jehóva. En því fylgir ákveðin ábyrgð að kynnst meginreglum Guðs og vita til hvers hann ætlast af okkur. Við þurfum að gera það sem er rétt og verja drottinvald hans. Þar sem siðferðishnignunin verður æ meira áberandi í heiminum þurfum við að líkja eftir Jehóva og „hata illt“. (Sálm. 97:10) Við neitum að taka undir með óguðlegum og „kalla hið illa gott og hið góða illt“. (Jes. 5:20) Við viljum þóknast Guði og leggjum okkur því fram um að vera líkamlega, siðferðilega og andlega hrein. (1. Kor. 6:9-11) Við elskum Jehóva og treystum á hann. Við kjósum að sýna honum hollustu með því að lifa í samræmi við meginreglurnar sem hann hefur útlistað svo skýrt í dýrmætri bók sinni. Og við gerum okkar ýtrasta til að fylgja þeim heima fyrir, í söfnuðinum, í vinnunni, í skólanum – hvar sem við erum. *w16.11 3:13*

Miðvikudagur 21. mars

„Hver maður hlýði þeim yfirvöldum sem eru yfir hann sett.“ – Rómv. 13:1.

Bíblíunemendurnir voru einlægir en á árunum 1914 til 1919 skildu þeir ekki fullkomlega hvað það fól í sér að vera undirgefnir yfirvöldum. Sem hópur voru þeir því ekki alltaf hlutlausir í stríðinu. Sem dæmi má nefna að forseti Bandaríkjanna bað landsmenn að biðja fyrir friði hinn 30. maí árið 1918, og *Varðturninn* hvatti bíblíunemend-

urna til að taka þátt í því. Sumir af bræðrunum keyptu ríkisskulda-bréf til stuðnings stríðsrekstrinum og fáeinir fóru jafnvel vopnaðir út á vígvöllinn. Það er hins vegar ekki rétt að álykta sem svo að Bíblíunemendurnir hafi verið hnepptir í ánað Babýlonar hinnar miklu af því að þeir þurftu á leiðréttingu og ögun að halda. Þeir skildu mætavel að þeir urðu að aðgreina sig frá fólkskum trúarbrögðum, og þessi aðskilnaður var orðinn nánast alger á stríðsárunum. – Lúk. 12:47, 48. *w16.11 5:9*

Fimmtudagur 22. mars

Andinn fær að leiða okkur en ekki holdið. – Rómv. 8:4, neðanmáls.

Þú spyrð kannski af hverju Páll varaði andasmurða kristna menn við því að láta stjórnast af holdinu. Steðjar sama hætta að kristnum mönnum nú á tímum sem Guð lítur á sem vini sína og eru réttlátir í augum hans? Því miður gæti það hent hvaða þjón Guðs sem er að fara smám saman út á þessa braut. Páll skrifaði til dæmis að sumir bræður í Róm þjónuðu „eigin maga“ eða löngunum. Hann gat hafa átt við að kynlíf, matur eða eitthvað annað væri orðið aðalatriðið í lífi þeirra. Sumir þeirra blektu „hjörtu hreklausra manna“. (Rómv. 16:17, 18; Fil. 3:18, 19; Júd. 4, 8, 12) Mundu líka að bróðir í Korintu „hélt við konu föður síns“ um tíma. (1. Kor. 5:1) Það er engin furða að Guð skyldi hafa látið Pál skrifa bréf til að vara kristna menn við að láta stjórnast af holdinu. (Rómv. 8:5, 6) Viðvörðun Páls á jafn mikil erindi til okkar núna. *w16.12 2:5, 8, 9*

Föstudagur 23. mars

„Hugsýki íþyngir hjartanu, eitt vingjarnlegt orð gleður það.“

– Orðskv. 12:25.

Góð tjáskipti geta hjálpað manni að takast á við áhyggjur. Segðu einhverjum sem þú treystir hvernig þér líður. Maki þinn, vinur eða safnaðaröldungur getur kannski hjálpað þér að sjá hlutina í nýju ljósi. Opinská og heiðarleg tjáskipti geta hjálpað þér að skilja vandamálið betur og takast á við það. Í Biblíunni segir: „Áform verða að engu þar sem engin er ráðagerðin en ef margir leggja á ráðin rætast þau.“ (Orðskv. 15:22) Jehóva notar líka vikulegar samkomur til að hjálpa þjónum sínum að takast á við áhyggjur sínar. Þar geturðu átt samskipti við trússystkini þín sem er annt um þig og vilja hvetja hvert annað. (Hebr. 10:24, 25) Á samkomunum fáum við tækifæri til að „uppörvast saman“. Það styrkir okkur og gerir okkur kleift að takast á við allar áhyggjur okkar. – Róm. 1:12. *16.12* 3:17, 18

Laugardagur 24. mars

Hanna bað til Drottins.

– 1. Sam. 1:10.

Þegar við eigum við heilsubrest að stríða eða önnur vandamál sem við fáum engu um ráðið ættum við að varpa áhyggjum okkar á Jehóva og treysta að hann beri umhyggju fyrir okkur. (1. Pét. 5:6, 7) Við ættum líka að gera það sem við getum til að sækja samkomur og nýta okkur allt annað sem söfnuðurinn lætur í té. (Hebr. 10:24, 25) Hvað um foreldra sem þjóna Jehóva dyggilega en eiga börn sem hafa hætt að þjóna honum? Samúel spámaður gat ekki neytt uppkomna syni sína til að fylgja þeim réttlátu meginreglum

sem hann hafði kennt þeim. (1. Sam. 8:1-3) Hann átti ekki um annað að velja en að leggja málið í hendur Jehóva. En sjálfur gat Samúel verið trúr föður sínum á himnum og þóknast honum. (Orðskv. 27:11) Margir kristnir foreldrar standa í svipuðum sporum og Samúel. Þeir treysta að Jehóva sé alltaf tilbúinn til að taka á móti iðrandi syndurum sem snúa aftur. (Lúk. 15:20) Sjálfir leggja foreldrarnir sig fram um að vera Jehóva trúir og vona að forðæmi sitt verði börnunum hvarning til að snúa aftur til hjarðarinnar. *17.01* 1:15, 16

Sunnudagur 25. mars

„Verið lítillát og metið hvert annað meira en ykkur sjálf.“ – Fil. 2:3.

Þeir sem eru auðmjúkir eru yfirleitt líka hógværir. Þeir þekkja vel hæfni sína og takmörk, viðurkenna mistök sín og taka fúslega við tilögum og hugmyndum annarra. Jehóva kann vel að meta að við sýnum auðmýkt. Í Biblíunni snýst hógværi líka um að meta sjálfan sig rétt og vera meðvitaður um takmörk sín. Í gríska frumtextanum virðist áherslan vera á það hvernig sú vitneskja ætti að hafa áhrif á framkomu okkar við aðra. Hvenær gæti drambsemi gert vart við sig í huga okkar eða verkum? Skoðum nokkur viðvörðunarkerki. Ef til vill tókum við sjálf okkur eða verkefni okkar of alvarlega. (Róm. 12:16) Við gætum verið farin að draga óhöflega athygli að sjálfum okkur. (1. Tím. 2:9, 10) Eða kannski stöndum við fast á eigin skoðunum bara vegna stöðu okkar, tengsla eða persónulegs álits og áttum okkur ekki á að við séum farin að sýna hroka og séum ekki lengur hógværir. – 1. Kor. 4:6. *17.01* 3:6-8

Mánudagur 26. mars

*„Brek er ungs manns pokki
en hærurnar þrýði öldunganna.“
– Orðskv. 20:29.*

Umfang og margbreytileiki starfs Votta Jehóva hefur aukist til muna á síðari árum. Ný verkefni kalla á nýjar aðferðir – en þær fela oft í sér að notuð sé nýjasta tækni sem er sífellt í þróun. Sumum af eldri kynslóðinni finnst ef til vill erfitt að halda í við þessar öru breytingar. (Lúk. 5:39) Og jafnvel þótt því sé ekki þannig farið eru hinir yngri oft þróttmeiri en hinir eldri. Það er því bæði kærleiksríkt og gagnlegt að eldri bræður búi hina yngri undir að taka á sig aukna ábyrgð. (Sálm. 71:18) Bræðrum í ábyrgðarstöðum finnst kannski ekki auðvelt að fela yngri bræðrum verkefni sem þeir sinna sjálfir. Sumir óttast að missa stöðu sem þeir hafa ánægju af eða hafa áhyggjur af að missa stjórnina og telja að yngri bræður geti ekki sinnt verkefninu eins vel og þeir. Öðrum finnst þeir ekki hafa tíma til að þjálfra aðra. Þeir sem yngri eru verða hins vegar að gæta þess að verða ekki óþreyjufullir ef þeir fá ekki meira að gera. *W17.01* 5:3, 4

Þriðjudagur 27. mars

*Allir verða sýknir og öðlast líf
sakir þess fullkomna verks sem
einn vann. – Róm. 5:18.*

Jesús fæddist fullkominn alveg eins og Adam hafði verið. (Jóh. 1:14) En ólíkt Adam lifði Jesús eins og Jehóva ætlaðist til af fullkomnum manni. Hann syndgaði aldrei né braut nokkurt af lögum Guðs, jafnvel í erfiðustu prófraunum. Þar sem Jesús var fullkominn maður gat hann leyst mannkynið úr fjötrum syndar og dauða með því að deyja

fyrir það. Hann var nákvæmlega allt sem Adam hefði átt að vera – fullkominn maður sem var trúur og hlýðinn Guði á allan hátt. (1. Tím. 2:6) Jesús færði lausnarfórnina sem opnaði mörgum leiðina til eilífs lífs – bæði körlum, konum og börnum. (Matt. 20:28) Lausnarfórnin er lykhillinn að því að upphafleg fyrirætlun Guðs ná fram að ganga. (2. Kor. 1:19, 20) Hún gefur öllum sem eru trúir Guði möguleika á eilífu lífi. *W17.02* 1:15, 16

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 9. nísan)
Jóhannes 12:12-19; Markús 11:1-11

Miðvikudagur 28. mars

*Hann leið með þolinmæði af því að
hann vissi hvaða gleði beið hans.
– Hebr. 12:2.*

Ímyndaðu þér að þú sért inni í löngum jarðgöngum og það sé niðarmyrkur. Þú veltir fyrir þér hvort þú fáið að sjá ljósið aftur. Á lífsleiðinni verða alls konar erfiðleikar á vegi þínum sem þér gæti stundum fundist yfirþyrmandi. Vera má að Jesús hafi jafnvel liðið þannig. Hann mátti þola niðurlægingu, „fjandskap ... af syndurum“ og meira að segja kvalafullan dauða á aftökustaur. Það var örugglega myrkasti dagur í ævi Jesús. (Hebr. 12:3) Samt sem áður þoldi hann allt þetta. Hann hugsaði um launin fyrir að vera þolgóður, ekki síst hvernig hann myndi eiga þátt í að helga nafn Jehóva og réttlæta drottinvald hans. Prófraunir Jesús voru tímabundnar en launin á hinnum eilíf. Prófraunir þínar geta verið sársaukafullar, næstum óbærilegar. En mundu að þrengingar þínar á veginum til eilífa lífsins standa stutt. *W16.04* 2:10

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 10. nísan)
Jóhannes 12:20-50

Fimmtudagur 29. mars

Í Jesú, fyrir hans blóð, eigum vér endurlausnina og fyrirgefningu afbrota vorra. – Ef. 1:7.

Í þessum heimi þykir það engin skömm lengur að syndga og margir skilja ekki að mannkynið þurfi á lausnargjaldi að halda. Þeir skilja ekki hvað synd er, vita ekki hvaða áhrif hún hefur og hvað við þurfum að gera til að losna úr þrælkun hennar. Einlægu fólki léttir að fá að vita að Jehóva sýndi mannkyninu einstakan kærleika og góðvild með því að senda son sinn til jarðar til að leysa okkur frá syndinni og dauðanum sem er afleiðing hennar. (1. Jóh. 4:9, 10) Lausnarfórn Krists er sterkasta sönnunin fyrir kærleika Guðs til okkar og sýnir hversu mikil góðvild hans er. Það er mikill léttir að vita að með því að trúá á úthellt blóð Jesú verða syndir okkar fyrirgefningar og við fáum hreina samvisku. (Hebr. 9:14) Þetta eru mikil gleðitíðindi sem við getum sagt öðrum. *w16.07 4:6, 7*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 11. nísan)
Lúkas 21:1-36

Föstudagur 30. mars

*Kristur aflaði eilífrar lausnar.
– Hebr. 9:12.*

Jehóva fullvissar okkur um að hann fyrirgefi okkur algerlega ef við trúum á lausnarfórnina. Biblían segir að hann „afmái syndir“ okkar. (Post. 3:19-21) Jehóva velur fólk af jörðinni til að vera börn sín. Þetta eru hinir andasmurðu. (Rómv. 8:15-17) Og hvað um okkur hin sem tilheyrum öðrum sauðum? Það er eins og Jehóva hafi

fyllt út ættleiðingarskjal sem nafn okkar stendur á. Þegar við erum orðin fullkomin og höfum staðist lokaprófið undirritar Jehóva skjalið, ef svo má að orði komast, og ættleiðir okkur sem jarðnesk börn sín. (Rómv. 8:20, 21; Opinb. 20:7-9) Jehóva mun elska dýrmæt börn sín að eilífu. Og lausnargjaldið verður til blessunar um alla framtíð. Þessi gjöf fyrnist aldrei. Enginn getur tekið hana frá okkur. *w17.02 2:15, 16*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 12. nísan)
Matteus 26:1-5, 14-16; Lúkas 22:1-6

**MINNINGARHÁTÍÐ
eftir sólsetur**

Laugardagur 31. mars

„Ef einhver syndgar, þá höfum við málsvara hjá föðurnum, Jesú Krist.“ – 1. Jóh. 2:1.

Þegar Jehóva dró okkur til sín vissi hann um þær röngu tilhneigingar sem yrðu okkur sérlega erfiðar. Hann vissi líka að stundum yrði okkur á. En það breytti því ekki að Jehóva vildi eiga okkur að vinum. Guð elskaði okkur svo heitt að hann gaf okkur dýrmæta gjöf – lausnarfórn elskaðs sonar síns. (Jóh. 3:16) Ef við iðrumst eftir að við syndgum getum við beðið Jehóva um fyrirgefningu á grundvelli þessarar dýrmætu fórnar. Þá megum við vera viss um að við eigum enn þá vináttu hans þrátt fyrir ófullkomleikann. – 1. Tím. 1:15. *w16.05 4:6, 7*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 13. nísan)
Matteus 26:17-19; Markús 14:12-16;
Lúkas 22:7-13
(Atburðir eftir sólsetur: 14. nísan)
Jóhannes 13:1-5; 14:1-3

Sunnudagur 1. apríl

„Ykkur, sem voruð áður fráhverf Guði og óvinveitt í huga og vondum verkum, hefur hann nú sætt við sig með dauða Krists í jarðneskum líkama.“ – Kól. 1:21, 22.

Okkur ber skylda til að segja öðrum frá því að þeir geti eignast vináttusamband við skapara sinn. Guð álitur fólk óvini sína nema það trúir á lausnarförn Jesú. Jóhannes postuli skrifaði: „Sá sem trúir á soninn hefur eilíft líf en sá sem óhlýðnast syninum mun ekki öðlast líf heldur varir reiði Guðs yfir honum.“ (Jóh. 3:36) Til allrar hamingju getum við orðið vinir Guðs vegna lausnarförnar Krists. (2. Kor. 5:18-20) Við tökum þátt í því að kenna fólki sannleikann og hjálpa því að eignast vináttusamband við Jehóva. Það er mikilvægur þáttur í boðun okkar. *16.074:8-10*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 14. nisan)
Jóhannes 19:1-42

Mánudagur 2. apríl

*„Helgist þitt nafn.“
– Matt. 6:9.*

Jesús nefnir fyrst í faðirvorinu að nafn Guðs eigi að helgast. Þar sem Jehóva er heilagur eru líka allar meginreglur hans og lög heilög. Í Edengarðinum ýjaði Satan hins vegar lævislega að því að Jehóva hefði ekki rétt til að setja mönnum lög og reglur. Hann laug upp á Jehóva og kastaði rýrð á heilagt nafn hans. (1. Mós. 3:1-5) Á hinn bóginn elskaði Jesús nafn Jehóva af öllu hjarta. (Jóh. 17:25, 26) Hann gerði allt sem hann gat til að helga það. (Sálm. 40:9-11) Með orðum sínum og verkum sýndi Jesús fram á að það

er bæði sanngjarnt og réttlátt af Jehóva að setja vitibornum sköpunarverum sínum lög og reglur. Jesús var fullkomlega trúr föður sínum á himnum. Með því að vera trúfastur allt til dauða sannaði hann að fullkominn maður gæti verið hlýðinn Jehóva í einu og öllu. *17.022:2-4*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 15. nisan)
Matteus 27:62-66
(Atburðir eftir sólsetur: 16. nisan)
Jóhannes 20:1

Þriðjudagur 3. apríl

*Lambinu sé heiður og dýrð.
– Opinb. 5:13.*

Jesús Kristur er „Guðs lamb sem ber synd heimsins“. (Jóh. 1:29) Í Bíbliunni kemur fram að hann sé langtum æðri öllum mönnum sem eru eða hafa verið konungar. Þar segir að hann sé „konungur konunganna og Drottinn drottanna. Hann einn er ódauðlegur og býr í því ljósi sem enginn fær nálgast, hann sem enginn maður leit né titið getur.“ (1. Tím. 6:14-16) Hefur nokkur annar konungur dáið af fúsum og frjálsum vilja sem lausnarförn fyrir syndir okkar? Aragrúi andavera á himnum syngur: „Maklegt er lambið slátraða að fá máttinn og ríkdóminn, visku og kraft, heiður og dýrð og lofgjörð.“ Langar þig ekki til að taka undir með þeim? (Opinb. 5:12) Það er ekki valfrjálst hvort við heiðrum Jehóva og Krist. Eilíft líf okkar er undir því komið að við gerum það. – Sálm. 2:11-13; Jóh. 5:23. *17.031:3, 4*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 16. nisan)
Jóhannes 20:2-18

Miðvikudagur 4. apríl

Ef þið fylgið mér, þá vil ég vera höfðingi yfir ykkur. – Dóm. 11:9.

Jefta þekkti sögu Ísraelsmanna vel. Hann vissi hvernig Jehóva hafði komið fram við þjóð sína og það gaf honum skýra mynd af því hvað væri rétt og rangt í augum hans. (Dóm. 11:12-27) Meginreglur Guðs í Mósélögnum mótuðu hugarfar og hjartalag Jefta. Hann vissi að það var ekki þóknanlegt Jehóva að vera langrækinn heldur áttu þjónar hans að elska hver annan. Lögmálið kenndi líka að það væri skylda að sinna þeim sem þörfuðust hjálpar, jafnvel „andstæðingi“ manns. (2. Mós. 23:5; 3. Mós. 19:17, 18) Fordæmi trúfastra þjóna Jehóva hafði sennilega mikil áhrif á Jefta. Þar má nefna Jósef sem sýndi bræðrum sínum miskunn, jafnvel þó að þeir hafi „lagt hatur á hann“. (1. Mós. 37:4; 45:4, 5) Að hugleiða verk slíkra manna hjálpaði Jefta án efa að taka ákvarðanir sem Jehóva hafði velpóknun á. Framkoma bræðra hans særði hann örugglega djúpt en hann hætti samt ekki að þjóna Jehóva og berjast fyrir þjóð hans. – Dóm. 11:1-3. *w16.04* 1:8, 9

Fimmtudagur 5. apríl

*Þau ræktu trúlega samfélagið.
– Post. 2:42.*

Þjónum Jehóva hefur alltaf fundist verðmætt að koma saman. Kristnir menn á fyrstu öld sóttust eftir að hittast til að tilbiðja Jehóva saman og fræðast um hann. Líklega hefur þú sömu löngun til að sækja samkomur reglulega. Ýmsar hindranir verða þó á vegi allra þjóna Guðs. Vinna, stíf dagskrá eða

þreyta vegna daglegs amsturs getur gert okkur erfitt fyrir að sækja samkomur. Þegar við metum samkomurnar mikils getur það verið okkur hvatning til að yfirstiga þessar hindranir þannig að við getum notið góðs af því að sækja þær reglulega. Að vísu geta sum trússystkini okkar ekki sótt samkomur reglulega vegna aðstæðna sem þau ráða ekki við, eins og alvarleg veikindi. Öldungar geta aðstoðað þessi trússystkini svo að þau geti notið góðs af samkomunum, til dæmis með því að hjálpa þeim að tengjast samkomunum símleiðis eða gefa þeim upptökur af þeim. *w16.04* 3:3

Föstudagur 6. apríl

„Verið hughraustir. Ég hef sigrað heiminn.“ – Jóh. 16:33.

Fordæmi trúfastra þjóna Jehóva getur gefið okkur visku og styrk til að halda út. Sadrak, Mesak og Abed-Negó neituðu til dæmis að tilbiðja líkneski sem var táknmynd babýlonska ríkisins. (Dan. 3:16-18) Hugrekki þeirra hefur verið vottum nú á dögum innblástur til að neita að dýrka fána þjóðarinnar sem þeir tilheyra. Jesús kom ekki heldur nálægt stjórn mála- og þjóðfélagsdeilum heimsins. Hann vissi að fordæmi sitt yrði öðrum til hvatningar og sagði lærisveinum sínum að „vera hughraustir“. Bræður og systur í söfnuðinum þínum geta líka hjálpað þér að varðveita hlutleysi þitt. Þau geta verið þér til hvatningar ef þau vita hvað þú ert að ganga í gegnum. Biddu þau að biðja fyrir þér. En við ættum auðvitað líka að styrkja trússystkini okkar með bænum okkar. – Matt. 7:12. *w16.04* 4:16, 18

Laugardagur 7. apríl

„Þjóð þín kemur fúslega.“

– Sálm. 110:3.

Standa Vottar Jehóva fyrir fjár-söfnun á samkomum sínum eða mótum? Nei. Starf þeirra er fjármagnað með frjálsum framlögum. (2. Kor. 9:7) Árið 2015 notuðu Vottar Jehóva aftur á móti 1,93 milljarða klukkustunda til að boða fagnaðareringið og halda níu milljónir biblíunámskeiða endurgjalds-laust í hverjum mánuði. Þeir taka ekki laun fyrir vinnu sína og standa meira að segja sjálfir undir kostnaðinum af starfi sínu. Og þeir gera þetta með glöðu geði. Rannsóknarmaður sagði um starf Votta Jehóva: „Aðalmarkmiðið er að boða og kenna ... Þeir eru ekki með neina presta og það dregur verulega úr kostnaði.“ Af hvaða hvötum vinnum við þá þetta starf? Við gerum það fúslega af því að við elskum Jehóva og náungann. Þannig uppfyllist spádómurinn sem er að finna í versí dagsins. *W16.05 2:9*

Sunnudagur 8. apríl

„Sú speki sem að ofan er, hún er í fyrsta lagi hrein, því næst friðsöm, ljúfleg, sáttgjörn, full miskunnar og góðra ávaxta.“ – Jak. 3:17.

Með þetta í huga ættum við að forðast skemmtiefni sem ýtir undir óhreinar hugsanir og rangar tilhneigingar. Kristnir menn, sem eru næmir á viðhorf Jehóva, þurfa ekki að velta fyrir sér hvort það sé í lagi að lesa bók, horfa á mynd eða spila tölvuleik með efni sem Jehóva hatar. Það kemur skýrt fram í orði hans hvað honum finnst um slíkt. Þegar við þurfum að taka ákvörð-

un er oft hægt að afgreiða málið á ýmsa vegu sem Jehóva er ánægður með. Þegar um mikilvægar ákvarðanir er að ræða getur þó stundum verið skynsamlegt að leita ráða öldunganna eða annarra reyndra trússystkina. (Tít. 2:3-5; Jak. 5:13-15) Það væri auðvitað ekki við hæfi að biðja aðra um að taka ákvörðun fyrir okkur. Þjónar Guðs þurfa að læra og þjálfast sig í að sýna góða dómgreind. (Hebr. 5:14) Við þurfum öll að breyta í samræmi við innblásin orð Páls: „Sérhver mun verða að bera sína byrði.“ – Gal. 6:5. *W16.05 3:15, 16*

Mánudagur 9. apríl

Ég lastmælti honum, ofsótti hann og smánaði. – 1. Tím. 1:13.

Þegar Jehóva virðir mannfólkið fyrir sér horfir hann ekki á ytra útlit. Hann skoðar frekar hjartað, hinn innri mann. (1. Sam. 16:7b) Þetta kom vel í ljós þegar Guð myndaði kristna söfnuðinn. Hann laðaði til sín og sonar síns marga sem virtust ekki eftirsóknarverðir frá mannlegum bæjardyrum séð. (Jóh. 6:44) Einn þeirra var faríseinn Sál. En Jehóva „prófar hjörtun“ og leit ekki á Sál sem einskisnýtan leir. (Orðskv. 17:3) Hann sá öllu heldur að hægt var að móta úr honum verðmætt ker til að vitna fyrir „heiðingjum, konungum og börnum Ísraels“. (Post. 9:15) Guð valdi líka aðra til að móta sem „viðhafnar-ker“, þar á meðal fólk sem hafði verið drykkjumenn, þjófur og lifað siðlausu lífi. (Róm. 9:21; 1. Kor. 6:9-11) Það leyfði Jehóva að móta sig þegar það fékk nákvæma þekkingu á orði hans og fór að trúa. *W16.06 1:4*

Þriðjudagur 10. apríl

*Þér eruð í hendi minni eins og leirinn í hendi leirkerasmiðsins.
– Jer. 18:6.*

Guð hefur gefið okkur orð sitt, kristna söfnuðinn og boðunina til að hjálpa okkur að vera eins og mjúkur leir. *Að lesa daglega í Biblíunni og hugleiða efnið* getur gert okkur mjúk og meðfærileg í höndum Jehóva, ekki ósvipað og vatn mýkir leir. Konungar Ísraels áttu að gera sér afrit af lögmáli Guðs og lesa daglega í því. (5. Mós. 17:18, 19) Postularnir vissu að þeir urðu að lesa og hugleiða Ritninguna til að geta gert boðuninni góð skil. Í ritum sínum vitnuðu þeir og vísuðu mörg hundruð sinnum í Hebresku ritningarnar og hvöttu þá sem þeir boðuðu fagnaðarerindið til að líkja eftir sér. (Post. 17:11) Við gerum okkur líka grein fyrir að við þurfum að lesa daglega í Biblíunni og hugleiða efnið. (1. Tím. 4:15) Það hjálpar okkur að vera auðmjúk frammi fyrir Jehóva og vera eins og þjáll leir í höndum hans. *w16.06 2:10*

Miðvikudagur 11. apríl

*„Á því munu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku hver til annars.“
– Jóh. 13:35.*

Þetta hefur haft sérstaka þýðingu í öllum þeim skelfilegu stríðsátökum sem þjóðir heims hafa átt í. Svo dæmi sé nefnt féllu um 55 milljónir manna í seinni heimsstyrjöldinni. En vottar Jehóva tóku ekki þátt í þessu mikla blóðbaði. (Míka 4:1, 3) Kærleikurinn hefur hjálpað þeim að vera hreinir af blóði

allra'. (Post. 20:26, *Biblían* 1912) Þjónum Guðs fjölgar í fjandsamlegum heimi sem er á valdi Satans. Biblían kallar hann „guð þessarar aldar“. (2. Kor. 4:4) Satan ráðskast með stjórnmálaöflin í heiminum og sömuleiðis fjölmiðlana en hann getur samt ekki stöðvað boðun fagnaðarerindisins. Þar sem hann veit að tíminn er orðinn naumur reynir hann að snúa fólki frá sannri tilbeiðslu og beitir ýmsum brögðum til þess. – Opinb. 12:12. *w16.06 4:3, 4*

Fimmtudagur 12. apríl

*„Hyggið að liljum vallarins.“
– Matt. 6:28.*

Jesús beinir athygli okkar að handaverki Jehóva. Við getum lært margt af því hvernig „liljur vallarins“ líta út. Þegar Jesús nefndi liljur hafði hann ef til vill í huga blóm eins og gladíólur, hýasintur, írisar og túlípana – allt falleg blóm, hvert á sinn hátt. Þau þurfa ekki að spinna garn, vefa efni og sauma sér föt. En þessi sköpunarverk eru samt svo yndisfögur að Jesús sagði: „Jafnvel Salómon í allri sinni dýrd var ekki svo búinn sem ein þeirra.“ Tökum eftir lærdómnunum sem Jesús dregur fram. Hann segir: „Fyrst Guð skrýðir svo gras vallarins ... skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér trúlítill!“ (Matt. 6:29, 30) Við getum verið viss um það! Lærisveina Jesú skorti þó trú að einhverju leyti. (Matt. 8:26; 14:31; 16:8; 17:20) Þeir þurftu að styrkja trúna og traustið til Jehóva. Hvað um okkur? Hve sterk er trú okkar á að Jehóva bæði vilji og geti séð fyrir okkur? *w16.07 1:15, 16*

Föstudagur 13. apríl

Sérhvertt ykkar hefur fengið náðargáfu. Notið þær og þjónið hvert öðru eins og góðir ráðsmenn náðar Guðs. – 1. Pét. 4:10.

Jehóva getur gert okkur fær um að standast hvaða prófraun sem við verðum fyrir, óháð eðli hennar. (1. Pét. 1:6) Í einstakri góðvild sinni á Jehóva alltaf svar við öllum prófraunum sem við kunnum að verða fyrir. Góðvild Jehóva í sínum mörgu myndum hefur alls konar blessun í för með sér. Við fáum til dæmis syndir okkar fyrirgefna. Í góðvild sinni fyrirgefur Jehóva syndir okkar, svo framarlega sem við iðrumst og berjumst af krafti gegn syndugum tilhneigingum okkar. (1. Jóh. 1:8, 9) Miskunn Guðs ætti að fylla okkur þakklæti og vera okkur hvatning til að lofa hann. Páll skrifaði: „[Jehóva] hefur frelsað okkur frá valdi myrkursins og flutt okkur yfir í ríki síns elskaða sonar. Í honum eigum við endurlausnina, fyrirgefningu synda okkar.“ (Kól. 1:13, 14) Með því að fá syndir okkar fyrirgefna eigum við kost á að njóta margra annarra blessana. *w16.07 3:7-9*

Laugardagur 14. apríl

*„Hann skal merja höfuð þitt.“
– 1. Mós. 3:15.*

Þrátt fyrir það sem Satan gerði í Eden bar Jehóva fram fyrsta spádóm Biblíunnar og veitti mannkyninu þar með von. Hann ætlaði að senda frelsara sem myndi „merja“ djöfulinn og gera hlýðnum mönnum kleift að hljóta þá framtíðarvon sem fyrstu hjónin glötuðu, að lifa að eilífu á jörðinni eins og hann ætlaðist til í upphafi. (Jóh. 3:16) Uppreisn Adams og Evu hafði áhrif á

hjóaband þeirra og á öll hjónabönd þaðan í frá. Eva og allar konur komnar af henni myndu til dæmis upplifa miklar kvalir við barnsfæðingu. Konur myndu hafa löngun til manna sinna en menn ríkja yfir konum sínum og jafnvel misbeita valdi sínu, eins og við sjáum í mörgum hjónaböndum nú á tímum. (1. Mós. 3:16) Biblían segir að eiginmenn eigi að fara með forystu á kærleiksríkan hátt. Á móti eiga konurnar að virða forystu eiginmannsins. (Ef. 5:33) Þegar hjón, sem þjóna Guði, vinna saman er hægt að koma í veg fyrir ágreining að miklu leyti og jafnvel öllu. *w16.08 1:6, 7*

Sunnudagur 15. apríl

*„Hvað veist þú, kona, hvort þú munir geta frelsað mann þinn? Eða hvað veist þú, maður, hvort þú munir geta frelsað konu þína?“
– 1. Kor. 7:16.*

Sumir í söfnuðinum eiga maka sem er ekki þjónn Jehóva enn sem komið er. Biblían gefur góð rök fyrir því að fólk í þeirri stöðu eigi ekki að slíta samvistum. (1. Kor. 7:12-14, *neðanmáls*) Makinn, sem er ekki í trúnni, er „helgaður“, hvort sem hann gerir sér grein fyrir því eða ekki, vegna þess að hann er giftur þjóni Guðs. Ef hjónin eignast börn eru börnin álitin „heilög“ og njóta því verndar Guðs. Í næstum öllum söfnuðum Votta Jehóva eru hjón þar sem annað þeirra hefur átt stóran þátt í að „frelsa“ maka sinn. Pétur postuli ráðleggur kristnum eiginomum að vera eiginmönnum sínum undirgefna „til þess að jafnvel þeir sem vilja ekki hlýða orðinu geti unnist orðalaust við hegðun kvenna sinna þegar þeir sjá [þeirra] grandvöru og skirlífu hegðun.“ – 1. Pét. 3:1-4. *w16.08 2:14, 15*

Mánudagur 16. apríl

Elskið hvert annað af heilu hjarta. – 1. Pét. 1:22.

Ljóst er af Biblíunni að Jehóva vill að þjónar sínir sýni bróðurkærleika og þjóni hver öðrum. (Lúk. 22:24-27) Sonur hans gaf allt sem hann átti til að þjóna öðrum, þar á meðal líf sitt. (Matt. 20:28) Dorkas var „mjög góðgerðasöm og órlát við snauða“. (Post. 9:36, 39) María, sem var systir í Róm, erfiðaði fyrir aðra í söfnuðinum. (Rómv. 16:6) Hvernig getum við sýnt nýjum fram á að það sé mikilvægt að aðstoða bræður sína og systur? Reyndir vottar geta boðið nýjum með sér þegar þeir heimsækja sjúka og aldræða. Foreldrar geta tekið börnin sín með í heimsóknir af því tagi ef við á. Öldungar heimsækja gjarnan aldræða í söfnuðinum til að ganga úr skugga um að þeir hafi nóg að borða og að dytt sé að einu og öðru á heimilum þeirra. Þá geta þeir beðið unga fólkið eða nýja í söfnuðinum að koma með sér. Þannig læra ungir og nýir vottar að gera öðrum gott og sjá að allir í söfnuðinum þurfa að finna að öðrum þyki vænt um þá. – Rómv. 12:10. *w16.08 4:13, 14*

Þriðjudagur 17. apríl

*Sá sem heyrir orðið og skilur það er sá sem ber ávöxt.
– Matt. 13:23.*

Ung systir í Frakklandi segir: „Kennarar í skólanum mínum undra sig á því að enn skuli vera til nemendur sem trúa á Biblíuna.“ Ertu ungur þjónn Jehóva eða ertu að læra um hann? Finnurðu þá fyrir þrýstingi til að trúa vinsælum kenningum eins og þróunarkenn-

ingunni frekar en að trúa á skapara? Ef svo er geturðu gert ýmislegt til að styrkja trú þína og halda henni sterkri. Þú getur til dæmis notað rök hugsunina sem Guð gaf þér. Það „mun vernda þig“ gegn veraldlegri heimspeki sem getur annars brotið niður trú þína. (Orðskv. 2:10-12) Sönn trú byggist á nákvæmri þekkingu á Guði. (1. Tím. 2:4) Þegar þú lest í orði Guðs og biblíutengdum ritum ættirðu því ekki bara að renna lauslega yfir efnið. Veltu fyrir þér því sem þú lest þannig að þú „skiljir það“. *w16.09 4:1-3*

Miðvikudagur 18. apríl

*„Sigr þú illt með góðu.“
– Rómv. 12:21.*

Við getum haldið áfram að berjast og verið þolgóð þótt við höfum ef til vill átt erfiða æsku eða sjáum ekki fram úr núverandi erfiðleikum. Þá megum við treysta að Jehóva blessi okkur. (1. Mós. 39:21-23) Hvaða erfiðleika glímir þú við núna? Ef til vill þarftu að þola óréttlæti, fordóma eða háðsglósur annarra. Eða kannski er einhver öfundsjúkur út í þig og ber á þig rangar sakir. En leggðu ekki árar í bát. Mundu hvað gerði Jakobi, Rakel og Jósef kleift að halda áfram að þjóna Jehóva með gleði. Guð styrkti þau og blessaði af því að þau kunnu að meta vináttu hans. Þau gáfust aldrei upp í baráttunni og lifðu í samræmi við innilegar bænir sínar. Núverandi illur heimur líður bráðum undir lok og þess vegna höfum við alla ástæðu til að halda fast í vonina um betri heim. Ertu tilbúinn til að berjast af krafti til að fá blessun Jehóva? *w16.09 2:8, 9*

Fimmtudagur 19. apríl

Ávöxtur andans er: trúmennska.

– Gal. 5:22.

Það skiptir miklu máli að þið foreldrar hafið sterka trú. Börnin fylgjast með því sem þið gerið og það hefur áreiðanlega góð áhrif á þau. Haldið því áfram að byggja upp ykkar eigin trú. Látið börnin sjá hve raunverulegur Jehóva er ykkur. Þegar eitthvað íþyngir hjónum nokkrum á Bermúdaeyjum biðja þau með dætrum sínum um leiðsögn Jehóva og hvetja þær til að biðja sjálfar. „Við segjum líka við eldri dóttur okkar: „Treystu algerlega á Jehóva, haltu þér upptekinni í þjónustunni við hann og hafðu ekki of miklar áhyggjur.“ Þegar hún sér árangurinn veit hún að Jehóva hjálpar okkur. Þetta hefur skipt sköpum fyrir trú hennar á Guð og Biblíuna.“ Þegar allt kemur til alls þurfa börnin auðvitað að byggja upp sína eigin trú. Sem foreldrar getið þið gróðursett og vökvæð en það er aðeins Guð sem gefur vöxtinn. (1. Kor. 3:6) Biðjið því um anda hans og gerið ykkar ýtrasta til að kenna börnunum sem eru ykkur svo dýrmæt. Þannig gefið þið Jehóva ríkulega ástæðu til að blessa ykkur. – Ef. 6:4. *16.09* 5:16-18

Föstudagur 20. apríl

Þú skalt brýna þessi orð fyrir börnum þínum. – 5. Mós. 6:7.

Serge og Muriel störfuðu með erlendum söfnuði í meira en þrjú ár. Þau tóku eftir að sautján ára sonur þeirra hafði ekki ánægju af boðuninni og samkomum. Serge segir: „Þegar við gerðum okkur grein fyrir að þetta stóð í vegi fyrir að hann tæki framförum í trúnni ákváðum við að flytja aftur í gamla söfnuðinn okkar.“ Hvað getur hjálpað foreldrum að ákveða hvort það er skynsamlegt að flytja til

baka? Í fyrsta lagi þurfa þau að spyrja sig hvort þau hafi tíma og krafta til að hjálpa börnunum að byggja upp samband við Jehóva og læra að elska hann, jafnhliða því að kenna þeim erlentu tungumál. Í öðru lagi sjá þau kannski að börnin hafa takmarkaðan áhuga á að boða trúna, fara á samkomur eða vera með í því sem erlendi söfnuðurinn gerir. Ef málum er þannig háttað gætu foreldrarirnir ákveðið að flytja aftur til safnaðar þar sem móðurmál barnanna er talað. Eftir að börnin hafa tekið skýra afstöðu með sannleikanum gæti fjölskyldan hugsanlega flutt aftur í erlendan söfnuð. – 5. Mós. 6:5-7. *16.10* 2:14, 15

Laugardagur 21. apríl

„Fyrir trú fékk Nói bendingu um það sem enn þá var ekki auðið að sjá. Hann hlýddi Guði og smíðaði örk til þess að bjarga heimilisfólki sínu.“ – Hebr. 11:7.

Nágrannar Nóa hafa eflaust spurt hann hvers vegna hann var að vinna að slíkri feiknarsmið. Þagði Nói um það eða sagði hann þeim að það kæmi þeim ekki við? Alls ekki. Trú hans hvatti hann til að segja hugrakkur frá því hvers vegna hann gerði það og vara samtíðarfólk sitt við yfirvofandi dómi Guðs. Nói hefur líklega sagt orðrétt frá því sem Jehóva hafði sagt honum: „Ég hef ákveðið endalok allra manna á jörðinni því að jörðin er full orðin af ranglæti þeirra vegna ... Ég læt vatnsflóð steypast yfir jörðina til að tortíma öllu holdi sem lífsanda dregur undir himninum. Allt sem á jörðinni er skal farast.“ Nói sagði þeim eflaust líka frá einu leiðinni til að bjargast og endurtók orð Guðs: „Þú skalt ganga í örkina.“ Með þessum hætti sýndi Nói einnig trú. Hann var „boðberi réttlætisins“. – 1. Mós. 6:13, 17, 18; 2. Pét. 2:5. *16.10* 4:7

Sunnudagur 22. apríl

Enginn maður stýrir skrefum sínum. – Jer. 10:23.

Kristnir foreldrar sýna Jehóva hollustu þegar þeir ala börnin upp í samræmi við orð hans. Þeir láta ekki skoðanir samfélagsins, þar sem þeir búa, hafa of mikil áhrif á barnauppleidið. Andi heimsins á ekki heima á kristnum heimilum. (Ef. 2:2) Skírður kristinn faðir hugsar ekki bara: Í okkar landi eru það konurnar sem fræða börnin. Biblían er skýr í þessum málum þegar hún segir: „Feður ... alið [börn ykkar] upp með aga og fræðslu um Drottin.“ (Ef. 6:4) Guðhræddir feður og mæður vilja að börn þeirra séu eins og Samúel en Jehóva var með honum þegar hann óx úr grasi. (1. Sam. 3:19) Væri skynsamlegt að taka mikilvægar ákvarðanir varðandi fjölskyldu okkar og lífsviðurværi án þess að athuga fyrst hvað Biblían segir? Að sjálfsögðu ekki. Við þurfum á hjálp föður okkar á himnum að halda þar sem við erum ófær um að stýra skrefum okkar. *w16.11* 3:14, 15

Mánudagur 23. apríl

„Þegar ég horfi á himininn, verk handa þinna, tunglið og stjörnur, sem þú settir þar, hvað er þá maðurinn þess að þú minnst hans?“ – Sál. 8:4, 5.

Sköpunarverkið sannar að enginn hefur jafn mikla skipulagsgáfu og Jehóva. „Drottinn grundvallaði jörðina með visku og kom himnum fyrir af speki,“ segir í Biblíunni. (Orðskv. 3:19) Við þekkjum aðeins „ystu mörk verka hans, það sem vér heyrum um hann er hvískur“. (Job. 26:14) Það litla, sem

við vitum um plánetur, stjörnur og vetrarbrautir, gerir okkur samt ljóst að himingeimurinn er afar vel skipulagður. Í vetrarbrautum eru milljónir stjarna sem ferðast allar með skipulegum hætti um geiminn. Pláneturnar í sólkerfinu okkar ferðast á sporbrautum umhverfis sólina eins og þær lúti auðmjúkar umferðarlögum. Hið undraverða skipulag alheimsins sýnir okkur fram á að Jehóva, sem gerði himininn og jörðina „af visku“, á skilið að við lofum hann og tilbiðjum og séum honum trúföst. – Sál. 136:1, 5-9. *w16.11* 2:3

Þriðjudagur 24. apríl

*Þeir munu færa Drottin
fórnargjafir á réttan hátt.
– Mal. 3:3.*

Í Malakí 3:1-3 er lýst hvernig andasmurðir „synir Leví“ myndu hreinsast á árabílinu 1914 fram á fyrri hluta 1919. Á því tímabili komu „Drottinn“, það er að segja Jehóva Guð, og „boðberi sáttmálans“, Jesús Kristur, til andlega mustersins til að kanna ástand þeirra sem þjónuðu þar. Eftir að þjónar Jehóva höfðu fengið viðeigandi ögun og hreinsast voru þeir tilbúnir til að taka að sér nýtt verkefni í þjónustu hans. Árið 1919 var skipaður „trúr og hygginn þjónn“ til að gefa öllum þjónum Guðs andlega fæðu. (Matt. 24:45) Þjónar Guðs voru loksins lausir undan áhrifum Babýlonar hinnar miklu. Þaðan í frá hafa þeir fengið æ betri skilning á vilja Guðs og lært að elska hann enn heitar. Þeir eru innilega þakklátir fyrir blessun hans. *w16.11* 5:14

Miðvikudagur 25. apríl

*Reynið mig, segir Drottinn
hersveitanna, og sjáði hvort ég
lýk ekki upp flóðgáttum himins og
helli yfir ykkur óþrjótandi blessun.
– Mal. 3:10.*

Við elskum Jehóva því að hann elskaði okkur að fyrri bragði. (1. Jóh. 4:19) Kærleikur hans birtist meðal annars í því að hann hefur tekið frumkvæðið að því að blessa trúfasta þjóna sína. Því meira sem við elskum hann því sterkari verður trú okkar, ekki aðeins á að hann sé til heldur líka á að hann umbuni alltaf þeim sem hann elskar. (Hebr. 11:6) Það að Jehóva skuli umbuna þjónum sínum er veigamikill þáttur í persónuleika hans og því sem hann gerir. „Trúin er fullvissa um það sem menn vona“ þannig að trú okkar væri ábótavant ef við værum ekki sannfærð um að Guð umbuni þeim sem leita hans í einlægni. (Hebr. 11:1) Trú felur sem sagt í sér fullvissu um að Guð eigi eftir standa við loforð sín og blessa okkur. Jehóva býður okkur að sækjast eftir blessun sinni eins og við lesum í versí dagsins. Við sýnum að við erum innilega þakklát með því að þiggja þetta rausnarlega boð hans. *16.12 4:1-3*

Fimmtudagur 26. apríl

*„Hyggja holdsins er dauði.“
– Róm. 8:6, neðanmáls.*

Eftir áralanga þjónustu gæti kristinn maður farið að beina huganum að því sem holdið krefst. Var Páll að tala um að við ættum aldrei að hugsa um mat, vinnu, afþreyingu eða ástina? Að sjálfsögðu ekki. Allt er þetta eðlilegur hluti lífsins. Jesús naut góðs matar og hann gaf öðrum að borða. Hann vissi að hvíld

og afþreying væri nauðsynleg. Og Páll skrifaði að kynlíf væri eðlilegur þáttur í hjónabandi. Páll notar hér grískt orð sem merkir „að einsetja sér, beita huganum við að skipuleggja, og áherslan er á eðlisfarið eða viðhorfin sem búa að baki“. Þeir sem láta stjórnast af holdinu láta syndugt eðli sitt aðallega ráða ferðinni í lífi sínu. Fræðimaður nokkur segir um þetta orð í Rómverjabréfinu 8:5: „Þeir einbeita sér að því sem snýr að holdinu – hafa mestan áhuga á því, tala stöðugt um það, fást við það og gleðjast yfir því.“ *16.12 2:5, 9, 10*

Föstudagur 27. apríl

*„Hver ert þú sem dæmir
náungann?“ – Jak. 4:12.*

Hver sem er getur orðið dramblátur ef hann lætur langanir holdsins ná tökum á sér. Framagirni, öfund og taumlaus reiði hefur fengið marga til að sýna af sér hroka. Sumir sem talað er um í Biblíunni, eins og Absalon, Ússía og Nebúkadnesar, létu undan slíkum, verkum holdsins og Jehóva auðmýkti þá vegna þess að þeir sýndu af sér hroka. (2. Sam. 15:1-6; 18:9-17; 2. Kron. 26:16-21; Dan. 5:18-21) Það geta þó verið aðrar ástæður fyrir því að fólk sýnir ekki alltaf hógværd. Skoðum til dæmis frásögur Biblíunnar í 1. Mósebók 20:2-7 og Matteusi 26:31-35. Abímelek og Pétur virtust kannski vera hrokafullir, en þuggu syndugar langanir að baki? Eða var málið einfaldlega að þeir þekktu ekki allar staðreyndir eða höfðu slakað á verðinum? Við getum ekki lesið hjórtu fólks og þess vegna er bæði skynsamlegt og kærleiksrikt að vera ekki fljót til að draga ályktanir um hvaðir þess. *17.01 3:9, 10*

Laugardagur 28. apríl

„Hún gaf af skorti sínum, alla þjörg sína.“ – Lúk. 21:4.

Rétt eins og fátæka ekkjan treysta margir bræður og systur á okkar dögum að Jehóva sjái um efnislegar þarfir þeirra ef þau leita ríkis hans fyrst. (Matt. 6:33) Tökum bróður að nafni Malcolm sem dæmi. Þau hjónin þjónuðu Jehóva áratugum saman gegnum súrt og sætt. „Lífið er stundum ófyrirsjáanlegt, óöruggt og jafnvel erfitt,“ sagði hann. „En Jehóva blessar þá sem reiða sig á hann.“ Hvaða ráð gaf Malcolm? „Biddu þess í bænum þínum að þú verðir eins virkur og frekast er kostur í þjónustu Jehóva. Einbeittu þér að því sem þú getur gert en ekki því sem þú þæður ekki við.“ Heimurinn, sem við búum í, „magnast í vonskunni“ og við megum búast við að lífið verði æ erfiðara. (2. Tím. 3:1, 13) Það er því mikilvægara en nokkru sinni fyrr að láta ekki erfiðleikana draga úr okkur allan þrótt. Við þurfum að treysta Jehóva óhagganlega og einbeita okkur að því sem við getum gert. *W17.01 1:17-19*

Sunnudagur 29. apríl

„Það ert ekki þú sem átt að byggja handa mér húsið.“ – 1. Kron. 17:4.

Davíð var miður sín yfir því að ekki væri til „hús“ eða musteri helgað Jehóva. Hann vildi því reisa honum musteri. En Jehóva var á öðru máli, eins og sjá má í versni dagsins. Þó að Jehóva sannfærði Davíð um að hann myndi blessa hann áfram gaf hann fyrirmæli um að Salómon, sonur hans, skyldi reisa musterið. Hvernig brást Davíð við? (1. Kron. 17:1-4, 8, 11, 12; 29:1) Hann hélt ekki aftur af sér við að styðja

byggingu musterisins og gramdist ekki að einhver annar fengi heiðurinn af byggingu þess. Raunin er sú að musterið varð þekkt sem musteri Salómons, ekki Davíðs. Davíð studdi framkvæmdirnar af heilum hug þótt hann hafi ef til vill verið vonsvikinn yfir því að fá ekki óskir sínar uppfylltar. Hann skipulagði vinnu verkamanna og safnaði járn, eir, silfri og gulli ásamt sedrusviði. Auk þess hvatti hann Salómon og sagði: „Sonur minn. Nú sé Drottinn með þér svo að þér megi takast að reisa hús Drottins.“ – 1. Kron. 22:11, 14-16. *W17.01 5:6, 7*

Mánudagur 30. apríl

„Frelsa oss og fyrirgef syndir vorar sakir nafns þíns.“ – Sálm. 79:9.

Við gerum okkar besta til að hlýða réttlátum meginreglum Guðs og lögum, jafnvel þegar við erum ofsótt. Með því að gera það sem er rétt látum við ljós okkar lýsa og það heiðrar nafn Jehóva. (Matt. 5:14-16) Við sönnum með heilögu líferni okkar að lög Jehóva eru góð og ákærur Satans rangar. Þegar okkur verða á mistök, eins og gerist hjá okkur öllum, iðrumst við í einlægni og hættum að gera það sem kastar rýrð á nafn Jehóva. Á grundvelli lausnarfórnarinnar fyrirgefur Jehóva syndir þeirra sem trúu. Hann tekur opnum örmum öllum sem tilbiðja hann og vígjast honum. Jehóva lýsir andasmurða kristna menn réttláta sem syni en aðra sauði sem vini. (Jóh. 10:16; Róm. 5:1, 2; Jak. 2:21-25) Svo er lausnarfórninni fyrir að þakka að við getum nú þegar átt gott samband við föður okkar og átt þátt í að helga nafn hans. *W17.02 2:5, 6*

Priðjudagur 1. maí

Ammónítar urðu að lúta í lægra haldi. – Dóm. 11:33.

Jefta vissi að hann þyrfti á hjálp Guðs að halda til að frelsa Ísrael undan oki Ammóníta. Hann bað Jehóva um að veita sér sigur og lofaði þá að færa honum „sem brenniförn“ fyrstu manneskjuna sem kæmi út úr húsi hans þegar hann sneri aftur úr bardaganum. (Dóm. 11:30, 31) Hvers konar förn var hann að tala um? Mannafórnir eru viðurstygglegar í augum Jehóva. Það er því augljóst að Jefta ætlaði ekki að færa bókstaflega mannaforð. (5. Mós. 18:9, 10) Í Móselögnum var kveðið á um brennifórnir en það voru fórnir sem voru færðar Jehóva í heild sinni. Jefta átti því greinilega við að hann myndi helga umrædda manneskju því að þjóna Jehóva við tjaldbúðina það sem eftir var ævinnar. Jehóva samþykkti þessa skilmála og blessaði Jefta svo að hann vann mikinn sigur og óvinirnir lutu í lægra haldi fyrir honum. (Dóm. 11:32) Þegar Jefta sneri aftur úr bardaganum var það enginn annar en dóttir hans sem kom á móti honum – einkabarnið hans. Núna reyndi á trúfestina. Héldi hann loforð sitt? *W16.04 1:11-13*

Miðvikudagur 2. maí

„Þeir lásu upp úr bókinni, lögmáli Guðs, lögðu það út og skýrðu til þess að fólkið skildi það sem lesið var.“ – Neh. 8:8.

Fyrir nokkrum árum fóru flestir söfnuðir yfir bókina *Nálægðu þig Jehóva* í safnaðarbíbliunáminu. Jók það ekki kærleika þinn til föður þíns á himnum að læra um eiginleika hans og heyra einlæg svör trússystkina þinna? Við aukum líka þekkingu okkar á orði Guðs með því að hlusta vandlega á ræður, sýnidæmi og bibl-

íulestur. Á samkomum lærum við að nota meginreglur Biblíunnar á öllum sviðum lífsins. (1. Þess. 4:9, 10) Varðturnsnámið er til að mynda sniðið að þörfum þjóna Guðs. Hefur þú einhvern tíma fengið þig til að endurskoða markmið þín, fyrirgefa trússystkini eða hvatt þig til að gera bænir þínar innihaldsríkari? Samkoman í miðri viku veitir okkur menntun fyrir boðunina. Þar lærum við að boða fagnaðarerindið og kenna fólki meginreglur Biblíunnar með áhrifaríkum hætti. – Matt. 28:19, 20. *W16.04 3:4, 5*

Fimmtudagur 3. maí

„Allt það sem áður er ritað er ritað okkur til fræðslu.“ – Róm. 15:4.

Hefurðu einhvern tíma velt fyrir þér frásögum Biblíunnar af deilum og átökum milli manna? Lítum rétt aðeins á nokkra kafla í byrjun 1. Mósebókar. Kain myrðir Abel (1. Mós. 4:3-8), Lamek drepur ungan mann sem veitir honum áverka (1. Mós. 4:23), fjárhirðar Abrahams (Abrams) og Lots deila (1. Mós. 13:5-7), Hagar fyrirliður Söru (Saraí) og Sara verður pirruð út í Abraham (1. Mós. 16:3-6), Ísmael er á móti öllum og allir á móti honum. (1. Mós. 16:12) Hvers vegna er sagt frá deilum og átökum af þessu tagi í Biblíunni? Meðal annars til að minna ófullkomna menn á hvers vegna þeir þurfi að hafa frið hver við annan og til að sýna hvernig við getum gert það. Það er gagnlegt fyrir okkur að lesa frásögur Biblíunnar af raunverulegu fólki sem átti við raunveruleg vandamál að glíma. Við sjáum hvernig það fór að og hvað hlaust af því og getum kannski líkt eftir því við ákveðnar aðstæður sem koma upp í lífi okkar. Frásögurnar hjálpa okkur að hugleiða hvernig við eigum eða eigum ekki að bregðast við áþekktum aðstæðum. *W16.05 1:1, 2*

Föstudagur 4. maí

„Fyrst á að prédika öllum þjóðum fagnaðarerindið.“ – Mark. 13:10.

Hvaða aðferðir notuðu Jesús og lærisveinar hans við að boða fagnaðarerindið? Þeir fóru til fólksins hvar sem það var. Þeir boðuðu boðskapinn til dæmis á götum úti og á markaðstorgum. Þeir fóru líka heim til fólks. (Matt. 10:11; Lúk. 8:1; Post. 5:42; 20:20) Boðunin hús úr húsi var skipuleg aðferð til að ná til alls konar fólks. Hvernig hafa Vottar Jehóva þá staðið sig? Þeir eru þeir einu sem boða að Jesús hafi ríkt sem konungur síðan 1914. Þeir fylgja fyrirmælum Jesú og leggja mikla áherslu á boðunina. Í bókinni *Pillars of Faith – American Congregations and Their Partners* stendur: „Vottar Jehóva ... gleyma aldrei að aðalverkefnið er að flytja fólki andlegan boðskap um væntanlegan heimsendi og nauðsyn þess að hljóta hjálpraði.“ Vottar Jehóva halda áfram að boða þennan boðskap og þeir nota sömu aðferðir og Jesús og lærisveinar hans. *w16.05* 2:10, 12

Laugardagur 5. maí

*Þér mun veitast þekking á Guði.
– Orðskv. 2:5.*

Þegar við byggjum ákvarðanir okkar á viðhorfum Jehóva nálægjum við okkur honum. (Jak. 4:8) Hann hefur þá velpóknun á okkur og við njótum blessunar hans. Þannig styrkist líka trúin á hann, himneskan föður okkar. Látum því lög og meginreglur Biblíunnar leiðbeina okkur, en þau láta í ljós viðhorf Guðs til margvíslegra mála. Auðvitað getum við alltaf haldið áfram að læra eitthvað nýtt um Jehóva. (Job. 26:14) En ef við

leggjum okkur fram getum við jafnvel núna öðlast þá visku, þekkingu og dómgreind sem þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir. (Orðskv. 2:1-5) Hugmyndir og ætlanir manna eru síbreytilegar en annað má segja um Jehóva. Sálmaskáldið sagði: „Ráð Drottins stendur stöðugt um aldur, áform hjarta hans frá kyni til kyns.“ (Sálm. 33:11) Það er augljóst að við getum tekið bestu ákvarðanirnar þegar hugsanir okkar og verk samræmast viðhorfum Jehóva, okkar alvitra Guðs. *w16.05* 3:17

Sunnudagur 6. maí

*„Drottinn horfir á hjartað.“
– 1. Sam. 16:7.*

Við treystum að Jehóva geti lesið hjörtun og laðað til sín þá sem hann vill. Það ætti að koma í veg fyrir að við dæmum aðra, bæði fólk á svæðinu og í söfnuðinum. (Jóh. 6:44) Ef við viðurkennum að Jehóva sé að móta okkur getur það breytt því hvernig við lítum á trússystkini okkar. (Jes. 64:7) Liturðu á þau eins og Guð gerir, ekki sem fullunnin ker heldur sem ker í vinnslu? Hann getur séð hinn innri mann og líka hvers konar manneskur við getum orðið í höndum hans. Jehóva lítur þess vegna jákvætt á fólk og einblínir ekki á ófullkomleikann sem er aðeins um stundarsakir. (Sálm. 130:3) Við líkjum eftir honum með því að vera jákvæð í garð trússystkina okkar. Við getum jafnvel unnið með leirkerasmiðnum mikla með því að styðja trússystkini okkar þar sem þau eru að reyna að taka framförum í trúnni. (1. Þess. 5:14, 15) Öldungarnir í söfnuðinum ættu að vera góð fyrirmynd á þessu sviði. – Ef. 4:8, 11-13. *w16.06* 1:4-6

Mánudagur 7. maí

„Sá er hyggst standa gæti því vel að sér að hann falli ekki.“

– 1. Kor. 10:12.

Að segja frá fagnaðareringinu getur þroskað með okkur auðmýkt og ýmsa eiginleika sem tilheyrja ávexti andans. (Gal. 5:22, 23) Með kristinni framkomu okkar prýðum við boðskapinn og það getur haft sín áhrif á þá sem við hittum. Tveir vottar í Ástralíu hlustuðu vingjarnlega á konu sem vandaði þeim ekki kveðjurnar. Þegar þeir voru farnir sá hún eftir að hafa komið svona illa fram og skrifaði deildarskrifstofunni. Í bréfinu sagði meðal annars: „Mig langar til að biðja þessa tvo sérlega þolinmóðu og hógværu votta afsökunar á yfirlæti mínu og rembingi. Það var heimskulegt af mér að standa frammi fyrir tveim manneskjum, sem voru að útbreiða orð Guðs, og reyna að vísa þeim svona á bug.“ Ætli konan hefði skrifað þetta ef hún hefði séð örla á reiði hjá boðberunum? Sennilega ekki. Boðunarstarfið hefur greinilega jákvæð áhrif – bæði á okkur og aðra. *W16.06* 2:12, 13

Þriðjudagur 8. maí

„Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ – Matt. 22:39.

Við erum öll fædd ófullkomin. (Róm. 5:12, 19) Það þýðir að einhver í söfnuðinum segir stundum eða gerir eitthvað sem særir okkur. Það getur reynt á kærleika okkar til Jehóva og þjóna hans. Hvernig bregðumst við þá við? Elí, æðstiprestur í Ísrael, átti tvo syni sem sniðgengu lög Jehóva. Biblí-

an segir: „Synir Elí voru þrjótar og skeyttu ekki um Drottin.“ (1. Sam. 2:12) Elí átti mikilvægu hlutverki að gegna í að efla sanna tilbeiðslu en synir hans drýgðu alvarlegar syndir. Elí vissi það og hefði átt að refska þeim en lét þá komast upp með syndir sínar. Afleiðingin var sú að Guð dæmdi ætt hans. (1. Sam. 3:10-14) Þegar fram liðu stundir fengu afkomendur Elí ekki að þjóna sem æðstuprestar. Hvernig hefðir þú litið á linkind Elí ef þú hefðir verið uppi á þeim tíma? Hefðirðu hneykslast og hætt að þjóna Guði? *W16.06* 4:5, 6

Miðvikudagur 9. maí

Allt þetta mun veitast yður að auki. – Matt. 6:33.

Hvernig gat Jesús sagt þetta? Hann útskýrði það í versinu á undan: „Yðar himneski faðir *veit* að þér þarfnist alls þessa,“ en þar á hann við allt sem við þurfum. Jehóva getur auðveldlega séð fyrir fram hvers við þörfumst hvert og eitt, jafnvel áður en við áttum okkur á því sjálf. (Fil. 4:19) Hann veit hvaða fót verða næst úrsérgengin. Hann þekkir matarþarfir okkar og veit hvers konar húsnæði við þurfum miðað við stærð fjölskyldunnar. Jehóva sér til þess að við höfum allt það sem við raunverulega þörfumst. Já, ef við gerum það sem við eigum að gera – að huga fyrst og fremst að andlegum markmiðum – getum við verið viss um að Jehóva synji okkur ekki um það sem er gott. Þegar við gerum það hjálpar það okkur líka að láta okkur nægja „fæði og klæði“. – 1. Tím. 6:6-8. *W16.07* 1:17, 18

Fimmtudagur 10. maí

Þegar við vorum óvinir Guðs tók hann okkur í sátt með dauða sonar síns. – Róm. 5:10.

Þar sem Jehóva hefur tekið okkur í sátt getum við átt frið við hann. Páll setur þetta í samband við einstaka góðvild hans og segir: „Réttlætt af trú höfum við [andasmurðir bræðrum Kristis] því frið við Guð sakir Drottins vors Jesú Kristis. Hann hefur veitt okkur aðgang að þeirri náð sem við lifum í.“ (Róm. 5:1, 2) Hvilík blessun! Öll erum við ranglát í eðli okkar. Daníel spámaður sagði hins vegar að „hinir vitru“, það er að segja hinir andasmurðu, myndu „beina mörgum til réttlætis“ þegar drægi að endalokum þessa heims. (Dan. 12:3) Með boðun sinni og kennslu hafa þeir hjálpað „ððrum sauðum“ í milljónatali að standa réttlátir frammi fyrir Jehóva. (Jóh. 10:16) En það hefur aðeins verið hægt vegna einstakrar góðvildar hans. – Róm. 3:23, 24. *w16.07* 3:10, 11

Föstudagur 11. maí

„Þeir tóku sér þær konur sem þeir lögðu hug á.“ – 1. Mós. 6:2.

Þessir holdguðu englar stofnuðu til óeðlilegs sambands við konur og eignuðust með þeim risavaxna og ofbeldisfulla kynblendinga. Auk þess var „illska mannanna orðin mikil á jörðinni og allar hneigðir þeirra og langanir snerust ætíð til ills“. (1. Mós. 6:1-5) Jehóva olli flóðinu á dögum Nóa til að eyða illum mönnum. Á þeim tíma var fólk svo upptekið af daglegu lífi, þar á meðal hjónabandinu, að það tók ekki mark á viðvörðunum „Nóa, boðbera rétt-

lætisins,“ um yfirvofandi eyðingu. (2. Pét. 2:5) Jesús líkti ástandinu á þeim tíma við það sem við sjáum núna. (Matt. 24:37-39) Flestir nú á dögum neita að hlusta á fagnaðarerindið um ríki Guðs sem boðað er um alla jörð, öllum þjóðum til vitnisburðar áður en þessum illa heimi verður eytt. Hvað getum við lært af þessu? Við megum ekki láta neitt verða til þess að við gleymum hve nálægur dagur Jehóva er, ekki einu sinni fjölskyldumál eins og hjónaband og barnauppleidi. *w16.08* 1:8, 9

Laugardagur 12. maí

Tíminn er orðinn naumur. Hér eftir skulu jafnvel þau sem gift eru vera eins og þau væru það ekki og þau sem njóta heimsins gæða eins og þau færðu sér þau ekki í nyt. – 1. Kor. 7:29-31.

Þar sem langt er liðið á „síðustu daga“ upplifum við „örðugar tíðir“. (2. Tím. 3:1-5) Við þurfum því að eiga sterkt samband við Jehóva til að geta unnið gegn neikvæðum áhrifum heimsins. Í versí dagsins var Páll ekki að segja hjónum að vanrækja skyldur sínar gagnvart makanum. Í ljósi þess hve tíminn er orðinn naumur þurfum við samt að láta andlegu málin ganga fyrir. (Matt. 6:33) Þó að við lifum á mjög erfiðum tímum og hjónabönd fari út um þúfur allt í kringum okkur getum við gert hjónabandið hamingjuríkt og farsælt. Þegar kristin hjón halda sér fast við Jehóva og söfnuð hans, fylgja ráðum Biblíunnar og þiggja leiðsögn heilags anda geta þau vissulega varðveitt „það sem Guð hefur tengt saman“. – Mark. 10:9. *w16.08* 2:17, 18

Sunnudagur 13. maí

*„Verið hirðar þeirrar hjarðar
sem Guð hefur falið ykkur.“*

– 1. Pét. 5:2.

Það vantar fleiri öldunga til að gæta hjarðarinnar og þeir sem eiga að gera það á komandi árum þurfa að fá markvissa kennslu. Páll skrifaði Tímóteusi: „Það sem þú heyrðir mig tala í margra votta viðurvist skalt þú fá í hendur trúum mönnum sem líka munu færir um að kenna öðrum.“ (2. Tím. 2:1, 2) Páll var bæði öldungur og postuli, og Tímóteus lærði margt af honum. Tímóteus beitti síðan aðferðum Páls í boðuninni og þjónustu sinni í söfnuðinum. (2. Tím. 3:10-12) Páll lét ekki tilviljun ráða hvers konar kennslu og þjálfun Tímóteus fengi heldur leyfði honum að ferðast með sér. (Post. 16:1-5) Öldungar geta líkt eftir Páli og tekið hæfa safnaðarþjóna með sér í hirðisheimsóknir þegar við á. Þannig fá safnaðarþjónarnir tækifæri til að sjá með eigin augum hvernig umsjónarmennirnir kenna og hvernig þeir sýna kærleika, trú og þolinmæði. Þetta er mikilvægt til að þjálfa tilvonandi hirða hjarðar Guðs. *w16.08* 4:16, 17

Mánudagur 14. maí

„Látið ykkur ekki fallast hendur.“

– 2. Kron. 15:7.

Að fallast hendur er stundum notað í þeirri merkingu að vera niðurdreginn, kjarklitill eða vondaufur. (Hebr. 12:12) Það er alengt að fólk gefist upp ef því liður þannig. Því miður er álagið frá heimi Satans gríðarlegt og það getur valdið kvíða og dregið kraftinn úr fólki. Það getur virkað eins og akkeri sem hindrar að bátur geti siglt leiðar sinnar. (Orðskv. 12:25) Hvað get-

ur valdið því að okkur liður þannig? Ástæðurnar geta verið margar. Kannski áttu við alvarleg veikindi að stríða, hefur misst ástvin, finnst erfitt að sjá fjölskyldunni farborða eða sætir ofsóknum. Tilfinningaálagið, sem fylgir þessu, getur verið ákaflega lýjandi til lengdar. Það getur jafnvel rænt þig gleðinni. En þú mátt treysta að Jehóva er tilbúinn til að rétta þér hjálparhönd. – Jes. 41:10, 13. *w16.09* 1:2, 4

Þriðjudagur 15. maí

„Ég vil skunda veg boða þinna.“

– Sál. 119:32.

Þar sem við erum ófullkomnir höfum við kannski einhverjar rangar langanir sem gera okkur erfitt fyrir. Sumir þurfa að leggja hart að sér til að vera jákvæðir gagnvart boðuninni. Aðrir eiga við heilsuvandamál að stríða eða eru einmana. Og ekki má gleyma þeim sem finnst erfitt að fyrirgefa einhverjum sem hefur móðgað þá eða gert á hlut þeirra. Óháð því hversu lengi við höfum þjónað Jehóva þurfum við öll að berjast við ýmislegt sem gerir okkur erfitt að vera trúföst. En munum að Jehóva umbunar þeim sem eru honum trúir. Ef þú finnur að þú hefur orðið fyrir neikvæðum áhrifum að einhverju leyti skaltu fyrir alla muni biðja um heilagan anda. Bænin og heilagur andi getur gefið þér kraft til að gera það sem þú veist að er rétt og Jehóva getur blessað. Breyttu í samræmi við bænin þínar. Reyndu að lesa eitthvað í Biblíunni á hverjum degi og taktu frá tíma fyrir sjálfsnám og reglulegt fjölskyldunám. – Sál. 119:32. *w16.09* 2:10, 11

Miðvikudagur 16. maí

*Trúin er sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.
– Hebr. 11:1.*

Hafa einhverjir sagt við þig að þeir trú þróunarkenningunni vegna þess að hún byggist á vísindum en að það sé bara trú að halda því fram að Guð sé til? Margir eru á þeirri skoðun. En það er gott að hafa eftirfarandi í huga: Sama hverju fólk trúir um Guð eða um þróun lífsins snýst málið um einhvers konar trú. Hvers vegna? Ekkert okkar hefur séð Guð eða séð hann skapa. (Jóh. 1:18) Og enginn maður – hvort sem hann er vísindamaður eða ekki – hefur séð eina tegund lífvera þróast af annarri. Enginn hefur til dæmis séð spendýr þróast af skriðdýri. (Job. 38:1, 4) Við þurfum því öll að skoða rökin og nota skynsemina til að komast að rökréttri niðurstöðu. Páll postuli skrifaði um sköpunarverkið: „Ósýnilega veru [Guðs], eilífan mátt og guðdómstign má skynja og sjá af verkum hans allt frá sköpun heimsins. Því eru mennirnir án afsökunar.“ – Róm. 1:20. *w16.09 4:4*

Fimmtudagur 17. maí

*„Gleymið ekki gestrisninni.“
– Hebr. 13:2.*

Jehóva gerði sérstakar ráðstafanir til að hjálpa útlendingunum sem bjuggu í Ísrael. Ein þeirra var að þeir máttu tína það sem eftir var á ökrum og í víngörðum eftir að uppskeru var lokið. (3. Mós. 19:9, 10) Jehóva fyrirskipaði ekki Ísraelsmönnum að bera virðingu fyrir útlendingum heldur höfðaði til samkenndar þeirra. (2. Mós. 23:9) Þeir þekktu af eigin raun hvernig það var að vera aðkomumenn í öðru landi. Líklegt er að Egyptar hafi sniðgengið Ísraelsmenn sökum þjóðernis-

hroka eða trúarfordóma, jafnvel áður en þeir hnepptu þá í þrælkun. (1. Mós. 43:32; 46:34; 2. Mós. 1:11-14) Ísraelsmenn vissu hve erfitt var að vera útlendingar en Jehóva ætlaðist til að þeir kæmu fram við útlendinga sín á meðal eins og „innborna menn“. (3. Mós. 19:33, 34) Jehóva lætur sér jafn annat fólk af erlendum uppruna sem sækir samkomur hjá okkur og um útlendingana sem bjuggu meðal Ísraelsmanna. (5. Mós. 10:17-19; Mal. 3:5, 6) Ef við hugleiðum þær áskoranir, sem það þarf að takast á við, svo sem mismunur og framandi tungumál, reynum við ef laust að sýna því góðvild og samkennd. – 1. Pét. 3:8. *w16.10 1:3-5*

Föstudagur 18. maí

„Eins og líkaminn er dauður án anda, eins er og trúin dauð án verka.“ – Jak. 2:26.

Í Jakobsbréfinu er útskýrt að í sannri kristinni trú felist meira en bara að trúa. Verk þurfa að fylgja trúnni. Jakob skrifaði: „Sýn mér ... trú þína án verkanna og ég skal sýna þér trúna af verkum mínum.“ (Jak. 2:18) Í framhaldinu sýnir Jakob hve skýr munur er á trú án verka og trú þar sem verkin fylgja. Illu andarnir trúa á tilvist Guðs en hafa ekki sanna trú. Þeir vinna öllu heldur gegn því að vilji Guðs ná fram að ganga. (Jak. 2:19, 20) Jakob bendir líka á andstæðu þess og spyr varðandi þjón Guðs til forna: „Réttlættist ekki Abraham, faðir okkar, af verkum er hann lagði son sinn Ísak á altarið? Þú sérð að trúin var samtaka verkum hans og að trúin fullkomnaðist með verkunum.“ (Jak. 2:21-23) Til að hnykkja á því að trúin þurfi að birtast í verkum bætir Jakob síðan við því sem kemur fram í versí dagsins. *w16.10 4:8*

Laugardagur 19. maí

„Eilífðina hefur hann lagt í brjóst þeirra.“ – Préd. 3:11.

Vísindin hafa kennt okkur margt um alheiminn og jörðina sem við búum á og gagnast okkur á ýmsum sviðum lífsins. En það eru margar spurningar sem vísindunum hefur ekki tekist að svara. Stjörnufræðingar geta til dæmis ekki sagt okkur nákvæmlega *hvernig* alheimurinn varð til eða hver *tilgangurinn* er með lífinu hér á jörð. Fólki almennt getur ekki heldur útskýrt hvers vegna mennirnir hafa sterka löngun til að lifa að eilífu. Hvers vegna er svona mörgum mikilvægum spurningum ósvarað? Að hluta til er það vegna þess að fjöldi vísindamanna og annarra ýtir undir trúleysi og heldur þróunarkenningunni á loft. En í orði sínu svarar Jehóva spurningum sem hvíla þungt á fólki um allan heim. Við erum háð hinum stöðugu og óbrigðulu náttúrulegumálum sem Jehóva bjó til. Rafvirkjar, pípulagningarmenn, verkfræðingar, flugmenn, skurðlæknar – allir reiða þeir sig á þessi lögmál til að geta unnið vinnuna sína. *W16.11 2:4, 5*

Sunnudagur 20. maí

Í Guði lifum, hrærumst og erum við. – Post. 17:28.

Við höfum margar ástæður til að vera Jehóva þakklát. Við eigum honum lífið að þakka því að án hans gætum við ekkert gert og værum hreinlega ekki til. Guð hefur líka gefið okkur mjög dýrmæta gjöf – bók sína, Biblíuna. Við litum á hana sem boðskap frá honum og höfum miklar mætur á henni, rétt eins og kristnir menn í Þessaloníku. (1. Þess. 2:13) Með ritað orð Jehóva í hendi höfum við nálægt okkur honum og hann hefur nálgað okkur. (Jak. 4:8)

Himneskur faðir okkar hefur veitt okkur þann einstaka heiður að fá að tilheyra söfnuði hans. Við metum það mikils. Sálmaritarinn komst fallega að orði þegar hann söng: „Þakk- ið Drottni því að hann er góður, miskunn hans varir að eilífu.“ (Sálm. 136:1) Orðalagið „miskunn hans varir að eilífu“ kemur 26 sinnum fyrir í 136. sálminum. Ef við sýnum Jehóva og söfnuði hans hollustu fáum við að upplifa sannleiksgildi þessara hjartnæmu orða þar sem okkar biður eilíft líf. *W16.11 3:18, 19*

Mánudagur 21. maí

„Syndin kom inn í heiminn með einum manni og dauðinn með syndinni. Þannig er dauðinn runninn til allra manna því að allir syndguðu þeir.“ – Róm. 5:12.

Í bókinni *Hvað kennir Biblían?* er vitnað nokkrum sinnum í þetta vers. Við lesum líklega Rómverjabréfið 5:12 þegar við förum yfir 3., 5. og 6. kafla bókarinnar með börnum okkar og öðrum. Versið varpar ljósi á lausnargjaldið, fyrirætlun Guðs með jörðina og eðli dauðans. En Rómverjabréfið 5:12 getur líka verið sjálfum okkur hvatning til að hugleiða samband okkar við Jehóva, verk okkar og þá framtíð sem hann hefur lofað okkur. Við verðum auðvitað öll að horfast í augu við þann veruleika að við erum syndug og gerum mistök á hverjum degi. En Jehóva er miskunnsamur. Hann veit að við erum mold og er fús til að fyrirgefa okkur. (Sálm. 103:13, 14) Jesús hvatti okkur til að biðja Guð að fyrirgefa syndir okkar. (Lúk. 11:2-4) Við höfum því enga ástæðu til að hugsa í sífellu um mistök sem Guð er búinn að fyrirgefa. Engu að síður getur verið gott að ihuga hvernig hann getur fyrirgefið okkur. *W16.12 1:1-3*

Þriðjudagur 22. maí

Þau sem stjórnað af holdinu hafa hugann við það sem holdið krefst.
– Róm. 8:5, neðanmáls.

Kristnir menn í Róm þurftu að skoða hvað skipti þá mestu máli í lífinu. Gat verið að líf þeirra snerist um eða stjórnaðist af því sem holdið krafðist? Við þurfum líka að líta í eigin barm. Á hverju höfum við mestan áhuga? Hvað tölum við mest um? Hvað finnst okkur skemmtilegast að gera? Sumir komast kannski að raun um að þeir hugsa einum of mikið um að prófa sig áfram með mismunandi tegundir af víni, fegra heimilið, kaupa ný föt, fjárfesta, skipuleggja frí og annað í þeim dúr. Ekkert af þessu er rangt í sjálfu sér og það getur verið eðlilegur hluti lífsins. Jesús breytti einu sinni vatni í vín í brúðkaupsveislu og Páll ráðlagði Tímóteusi að neyta „lítils eins af víni“. (1. Tím. 5:23; Jóh. 2:3-11) En var vin áberandi þáttur í lífi þeirra? Töluðu þeir stöðugt um það? Var þetta einhvers konar ástríða hjá þeim? Nei. Hvað með okkur? Hvert er aðaláhugamál okkar? *16.12 2:5, 10, 11*

Miðvikudagur 23. maí

„Ég mun ekki sleppa af þér hendinni né yfirgefa þig.“ – Hebr. 13:5.

Þetta loforð hjálpar okkur að treysta því sem Jesús sagði varðandi það að leita fyrst ríkis Guðs og réttlætis. (Matt. 6:33) Pétur postuli spurði Jesú eitt sinn: „Við yfirgáfum allt og fylgdum þér. Hvað munum við hljóta?“ (Matt. 19:27) Jesús ávitti ekki Pétur fyrir að spyrja þessarar spurningar heldur sagði lærisveinunum að þeim yrði launað fyrir fórnir sínar. Trúfastir postul-

ar hans og aðrir eiga eftir að ríkjast með honum á himnum. En þjónar Guðs hljóta líka blessun nú þegar. Jesús sagði: „Hver sem hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, föður eða móður, börn eða akra sakir nafns míns, mun fá allt hundraðfalt aftur og öðlast eilíft líf.“ (Matt. 19:29) Allar fórnir, sem lærisveinar hans kynnu að færa, myndu blikna í samanburði við blessunina sem þeir hlýtu. Eru ekki andlegir feður okkar, mæður, bræður, systur og börn langtum verðmætari en nokkuð sem við höfum fórnað eða sagt skilið við fyrir ríki Guðs? *16.12 4:4, 5*

Fimmtudagur 24. maí

„Trúin er fullvissa um það sem menn vona.“ – Hebr. 11:1.

Sannkristnir menn eiga dásamlega von. Hvort sem við erum í hópi andasmurðra eða „annarra sauða“ vonumst við öll til að geta séð upprunalega fyrirætlun Jehóva ná fram að ganga og nafn hans helgast. (Jóh. 10:16; Matt. 6:9, 10) Þetta er það mikilvægasta sem nokkur maður getur vonast eftir. Við þráum líka að fá að lifa að eilífu eins og Jehóva hefur lofað okkur, hvort sem von okkar er að eiga hlut í „nýjum himni“ hans eða „nýrri jörð“. (2. Pét. 3:13) Þangað til vonum við að þjónar Guðs haldi áfram að dafna í trúnni. Þeir sem tilheyra heimi Satans eiga sér líka einhvers konar von en þeir efast kannski um að hún verði nokkurn tíma að veruleika. Margir vonast til dæmis eftir að vinna í happdrætti en þeir geta varla verið öruggir um það. Sönn trú er aftur á móti „fullvissa“ um von kristinna manna. *16.10 3:1, 2*

Föstudagur 25. maí

„Sérhvert ykkar hefur fengið náðargáfu. Notið þær og þjónið hvert öðru.“ – 1. Pét. 4:10.

Jehóva sýnir okkur einstaka góðvild og hefur því gefið okkur vissar gáfur, færni, getu og hæfileika. Við getum notað það allt til að heiðra hann og hjálpa öðrum. (Róm. 12:4-8) Jehóva hefur falið okkur ráðsmennsku og sýnir þannig að hann virðir okkur, treystir og væntir þess að við notum vel það sem við höfum fengið. Hlutverk okkar í söfnuði Guðs er þó ekki alltaf það sama. Það getur breyst með tímanum. Tökum Jesú sem dæmi. Upphaflega var hann einn með Jehóva. (Orðskv. 8:22) Síðan hjálpaði hann til við að skapa aðrar andaverur, efnisheiminn og að lokum mennina. (Kól. 1:16) Jesús fékk síðar meir nýtt hlutverk en það var á jörðinni. Fyrst var hann hjálparvana kornabarn og síðan fullorðinn maður. (Fil. 2:7) Eftir að hafa fórnað lífi sínu sneri hann aftur til himna sem andavera og varð konungur Guðsríkis árið 1914. (Hebr. 2:9) Og þegar hann hefur ríkt í þúsund ár leggur hann ríkið í hendur Guðs þannig að „Guð verði allt í öllu“. – 1. Kor. 15:28. *17.01 3:11, 12*

Laugardagur 26. maí

Kjósíð í dag hverjum þið viljið þjóna. – Jós. 24:15.

Kona nokkur sagði við vin sinn þegar hún þurfti að taka ákvörðun: „Ekki biðja mig um að hugsa. Segðu mér bara hvað ég á að gera. Það er auðveldara fyrir mig.“ Konan vildi frekar láta segja sér hvað hún ætti að gera en að nota frjálsa viljann sem er dýrmæt gjöf frá skaparannum. Hvað um þig? Finnst þér gott að láta aðra segja þér hvað þú átt að

gera eða finnst þér betra að geta tekið eigin ákvarðanir? Hvernig hugsar þú um frjálsa viljann? Fólk hefur greint á um þetta mál öldum saman. Sumir segja að það sé ekkert til sem heitir frjáls vilji heldur ákveði Guð fyrir fram allt sem við gerum. Aðrir halda því fram að algert frelsi sé forsenda þess að við getum haft frjálsan vilja. En til að fá nákvæman skilning á þessu máli verðum við að skoða hvað orð Guðs, Biblían, segir um það. Hvers vegna? Þar kemur fram að Jehóva hafi skapað okkur með frjálsan vilja – hæfileikann og frelsið til að taka skynsamlegar ákvarðanir. *17.01 2:1, 2*

Sunnudagur 27. maí

Salómon, sonur minn, er ungur og óreyndur. Þess vegna ætla ég að undirbúa byggingu hússins. – 1. Kron. 22:5.

Davíð hefði getað fundist Salómon vera óhæfur til að hafa umsjón með svona mikilvægu verki, að reisa Guði hús. Musterið átti vissulega að vera „mikið og stórfenglegt“ og Salómon var „ungur og óreyndur“ á þeim tíma. En Davíð vissi að Jehóva myndi gera Salómon hæfan til að innka þetta sérstaka verk af hendi. Davíð einbeitti sér þess vegna að því sem hann gat gert til að verða að liði og viðaði að miklum efniviði til verksins. Eins ætti eldri bræðrum ekki að finnast leitt að þurfa að fá verkefni sín í hendur yngri bræðrum. Það er starfsemi safnaðarins öllu heldur til framdráttar þegar yngri bræður eru þjálfaðir til að sinna ábyrgðarstörfum. Það ætti að vera bræðrum í ábyrgðarstöðum mikið gleðiefni þegar yngri bræður, sem þeir hafa þjálfað, verða hæfir til að taka við verkefnum. *17.01 5:8, 9*

Mánudagur 28. maí

„Ég set fjandskap milli þín og konunnar og milli þíns niðja og hennar niðja. Hann skal merja höfuð þitt.“

– 1. Mós. 3:15.

Sem konungur í ríki Guðs mer Jesús höfuð höggormsins og eyðir öllum ummerkjum um uppreisn Satans. Þegar Jesús var á jörðinni sýndi hann lærisveinum sínum fram á að ríki Guðs væri afar mikilvægt. Strax eftir að hann lét skírast tók hann að boða „fagnaðarerindið um Guðs ríki“ vítt og breitt. (Lúk. 4:43) Það síðasta sem hann sagði við lærisveina sína áður en hann sneri til himna var að þeir ættu að vera vottar hans „allt til endimarka jarðarinnar“. (Post. 1:6-8) Fagnaðarerindið er boðað nú á dögum þannig að fólk hefur tækifæri til að fræðast um lausnarfórnina og verða þegnar Guðsríkis. Við getum sýnt að við styðjum ríki Guðs með því að aðstoða bræður Krists á jörð við að boða fagnaðarerindið um allan heim. – Matt. 24:14; 25:40. *w17.02*

Þriðjudagur 29. maí

Frá Kristi er sú gjöf komin að sumir eru postular. – Ef. 4:11.

Hið stjórnandi ráð fór vissulega með völd í frumkristna söfnuðinum en bræðurnir í ráðinu viðurkenndu samt að Jesús væri leiðtogi þeirra. Páll postuli hvatti söfnuðinn til að ástunda kærleika og „vaxa í öllu upp til hans sem er höfuðið, Kristur“. (Ef. 4:15) Lærisveinarnir drógu ekki nafn sitt af einhverjum áberandi postula heldur voru þeir „kallaðir kristnir“. (Post. 11:26) Páll gerði sér að vísu grein fyrir mikilvægi þess að „halda fast

við kenningarnar“ sem postularnir og aðrir bræður í forystu safnaðarins kenndu og byggðu á ritningunum. Engu að síður bætti hann við: „En ég vil að þið vitið að Kristur er höfuð sérhvers karlmanns [þar á meðal allra bræðra í hinu stjórnandi ráði] ... og Guð höfuð Krists.“ (1. Kor. 11:2, 3) Já, hinn ósýnilegi og upprisni Jesús Kristur leiddi söfnuðinn undir stjórn höfuðs síns, Jehóva Guðs. *w17.02* 4:7

Miðvikudagur 30. maí

„Öldungar þeir sem veita góða forstöðu séu hafðir í tvöföldum metum.“ – 1. Tím. 5:17.

Ef við sýnum öðrum virðingu er minni hætta á að við verðum upptekin af sjálfum okkur eða förum að líta stórt á okkur ef okkur er sýndur einhver heiður. Þá erum við líka samstíga söfnuði Jehóva þar sem þess er gætt að veita ekki mönnum óhóflegan eða óviðeigandi heiður – hvort heldur innan safnaðar eða utan. Auk þess er það skynsamlegt því að þá hneykslumst við síður ef einhver sem við virðum mikils veldur okkur vonbrigðum. Mestu máli skiptir þó að við gleðjum Guð með því að sýna þeim viðeigandi virðingu sem verðskulda hana. Við breytum eins og hann vill og erum honum ráðvönd og trú. Þar með gefum við honum tækifæri til að svara hverjum þeim sem vill smána hann. (Orðskv. 27:11) Heimurinn er fullur af fólki sem hefur rangar hugmyndir um hvernig sé viðeigandi að sýna öðrum virðingu og heiður. Við erum Jehóva innilega þakklát fyrir að kenna okkur að sýna virðingu á viðeigandi hátt. *w17.03* 1:13, 20, 21

Fimmtudagur 31. maí

Jósafat gerði það sem rétt var í augum Drottins. – 2. Kron. 20:32.

Jósafat hvatti þjóðina til að leita Jehóva líkt og Asa, faðir hans, hafði gert. Meðal annars stóð hann fyrir fræðsluáttaki sem byggt var á „lögmálsbók Drottins“. (2. Kron. 17:7-10) Hann fór jafnvel í leiðangur allt til Efraímsfjalla í Norðurríkinu Ísrael „til að snúa [þjóðinni] aftur til Drottins“. (2. Kron. 19:4) Við getum öll átt þátt í því mikla fræðsluáttaki sem Jehóva stendur fyrir nú á tímum. Hefurðu það markmið í hverjum mánuði að kenna fólki orð Guðs og reyna að hvetja það til að þjóna honum? Með blessun Jehóva og með því að leggja þig fram færðu kannski tækifæri til að hjálpa einhverjum öðrum að kynnst honum. Er þetta markmið sem þú hefur að bænarefni? Ertu tilbúinn til að taka þessari áskorun, jafnvel þó að þú þurfir að fórna til þess tíma sem er almennt álitinn frítími? Jósafat fór allt til Efraíms til að hjálpa fólki að snúa aftur til sannrar tilbeiðslu. Við getum líka reynt að aðstoða þá sem eru orðnir óvirkir. *W17.03* 3:10, 11

Föstudagur 1. júní

„Ég skal fórna honum sem brennifórn.“ – Dóm. 11:31.

Jefta átti engin önnur börn svo að dóttirin var eina vonin um að hann eignaðist afkomendur sem myndu erfa landareign hans og viðhalda nafni hans. (Dóm. 11:34) Samt sem áður segir Jefta samkvæmt Dómarabókinni 11:35: „Ég hef lokið upp munni mínum við Drottin og ég get ekki tekið heit mitt aftur.“ Jehóva blessaði hann fyrir trúfesti hans og mikla fórn-

fýsi. Hefðir þú gert það sama og Jefta? Þegar við vígðum Jehóva líf okkar hétum við því að gera vilja hans í einu og öllu, án skilyrða. Við vissum að til að halda loforð okkar þyrftum við að vera fórnfús. En það reynir sérstaklega á okkur þegar við erum beðin um að gera eitthvað sem við erum ekki hrifin af fyrst í stað. Við sýnum að við erum trúföst þegar við færum slíkar fórnir í þjónustunni við Guð þótt það kosti okkur að fara út fyrir þægindarammann. Fórnirnar geta verið sársaukafullar en blessun Jehóva meira en bætir það upp. – Mal. 3:10. *W16.04* 1:11, 14, 15

Laugardagur 2. júní

„Hver sem eyra hefur hann heyri hvað andinn segir söfnuðinum.“ – Opínb. 2:7.

Jesús stýrir kristna söfnuðinum með hjálp heilags anda. Við þurfum heilagan anda til að geta staðist freistingar, boðað trúna af hugrekki og tekið skynsamlegar ákvarðanir. Ættum við ekki að nýta okkur allar ráðstafanir Guðs, þar á meðal samkomurnar, til að fá heilagan anda? Á samkomum skoðum við oft hvernig biblíuspádómar hafa uppfyllst. Þannig byggjum við upp enn meira traust á að loforð Jehóva um framtíðina rætist einnig. Það eru aðvitað ekki bara þeir sem tala frá sviðinu sem uppörva okkur. Trúsystkini, sem svara á samkomum og syngja af öllu hjarta, eru líka uppbyggjandi. (1. Kor. 14:26) Og þegar við tölum við trúsystkini okkar fyrir og eftir samkomur finnum við fyrir hlýju og samstöðu og það er sannarlega endurnærandi. – 1. Kor. 16:17, 18. *W16.04* 3:6, 7

Sunnudagur 3. júní

„Gerið allar þjóðir að lærisveinum.“ – Matt. 28:19.

Jesús lýsti umfangi boðunarinnar og sagði að fagnaðarerindið yrði boðað „um alla heimsbyggðina“. (Matt. 24:14) Það átti að gera fólk af „öllum þjóðum“ að lærisveinum. Það þýðir að fylgjendur Jesú áttu að boða fagnaðarerindið um alla jörðina. Litum á nokkrar staðreyndir sem sýna fram á að Vottar Jehóva hafa uppfyllt spádóm Jesú um umfang boðunarinnar. Í Bandaríkjunum eru um 600.000 prestar í ýmsum kirkjudeildum. Vottar Jehóva þar í landi eru um 1.200.000. Í rómversk-kaþólsku kirkjunni eru um 400.000 prestar um allan heim. En hversu margir vottar boða ríki Guðs? Um átta milljónir sjálfboðaliða boða fagnaðarerindið í 240 löndum. Þetta mikla starf er Jehóva til lofs og vegsemdar. – Sálm. 34:2; 51:17. *w16.05* 2:13, 14

Mánudagur 4. júní

„Reiðigjarn maður vekur deilur og skapbráður maður drýgir marga synd.“ – Orðskv. 29:22.

Heimurinn er fullur af fólki sem vill vera sjálfstætt og öðrum óháð, og það leiðir af sér stolt, sjálfselsku og samkeppni. Þeir sem láta þennan hugsunarhátt stjórna sér eru í reynd á sama máli og Satan. Hann heldur því fram að það sé skynsamlegt að hugsa um eigin hag án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á aðra. (1. Mós. 3:1-5) Þessi eiginirni er ávisun á

deilur. Jesús kenndi áheyrendum sínum hins vegar að vinna að friði, jafnvel þó að það virtist sjálfum þeim til tjóns. Hann gaf frábærar leiðbeiningar í fjallræðunni um það hvernig hægt væri að jafna ágreining eða afstýra átökum. Hann hvatti til dæmis lærisveina sína til að vera hógværir, friðelskir, gefa öðrum ekki tilefni til að reiðast, vera sáttfúsir og elska óvini sína. – Matt. 5:5, 9, 22, 25, 44. *w16.05* 1:4, 5

Þriðjudagur 5. júní

„Að vilja veitist mér auðvelt en mig skortir alla getu til góðs.“ – Rómv. 7:18.

Mörg okkar þurftu að breyta miklu áður en við létum skírast, til að laga okkur að helstu kröfum Biblíunnar. Eftir skírnina tókum við eftir ýmsu minna áberandi sem við þurftum líka að breyta til að líkja enn betur eftir Guði og Kristi. (Ef. 5:1, 2; 1. Pét. 2:21) Við uppgötvuðum kannski að við áttum það til að vera gagnrýnin, tala illa um fólk, vera hrædd við álit annarra eða eitt hvað annað. Hefur það verið erfiðara að bæta þig en þú bjóst við? Við erum eftir sem áður ófullkomín. (Kól. 3:9, 10) Það er því ekki raunhæft að ætla að við hættum að gera mistök eftir að við skírumst, fáum aldrei bakslag eða að rangar langanir og hvatir geri aldrei vart við sig. Það getur gerst jafnvel mörgum árum síðar. Rangar tilhneigingar geta verið lífseigar. – Jak. 3:2. *w16.05* 4:3-5

Miðvikudagur 6. júní

„Drottinn agar þann sem hann elskar og hirtir harðlega hvert það barn er hann tekur að sér.“

– Hebr. 12:6.

Þú hefur kannski heyrt einhvern segja að hann hafi ekki kunnað fyllilega að meta ögun foreldra sinna fyrr en hann sjálfur eignaðist börn. Þegar við verðum eldri og reyndari förum við kannski að sjá ögun í nýju ljósi – sem merki um kærleika. (Hebr. 12:5, 11) Jehóva mótast okkur af þolinmæði af því að hann elskar okkur sem börn sín. Hann vill að við séum skynsöm og hamingjusöm og að við elskum hann sem föður. (Orðskv. 23:15) Hann vill ekki að við þjáumst og hann vill ekki heldur að við deyjum sem „reiðinnar börn“ en það er sá arfur sem við fengum frá Adam. (Ef. 2:2, 3, *Bíblían 1981*) Meðan við vorum „reiðinnar börn“ höfðum við marga slæma eiginleika, jafnvel dýrslega. En við breyttumst af því að Jehóva mótaði okkur og urðum frekar eins og lömb. – Jes. 11:6-8; Kól. 3:9, 10. *W16.06* 1:7, 8

Fimmtudagur 7. júní

„Hver sem auðmýkir sig og verður eins og barn þetta, sá er mestur í himnaríki.“ – Matt. 18:4.

Börn eru yfirleitt námfús og auðmjúk að eðlisfari. (Matt. 18:1-3) Það er því skynsamlegt af foreldrum að reyna að kenna börnunum sannleikann svo að þau læri að elska hann. (2. Tím. 3:14, 15) Ef það á að takast þurfa foreldrarnir auðvitað *sjálfir* að elska sannleikann og lifa eftir honum. Þegar þeir gera

það bæði heyra börnin sannleikann og finna fyrir áhrifum hans. Og þegar börnin fá ögun skynja þau hana sem merki um kærleika forelda sinna og Jehóva. Þegar við hlýðum Jehóva í allri auðmýkt og erum honum undirgefin öllum stundum verðum við honum ákaflega hjartfólgin, rétt eins og Daníel spámaður var. (Dan. 10:11, 19) Og Guð heldur áfram að móta okkur með orði sínu, anda og söfnuði. *W16.06* 2:14, 17

Föstudagur 8. júní

„Ég hef fundið Davíð, son Ísái, mann eftir mínu hjarta.“

– Post. 13:22.

Jehóva elskaði Davíð því að hann var „maður honum að skapi“. (1. Sam. 13:13, 14) En seinna framdi Davíð hjúskaparbrott með Batsebu og hún varð ófrísk. Þetta gerðist meðan Úría, eiginmaður hennar, var fjarverandi við herþjónustu. Þegar hann kom heim í stuttan tíma reyndi Davíð að fá hann til að fara heim til konu sinnar. Hann vonaði að hann myndi hafa mök við hana svo að það liti út fyrir að hann ætti barnið. Úría var ófánlegur til þess. Þá bjó Davíð svo um hnútana að Úría félli í bardaga. Davíð þurfti að gjalda fyrir glæp sinn dýru verði – ógæfa dundi yfir hann og heimili hans. (2. Sam. 12:9-12) En Guð sýndi honum mikla miskunn því að á heildina litið þjónaði hann honum „af heilum huga“. (1. Kon. 9:4) Hvernig hefðir þú brugðist við ef þú hefðir þjónað Guði á þessum tíma? Hefði synd Davíðs valdið því að þú hættir að þjóna Jehóva? *W16.06* 4:7

Laugardagur 9. júní

„Gætið yðar, vakið! Þér vitið ekki nær tíminn er kominn.“

– Mark. 13:33.

Við sem erum vottar Jehóva tökum viðvörðun Jesú alvarlega. Við vitum að endalokin eru mjög nærri og að „þrengingin mikla“ hlýtur að vera skammt undan. (Dan. 12:4; Matt. 24:21) Við sjáum stríð, vaxandi siðleysi og lögleysi, ringulreið á vettvangi trúmála, hungursneyðir, drepsoftrir og jarðskjálfta út um allan heim. Við vitum að vottar Jehóva boða ríki hans af meiri krafti en nokkru sinni fyrr út um víða veröld. (Matt. 24:7, 11, 12, 14; Lúk. 21:11) Við bíðum þess með óþreyju að sjá hvað koma Drottins hefur í för með sér fyrir okkur og hvernig vilji Guðs nær fram að ganga. (Mark. 13:26, 27) En hvað sem við reynum getum við ekki vitað hvaða ár þrengingin mikla hefst, og enn síður daginn og stundina. *W16.07 2:2-4*

Sunnudagur 10. júní

Göngum með djörfung að háseti Guðs náðar. – Hebr. 4:16.

Í góðvild sinni veitir Jehóva okkur þá blessun að mega ganga fram fyrir himneskt háseti sitt í bæn. Hann hefur veitt okkur þessa blessun fyrir milligöngu sonar síns en „á honum byggist djörfung okkar“, segir Páll. Hann bætir við: „Í trúnni á hann eigum við öruggan aðgang að Guði.“ (Ef. 3:12) Það er einstakt merki um góðvild Guðs að hann skuli veita okkur greiðan aðgang að sér í bæn. Páll hvetur okkur til að leita óhikað til Jehóva í bæn

til að við „finnum ... miskunn og náð þegar við erum hjálparþurfi“. (Hebr. 4:16b) Þegar álag og erfiðleikar lífsins leggjast þungt á okkur getum við alltaf ákallað Jehóva og beðið hann að hjálpa okkur í miskunn sinni. Hann bænheyrir okkur þótt óverðug séum, oft fyrir atbeina trúsystkina. „Því getum við öruggt sagt: Drottinn er minn hjálpari, eigi mun ég óttast. Hvað geta mennirnir gert mér?“ – Hebr. 13:6. *W16.07 3:12, 13*

Mánudagur 11. júní

„Sara hlýddi Abraham og kallaði hann herra. Og þið eruð orðnar börn hennar.“ – 1. Pét. 3:6.

Nói átti aðeins eina konu og hið sama er að segja um syni hans þrjá. Fjölkvæni viðgekkst þó á tímum ættfeðranna. Víða varð kynferðislegt siðleysi talið eðlilegt, og það var jafnvel hluti af trúarsíðum fólks. Þegar Abram (Abraham) og Sarai (Sara), konan hans, hlýddu Guði og fluttust til Kanaanslands stundaði fólk þar lífernir sem gerði lítið úr hjónabandinu. Jehóva ákvað að Sódómu og Gómorru skyldi eytt þar sem íbúar þessara borga stunduðu kynferðislegt siðleysi af versta tagi eða leyfðu því að viðgangast. Abraham fór með forystuna í fjölskyldunni eins og skyldi og Sara var til fyrirmyndar með því að virða stöðu hans. (1. Pét. 3:3-5) Abraham sá til þess að Ísak, sonur sinn, kvæntist konu sem tilbað Jehóva. Sönn tilbeiðsla var líka Jokobi, syni Ísaks, hjartans mál, en synir hans urðu forfeður 12 ættbálka Ísraels. *W16.08 1:10*

Þriðjudagur 12. júní

*„Hinn minnsti verður að þúsund,
hinn lítilmótlegasti að voldugri
þjóð.“ – Jes. 60:22.*

Þessi spádómur er að uppfyllast núna á síðustu dögum. Á þjónustuárinu 2015 voru 8.220.105 boðberar virkir í boðuninni um allan heim. Síðari hluti spáðómsins ætti að hafa áhrif á alla kristna menn. Þar segir faðir okkar á himnum: „Ég, Drottinn, mun hraða þessu þegar að því kemur.“ Við finnum hvernig Jehóva hraðar boðuninni og kennslunni, rétt eins og farþegi í bíl finnur þegar bílstjórinn eykur hraðann. Hvernig bregðumst við við þegar við finnum að hraðinn er að aukast? Leggjum við eins mikið af mörkum og við getum í boðuninni? Mörg trússystkini okkar sækja um að starfa sem brautryðjendur eða aðstoðarbrautryðjendur. Og við fögnum því líka að sjá svona marga taka til sín hvatninguna að þjóna þar sem þörf er á fleiri boðberum eða sinna öðrum sviðum þjónustunnar. Hvort sem við erum bræður eða systur höfum við öll nóg að gera í þjónustu Drottins. – 1. Kor. 15:58. *w16.08* 3:1, 2

Miðvikudagur 13. júní

*„Hönd Drottins er eigi svo stutt
að hann geti ekki hjálpað.“
– Jes. 59:1.*

Amalekítar réðust á Ísraelsmenn skömmu eftir að Jehóva frelsaði þá úr þrælkun í Egypptalandi. Jósúa hélt hugrakkur til orrustu ásamt mönnum sínum eins og Móse sagði honum að gera. Móse tók Aron og Húr hins vegar með sér upp á nálæga

hæð þar sem þeir sáu yfir vígvöllinn. Móse fylgdi ákveðinni áætlun sem var lykillinn að sigri. Hann hélt á staf Guðs og lyfti höndunum til himins. Meðan hann hélt höndunum uppi gekk Ísraelsmönnum betur í bardaganum. En þegar hendur Móse þreyttust og tóku að síga höfðu Amalekítar betur. Aron og Húr tóku til sinna ráða, sóttu „stein og settu undir hann. Móse settist á hann en Aron og Húr studdu hendur hans, hvor sínum megin. Hendur hans héldust því stöðugar allt til sólarlags.“ Þannig sigruðu Ísraelsmenn Amalekíta með hjálp máttugrar handar Guðs. – 2. Mós. 17:8-13. *w16.09* 1:5-7

Fimmtudagur 14. júní

„Þótt ég vilji gera hið góða er hið illa mér tamast.“ – Róm. 7:21.

Páll var þess fullviss að hann gæti sigrað í baráttunni við veikleika sína með því að biðja til Jehóva og trú á lausnarfórn Jesú. Hvað með okkur? Getum við sigrað í baráttunni við veikleika okkar? Já, ef við líkjum eftir Páli og reiðum okkur fullkomlega á Jehóva en ekki eigin styrk og ef við trúum á lausnarfórnina. Stundum leyfir Guð okkur að sýna að okkur sé full alvara í ákveðnu máli. Segjum til dæmis að við (eða annar í fjölskyldunni) fengjum alvarlegan sjúkdóm eða værum ranglæti beitt. Við sýnum að við treystum Jehóva fullkomlega með því að biðja hann um að styrkja okkur svo að við getum verið trúföst, glöð og átt gott samband við hann. (Fil. 4:13) Reynsla trúfastra þjóna Jehóva, bæði á tímum Páls og á okkar dögum, sýnir að bænin getur hjálpað okkur að byggja upp hugrekki og þolgæði. *w16.09* 2:14, 15

Föstudagur 15. júní

Grískumælandi menn fóru að kvarta yfir hebreskum. – Post. 6:1.

Þegar fjölgaði í frumkristna söfnuðinum kom upp sú staða að fólki virtist vera mismunað. Grískumælandi Gyðingar kvörtuðu undan því að horft væri fram hjá ekkjum úr þeirra hópi. Postularnir skipuðu þá sjö menn til að tryggja að enginn yrði út undan. Þessir menn hétu allir grískum nöfnum. Það bendir til þess að postularnir hafi viljað gera sitt ýtrasta til að draga úr spennunni sem virðist hafa verið meðal frumkristinna manna vegna mismunandi uppruna. (Post. 6:2-6) Við erum öll undir sterkum áhrifum okkar eigin menningar, hvort sem við erum meðvituð um það eða ekki. (Róm. 12:2) Líklegt er að við heyrum nágranna okkar, vinnufélaga eða skólafélaga segja eitthvað niðrandi um fólk af öðrum uppruna, þjóðerni eða hörundslit. Hve sterk áhrif hafa fordómar annarra á okkur? Og hvernig eru viðbrögð okkar þegar gert er grín að þjóðerni okkar, til dæmis með því að ýkja einhver einkenni menningar okkar? *16.10 1:7, 8*

Laugardagur 16. júní

Ósýnilega veru Guðs, eilífan mátt og guddómstign má skynja og sjá af verkum hans. – Róm. 1:20.

Að „skynja“ þýðir að átta sig á einhverju sem er ekki beint sýnilegt eða augljóst við fyrstu sýn. (Hebr. 11:3) Skynugt fólk notar því ekki bara augun og eyrun heldur líka rökhugsun. Söfnuður Jehóva hefur veitt okkur mörg hjálpargögn byggð á traustum rannsóknum. Þau geta gert okkur kleift að „sjá“ skapara okkar með augum trúarinnar.

(Hebr. 11:27) Við höfum meðal annars fengið myndbandið *The Wonders of Creation Reveal God's Glory*, bæklingana *Var lífið skapað?* og *The Origin of Life – Five Questions Worth Asking*, og bókina *Er til skapari sem er annað um okkur?* Í *Vaknið!* hafa oft verið tekin viðtöl við vísindamenn og aðra sem útskýra hvers vegna þeir fóru að trúa á Guð. Í greinarröðinni „Býr hönnun að baki?“ er bent á dæmi um snilldarlega hönnun sem við sjáum í náttúrunni. Vísindamenn reyna oft að nýta þessar stórkostlegu hönnunarlausnir og líkja eftir þeim. *16.09 4:4, 5*

Sunnudagur 17. júní

Þau fengu góðan vitnisburð fyrir trú sína. – Hebr. 11:39.

Trúfasta fólkið, sem minnst er á í 11. kafla Hebreabréfsins, dó áður en Jesús Kristur, hinn fyrirheitni „niðji“, opnaði fólki leið til að geta farið til himna. (Gal. 3:16) En það verður samt sem áður reist upp til að hljóta fullkomið líf í paradís á jörð. (Sálm. 37:11; Jes. 26:19; Hós. 13:14) Í Hebreabréfinu 11:13 segir um suma sem voru uppi fyrir tíma kristinnar: „Allir þessir menn dóu í trú án þess að hafa öðlast fyrirheitin. Þeir sáu þau álangdar og fögnuðu þeim.“ Abraham var einn þeirra. Hafði hann skýrt í huga hina ánægjulegu von að lifa undir stjórn fyrirheitna „niðjans“? Jesús gaf ótvírætt svar við þeirri spurningu þegar hann sagði við andstæðinga sína: „Abraham faðir yðar vænti þess með fögnuði að sjá dag minn og hann sá hann og gladdist.“ (Jóh. 8:56) Hið sama á við um Söru, Ísak, Jakob og marga aðra sem horfðu fram til hins komandi ríkis, ríkisins „sem Guð hannaði og reisti“. – Hebr. 11:8-11. *16.10 3:4, 5*

Mánudagur 18. júní

„Biðjið á hverri tíð.“ – Ef. 6:18.

Við megum vera innilega þakk-lát fyrir að Jehóva skyldi nota heilagan anda til að gera okkur kleift að skilja sannleikann og trú á fagnaðarerindið. (Lúk. 10:21) Við ættum aldrei að hætta að þakka Jehóva fyrir að draga okkur til sín fyrir milligöngu sonar síns, „höfundar og fullkomnara trúarinnar“. (Hebr. 12:2) Við ættum að sýna þakklæti okkar fyrir þessa einstöku góðvild Guðs með því að styrkja trú okkar með bænnum og biblíunámi. (1. Pét. 2:2) Við ættum að sýna í verki að við trúum á loforð Jehóva. Við þurfum að gera það þannig að það sé öðrum augljóst. Við boðum til dæmis fagnaðarerindið um ríki Guðs og hjálpum öðrum að verða fylgjendur Jesú. Við „gerum öllum gott og einkum trústýstinum okkar“. (Gal. 6:10) Og við leggjum mikið á okkur til að „afklæðast hinum gamla manni með gjörðum hans“. – Kól. 3:5, 8-10. *w16.10* 4:11, 12

Þriðjudagur 19. júní

*Jehóva gerði himininn af visku.
– Sálm. 136:5.*

Í alheiminum ríkir sannarlega stórkostlegt skipulag. Þess vegna er við því að búast að Jehóva vilji að tilbiðjendur sínir séu vel skipulagðir. Til að svo sé hefur hann gefið okkur Biblíuna okkur til leiðsagnar. Ef við hefðum ekki söfnuð Guðs og meginreglur til að hjálpa okkur myndi líf okkar vera fullt af erfiðleikum og óhamingju. Ísraelsþjóðin til forna var til fyrirmyndar hvað skipulagningu varðar. Á tímum Móselaganna var til dæmis

starf kvennanna, „sem gegndu þjónustu við dyr samfundatjaldsins,“ vel skipulagt. (2. Mós. 38:8) Síðar skipti Davíð konungur Levítunum og prestunum í flokka þannig að starf þeirra yrði vel skipulagt. (1. Kron. 23:1-6; 24:1-3) Kristni söfnuðurinn á fyrstu öld starfaði með skipulegum hætti og naut góðs af leiðsögn hins stjórnandi ráðs sem var í fyrstu skipað postulunum. (Post. 6:1-6) Einnig voru veittar leiðbeiningar og fyrir-mæli með innblásnum bréfum. – 1. Tím. 3:1-13; Tít. 1:5-9. *w16.11* 2:3, 6, 8, 9

Miðvikudagur 20. júní

„Til útlegðar sá sem útlegð er ætlaður.“ – Jer. 15:2.

Árið 607 f.Kr. réðst öflugur her Babýloníumanna inn í Jerúsalem undir forystu Nebúkadnesars konungs annars. Í Biblíunni segir um blóðbaðið sem fylgdi í kjölfarið: „Hann felldi æskumenn þeirra með sverði í húsi helgidóms þeirra. Hann hlífði hvorki ungum körlum né konum, kornbörnum né öldungum ... Kald-ear brenndu hús Guðs, rifu niður múra Jerúsalem, kveiktu í öllum höllum borgarinnar og skemmdu allt verðmætt.“ (2. Kron. 36:17, 19) Eyðing Jerúsalem hefði ekki átt að koma borgarbúum á óvart. Spá-menn Guðs höfðu árum saman varað Gyðinga við því að Babýloníumenn myndu hneppa þá í ánauð ef þeir héldu áfram að sniðganga lög Guðs. Fjöldi Gyðinga myndi falla fyrir sverði og þeir sem eftir lifðu myndu að öllum líkindum þurfa að búa í Babýlon það sem eftir var ævinnar. *w16.11* 4:1, 2

Fimmtudagur 21. júní

„Syndin kom inn í heiminn með einum manni.“ – Róm. 5:12.

„Syndin kom inn í heiminn með einum manni,“ Adam, og „dauðinn tók völd með þeim eina manni“. En Jehóva sýndi einstaka góðvild með því að gera öllu mannkyni kleift að bjargast „vegna hins eina, Jesú Krists“. (Róm. 5:12, 15, 17) Eins og Páll segir verða margir „lýstir sýknir saka vegna hlýðni hins eina“. Þeir eiga í vændum „eilíft líf í Jesú Kristi“. (Róm. 5:19, 21) Jehóva var ekki skylt að senda son sinn til jarðar til að greiða lausnargjaldið. Hann sýndi mikla góðvild með því að gera ráðstafanir til að leysa okkur undan synd og dauða. Ekkert okkar verðskuldar það sem Guð og Jesús gerðu fyrir okkur. En við erum innilega þakklát fyrir að þeir skuli bjóða okkur upp á fyrirgefningu og eilíft líf. Við ættum að sýna með daglegu lífi okkar hve mikils virði einstök góðvild Guðs er fyrir okkur. *W16.12* 1:1, 6, 7

Föstudagur 22. júní

„Hyggja holdsins er fjandsamleg Guði og lýtur ekki lögmáli Guðs.“ – Róm. 8:7, neðanmáls.

Sjálfsrannsókn er mikilvæg. Af hverju? „Hyggja holdsins er dauði,“ skrifaði Páll. (Róm. 8:6, neðanmáls) Þetta er alvarlegt mál – andlegur dauði núna og bókstaflegur í framtíðinni. En þetta þarf ekki að gerast. Það er hægt að snúa við blaðinu. Mundu eftir siðlausa mannum í Korintu. Hann lét undan holdlegum löngunum með þeim afleiðingum að honum var vikið úr söfnuðinum. Síðan sneri hann við blaðinu. Hann hætti að láta siðlausar langanir ráða ferðinni og komst

aftur á rétta braut. (2. Kor. 2:6-8) Maðurinn í Korintu lifði mjög siðlausu lífi en gat samt breytt sér. Fyrst hann gat það ætti kristinn maður nú á tímum, sem er farinn að beina huganum að því sem holdið krefst, líka að geta breytt sér og snúið við, sérstaklega ef hann er ekki kominn mjög langt af réttri braut. Viðvörðun Páls getur verið okkur hvatning til að gera þær breytingar sem þörf er á ef við erum farin að beina huganum að því sem holdið krefst. *W16.12* 2:5, 12, 13

Laugardagur 23. júní

„Varpa áhyggjum þínum á Drottin, hann mun bera umhyggju fyrir þér.“ – Sál. 55:23.

Það er hughreystandi til þess að vita að þegar við vörpum áhyggjum okkar á Jehóva, ber hann umhyggju fyrir okkur. Við getum treyst því fullkomlega að Guð geti gert „langt fram yfir allt það sem vér biðjum eða skynjum“. (Ef. 3:20) Hugsaðu þér – ekki aðeins fram yfir heldur „langt fram yfir allt það sem vér biðjum eða skynjum“. Til að hljóta launin þurfum við að bera fullt traust til Jehóva og hlýða fyrirmælum hans. Móse sagði við Ísraelsþjóðina: „Í landinu, sem Drottinn, Guð þinn, fær þér sem erfðaland og þú tekur til eignar, mun Drottinn blessa þig ríkulega ef þú aðeins hlýðir Drottni, Guði þínum, og gætir þess að halda öll ákvæðin sem ég set þér í dag. Því að Drottinn, Guð þinn, mun blessa þig eins og hann hét þér.“ (5. Mós. 15:4-6) Treystir þú fullkomlega að Jehóva blessi þig ef þú þjónar honum trúfastlega? Þú hefur góða ástæðu til að bera slíkt traust til hans. *W16.12* 4:8, 9

Sunnudagur 24. júní

„Drottinn valdi þig til að verða eignarlýður hans.“ – 5. Mós. 7:6.

Það var ekki gert af handahófi. Jehóva vildi halda loforð sem hann hafði gefið Abraham, vini sínum, öldum áður. (1. Mós. 22:15-18) Jehóva beitir líka alltaf frelsi sínu í samræmi við kærleika sinn og réttlæti. Það kom vel fram þegar hann agaði Ísraelsmenn sem óhlýðnuðust honum æ ofan í æ. Jehóva sýndi þeim fúslega kærleika og miskunn þegar þeir iðruðust í einlægni. Hann sagði: „Ég ætla að lækna tryggðarof þeirra og elska þá af frjálsum og fúsum vilja.“ (Hós. 14:5) Jehóva notaði frelsið öðrum til góðs! Þar er hann okkur góð fyrirmynd. Þegar Jehóva byrjaði að skapa ákvað hann að gefa vitibornum sköpunarverum sínum frjálstan vilja. Jesús var fyrsta sköpunarverk Jehóva. Hann skapaði hann eftir mynd sinni og gaf honum frjálstan vilja. (Kól. 1:15) Hvernig hefur Jesús notað frelsi sitt? Áður en hann kom til jarðar ákvað hann að vera Jehóva trúr og fylgja ekki Satan í uppreisninni. *17.01 2:3, 4*

Mánudagur 25. júní

„Guð er ekki ranglátur. Hann gleymir ekki verki ykkar og kærleikanum sem þið auðsýnduð honum.“ – Hebr. 6:10.

Breyttar aðstæður geta annaðhvort aukið eða takmarkað það sem við getum gert. Ertu ungur eða gamall? Ertu hraustur eða lélegur til heilsunnar? Jehóva veit hvernig hvert og eitt okkar getur nýst sem best í þjónustunni við hann. Hann ætlast ekki til meira af okkur en við getum og hann kann vel að meta allt sem við gerum. Jesús hafði ánægju af öllum verkefnum sínum og við getum einnig haft ánægju af verk-

efnum okkar. (Orðskv. 8:30, 31) Sá sem er hógvær er sáttur við þau verkefni og þá ábyrgð sem honum hefur verið falin í söfnuðinum. Hann veltir ekki endalaust fyrir sér verkefnum sem hann gæti fengið eða því sem aðrir fá að gera. Hann einbeitir sér frekar að því að sjá tilgang í þeim verkefnum sem hann sinnir núna og að hafa ánægju af þeim þar sem hann litur svo á að þau komi frá Jehóva. Á sama tíma virðir hann það hlutverk sem Jehóva hefur falið öðrum. Að vera hógvær hjálpar okkur að virða aðra og styðja þá með glöðu geði. – Róm. 12:10. *17.01 3:13, 14*

Þriðjudagur 26. júní

„Hann hefur þjónað að boðun fagnadarerindisins með mér eins og barn með föður sínum.“ – Fil. 2:22.

Sumir þeirra sem yngri eru hafa nú ef til vill umsjón með störfum eldri bræðra. Þó að hinir yngri hafi nýju hlutverki að gegna ættu þeir að nýta sér visku og reynslu hinna eldri áður en þeir taka ákvarðanir. Hinn ungi Tímóteus vann með Páli postula í mörg ár. Páll hafði skrifað Korintumönnum: „Ég [sendi] Tímóteus til ykkar sem er elskað og trútt barn mitt í samfélagi við Drottin. Hann mun minna ykkur á hvernig ég þjóna Kristi.“ (1. Kor. 4:17) Af þessu sjáum við greinilega að Páll og Tímóteus unnu náið saman. Páll hafði tekið sér tíma til að kenna Tímóteusi „hvernig hann þjónaði“. Tímóteus var góður nemandi og Páli þótti vænt um hann. Páll var fullviss um að Tímóteus gæti séð fyrir andlegum þörfum bræðra og systra í Korintu. Hann er góð fyrirmynd fyrir öldunga nú á tímum þegar þeir þjálfra aðra til að taka forystuna í söfnuðinum. *17.01 5:13, 14*

Miðvikudagur 27. júní

Upp munu rísa bæði réttlátir og ranglátir. – Post. 24:15.

Jehóva vill ekki að fólk deyi heldur lifi. Hann er uppspretta lífsins og verður því faðir allra sem rísa upp. (Sálm. 36:10) Það var vel við hæfi að Jesús skyldi segja: „Faðir vor, þú sem ert á himnum.“ (Matt. 6:9) Jehóva hefur gefið Jesú það mikilvæga hlutverk að reisa upp hina dáu og í paradís verður hann „upprisan og lífið“ eins og hann sagði. (Jóh. 6:40, 44; 11:25) Örlæti Jehóva nær ekki aðeins til fáeinna útvalinna. Jesús sagði: „Hver sem gerir vilja Guðs, sá er bróðir minn, systir og móðir.“ (Mark. 3:35) Guð vill að fólk af öllum þjóðum, kynkvíslum og tungum verði tilbiðjendur sínir, en í spádómi er sagt að þessi hópur sé „mikill múgur sem enginn gat tölu á komið“. Allir sem trú á lausnarfórn Krists og gera vilja Guðs geta fengið að vera meðal þeirra sem hrópa: „Hjálpþæðið kemur frá Guði vorum, sem í há-sætinu situr, og lambinu.“ – Opinb. 7:9, 10. w17.02 2:10, 11

Fimmtudagur 28. júní

*„Minnist leiðtoga ykkar.“
– Hebr. 13:7.*

Árið 1884 var Zion's Watch Tower Tract Society lögskráð til að hægt væri að útbreiða sannleika Biblíunnar á ýmsum tungumálum, en Charles Taze Russell var forseti félagsins. Hann var kappsamur biblíunemandi og afhjúpaði óhræddur falskenningar á borð við kenningarnar um þrí-einan Guð og ódauðleika sálarinnar. Hann komst að raun um að Kristur kæmi í ósýnilegri mynd og að „tímar heiðingjanna“ myndu líða undir lok árið 1914. (Lúk. 21:24) Bróðir Russell

notaði tíma sinn, krafta og fjármuni óspart til að segja öðrum frá þessum sannindum. Það er augljóst að Jehóva og höfuð safnaðarins notuðu hann á þessum merku tímamótum. Bróðir Russell sóttist ekki eftir upphefð manna. Árið 1896 skrifaði hann að hvorki hann né aðrir bræður í ábyrgðarstöðum vildu hljóta sérstakan heiður af nokkru tagi. Þeir vildu ekki að fólk ávarpaði þá með titlum eins og séra eða rabbí né að nokkur hópur manna kenndi sig við nöfn þeirra. Síðar sagði hann: „Þetta er ekki verk manna.“ w17.02 4:8, 9

Föstudagur 29. júní

„Viska hins hyggna er að þekkja réttan veg.“ – Orðskv. 14:8.

Við þurfum öll að taka ákvarðanir og eigum um ýmsa kosti að velja. Ákvarðanir okkar snúast ekki allar um líf eða dauða. Margar þeirra geta samt haft djúpstæð áhrif á okkur. Hæfileiki okkar til að taka góðar ákvarðanir getur stuðlað að tiltölulega friðsömu og hnökralausu lífi og komið í veg fyrir að við lifum lífi sem einkennist af óreiðu, ágreiningi og vonbrigðum. Hvað getur hjálpað okkur að taka skynsamlegar ákvarðanir? Við þurfum auðvitað að trúa á Guð og megum ekki efast um að hann bæði vilji og geti hjálpað okkur að vera skynsöm. Við þurfum líka að trúa á orð hans, treysta innblásnum ráðum hans og að hann geri allt á sem bestan hátt. (Jak. 1:5-8) Því meir sem við nálægjum okkur Jehóva og því meiri ánægju sem við höfum af orði hans því betur treystum við á dómgreind hans. Samfara því temjum við okkur að leita ráða í orði hans áður en við tökum ákvarðanir. w17.03 2:2, 3

Laugardagur 30. júní

Vér beinum sjónum vorum til þín.

– 2. Kron. 20:12.

Jósafat sýndi Guði hollustu líkt og Asa, faðir hans, jafnvel þegar öflugur her ógnaði ríkinu. (2. Kron. 20:2-4) Hann varð skelfingu lostinn en ákvað samt „að leita svara hjá Drottni“. Hann viðurkenndi í auðmjúkri bæn að hann og þjóð hans væru „aflvana gegn þessum völduga her“ og vissu ekki hvað þau ættu að gera. Hann reiddi sig algerlega á Jehóva og sagði því það sem stendur í versí dagsins. Stundum vitum við ekki hvað við eigum að gera og erum jafnvel óttaslegin rétt eins og Jósafat. (2. Kor. 4:8, 9) En munum að Jósafat viðurkenndi í bæn í allra áheyrn hve vanmáttugur hann og þjóð hans væri. (2. Kron. 20:5) Þeir sem fara með forystu í tilbeiðslu fjölskyldunnar geta líkt eftir Jósafat með því að leita leiðsagnar Jehóva og biðja hann um styrk til að takast á við erfiðleika sem fjölskyldan á í. Ekki skammast þín fyrir að láta fjölskylduna heyra slíkar bænir. Hún skynjar að þú treystir Jehóva. Guð hjálpaði Jósafat og hann hjálpar ykkur líka. *W17.03* 3:12, 13

Sunnudagur 1. júlí

Gerðu við mig eins og minnur þinn hefur lofað. – Dóm. 11:36.

Dóttir Jefta fórnaði því að eignast mann og börn, sem er eðlileg þrá ungrar konu, til að geta stutt sanna tilbeiðslu. Hvernig getum við líkt eftir förnfýsi hennar? Mörg þúsund ungir vottar, bæði bræður og systur, neita sér um að ganga í hjónaband eða eignast börn – að minnsta kosti um sinn – til að þjóna Jehóva sem best þau geta. Þeir sem eru komnir af besta aldri förna því stundum

líka að geta verið með börnum sínum og barnabörnum. Þeir gera það til að geta tekið þátt í byggingarframkvæmdum á vegum safnaðarins eða til að sækja Skólann fyrir boðbera Guðsríkis og starfa á stöðum þar sem vantar fleiri boðbera. Enn aðrir haga málum þannig að þeir geti tekið þátt í boðunarátaki. Við gleðjum Jehóva með því að þjóna honum af heilum hug og hann gleymir aldrei verki okkar og kærleikanum sem við sýnum honum. (Hebr. 6:10-12) Hvað um þig? Gætir þú fært förnir til að þjóna Jehóva enn betur? *W16.04* 1:16, 17

Mánudagur 2. júlí

„Það verður ein hjörð, einn hirðir.“ – Jóh. 10:16.

Jesús líkti sjálfum sér við hirði og fylgjendum sínum við sauðahjörð. Hugsaðu um eftirfarandi: Ef tveir sauðir væru uppi í fjallshlíð, tveir niðri í dal og enn einn sauður á beit annars staðar, myndum við þá líta á þessa fimm sauði sem hjörð? Yfirleitt heldur sauðahjörð hópinn nálægt hirðinum sem annast hana. Á sama hátt getum við ekki fylgt hirði okkar ef við einöngrum okkur af ásettum ráði. Við þurfum að hitta aðra þjóna Guðs til að vera hluti af „einni hjörð“ undir „einum hirði“. Þegar við mætum á samkomu stuðlum við að einingu bræðralagsins. (Sálm. 133:1) Sumum trússystkinum okkar hefur verið hafnað af foreldrum sínum og systkinum. Jesús lofaði þó að gefa þeim andlega fjölskyldu sem myndi elska þau og annast. (Mark. 10:29, 30) Ef þú sækir samkomur reglulega getur vel verið að þú verðir eins og faðir, móðir, bróðir eða systir einhvers í söfnuðinum. Hvetur það okkur ekki til að gera okkar ýtrasta til að mæta á allar samkomur? *W16.04* 3:9, 10

Þriðjudagur 3. júlí

„Þegar þið eruð að biðja, þá fyrir-gefið þeim sem hafa gert eitthvað á hlut ykkar til þess að faðir ykkar á himnum fyrirgefi einnig ykkur misgjörðir ykkar.“ – Mark. 11:25.

Ef við viljum ekki sættast við aðra er til einskis fyrir okkur að biðja, sækja samkomur, boða trúna og þjóna Guði með öðrum hætti. Við getum ekki verið vinir Guðs nema við séum fús til að fyrirgefa öðrum mistök þeirra. (Lúk. 11:4; Ef. 4:32) Allir þjónar Guðs þurfa að hugleiða vel og vandlega hvort þeir séu fúsir til að fyrirgefa og leggi sig fram um að eiga friðsamleg samskipti við aðra. Vertu hreinskilinn þegar þú lítur í eigin barm. Fyrirgefurðu trúsystkinum fúslega? Sækirðu í félagsskap þeirra? Jehóva væntir þess að þjónar sínir séu fúsir til að fyrirgefa. Ef samviskan segir þér að þú getir bætt þig á þessu sviði skaltu leita hjálpar Jehóva í bæn. Faðirinn á himnum heyrir auðmjúkar bænir af þessu tagi og svarar þeim. – 1. Jóh. 5:14, 15. *w16.05* 1:6, 7

Miðvikudagur 4. júlí

„Fagnaðarerindið um ríkið verður prédikað.“ – Matt. 24:14.

Hve lengi átti að halda boðuninni áfram? Jesús sagði að fagnaðarerindið yrði prédikað á síðustu dögum, og þá myndi endirinn koma. Hvaða annar trúarhópur hefur haldið áfram að boða fagnaðarerindið á þessu þýðingarmikla tímaskeiði? Sumt trúað fólk, sem við hittum í boðuninni, segir: „Við höfum heilagan anda en þið vottarnir vinnið verkið.“ En er úthald okkar í þessu starfi ekki sönnun þess að við höfum anda Guðs?

(Post. 1:8; 1. Pét. 4:14) Af og til hafa sumir trúarhópar reynt að boða trúna eins og Vottar Jehóva gera en það hefur oftast runnið út í sandinn. Sumir stunda trúboð, sem þeir kalla svo, í stuttan tíma og taka svo aftur upp venjulegt daglegt líf. Og aðrir reyna jafnvel að fara hús úr húsi. En hvaða boðskap boða þeir? Svarið við þessari spurningu sýnir skýrt að þeir sinna ekki boðuninni sem Kristur hleypti af stokkunum. *w16.05* 2:13, 16

Fimmtudagur 5. júlí

„Bræður mínir og systur, verið glöð. Verið fullkomin, áminnið hvert annað, verið samhuga, lifið saman í friði.“ – 2. Kor. 13:11.

Við þurfum að leggja okkur stöðugt fram til að halda áfram að bæta okkur og „íklæðast hinum nýja manni“. Páll minnti trúsystkini sín á það og skrifaði: „Þið eigið að hætta hinni fyrri breytni og afklæðast hinum gamla manni sem er spilltur af tælendi girndum en endurnýjast í anda og hugsun og íklæðast hinum nýja manni sem skapaður er í Guðs mynd og breytir eins og Guð vill og lætur réttlæti og sannleika helga líf sitt.“ (Ef. 4:22-24) Samkvæmt frummálinu gefur orðið, sem þýtt er „endurnýjast“, til kynna að það sé áframhaldandi ferli að íklæðast nýja manninum. Það er uppörvandi vegna þess að það veitir okkur vissu fyrir því að við getum alltaf haldið áfram að þroska með okkur og slípa eiginleika sem einkenna hinn nýja mann. Já, við getum stöðugt látið Biblíuna breyta okkur til hins betra óháð því hve lengi við höfum þjónað Jehóva. *w16.05* 4:8, 9

Föstudagur 6. júlí

„Drottinn agar þann sem hann elskar.“ – Orðskv. 3:12.

Jehóva er að skapa ákveðið umhverfi þar sem hann mótar okkur. Við köllum það andlega paradís. (Jes. 64:7) Við finnum til öryggiskenndar þrátt fyrir að við búum í illum heimi. Við höfum kynnst Jehóva og njótum nú föðurástar hans. (Jak. 4:8) Í nýja heiminum fáum við að njóta andlegu paradísarinnar til fulls. Þá verður líka til bókstafleg paradís undir stjórn Guðsríkis. Á þessum tíma, þegar allt verður endurreist, heldur Jehóva áfram að móta jarðarbúa með því að mennta þá meira en við getum gert okkur í hugarlund núna. (Jes. 11:9) Auk þess verðum við fullkomin á huga og líkama og þá eigum við auðveldara með að skilja kennslu Jehóva og hlýða honum í einu og öllu. Verum því ákveðin í að halda áfram að leyfa Jehóva að móta okkur og sýna honum að við lítum á það sem merki um kærleika hans. *w16.06* 1:8, 9

Laugardagur 7. júlí

„Heyr, Ísrael. Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn.“ – 5. Mós. 6:4.

Þessi orð er að finna í síðustu ræðu Móse sem hann flutti Ísraelsmönnum á Móabssléttu árið 1473 f.Kr. Þjóðin var í þann mund að fara yfir Jórdaná til að leggja undir sig fyrirheitna landið. (5. Mós. 6:1) Móse, sem hafði leitt Ísraelsmenn í 40 ár, vildi að þeir væru hugrakkir þegar þeir tækjust á við áskoranirnar sem biðu þeirra. Þeir þurftu að treysta á Jehóva sem Guð sinn og vera honum trúir. Skiljanlega myndu síðustu orð Móse

hafa djúpstæð áhrif á þá. Hann nefnir fyrst boðorðin tíu og önnur fyrirmæli sem Jehóva hafði látið þjóðinni í té og gefur síðan þá kraftmiklu yfirlýsingu sem við lesum í 5. Mósebók 6:4, 5. Vissu Ísraelsmenn, sem höfðu safnast saman hjá Móse, ekki að Jehóva, Guð þeirra, „væri einn“? Jú, auðvitað. Trúfastir Ísraelsmenn þekktu og tilbáðu aðeins einn Guð – Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs, forfeðra þeirra. *w16.06* 3:2, 3

Sunnudagur 8. júlí

„Þann dag og stund veit enginn, hvorki englar á himnum né sonurinn, enginn nema faðirinn einn.“ – Matt. 24:36.

Þetta sagði Jesús þegar hann var á jörðinni. Hann hefur hins vegar fengið vald núna á himnum til að heyja stríð gegn heimi Satans. (Opinb. 19:11-16) Það er því rök rétt að hann viti núna hvenær Harmagedón verður. Við vitum það hins vegar ekki. Það er því mjög áriðandi að við höldum vöku okkar þangað til þrengingin skellur á. Jehóva hefur þó alltaf vitað hvenær það gerist. Hann hefur ákveðið nákvæmlega hvenær endirinn kemur. Hann „telur niður“ tímann fram að þrengingunni miklu og henni seinkar ekki. (Hab. 2:1-3) Hvernig getum við verið viss um það? Spádómar Jehóva hafa alltaf ræst nákvæmlega á réttum tíma. Við getum verið viss um að loforð Jehóva um að við komumst lifandi úr þrengingunni miklu bregst ekki heldur. En ef við viljum bjargast þegar þessum heimi verður eytt þurfum við að halda vöku okkar. *w16.07* 2:4-6

Mánudagur 9. júlí

Pétur sagði: „Þótt allir hafni þér geri ég það aldrei.“
– Mark. 14:29.

Allir postularnir yfirgáfu Jesú á örlagastund. Pétur hafði sagt við Jesú að hann myndi aldrei yfirgefa hann þó svo að hinir gerðu það. (Mark. 14:27-31, 50) En þegar Jesús var handtekinn yfirgáfu hann *allir* postularnir – líka Pétur. Hann neitaði jafnvel oftast en einu sinni að hann þekkti Jesú. (Mark. 14:53, 54, 66-72) En Pétur iðraðist og Jehóva notaði hann áfram í þjónustu sinni. Hefði þessi hegðun Péturs haft áhrif á hollustu þína við Jehóva ef þú hefur verið lærisveinn á þessum tíma? Viðurkennirðu að Jehóva gefur fólki tíma til að sjá að sér og iðrast? Treystirðu að hann sé alltaf réttlátur og grípi inn í þegar það er tímabært? Stundum kemur þó fyrir að fólk drýgir alvarlega synd en hafnar miskunn Jehóva og iðrast ekki. Treystirðu þá að Jehóva eigi eftir að dæma þá og láti jafnvel víkja þeim úr söfnuðinum ef nauðsyn krefur? *W16.06* 4:8, 9

Þriðjudagur 10. júlí

Sjálfur Drottinn vor Jesús Kristur og Guð, faðir vor, huggi hjörtu yðar og styrki. – 2. Þess. 2:16, 17.

Það er mikil blessun að Jehóva skuli í góðvild sinni hugga okkur þegar við erum hrjáð í hjörtum okkar. (Sálm. 51:19) Þegar kristnir menn í Þessaloníku voru ofsóttir skrifaði Páll þeim það sem segir í versni dagsins. Það er ákaflega hughreystandi að finna fyrir umhyggju Jehóva sem er sprottin af einstakri góðvild hans. Þar sem við erum

syndug hefðum við enga von ef við hefðum ekki Guð. (Sálm. 49:8, 9) Jehóva gefur okkur hins vegar undslega von. Jesús sagði fylgjendum sínum: „Sá er vilji föður míns að hver sem sér soninn og trúir á hann hafi eilíft líf.“ (Jóh. 6:40) Vonin um eilíft líf er gjöf frá Guði og skýrt merki um einstaka góðvild hans. Páll fann sterkt fyrir því og skrifaði: „Náð Guðs hefur opinberast til sáluhjálpar öllum mönnum.“ – Tít. 2:11. *W16.07* 3:14, 15

Miðvikudagur 11. júlí

„Svaktu ekki konuna sem þú eignaðist í æsku.“ – Mal. 2:15.

Nú á dögum eru svik í hjónabandi ekki látin viðgangast meðal þjóna Guðs. En segjum að giftur maður eða kona í söfnuðinum stingi af með maka einhvers annars og giftist honum eftir að hafa fengið skilnað. Ef einhver gerir það án þess að iðrast er honum víkið úr söfnuðinum til að halda honum andlega hreinum. (1. Kor. 5:11-13) Hann þarf að „sýna í verki að hann hafi tekið sinnaskiptum“ áður en hann er tekinn inn í söfnuðinn á ný. (Lúk. 3:8; 2. Kor. 2:5-10) Þó að ekkert segi til um hve langur tími þurfi að líða þangað til hann fær að koma aftur er ekki hægt að líta fram hjá slíkum svikum, sem eru reyndar sjaldgæf meðal þjóna Guðs. Það getur tekið langan tíma – ár eða lengur – fyrir þann sem syndgar að sanna að hann iðrist í einlægni. Og jafnvel þó að hann sé tekinn inn í söfnuðinn á ný þarf hann eftir sem áður að standa reikningsskap „frammi fyrir dómstóli Guðs“. – Róm. 14:10-12. *W16.08* 1:12, 13

Fimmtudagur 12. júlí

„Sækist einhver eftir að verða umsjónarmaður þráir hann göfugt hlutverk.“ – 1. Tím. 3:1, NW.

Gríska orðið, sem er þýtt að „sækjast eftir“, merkir að teygja sig í eitthvað og það gæti verið eitthvað sem er erfitt að ná til. Með því að nota þetta orð var Páll postuli að benda á að það þurfi að leggja eitthvað á sig til að taka framförum í þjónustunni. Ímyndum okkur bróður sem vill gera meira gagn í söfnuðinum. Hann er ekki safnaðarþjónn enn sem komið er og veit að til þess þarf hann að rækta sinn andlega mann. Hann stefnir þó að því að verða safnaðarþjónn. Með tímanum vonast hann til að uppfylla hæfniskröfurnar sem gerðar eru til umsjónarmanna. Í báðum tilfellum leggur hann sig allan fram til að reynast hæfur til að taka á sig aukna ábyrgð í söfnuðinum. Bræður og systur, sem langar til að vera brautryðjendur, Betelítar eða sjálfboðaliðar við að byggja ríkissali, þurfa líka að leggja hart að sér til að ná þeim markmiðum. *w16.08 3:3, 4*

Föstudagur 13. júlí

„Það eru þjónar þínir og þjóð sem þú frelsaðir með miklum mætti þínum og styrkri hendi þinni.“ – Neh. 1:10.

Reyndu að ímynda þér hvernig Nehemía leið þegar hann kom til Jerúsalem. Borgin var nánast varnarlau og Gyðingar litlir í sér. Andstæðingar af öðrum þjóðum höfðu ógnað þeim svo að þeir hættu að endurreisa borgarmúrana. Féllust Nehemía líka hendur við þessar aðstæður? Nei, hann hafði van-

ið sig á að treysta Jehóva og leita hjálpar hans í bæn, líkt og Móse, Asa og fleiri trúir þjónar Jehóva. (2. Mós. 17:8-13; 2. Kron. 14:7-12) Og það gerði hann líka við þessar aðstæður. Gyðingum fannst ef til vill að það væri við ofurefli að etja en Jehóva svaraði einlægri bæn Nehemía um hjálp. Hann beitti „miklum mætti sínum og styrkri hendi sinni“ til að styrkja máttvanda hendur Gyðinga. (Neh. 2:17-20; 6:9) Trúirðu að Jehóva beiti „miklum mætti sínum og styrkri hendi“ til að efla þjóna sína nú á dögum? *w16.09 1:9*

Laugardagur 14. júlí

*Gerið allt Guði til dýrðar.
– 1. Kor. 10:31.*

„Margir voru hversdagslega til fara, ekki síst þegar heitt var í veðri,“ sagði í hollensku dagblaði þar sem fjallað var um fund kirkjulegra ráðamanna. „Annað er uppi á teningnum á móti Votta Jehóva.“ Vottum Jehóva er oft hrósað fyrir klæðaburð sinn. Páll postuli hvetur kristnar konur til að vera „látlausar í klæðaburði ... eins og sómir konum er segjast vilja dýrka Guð“. (1. Tím. 2:9, 10) En leiðbeiningar hans eiga ekkert síður við um karla. Það er mikilvægt fyrir okkur sem þjónum Jehóva að vera vel til fara, og það er líka mikilvægt í augum Guðs sem við tilbiðjum. (1. Mós. 3:21) Af því sem Biblían segir um klæðaburð og útlit er ljóst að Drottinn alheims setur þjónum sínum skynsamlegar reglur um klæðnað. Þegar við veljum okkur föt ættum við að taka tillit til þess hvað fellur alvöldum Drottni Jehóva í geð. *w16.09 3:1, 2*

Sunnudagur 15. júlí

Menn töluðu orð frá Guði, knúðir af heilögum anda. – 2. Pét. 1:21.

Sumir hafa valið sér að námsverkefni að rannsaka biblíuspádoma eða hvernig sagnfræði, fornleifafræði og vísindi staðfesta nákvæmni Biblíunnar. Heillandi spádóm, sem mætti skoða, er að finna í 1. Mósebók 3:15. Þar er aðalboðskapur Biblíunnar kynntur til sögunnar, sá að ríki Guðs á eftir að helga nafn hans og sanna að hann er réttmætur drottinn alheims. Í þessu eina versí er sýnt fram á með myndmáli hvernig Jehóva ætlar að binda enda á allar þær þjáningar sem menn hafa upplifað frá því í Eden. Hvernig geturðu rannsakað 1. Mósebók 3:15? Þú gætir búið til tímalínu. Við hana gætirðu skrifað ritningarstaði sem sýna hvernig Guð hefur smám saman varpað ljósi á persónurnar og atburðina í þessu versí og sanna að spáðómurinn rætist. Þegar þú sérð hvernig ritningarstaðirnir mynda samstæða heild gerirðu þér eflaust grein fyrir að spámenn Biblíunnar og ritarar hennar hafi verið „knúðir af heilögum anda“.

W16.09 4:8

Mánudagur 16. júlí

*„Hver gefur þér yfirburði?“
– 1. Kor. 4:7.*

Pétur postuli var um tíma með fordóma í garð fólks af öðrum þjóðum. En honum tókst smám saman að uppræta neikvæð viðhorf úr hjarta sér. (Post. 10:28, 34, 35; Gal. 2:11-14) Ef við finnum fyrir einhverjum fordómum eða þjóðernishroka í fari okkar ættum við sömu leiðis að uppræta það markvisst úr hjarta okkar. (1. Pét. 1:22) Það er gott að minna sig á að ekkert okkar

verðskuldar hjálpræði. Við erum öll ófullkomin, óháð þjóðerni. (Róm. 3:9, 10, 21-24) Af hverju ætti okkur þá að finnast við vera yfir aðra hafin? Við ættum að hugsa líkt og Páll postuli en hann minnti andasmurð trúsystkini sín á að þau væru „ekki framar gestir og útlendingar heldur ... heimamenn Guðs“. (Ef. 2:19) Ef við leggjum okkur fram við að uppræta úr hjarta okkar fordóma í garð fólks af öðrum uppruna auðveldar það okkur að íklæðast hinum nýja manni. – Kól. 3:10, 11.

W16.10 1:9

Þriðjudagur 17. júlí

*Hann hugleiðir lögmál hans
dag og nótt. – Sál. 1:2.*

Í kærleika sínum hefur Jehóva lát-ið okkur í té Biblíuna, orð sitt í heild, svo að við getum viðhaldið sterkri trú. Til að vera hamingjusöm og vegna vel verðum við að lesa reglulega í orði Guðs, daglega ef hægt er. (Sál. 1:1-3; Post. 17:11) Síðan verðum við, rétt eins og tilbíðjendur Jehóva til forna, að hugleiða loforð hans og hlýða fyrirmælum hans. Jehóva hefur líka blessað okkur með því að gefa okkur andlega fæðu í ríkum mæli fyrir milli-göngu, trúa og hyggna þjónsins. (Matt. 24:45) Með því að vera þakklát fyrir það sem við lærum af öllu því sem Jehóva veitir okkur verðum við eins og þjónar hans til forna sem voru fullvissir um að vonin um ríki Guðs myndi rætast. (Hebr. 11:1) Bænin átti líka stóran þátt í að vottar Jehóva fyrir tíma kristninnar viðhéldu sterkri trú. Trú þeirra styrktist þegar þeir fundu að Guð svaraði bænum þeirra. – Neh. 1:4, 11; Sál. 34:5, 16, 18; Dan. 9:19-21. *W16.10 3:7, 8*

Miðvikudagur 18. júlí

„Þótt ég hefði svo takmarkalausa trú að færa mætti fjöll úr stað en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt.“ – 1. Kor. 13:2.

Þegar Jesús var spurður: „Hvert er hið æðsta boðorð í lögmálinu?“ benti hann á að það allra mikilvægasta væri að elska Guð. (Matt. 22:35-40) Vegna þess hve mikilvægt er að sýna bæði trú og kærleika nefndu kristnir biblíuritarar þessa eiginleika oft saman, jafnvel í sömu setningu. Páll hvatti trústykkin sína til að klæðast „trú og kærleika sem brynju“. (1. Þess. 5:8) Jóhannes skrifaði: „Þetta er [Guðs] boðorð, að við skulum trúna á nafn sonar hans Jesú Krists og elska hvert annað.“ (1. Jóh. 3:23) Þó að trúin sé nauðsynleg eigum við ekki eftir að hafa sömu þörf fyrir hana í framtíðinni þegar við sjáum loforð Guðs rætast og von okkar verða að veruleika. Þörfin fyrir að þroska með okkur kærleika til Guðs og til náungans verður hins vegar alltaf til staðar. Páll gat því skrifað: „Nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur.“ – 1. Kor. 13:13. *W16.10* 4:15-17

Fimmtudagur 19. júlí

„Söfnuðirnir styrktust í trúnni.“ – Post. 16:5.

Bræður, sem ferðuðust fyrir hönd hins stjórnandi ráðs, fluttu „þær ályktanir sem postularnir og öldungarnir í Jerúsalem höfðu samþykkt“. (Post. 16:4) „Söfnuðirnir styrktust í trúnni og urðu fjölmennari dag frá degi“ þegar þeir héldu sér við þessar ályktanir. Hvað ættum við að gera þegar við fáum leiðbeiningar frá hinu stjórnandi

ráði? Í bók Jehóva er okkur öllum sagt að vera hlýðin og undirgefin. (5. Mós. 30:16; Hebr. 13:7, 17) Aðfinnslusemi og uppreisnarándi á ekki heima í söfnuði Guðs því að slíkt gæti raskað friði, kærleika og einingu safnaðarins. Að sjálfsögðu vill enginn trúfastur þjónn Guðs sýna óvirðingu og ótryggð líkt og Díótrefes. (3. Jóh. 9, 10) Við gætum spurt okkur: Stuðla ég að því að trú annarra styrkist? Fylgi ég og styð óhikað leiðbeiningar bræðranna sem fara með forystuna? *W16.11* 2:10, 11

Föstudagur 20. júlí

„Vinnið að hagsæld þeirrar borgar sem ég gerði yður útlæga til.“ – Jer. 29:7.

Útlægu Gyðingarnir, sem gerðu eins og Guð sagði þeim, lifðu tiltölulega eðlilegu lífi í Babýlon. Herraþjóðin leyfði þeim að vissu marki að ráða málum sínum sjálfir. Hinum útlægu var frjálst að ferðast um landið. Babýlon var miðstöð verslunar og viðskipta til forna, og fundist hafa áletranir sem benda til þess að margir Gyðingar hafi lært þar kaupmennsku og aðrir handverk af ýmsu tagi. Einstaka Gyðingur efnaðist meira að segja vel. Útlegðin í Babýlon var harla ólík þrælkuninni í Egyptalandi sem Ísraelsmenn höfðu búið við öldum áður. (2. Mós. 2:23-25) En áttu Gyðingar einhvern möguleika á að tilbiðja Guð aftur á þann hátt sem hann vildi? Útlitið var ekki bjart. Babýloníumenn gáfu herleiddum þjóðum aldrei heimfararleyfi. En Jehóva hafði lofað að frelsa þjóð sína og það gerði hann. Loforð hans bregðast aldrei. – Jes. 55:11. *W16.11* 4:3, 5

Laugardagur 21. júlí

Við dóum syndinni. – Rómv. 6:2.

Hvernig var hægt að segja að þessir þjónar Guðs væru „dánir syndinni“ meðan þeir voru enn á lífi? Vegna lausnargjaldsins fyrirgef Guð syndir Páls og annarra kristinna manna á fyrstu öld. Hann smurði þá með heilögum anda og þeir urðu andlegir synir hans. Þaðan í frá áttu þeir von um að fara til himna. Ef þeir reyndust trúir myndu þeir fá að ríkja með Kristi á himnum. En Páll gat sagt að þeir væru „dánir syndinni“ meðan þeir þjónuðu Guði á jörð. Hann tók dæmi af Jesú en hann dó sem maður og var síðan reistur upp til himna sem ódauðlegur andi. Dauðinn réð ekki lengur yfir Jesú. Hið sama mátti segja um andasmurða kristna menn. Þeir gátu litið svo á að þeir væru „dánir frá syndinni en lifandi Guði í Kristi Jesú“. (Rómv. 6:9, 11) Þeir lifðu ekki eins og áður. Þeir létu ekki lengur stjórnast af syndugum tilhneigingum og löngunum. Þeir voru dánir sínu fyrra líferni. *w16.12 1:9, 10*

Sunnudagur 22. júlí

Hyggja andans er líf og friður.

– Rómv. 8:6.

Þetta merkir ekki að maður hugsi eða tali bara um Biblíuna, Guð og framtíðarvonina. Páll og fleiri kristnir menn á fyrstu öldinni lifðu eðlilegu lífi á flegan hátt. Þeir nutu matar og drykkjar, unnu fyrir sér og margir giftust og eignuðust börn. (Mark. 6:3; 1. Þess. 2:9) En þessir frumkristnu menn létu ekki lífið fara að snúast um þessa eðlilegu þætti lífsins. Við vitum að Páll vann fyrir sér sem tjaldgerðarmaður, svo dæmi sé tekið.

En líf hans snerist ekki um vinnuna. Þjónustan við Guð skipti hann mestu máli og hann lagði mikla áherslu á að boða trúna og kenna. (Post. 18:2-4; 20:20, 21, 34, 35) Hann hvatti trúsystkini sín í Róm til að láta boðunina og kennsluna ganga fyrir. Já, andlega fæðan og þjónustan við Guð var Páli mikils virði. Kristnir menn í Róm þurftu að líkja eftir honum og við sömu leiðis. – Rómv. 15:15, 16. *w16.12 2:5, 15, 16*

Mánudagur 23. júlí

„Sá lánar Drottinn sem líknar fátækum, hann mun endurgjalda honum.“ – Orðskv. 19:17.

Við getum verið viss um að Jehóva kunni að meta allt sem við leggjum á okkur til að þjóna honum. Hann skilur okkur ef við erum óörugg eða efumst um sjálf okkur. Hann sýnir okkur meðaumkun ef fjárhagserfiðleikar íþyngja okkur eða ef heilsan eða tilfinningar okkar eiga það til að takmarka þjónustu okkar við hann. Og við getum treyst því í hvívetna að Jehóva meti mikils það sem þjónar hans gera til að sýna honum hollustu. (Hebr. 6:10, 11) Höfum líka hugfast að við getum leitað til hans „sem heyrir bænir“ í trausti þess að hann gefi gaum að áhyggjum okkar. (Sálm. 65:3) „Faðir miskunnsemdanna og Guð allrar huggunar“ veitir okkur óspart þann stuðning sem við þurfum tilfinningalega og í trúnni. Stundum notar hann trúsystkini okkar til þess. (2. Kor. 1:3) Jehóva er snortinn þegar við sýnum öðrum umhyggju. (Matt. 6:3, 4) Og hann lofar að umbuna okkur góðvildina. *w16.12 4:13, 14*

Þriðjudagur 24. júlí

„Þar sem andi Drottins er, þar er frelsi.“ – 2. Kor. 3:17.

Þegar Jesús var á jörðinni kaus hann að hafna freistingum Satans. (Matt. 4:10) Kvöldið áður en hann dó sagði hann föður sínum í bæn að hann væri staðráðinn í að gera vilja hans: „Faðir, ef þú vilt, þá tak þennan kaleik frá mér! En verði þó ekki minn heldur þinn vilji.“ (Lúk. 22:42) Við skulum líkja eftir Jesú og nota frelsi okkar til að heiðra Jehóva og gera vilja hans. Getum við það? Já, við getum líkt eftir Jesú af því að við erum sköpuð eftir mynd Guðs, rétt eins og hann. (1. Mós. 1:26) Við höfum hins vegar ekki ótakmarkað frelsi eins og Jehóva. Biblían útskýrir að frelsi okkar séu takmörk sett og að við verðum að viðurkenna þau mörk sem Jehóva setur okkur. Eiginkonur þurfa til dæmis að vera eiginnönnnum sínum undirgefnar og börn foreldrum sínum. – Ef. 5:22; 6:1. *17.01 2:4, 5*

Miðvikudagur 25. júlí

Ég segi ykkur öllum: Enginn hugsi hærra um sjálfan sig en hugsa ber. – Róm. 12:3.

Við lifum á spennandi tímum. Jarðneskur hluti safnaðar Jehóva vex og þroskast á mörgum sviðum en þessi vöxtur kallar á breytingar. Sumar af þessum breytingum snerta okkur beint og við þurfum því að vera auðmjúk og einbeita okkur að vilja Jehóva framfar okkar eigin. Þannig stuðlum við að einingu. Páll skrifaði kristnum mönnum í Róm: „Við höfum á einum líkama marga limi en limirnir hafa ekki allir sama starfa. Eins erum við, þótt mörg séum, einn líkami í Kristi en hvert um sig annars limir.“

(Róm. 12:4, 5) Við skulum öll styðja starf Guðsríkis með ráðum og dáð, sama hverjar aðstæður okkar eru. Þið sem eldri eruð, búið hina yngri undir að vinna þau verk sem þið vinnið nú. Þið sem yngri eruð, verið fúsir til að taka á ykkur ábyrgð, verið högværir og berið virðingu fyrir þeim sem eldri eru. Og þið eiginkonur, líkið eftir Priskillu, eiginkonu Akvílasar, sem fylgdi Akvílasi og studdi hann trúfastlega þegar aðstæður þeirra breyttust. – Post. 18:2. *17.01 5:15, 16*

Fimmtudagur 26. júlí

Ég er smæstur. – Dóm. 6:15.

Gídeon viðurkenndi fúslega að hann væri hvorki merkilegur sjálfur né kæmi af merkilegri ætt. Þegar hann þáði verkefnið sem Jehóva fól honum gekk hann úr skugga um að hann skildi vel til hvers var ætlast af honum og leitaði leiðsagnar Jehóva. (Dóm. 6:36-40) Gídeon var sterkur og hugrakkur en sýndi samt varfærni og kænsku. (Dóm. 6:11, 27) Hann nýtti sér ekki stöðu sína til að láta upphefja sig. Í staðinn sneri hann aftur heim um leið og hann hafði lokið því sem Jehóva hafði falið honum. (Dóm. 8:22, 23, 29) Að vera högvær þýðir ekki að við ættum aldrei að sækjast eftir eða þiggja verkefni í þjónustu Jehóva. Biblían hvetur okkur öll til að taka framförum. (1. Tím. 4:13-15) En þurfum við alltaf að fá nýtt verkefni til að geta gert það? Ekki endilega. Jehóva getur hjálpað okkur að taka framförum í þjónustunni við sig, sama hvaða verkefni við sinnum þá stundina. Við getum stöðugt reynt að bæta hæfileikana sem Jehóva hefur gefið okkur og þannig orðið færari í að þjóna honum og hjálpa öðrum. *17.01 3:15, 16*

Föstudagur 27. júlí

„Guð hefur sent einkason sinn í heiminn til þess að hann skyldi veita okkur nýtt líf.“ – 1. Jóh. 4:9.

Jehóva lagði mikið í sölurnar til að greiða lausnargjaldið. (1. Pét. 1:19) Mannkynið er honum svo mikils virði að hann var tilbúinn til að láta einkason sinn deyja fyrir okkur. Í vissum skilningi kemur Jesús í stað Adams, föður mannkyns. (1. Kor. 15:45) Þar með gefur Jesús mönnunum ekki aðeins líf heldur líka tækifæri til að snúa aftur til fjölskyldu Guðs þegar þar að kemur. Vegna fórnar Jesú getur Jehóva tekið mennina aftur inn í fjölskyldu sína án þess að hvika frá réttlæti sínu. Er ekki dásamlegt að hugsa til þess tíma þegar allir sem eru Guði trúir verða fullkomnir? Fjölskylda Guðs á himni og jörð verður þá fullkomlega sameinuð. Þá verðum við öll börn Guðs í fyllsta skilningi þess orðs. (Rómv. 8:21) Við erum Jehóva innilega þakklát fyrir lausnarfórnina. Það ætti að vera okkur hvöt til að gera allt sem við getum til að segja öðrum frá hvernig þeir geta notið góðs af þessari verðmætu gjöf. *ψ17.02 1:17, 19*

Laugardagur 28. júlí

„Hver er sá trúí og hyggni þjónn?“ – Matt. 24:45.

Í *Varðturninum* 15. júlí 2013 var útskýrt að „hinn trúí og hyggni þjónn“ væri fámennur hópur andasmurðra bræðra sem myndar hið stjórnandi ráð. Bræðurnir í ráðinu taka mikilvægar ákvarðanir í sameiningu. Hvernig gera þeir það? Þeir funda vikulega, en það stuðlar að einingu og nánnum samskiptum. (Orðskv. 20:18) Þeir skiptast á að vera fund-

arstjórar á þessum fundum eitt ár í senn þar sem enginn þeirra er talinn mikilvægari en annar. (1. Pét. 5:1) Sami háttur er hafður á í hinum sex nefndum ráðsins. Enginn bræðranna í hinu stjórnandi ráði lítur á sig sem leiðtoga trússystkina sinna heldur sem „hjú“ sem þiggur andlega fæðu og lagar sig að leiðbeiningum trúa og hyggna þjónsins. Hið stjórnandi ráð fær ekki innblástur heilags anda og er ekki ósæukult. Það getur því gert mistök þegar það útskýrir kenningarleg atriði eða leiðbeinir söfnuðinum. *ψ17.02 4:10-12*

Sunnudagur 29. júlí

Guð þyrmdi ekki sínum eigin syni heldur framseldi hann fyrir okkur öll. – Rómv. 8:32.

Við getum sýnt að við séum þakklát fyrir lausnarfórnina með því að trúa á hana, vígjast Jehóva og skírast. Skírinn sýnir að við tilheyrum Jehóva. (Rómv. 14:8) Kærleikur Jehóva stýrir öllu sem hann gerir og hann vill að allir tilbiðjendur sínir líki eftir sér. (1. Jóh. 4:8-11) Við sýnum að við þráum að vera „börn föður okkar á himnum“ með því að elska náungann. (Matt. 5:43-48) Boðorðið um að elska náungann er næstæðsta boðorðið. Hið æðsta er að elska Guð. (Matt. 22:37-40) Við sýnum að við elskum aðra með því að hlýða þeim fyrirmælum Jesú að boða fagnaðarerindið um ríki Guðs. Við endurspeglum dýrð hans þegar við sýnum öðrum kærleika. Ef við hlýðum boðinu um að elska hvert annað, einkum trússystkini okkar, verður kærleikur Guðs „fullkomnaður í okkur“. – 1. Jóh. 4:12, 20. *ψ17.02 2:13, 14*

Mánudagur 30. júlí

*Ef Jehóva er Guð, fylgið honum.
En ef Baal er Guð, þá fylgið
honum. – 1. Kon. 18:21.*

Líklega finnst þér þetta hafa verið auðveld ákvörðun því að það er alltaf viturlegt og til góðs að þjóna Jehóva. Enginn skynsamur maður hefði átt að laðast að Baal eða vilja tilbiðja hann. Engu að síður, höltruðu Ísraelsmenn til beggja hliða. Elía hvatti þá til að vera skynsamir og velja góða kostinn – að tilbiðja Jehóva. Hvers vegna ætli það hafi verið svona erfitt fyrir Ísraelsmenn að taka skynsamlega ákvörðun? Í fyrsta lagi höfðu þeir nánast glatað trúnni á Jehóva og hlustuðu ekki á hann. Þeir höfðu ekki aflað sér þekkingar eða visku frá Jehóva og treystu honum ekki. Ef þeir hefðu búið yfir nákvæmri þekkingu hefði það hjálpað þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir. (Sálm. 25:12) Í öðru lagi tilbáðu íbúar landsins ekki Jehóva og þeir höfðu áhrif á hugsunarhátt Ísraelsmanna. Það varð til þess að Ísraelsmenn fóru að fylgja fjöldanum og tilbiðja falsguði. Jehóva hafði löngu áður varað þá við þessari hættu. – 2. Mós. 23:2. *17.03 2:6, 7*

Þriðjudagur 31. júlí

*Hiskía braut eirorminn sem Móse
hafði gert. – 2. Kon. 18:4.*

Þegar þú hugleiðir ævi Hiskía gætirðu komið auga á eitthvað sem þú þarft að segja skilið við af því að það skyggir á samband þitt við Jehóva eða beinir athygli þinni frá sannri tilbeiðslu. Við viljum auðvitað ekki líkja eftir fólki á samfélagsmiðlum sem upphefur annað fólk og dýrkar það. Sumum vottum finnst reyndar gott að nota slíka miðla til að eiga samskipti við ættingja eða

nána vini. Margir í heiminum nota samfélagsmiðla hins vegar í óhöfi og „fylgja“ fólki sem þeir þekkja ekki einu sinni. Sumir eyða miklum tíma í að skoða myndir af þessu fólki eða lesa um það. Það er viss hættu á því að maður láti það sem kalla mátti hégóma gagntaka sig. Þjónn Guðs gæti jafnvel orðið montinn af því hve margir „læka“ færslurnar hans og móðgast ef einhverjir hætta að fylgja honum. Við getum spurt okkur: Varast ég að upphefja annað fólk eða eyða miklum og verðmætum tíma í ómerkilega hluti? – Ef. 5:15, 16. *17.03 3:14, 17*

Miðvikudagur 1. ágúst

*„Þolgaðið á að birtast í því sem
þið gerið, til þess að þið séuð full-
komin og alger og ykkur sé í engu
ábótavant.“ – Jak. 1:4.*

Orrustan var lýjandi. Hermenn Gídeons dómara höfðu veitt óvinunum eftirfær rúmlega 30 kílómetra leið. Ísraelsmenn vissu að þeir máttu ekki láta deigan síga. Þeir „ráku því flóttann“ og sigrðu Midíaníta. (Dóm. 7:22; 8:4, 10, 28) Við eigum líka í erfiðu og þreytandi stríði. Óvinir okkar eru meðal annars Satan, heimurinn og okkar eigin ófullkomleiki. Sum okkar hafa barist áratugum saman, og með hjálp Jehóva höfum við unnid marga sígra. En stundum verðum við þreytt á að berjast við óvini okkar og bíða eftir að þessi heimur taki enda. Við höfum ekki unnid fullnaðarsigur enn. Jesús benti á að við sem yrðum uppi á síðustu dögum þyrftum að þola erfiðar prófraunir og grimmilegar ofsóknir. En hann bætti við að við þyrftum að vera þolgóð til að ganga með sigur af hólmi. – Lúk. 21:19. *16.04 2:1, 2*

Fimmtudagur 2. ágúst

„Þau ræktu trúlega uppfræðslu postulanna og samfélagið.“

– Post. 2:42.

Jehóva kennir okkur á samkomunum og notar til þess orð sitt, Biblíuna. (Jes. 30:20, 21) Jafnvel fólk utan safnaðarins, sem sækir samkomur okkar, getur dregið þessa ályktun: „Guð er sannarlega hjá ykkur.“ (1. Kor. 14:23-25) Jehóva blessar samkomurnar með heilögum anda sínum og það sem við lærum þar kemur frá honum. Þegar við sækjum þar hlustum við því á rödd Jehóva og finnum fyrir ástrikri umhyggju hans, og þannig nálægjum við okkur honum. Jesús sagði: „Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra.“ (Matt. 18:20) Jesús er höfuð safnaðarins og „gengur á milli“ safnaða þjóna Guðs. (Opinb. 1:20–2:1) Hugsaðu þér! Jehóva og Jesús eiga virkan þátt í að styrkja okkur á samkomum. Hvernig heldurðu að Jehóva líði þegar hann sér hve mikið við leggjum á okkur til að nálægja okkur honum og syni hans? *w16.04 3:13, 14*

Föstudagur 3. ágúst

„Vertu ekki auðreittur til reiði.“

– Préd. 7:9.

Systir nokkur heilsaði tveim bræðrum en öðrum þeirra fannst óviðeigandi hvernig hún gerði það. Þegar bræðurnir voru einir tók þessi bróðir að gagnrýna systurina fyrir orð hennar. Hinn bróðirinn minnti hann þá á að hún hefði þjónað Jehóva dyggilega við erfiðar aðstæður í 40 ár. Hann sagðist vera fullviss um að hún hefði ekki meint neitt illt. Eftir að hafa hugsað sig um smástund svaraði móðg-

aði bróðirinn: „Það er satt hjá þér,“ og gerði ekki meira úr málinu. Hvað má læra af þessu atviki? Við ráðum því sjálf hvernig við bregðumst við þegar gæti verið tilefni til að móðgast. Það er kærleiksríkt að breiða yfir minni háttar bresti annarra. (Orðskv. 10:12; 1. Pét. 4:8) Jehóva kallar það „sæmd að láta rangsleitni ekki á sig fá“. (Orðskv. 19:11) Ef þér finnst einhver vera óvingjarnlegur við þig eða sýna þér óvirðingu ættirðu að byrja á að spyrja þig hvort þú getir leitt það hjá þér. Þarftu virkilega að gera mál úr því? *w16.05 1:8, 9*

Laugardagur 4. ágúst

„Það er Guð sem verkar í ykkur bæði að vilja og að framkvæma.“

– Fil. 2:13.

Hverjir boða fagnaðarerindið um ríkið nú á dögum? Við getum sagt með fullri sannfæringu að það séu Vottar Jehóva. Hvers vegna getum við verið svona viss um það? Vegna þess að við boðum *rétta boðskapinn*, fagnaðarerindið um ríkið. Við notum líka *rétta aðferðirnar* með því að fara til fólks. Við boðum af *röttum hvötum* – af kærleika en ekki í hagnaðarskyni. Og boðun okkar er sú *umfangsmesta* sem þekkist því að hún nær til fólks af öllum þjóðum og tungum. Og við *höldum áfram* að vinna þetta starf ár eftir ár þangað til endirinn kemur. Það er stórkostlegt að sjá hverju þjónar Guðs áorka á þessum spennandi tímum sem við lifum. En hvað gerir þeim þetta kleift? Páll postuli svarar því í versí dagsins. Megi Jehóva halda áfram að gefa okkur kraft til að gera okkar allra besta og fullna þjónustu okkar. – 2. Tím. 4:5. *w16.05 2:17, 18*

Sunnudagur 5. ágúst

*„Hafið andstyggð á hinu vonða
en haldið fast við hið góða.“*

– Róm. 12:9.

Með því að kjósa að gera vilja Guðs og leggja hart að okkur til þess sýnum við hve heitt við elskum hann og þráum að þóknast honum. Við sýnum líka að við styðjum drottinvald hans. Satan hefur véfengt að Jehóva sé réttmætur drottinn alheims. Faðir okkar á himnum er góðviljaður og þakklátur og það er honum mikils virði að við skulum fúslega leggja mikið á okkur til að styðja drottinvald hans. (Job. 2:3-5; Orðskv. 27:11) Jehóva gæti séð til þess að við þyrftum ekki að leggja neitt á okkur til að berjast gegn röngum tilhneigingum og þóknast honum. En þá væri ósköp merkingarlítið að segjast styðja drottinvald hans og vera honum trúur. Þess vegna segir Jehóva okkur að „leggja alla stund á“ að þroska með okkur kristna eiginleika. (2. Pét. 1:5-7; Kól. 3:12) Hann ætlast til þess að við gerum okkar ýtrasta til að hafa stjórn á hugsunum okkar og tilfinningum. (Róm. 8:5) Þegar við gerum það og okkur tekst að bæta okkur með hjálp Biblíunnar veitir það okkur mikla ánægju. *w16.05 4:12, 13*

Mánudagur 6. ágúst

Drottinn, þú hefur mótað oss.

– Jes. 64:7.

Jehóva veit hvers konar „leir“ hann hefur í höndunum og mótar hann eftir því. (Sálm. 103:10-14) Hann hugsar um okkur sem einstaklinga og tekur tillit til veikleika okkar, takmarka og trúarþroska. Við getum lært af Jesú hvernig Jehóva lítur á ófullkomna þjóna sína.

Stundum deildu postularnir hart um það hver væri mestur. Hvernig hefðir þú litið á þá? Sem hógværa og sveigjanlega? Jesús var ekki neikvæður í garð þeirra. Hann leiðbeindi þeim mildilega og með þolinmæði og var þeim góð fyrirmynd með því að vera auðmjúkur. Hann vissi að þannig væri hægt að móta þá. (Mark. 9:33-37; 10:37, 41-45; Lúk. 22:24-27) Eftir að Jesús var reistur upp og heilögum anda úthellt einbeittu postularnir sér að verkinu sem þeim hafði verið falið en ekki að stöðu sinni og frama. – Post. 5:42. *w16.06 1:10*

Þriðjudagur 7. ágúst

„Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn.“ – 5. Mós. 6:4.

Það er enginn sannur eða raunverulegur Guð til nema Jehóva. Enginn guð jafnast á við hann. (2. Sam. 7:22) Móse var því að minna Ísraelsmenn á að þeir ættu aðeins að tilbiðja Jehóva. Þeir áttu ekki að fylgja þjóðunum í kring sem tilbáðu ýmsa guði og gyðjur. Litið var svo á að sumir þessara falsguða hefðu vald yfir ákveðnum hlutum náttúrunnar. Aðrir mynduðu guðaeiningar ásamt öðrum guðum. Egyptar tilbáðu til dæmis sólguðinn Ra, himingyðjuna Nut, jarðguðinn Geb, Nílarguðinn Hapi og fjöldann allan af heilögum dýrum. Jehóva veitti mörgum þessara falsguða þungt högg með plágunum tíu. Aðalguð Kanverja var frjósamigúðinn Baal en hann var einnig talinn vera himin-, regn- og óveðursguð. Viða var Baal einnig álitinn verndarguð. (4. Mós. 25:3) Ísraelsmenn þurftu að muna að Guð þeirra, hinn sanni Guð, „er einn“, Jehóva. – 5. Mós. 4:35, 39. *w16.06 3:4, 5*

Miðvikudagur 8. ágúst

„Kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ – Matt. 28:20.

Jesús hafði góða og gilda ástæðu til að treysta Jehóva og þjónum hans. Það er hreint með ólíkindum hverju Jehóva áorkar núna á síðustu dögum fyrir atbeina þjóna sinna. Hann hjálpar þeim að boða sannleikann um heim allan. Engir aðrir geta gert það því að þeir njóta ekki leiðsagnar Jehóva. Í Jesaja 65:14 er andlegri velmegun þjóna Guðs lýst. Þar segir: „Þjónar mínir munu hrópa af glöðu hjarta.“ Þjónar Jehóva fagna yfir því góða sem þeir geta gert með hjálp hans og leiðsögn. En fólk í heimi Satans kveinar, ef svo má að orði komast, þegar það sér hvernig ástandið í heiminum versnar. Við verðum að vera Jehóva trú og fylgja leiðsögn hans. *W16.06 4:10-12*

Fimmtudagur 9. ágúst

„Vakið.“ – Matt. 25:13.

Við getum dregið lærdóm af varðmönnum sem gættu borga endur fyrir löngu. Margar stórar borgir á þeim tíma, eins og til dæmis Jerúsalem, voru umkringdar háum múrum sem vernduðu borgina fyrir innrásum óvina. Af múrnum höfðu varðmenn góða yfirsýn yfir landið í kring. Dag og nótt stóðu þeir vörð, bæði þar og við borgarhliðin, og höfðu það hlutverk að vara borgarbúa við aðsteðjandi hættu. (Jes. 62:6) Það var um líf og dauða að tefla að varðmennirnir væru vakandi og

eftirtektarsamir hver á sínum stað. (Esek. 33:6) Jósefus, sem skráði sögu Gyðinga, segir frá því að árið 70 hafi rómverskur her tekið Antóníusarturn sem lá að borgarmúr Jerúsalem. Þeim tókst það vegna þess að verðirnir við hliðin voru sofandi. Síðan réðust Rómverjar inn í musterið og kveiktu í því. Þannig lauk mestu þrengingu sem gengið hafði yfir Jerúsalem og Gyðinga sem þjóð. *W16.07 2:2, 7, 8*

Föstudagur 10. ágúst

„Hafið gát á ykkur að þið látið eigi dragast með af villu þverbrotninna manna og fallið frá staðfestu ykkar.“ – 2. Pét. 3:17.

Þó að einstök góðvild Jehóva hafi margs konar blessun í för með sér megum við ekki vera svo ósvífín að ætlast til að hann fyrirgefi hvað sem er. Sumir frumkristnir menn reyndu að „misnota náð Guðs ... til taumleysis“. (Júd. 4) Þetta ótrúa fólk hélt greinilega að það gæti syndgað og síðan gengið að því sem gefnum hlut að Jehóva fyrirgefni. Ekki bætti úr skák að það reyndi að tæla trússystemi sín til að líkja eftir skammarlegri hegðun sinni. Hver sem gerir eitt hvað þessu líkt „smámar anda náðarinnar“. (Hebr. 10:29) Satan hefur talið sumum í söfnuðinum trú um að þeir geti notfært sér miskunn Guðs og syndgað án þess að fá refsingu. Jehóva er vissulega fús til að fyrirgefa iðrandi syndurum. Hann ætlast hins vegar til þess að við berjumst af krafti gegn syndugum tilhneigingum okkar. *W16.07 3:16, 17*

Laugardagur 11. ágúst

„Sá sem skilur við konu sína, nema sakir hördóms, og kvænist annarri drygír hór.“ – Matt. 19:9.

Ef hjón skilja samkvæmt lögum af öðrum ástæðum en vegna framhjálds eru þau ekki frjáls að giftast aftur. Saklaus maki getur auðvitað kosið að fyrirgefa maka sínum sem hefur framið hjúskaparbrott en iðrast, rétt eins og Hósea spámaður fyrirgaf Gómer, eiginkonu sinni. Jehóva sýndi Ísraelsþjóðinni miskunn með svipuðum hætti þegar hún iðraðist eftir að hafa framið hjúskaparbrott í andlegum skilningi. (Hós. 3:1-5) Við þetta má bæta að ef einhver veit að maki hans hefur framið hjúskaparbrott og kys að eiga við hann kynmök jafngildir það fyrirgefningu, og þá er ekki lengur biblíulegur grundvöllur fyrir skilnaði. Eftir að Jesús hafði sagt orðin í vers dagsins ræddi hann um þá „sem það er gefið“ að vera einhleypir. Hann sagði: „Sá höndli sem höndlað fær.“ (Matt. 19:10-12) Margir hafa kosið að vera einhleypir til að geta þjónað Jehóva með óskiptri athygli. Þeir eiga hrós skilið. *w16.08 1:15, 16*

Sunnudagur 12. ágúst

Finnið og sjáið að Drottinn er góður, sæll er sá maður sem leitar hælís hjá honum. Þeir sem óttast hann líða engan skort.
– *Sálm. 34:9, 10.*

Ungt fólk hefur krafta til að áorka miklu í þjónustu Jehóva. (Orðskv. 20:29) Ungir bræður og systur, sem starfa á Betel, taka sum hver þátt í að prenta og binda inn biblíur og biblíutengd rit. Margt ungt fólk í söfnuðinum leggur hönd á plóginn við að byggja ríkissali og viðhalda þeim. Þegar náttúruhamfarir verða

er algengt að ungt fólk leggi reyndum vottum lið við hjálparstarfið. Og margir ungir brautryðjendur flytja frumbyggjum og erlendum málhópum fagnaðarerindið. Sálmaskáldið orti: „Þeir er leita Drottins fara einskis góðs á mis.“ (Sálm. 34:11) Jehóva veldur þeim aldrei vonbrigðum sem þjóna honum af kappi. Við „finnum og sjáum að Jehóva er góður“ þegar við gerum allt sem við getum í þjónustu hans. Og þegar við tilbiðjum Jehóva af heilum hug njótum við gleði sem á engan sinn líka. *w16.08 3:5, 8*

Mánudagur 13. ágúst

„Ykkur hjálpa ég, nú verðið þið til blessunar. Óttist ekki, verið hughraustar.“ – Sak. 8:13.

Jehóva er bæði fús til að styrkja okkur með heilögum anda sínum og fær um það. (1. Kron. 29:12) Við þurfum að nýta okkur anda hans til að standast hverja raun sem Satan og illur heimur hans leggur á okkur. (Sálm. 18:40; 1. Kor. 10:13) Og við megum vera þakklát fyrir Biblíuna sem er innblásin af heilögum anda. Hugsaðu þér alla andlegu fæðuna sem við fáum í hverjum mánuði og er sótt í Biblíuna. Meðan Gyðingar voru að endurreisa musterið í Jerúsalem fengu þeir hvatninguna sem er að finna í Sakaríá 8:9, 13. Þessi orð eiga fullt erindi til okkar líka. Guð styrkir okkur einnig með fræðslu á safnaðarsamkomum, mótum og í skólum sem söfnuðurinn starfrækir. Hún getur hjálpað okkur að hafa rétt hugarfar, setja okkur markmið í þjónustunni og rækja þær mörgu skyldur sem hvíla á kristnum mönnum. (Sálm. 119:32) Gerirðu allt sem þú getur til að sækja styrk í þessa fræðslu? *w16.09 1:10, 11*

Þriðjudagur 14. ágúst

*Lærið að skilja hver sé vilji Guðs,
hið góða, fagra og fullkomna.
– Rómv. 12:2.*

Í Móselögunum kom fram að Jehóva hafði megna óbeitt á að karlar og konur klæddust þannig að munurinn á kynjunum yrði ógreinilegur. (5. Mós. 22:5) Fyrirmæli Guðs um klæðaburð bera greinilega með sér að það er honum ekki að skapi að karlar líkist konum í klæðaburði, konur líkist körlum eða að það sé erfitt að gera greinarmun á körlum og konum. Biblían hefur að geyma meginreglur sem gera kristnum mönnum kleift að taka skynsamlegar ákvarðanir um klæðaburð. Þessar meginreglur eiga við hvar sem þeir búa, og eru óháðar menningu og loftslagi. Við þurfum ekki langan lista yfir hverju megi klæðast og hverju ekki. Við höfum öllu heldur að leiðarljósi meginreglur í Biblíunni sem gefa hverjum og einum svigrúm til að velja sér fót eftir eigin smekk. *W16.09* 3:3, 4

Miðvikudagur 15. ágúst

*Allir lærisveinarnir yfirgáfu Jesú
og flýðu. – Mark. 14:50.*

Hugleiðum hve hugrakkir og heiðarlegir ritarar Biblíunnar voru. Margir sagnaritarar til forna upphófu leiðtoga sína og dásömuðu ríki sín. Spámenn Jehóva sögðu hins vegar alltaf sannleikann. Þeir sögðu frá því slæma sem landar þeirra og jafnvel konungar þeirra gerðu. (2. Kron. 16:9, 10; 24:18-22) Þeir sögðu líka hreinskilnislega frá eigin mistökum og afglöpum annarra þjóna Guðs. (2. Sam. 12:1-14)

Meginreglur Biblíunnar hafa sannfært marga um að hún sé innblásin af Guði. (Sálm. 19:8-12) Þær vernda okkur gegn falsguðadýrkun og hjátrú sem heldur mörgum í heljargreipum. (Sálm. 115:3-8) Kenningar eins og þróunarkenningin gera náttúruna að eins konar guði og eigna henni mátt sem Jehóva einn býr yfir. Þeir sem segja að Guð sé ekki til halda því fram að framtíðin sé að öllu leyti undir sjálfum okkur komin, en í því er enga von um betri framtíð að finna. – Sálm. 146:3, 4. *W16.09* 4:10, 11

Fimmtudagur 16. ágúst

*„Ávítíð hana ekki þó að hún tíni
innan um kornknippin.“
– Rut. 2:15.*

Bóas lét sér annt um Rut og bága stöðu hennar sem útlendinga. Hann bauð henni að halda sig nálægt stúlkunum hans til að vinnu-mennirnir ömuðust ekki við henni. Hann sá jafnvel um að hún fengi nóg að borða og drekka, rétt eins og vinnufólkið. Bóas talaði ekki niður til þessarar fátæku útlendu konu heldur hughreysti hana. (Rut. 2:8-10, 13, 14) Bóas hreifst bæði af því að Rut skyldi sýna Naomí, tengdamóður sinni, óeigin-gjarnan kærleika og að hún skyldi vera farin að tilbiðja Jehóva. Góðvild Bóasar endurspegladi kærleika Jehóva til þessarar konu sem var komin til að leita verndar undir vængjum hans. (Rut. 2:12, 20; Orðskv. 19:17) Með því að sýna góðvild getum við hjálpað alls konar fólki að kynnast sannleikanum og skynja hve heitt Jehóva elskar það. – 1. Tím. 2:3, 4. *W16.10* 1:10-12

Föstudagur 17. ágúst

„Ég leitaði Drottins og hann svaraði mér, frelsaði mig frá öllu sem ég hræddist.“ – Sál. 34:5.

Við getum líka úthellt áhyggjum okkar fyrir Jehóva, vitandi að hann hlustar á bænir okkar og styrkir okkur þannig að við getum haldið út með gleði. Þegar við fáum svör við bænum okkar styrkist trú okkar. (1. Jóh. 5:14, 15) Þar sem trú er hluti af ávexti andans þurfum við að vera dugleg að biðja um anda Guðs eins og Jesús hvatti okkur til. (Lúk. 11:9, 13) Þegar við biðjum til Jehóva ættum við ekki aðeins að biðja hann um hjálp fyrir sjálf okkur. Við getum þakkað honum og lofað hann á hverjum degi fyrir „máttarverk hans“ sem eru „fleiri en tölu verði á komið“. (Sál. 40:6) Í bæn-um okkar ættum við líka að minnst þeirra sem eru í fangelsi, rétt eins og „við værum sambandingjar þeirra“. Við ættum líka að biðja fyrir trússystkinum okkar um allan heim, ekki síst þeim sem fara með forystuna. Það snertir hjörtu okkar að sjá hvernig Jehóva svarar bæn-um okkar. – Hebr. 13:3, 7. *W16.10* 3:8, 9

Laugardagur 18. ágúst

Þið eruð hólpin orðin fyrir trú. Þetta er ekki ykkur að þakka. Það er Guðs gjöf. – Ef. 2:8.

Þjónar Guðs nú á tímum sýna að þeir trúa á ríki Guðs sem er stofnsett á himnum. Þar af leiðandi búa nú yfir átta milljónir bræðra og systra um allan heim í andlegri paradís. Innan hennar er ávöxtur andans sýndur í ríkum mæli. (Gal. 5:22, 23) Þetta er augljóst merki um sanna kristna trú og kærleik. Enginn maður hefði getað komið þessu

til leiðar. Það er aðeins á valdi Jehóva. Þessi eining er honum „til dýrðar, ævarandi tákn sem aldrei skal afmáð“. (Jes. 55:13) Andlega paradísinn mun halda áfram að vaxa og dafna þar til öll jörðin er orðin full af fólki sem er fullkomið, réttlátt og hamingjusamt. Það verður nafni Jehóva til dýrðar um alla eilífu. Við skulum fyrir alla muni halda áfram að trúa á loforð Jehóva. *W16.10* 4:18, 19

Sunnudagur 19. ágúst

„Nokkur meðal ykkar slæpast.“ – 2. Þess. 3:11.

Við þurfum að fylgja þeim biblíulegu leiðbeiningum sem við fáum frá öldungunum. Tökum sem dæmi leiðbeiningar Páls varðandi iðjulausa í söfnuðinum. Sumir „gáfu sig alla að því sem þeim kom eigi við“. Öldungarnir hafa greinilega áminnt þá en þeir hunsuðu leiðbeiningarnar. Hvernig átti söfnuðurinn að koma fram við slíkt fólk? Páll gaf þessi fyrirmæli: „Merkið yður þann mann. Hafið ekkert samfélag við hann.“ Þessum leiðbeiningum fylgdi þó sú viðvörðun að koma ekki fram við slíkt fólk sem óvini. (2. Þess. 3:11-15, *Biblían* 1981) Nú á tímum gætu öldungar flutt ræðu til að vara söfnuðinn við hegðun einhvers sem gefur slæma mynd af söfnuðinum, svo sem að eiga kærasta eða kærustu sem er ekki vottur Jehóva. (1. Kor. 7:39) Hvernig bregstu við ráðleggingum þeirra? Ef þú þekkir til þeirra aðstæðna sem lýst er í ræðunni, gætirðu þess þá að forðast félagsleg samskipti við slíkan einstakling? Umhyggjusemi þín og staðfesta gæti verið honum hvatning til að segja skilið við ranga hegðun. *W16.11* 2:13

Mánudagur 20. ágúst

„Úr hópi sjálfra ykkar munu koma menn sem flytja rangsnúna kenningu til að tæla lærisveinana á eftir sér.“ – Post. 20:30.

Þúsundir Gyðinga og trúskiptinga voru smurðar heilögum anda á hvítasunnu árið 33. Þessir nýkristnu menn urðu „útvalin kynslóð, konunglegur prestdómur, heilög þjóð, eignarlýður“. (1. Pét. 2:9, 10) Postularnir gættu kristnu safnaðanna vel meðan þeir lifðu. En þegar fram liðu stundir, ekki síst eftir að postularnir dóu, tóku sumir í söfnuðunum að flytja „rangsnúna kenningu til að tæla lærisveinana á eftir sér“. (2. Þess. 2:6-8) Margir þessara manna gegndu ábyrgðarstörfum í söfnuðinum. Þeir voru umsjónarmenn og síðar „biskupar“. Prestastétt var tekin að myndast þó að Jesús hefði sagt við fylgjendur sína að þeir væru allir bræður. (Matt. 23:8) Virtir menn í söfnuðinum, sem hrifust af heimspeki Aristótelesar og Platóns, komu með falskar trúarhugmyndir inn í söfnuðinn og ýttu smám saman til hliðar hinum hreina sannleika Biblíunnar. *16.11 4:8*

Þriðjudagur 21. ágúst

Látið ekki syndina ríkja í dauðlegum líkama ykkar. – Róm. 6:12.

Við syndguðum oft áður en við urðum kristin, ef til vill án þess að gera okkur grein fyrir að við vorum að gera rangt í augum Guðs. Við létum „limina þræla fyrir óhrein öfl og siðleysi“. Það má orða það þannig að við höfum verið „þrælar syndarinnar“. (Róm. 6:19, 20) Síðan kynntumst við sannleika Biblíunnar, breyttum lífernir okkar, vígðumst Guði

og létum skírast. Við vorum „leyst frá syndinni og bundin réttlætinu“. (Róm. 6:17, 18) Við getum þó „látið syndina ríkja“ með því að láta undan syndugum hugsunum og löngunum. Þar sem við getum „látið“ syndina ríkja eða neitað að láta hana ríkja er gott að spyrja sig: Hvað vil ég innst inni? Leyfi ég að rangar hugsanir eða langanir verði svo sterkar að ég geri rangt? Eða er ég dáinn syndinni? Málið snýst um það hve þakklát við erum Guði fyrir að sýna okkur einstaka góðvild og fyrirgefa okkur. *16.12 1:11, 12*

Miðvikudagur 22. ágúst

Hyggja andans er líf og friður. – Róm. 8:6.

Hugarfriður birtist meðal annars í því að við reynum að stuðla að friði í fjölskyldunni og í söfnuðinum. Við gerum okkur grein fyrir að við og trússystkini okkar erum ófullkomin. Þess vegna getur stundum komið upp ósætti og ef það gerist reynum við að fylgja ráðum Jesú en hann hvatti okkur til að „sættast við bróður okkar“. (Matt. 5:24) Það er auðveldara að fylgja þessu ráði ef við höfum hugfast að bróðir okkar eða systir þjónar „Guði friðarins“ eins og við. (Róm. 15:33; 16:20) Ef við höfum hugann við það sem andinn vill hefur það líka í för með sér að við eigum frið við Guð. Það er ómetanlegt. Jesaja bendir á að Guð launi þeim sem treysta honum. Hann segir: „Þú [Jehóva] veitir ævarandi frið, því að þeir treysta á þig.“ Þessi orð áttu við á dögum Jesaja en rætast í enn fyllri mæli á okkar dögum. – Jes. 26:3, *Biblían 1981; Róm. 5:1. 16.12 2:5, 18, 19*

Fimmtudagur 23. ágúst

„Verið ávallt glöð í Drottni.“

– Fil. 4:4.

Jehóva blessar þjóna sína, jafnvel nú á þessum síðustu og myrku dögum í heimi Satans. Hann sér til þess að sannir tilbiðjendur sínir dafni í andlegu paradísinni þar sem þeir njóta andlegra gaða sem aldrei fyrr. (Jes. 54:13) Eins og Jesús lofaði umbunar Jehóva okkur *núna* með því að leyfa okkur að tilheyra kærleiksrikri fjölskyldu andlegra bræðra og systra sem búa um allan heim. (Mark. 10:29, 30) Að auki umbunar Jehóva þeim sem leita hans í einlægni með þeirri óviðjafnanlegu blessun að hljóta innri frið, lífsfyllingu og hamingju. (Fil. 4:5-7) Þú mátt vera viss um að þegar þú hefur „gert vilja Guðs muntu öðlast fyrirheitið“. (Hebr. 10:35, 36) Hóldu þér því áfram að styrkja trúna og þjóna Jehóva af heilum huga. Við getum gert það fullviss um að hann umbuni okkur. – Kól. 3:23, 24. *17.01* 4:17, 20

Föstudagur 24. ágúst

„Þar sem andi Drottins er, þar er frelsi.“ – 2. Kor. 3:17.

Erum við frjáls í raun ef við megum bara nota frjálsa viljann innan ákveðins ramma? Já, það erum við. Hvernig er hægt að segja það? Það getur verndað fólk ef frelsi þess eru sett ákveðin takmörk. Tökum dæmi. Við getum ákveðið að aka til ákveðins bæjar langt í burtu. En hugsum okkur að það giltu engin umferðarlög á þjóðvegnum og að menn gætu ráðið sjálfir hve hratt þeir keyrðu og hvorum megin á veginum. Yrði þér óhætt í umferðinni? Auðvitað ekki. Ákveðin takmörk eru nauðsynleg til að allir geti búið við raun-

verulegt frelsi. Það er því til góðs fyrir okkur að Jehóva skuli setja frelsi okkar viss mörk. Frásagan af Adam styður það enn frekar. Hann hunsaði þau takmörk sem Guð hafði sett og borðaði af forboðna ávextinum. Þannig fór hann svívirðilega með frjálsa viljann og kallaði yfir afkomendur sína mikla kvöl og þjáningu um þúsundir ára. (Róm. 5:12) Munum hvaða afleiðingar ákvörðun Adams hafði. Það getur verið okkur hvöt til að nota frelsi okkar á ábyrgan hátt og virða þau mörk sem Jehóva setur. *17.01* 2:6, 8

Laugardagur 25. ágúst

Ég segi ykkur öllum: Enginn hugsar herra um sjálfan sig en hugsar ber.

– Róm. 12:3.

Sá sem er högvær gæti áttað sig á að hann sé ekki í stakk búinn til að taka að sér nýtt verkefni eftir að hafa beðið til Jehóva og velt málinu fyrir sér. Við gætum þurft að afþakka verkefni ef við erum högvær. En þegar við tökum að okkur nýtt verkefni ætti fordæmi Gideon að minna okkur á að við getum ekki leyst það vel af hendi nema við þiggjum leiðsögn Jehóva og hljótu blessun hans. Jehóva vill að við „þjónum sér í högværð“. (Mík. 6:8) Í hvert sinn, sem við tökum að okkur ný verkefni, þurfum við því að hugsa vandlega um það sem hann segir okkur í orði sínu og fyrir milligöngu safnaðarins. Við þurfum að læra að laga óstöðug skref okkar að traustri leiðsögn Jehóva. Munum að það er auðmýkt Jehóva sem „gerir okkur mikil“ en ekki eigin hæfileikar. (Sálm. 18:36, *Biblían* 1981) Þegar við þjónum Guði í högværð er það okkur hjálp til að meta sjálf okkur hvorki of lítills né of mikils. *17.01* 3:17, 18

Sunnudagur 26. ágúst

„Drottinn lætur erfiði ykkar ekki verða til ónýtis.“ – 1. Kor. 15:58.

Jesús vissi að þjónusta sín á jörð tæki enda og að aðrir myndu halda verki hans áfram. Hann bar traust til lærisveina sinna þó að þeir væru ófullkomnir og sagði þeim að þeir myndu gera meiri verk en hann sjálfur. (Jóh. 14:12) Hann þjáfaði þá vel og þeim tókst að boða fagnaðarerindið um allan þann heim sem þá var þekktur. (Kól. 1:23) Eftir að Jesús hafði fært líf sitt að fórn var hann reistur upp til himna þar sem honum voru falin fleiri verkefni ásamt valdi „ofar hverri tign og valdi og mætti, ofar öllum herradómi“. (Ef. 1:19-21) Ef við deyjum sem trúfastir þjónar Jehóva fyrir Harmagedón verðum við reist upp í réttlátum nýjum heimi þar sem fjölmörg ánægjuleg verkefni bíða okkar. En öll höfum við líka ákaflega mikilvægt verk að vinna núna – að boða fagnaðarerindið og gera fólk að lærisveinum. Megum við öll, hvort sem við erum ung eða gömul, vera „síauðug í verki Drottins“. w17.01 5:17, 18

Mánudagur 27. ágúst

„Ég, Drottinn, er ekki breyttur.“ – Mal. 3:6.

Lausnargjaldið hefur verið greitt fyrir fullt og allt. (Hebr. 9:24-26) Það gerir að engu fordæminguna sem við fengum í arf frá Adam. Svo er fórn Krists fyrir að þakka að við erum ekki þrælur þessa heims sem er á valdi Satans og óttumst ekki lengur dauðann. (Hebr. 2:14, 15) Loforð Jehóva eru alltaf áreiðanleg. Hann bregst okkur aldrei, ekkert frekar en náttúrulögmálin. Hann breytist ekki. Jehóva gefur

okkur svo miklu meira en lífið. Við njótum líka kærleika hans. „Við þekkjum kærleikann, sem Guð hefur á okkur, og trúum á hann. Guð er kærleikur.“ (1. Jóh. 4:16) Öll jörðin verður unaðsleg paradís og allir jarðarbúar munu endurspegla kærleika Guðs. Tökum undir með trúföstum andaverum Guðs á himnum sem segja: „Lofgjörðin og dýrðin, vísan og þakkargjörðin, heiðurinn og mátturinn og krafturinn sé Guði vorum um aldri alda. Amen.“ – Opinb. 7:12. w17.02 2:16, 17

Þriðjudagur 28. ágúst

„Hreinsum okkur af allri saurgun á líkama og sál.“ – 2. Kor. 7:1.

Í Varðturninum á ensku 1. júní 1973 var spurt: „Eru ... þeir sem hafa ekki sigrast á tóbaksfíkn sinni hæfir til að skírast?“ Svárið var: „Biblíuleg rök leiða í ljós að þeir eru það ekki.“ Í greininni var vitnað í ýmis viðeigandi biblíuvers og síðan útskýrt af hverju ætti að víkja iðrunarlausum reykingarmanni úr söfnuðinum. (1. Kor. 5:7) Þar sagði: „Með þessu er ekki ætlunin að gefa geðþóttalegar leiðbeiningar og reyna að stjórna fólki. Þessar ákveðnu leiðbeiningar koma frá Guði sem tjáir sig í rituðu orði sínu.“ Í nýlegri bók um trúarbrögð í Bandaríkjunum segir: „Kristnir trúarleiðtogar hafa reglulega endurskoðað kenningar sínar til að laga þær að trú og skoðunum sem eru vinsælar meðal fylgismanna þeirra og samfélagsins í heild.“ Hefur nokkur trúarsöfnuður annar en Vottar Jehóva verið tilbúinn til að reiða sig í einu og öllu á orð Guðs, jafnvel þegar það reynir verulega á trúfesti sumra safnaðarmanna? w17.02 4:15

Miðvikudagur 29. ágúst

„Hver sem upp hefur sjálfan sig mun auðmýktur verða en sá sem litillækkar sjálfan sig mun upp hafinn verða.“ – Matt. 23:12.

Öldungar vilja ekki láta koma fram við sig eins og stórstjórnur. Þar skilur á milli þeirra og margra sem fara með forystu í trúmálum nú á dögum og milli þeirra sem Jesús sagði um á fyrstu öld: „Ljúft er þeim að skipa hefðarsæti í veislum og æðsta bekk í samkundum [og] láta heilsa sér á torgum.“ (Matt. 23:6, 7) Safnaðaröldungar hlýða auðmjúkir fyrir mælum Jesú: „Þér skuluð ekki láta kalla yður meistara því einn er yðar meistari og þér öll bræður og systur. Þér skuluð ekki kalla neinn föður yðar á jörðu því einn er faðir yðar, sá sem er á himnum. Þér skuluð ekki heldur láta kalla yður leiðtoga því einn er leiðtogi yðar, Kristur. Sá mesti meðal yðar sé þjónn yðar.“ (Matt. 23:8-11) Það er því engin furða að bræður og systur um allan heim skuli elska, virða og heiðra safnaðaröldungana. *17.03* 1:14, 15

Fimmtudagur 30. ágúst

„Sérhver mun verða að bera sína byrði.“ – Gal. 6:5.

Hvert og eitt okkar þarf að taka eigin ákvarðanir, en góðar og skynsamlegar ákvarðanir eru byggðar á biblíuþekkingu. Við ættum ekki að fela öðrum þá ábyrgð að taka ákvarðanir fyrir okkur. Við ættum öllu heldur að komast að því sjálf hvað Jehóva telur rétt og fara síðan eftir því. Hvernig gætum við fallið í þá gryfju að láta aðra taka ákvarðanir fyrir okkur? Hópprýstingur gæti valdið því að við tökum slæma ákvörðun. (Orðskv. 1:10, 15)

Það er þó alltaf ábyrgð okkar að fylgja biblíufræddri samvisku okkar, sama hvernig aðrir reyna að beita okkur þrýstingi. Ef við leyfum öðrum að taka ákvarðanir fyrir okkur erum við að mörgu leyti að „ganga á vegi þeirra“. Það er okkar val hvort við gerum það en það getur endað með ósköpum. Páll postuli varaði Galatamenn við hættunni að láta aðra taka ákvarðanir fyrir þá. (Gal. 4:17) Sumir í söfnuðinum reyndu að taka ákvarðanir fyrir aðra í þeim tilgangi að einangra þá frá postulunum. *17.03* 2:8-10

Föstudagur 31. ágúst

Er Jósía var enn á unglingsaldri tók hann að leita svara hjá Guði Davíðs, forföður síns. Á tólfta árinu tók hann að hreinsa fórnarhæðirnar og fjarlægja Aséru-stólpa úr Júda og Jerúsalem.

– 2. Kron. 34:3.

Jósía lagði sig fram við að þóknast Guði. Það er gott að líkja eftir Jósía og byrja að leita Jehóva á unga aldri. Manasse konungur fræddi kannski Jósía um miskunn Guðs eftir að hann iðraðist. Börn og unglingar, styrkið vináttuböndin við þá sem aldraðir eru í fjölskyldu ykkar og í söfnuðinum og kynnið ykkur hvernig Jehóva hefur reynst þeim góður. Og munið líka að það snerti hjarta Jósía að lesa orð Guðs og það hvatti hann til verka. Að lesa í Biblíunni getur hvatt ykkur til verka, aukið gleði ykkar og styrkt vináttuböndin við Guð, auk þess að vera ykkur hvatning til að hjálpa öðrum að leita hans. (2. Kron. 34:18, 19) Með sjálfsnámi í Biblíunni geturðu líka komið auga á leiðir til að þjóna Guði enn betur. Ef það gerist skaltu leggja þig fram eins og Jósía. *17.03* 3:18, 19

Laugardagur 1. september

„Þolgæðið á að birtast í því sem þið gerið.“ – Jak. 1:4.

Orðið þolgæði, eins og það er notað í Biblíunni, merkir meira en að eins að láta prófraunir og erfiðleika yfir sig ganga. Þolgæði á rætur sínar í huga og hjarta mannsins. Það birtist í *viðbrögðum* okkar við erfiðleikum. Þolgóð manneskja er hugrökk, staðföst og þolinmód. Þolgæði er „það eðlisfar sem gerir manninum kleift að halda út, ekki með því að sætta sig einfaldlega við orðinn hlut heldur með eldheitri von“, segir í heimildarriti. Það er „sá eiginleiki sem gerir manni fært að standa í fæturum þegar á móti blæs. Það er sú dyggð sem getur breytt erfiðustu prófraun í vegsemd vegna þess að handan sársaukans sér hún markið.“ Þolgæði kristins manns er sprottið af kærleika. (1. Kor. 13:4, 7) Sá sem elskar Jehóva er fús til að þola hvaðeina sem hann leyfir. (Lúk. 22:41, 42) Sá sem elskar bróður sína og systur á auðveldara með að umbera ófullkomleika þeirra. (1. Pét. 4:8) Sá sem elskar maka sinn þolir fúslega ýmiss konar erfiðleika sem jafnvel hamingjusömustu hjón verða fyrir, og það styrkir hjónabandið. – 1. Kor. 7:28. *w16.04 2:3, 4*

Sunnudagur 2. september

*Þau ræktu trúlega samfélagið.
– Post. 2:42.*

Gríska orðið, sem þýtt er „ræktu trúlega“, felur í sér að vera þolgóður og halda út á ákveðinni braut af mikilli einbeitti. Það var ekki auðvelt fyrir þessa frumkristnu menn að sækja samkomur vegna þess að bæði Rómverjar, sem réðu ríkjum, og trúarleiddogar Gyðinga ofsóttu þá. En þrátt fyrir það héldu þeir út. Margir þjónar Jehóva nú á dögum hafa sýnt að

þeir kunna virkilega að meta samkomurnar. George Gangas, sem sat í hinu stjórnandi ráði í rúmlega 22 ár, sagði: „Það er fátt í lífinu sem veitir mér meiri gleði og hvatningu en að hitta trúsystkini mín.“ Hann bætti við: „Innstu hugsanir mínar og þrír beinast að því að sækja samkomur.“ Litur þú eins á það að safnast saman til að tilbiðja Jehóva? Vertu þá ákveðinn í að leggja þig allan fram við að sækja samkomur reglulega, jafnvel þegar það er ekki auðvelt. Þannig sýnirðu að þú ert sammála Davíð konungi sem sagði: „Drottinn, ég elska húsið sem er bústaður þinn.“ – Sálm. 26:8. *w16.04 3:16-18*

Mánudagur 3. september

Þú skalt fara fyrst og sættast við bróður þinn. – Matt. 5:24.

Segjum að þú uppgötvir að þú hafir mógað bróður með einhverju sem þú sagðir eða gerðir. Hvað er til ráða? Talaðu við hann. Taktu eftir hvert markmiðið á að vera. Það á ekki að vera að skella skuldinni að hluta til á hinn heldur viðurkenna mistök þín og *sættast*. Það er ákaflega mikilvægt að eiga frið við trúsystkini. Tökum frændurna Abraham og Lot sem dæmi. Báðir áttu þeir búpening og hjarðmenn þeirra deildu um bithaga. Abraham vildi umfram allt stuðla að góðum samskiptum og bauð Lot að velja hvar hann og heimilismenn hans vildu setjast að. (1. Mós. 13:1, 2, 5-9) Þar er hann góð fyrirmynd. Abraham keppti eftir friði í stað þess að hugsa um eigin hag. Var örlætið honum til tjóns? Alls ekki. Rétt eftir þennan atburð lofaði Jehóva Abraham að blessa hann ríkulega. (1. Mós. 13:14-17) Þjónar Guðs verða aldrei fyrir varanlegu tjóni ef þeir fylgja leiðbeiningum hans og útkljá deilumál í kærleika. Guð sér til þess. *w16.05 1:11, 12*

Priðjudagur 4. september

„Reynið að skilja hver sé vilji Drottins.“ – Ef. 5:17.

Jehóva hefur gefið okkur bein fyrirmæli um margt í rituðu orði sínu. Hann bannar til dæmis kynferðislegt siðleysi, falsguðadýrkun, þjófnað og drykkjuskap. (1. Kor. 6:9, 10) Auk þess gaf sonur hans, Jesús Kristur, fyrirmæli um verk sem er krefjandi en á sama tíma spennandi: „Farið ... og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ (Matt. 28:19, 20) Lög Guðs og fyrirmæli hafa verið okkur mikil vernd. Að hlýða þeim hefur veitt okkur aukna sjálfsvirðingu og stuðlað að betri heilsu og hamingjuríkara fjölskyldulífi. Síðast en ekki síst hefur það veitt okkur velþóknun og blessun Jehóva að hlýða boðum hans, þar á meðal því að boða fagnaðarerindið. *w16.05 3:1*

Miðvikudagur 5. september

Látið umbreytast með hinu nýja hugarfari. – Róm. 12:2.

Þegar við fylgjum handleiðslu heilags anda Jehóva og lögum hugarfar okkar að því sem við lesum í Biblíunni lærum við að hugsa, tala og hegða okkur í samræmi við vilja hans. (Lúk. 11:13; Gal. 5:22, 23) En eftir sem áður þurfum við að halda áfram að berjast gegn veikleikum okkar. (Orðskv. 4:23) Ef þér finnst ganga hægt að tileinka þér sömu eiginleika og Jehóva skaltu muna

að það er langtímaverkefni. Við þurfum að vera þolinmód og leyfa Biblíunni að kalla fram jákvæðar breytingar í lífi okkar. Í byrjun þurfum við ef til vill að aga okkur til að gera það sem Biblían segir vera rétt. Þegar fram líða stundir verður þó sennilega auðveldara og eðlilegra fyrir okkur að lifa eins og Guð vill þar sem við lögum hugsanir okkar og verk æ betur að vilja hans. – Sálm. 37:31; Orðskv. 23:12; Gal. 5:16, 17. *w16.05 4:14, 16*

Fimmtudagur 6. september

*Hann hefur yndi af leiðsögn Drottins og hugleiðir lögmál hans dag og nótt.
– Sálm. 1:2.*

Jehóva mótar þjóna sína nú á dögum fyrst og fremst með Biblíunni, heilögum anda og söfnuðinum. Biblían getur mótað okkur ef við lesum hana með ákveðið markmið í huga, hugleiðum efnið og biðjum Jehóva að hjálpa okkur að fara eftir því. „Ég minnst þín í hvílu minni, hugsa um þig á næturvökunum,“ skrifaði Davíð. (Sálm. 63:7) Hann skrifaði líka: „Ég lofa Drottin sem gefur mér ráð, jafnvel um nætur er ég áminntur hið innra.“ (Sálm. 16:7) Davíð hugleiddi ráð Jehóva og lét þau móta innstu hugsanir sínar og tilfinningar, jafnvel þegar það var mjög erfið. (2. Sam. 12:1-13) Davíð var auðsveipur og undirgefinn og er okkur góð fyrirmynd. Hugleiðir þú líka orð Guðs og lætur það hafa áhrif á innstu hugsanir þínar og tilfinningar? Geturðu gert það enn betur? – Sálm. 1:3. *w16.06 1:11*

Föstudagur 7. september

„Vertu ekki auðreittur til reiði.“

– Préd. 7:9.

Við verðum að hafa í huga að við erum öll langt frá fullkomleikanum sem ríkti í Eden fyrir 6.000 árum. Ófullkomið fólk gerir mistök. Þess vegna er ekki gott að gera of háar kröfur til trússystkina sinna og láta galla þeirra og mistök ræna sig gleðinni af því að þjóna Jehóva núna á síðustu dögum. Það væru enn verri mistök að yfirgefa söfnuð Jehóva út af göllum og mistökum annarra. Ef við létum það gerast færum við á mis við þá blessun að gera vilja Jehóva og misstum líka vonina um að lifa í nýja heiminum. Til að viðhalda gleði okkar og sterkri von verðum við að muna eftir hughreystandi loforði Jehóva í Biblíunni: „Sjá, ég skapa nýjan himin og nýja jörð og hins fyrri verður ekki minnst framar og það skal engum í hug koma.“ (Jes. 65:17; 2. Pét. 3:13) Láttu ekki mistök og galla annarra koma í veg fyrir að þú hljótir þessa blessun. *W16.06 4:13, 14*

Laugardagur 8. september

„Drottinn, Guð vor, Drottinn er einn.“ – 5. Mós. 6:4.

Orðið „einn“ í þessu samhengi gefur til kynna að alltaf sé hægt að treysta á fyrirætlanir Jehóva og verk hans. Hann er ekki reikull og óútreiknanlegur. Hann er alltaf trúfastur, traustur, sannur og sjálfum sér samkvæmur. Hann lofaði Abraham að afkomendur hans myndu erfa fyrirheitna landið og vann mikil stórvirki til að efna það. Þótt 430 ár hafi liðið frá því að Jehóva gaf þetta loforð

var hann alltaf jafn ákveðinn í að standa við það. (1. Mós. 12:1, 2, 7; 2. Mós. 12:40, 41) Öldum síðar kallaði Jehóva Ísraelsmenn votta sína og sagði: „Skiljið að ég er hann. Enginn guð var myndaður á undan mér og eftir mig verður enginn til.“ Í framhaldinu leggur Jehóva áherslu á að vilji sinn breytist aldrei og segir: „Héðan í frá er ég einnig hinn sami.“ (Jes. 43:10, 13; 44:6; 48:12) Hvílikur heiður fyrir Ísraelsmenn – og fyrir okkur – að vera þjónar Jehóva sem er sjálfum sér samkvæmur og trúfastur að öllu leyti. – Mal. 3:6; Jak. 1:17. *W16.06 3:6, 7*

Sunnudagur 9. september

„Gætið yðar, vakið! Þér vitið ekki nær tíminn er kominn.“

– Mark. 13:33.

Nú á tímum eru flestar þjóðir með landamæraverði og háþróuð eftirlitskerfi sem eru nokkurs konar „varðmenn“. Þannig er reynt að verjast óvinum og gæta þess að ekkert ógni öryggi þjóðarinnar. En slíkir „varðmenn“ geta aðeins varist ógnum sem stafa af mönnum eða jarðneskum ríkisstjórnnum. Þjóðir heims vita ekki af himneskri stjórn Guðs í höndum Krists og hlutverki hennar í þeim dómi sem vofir yfir þeim. (Jes. 9:5, 6; 56:10; Dan. 2:44) Ef við höldum vöku okkar, fylgjumst með spádómum Biblíunnar og þjónum Jehóva dyggilega verðum við viðbúin hvenær sem dómsdagurinn rennur upp. (Sálm. 130:6) Því nær sem dregur endalokum þessa heims því erfiðara er að halda vöku sinni. Það væri sorglegt ef við sofnuðum á verðinum. *W16.07 2:2, 9, 10*

Mánudagur 10. september

Náð Guðs við mig hefur ekki orðið til ónýtis. – 1. Kor. 15:10.

Páll vissi vel að hann hafði hvorki áunnið sér miskunn Guðs né verðskuldaði hana því að hann hafði áður ofsótt kristna menn. Hann skrifaði Tímóteusi, samstarfsmanni sínum, rétt fyrir dauða sinn: „Ég þakka honum sem mig styrkan gerði, Kristi Jesú, Drottni vorum, fyrir það að hann sýndi mér það traust að fela mér þjónustu.“ (1. Tím. 1:12-14) Hvaða þjónusta var það? Páll sagði safnaðaröldungunum í Efesus hvað hún fól í sér: „Mér er líf mitt einskis virði fái ég aðeins að fullna skeið mitt og þá þjónustu sem Drottinn Jesús fól mér: Að bera vitni fagnaðarerindinu um Guðs náð.“ (Post. 20:24) Páll var kostgæfinn að boða boðskapinn og er góð fyrirmynd fyrir kristna menn nú á tímum. Hann sýndi að sú einstaka góðvild Guðs, sem hann naut, hafði ekki verið „til ónýtis“. *16.07 4:13*

Þriðjudagur 11. september

Ég bið eftir Guði hjálpræðis míns. – Míka 7:7.

Jehóva styður alltaf trúna þjóna sína. Stundum þurfa þeir að vera þolinmóðir og biða eftir að fá verkfæri í söfnuðinum eða eftir að aðstæður breytist til hins betra. Jehóva lofaði að gefa Abraham son en Abraham þurfti að sýna þolinmæði og trú. (Hebr. 6:12-15) Hann beið árum saman eftir því að Ísak fæddist en missti þó aldrei móðinn. Og Jehóva olli honum ekki vonbrigðum. (1. Mós. 15:3, 4; 21:5) Það er ekki auðvelt að biða. (Orðskv. 13:12) Ef við erum vonsvikin og hugsum

ekki um annað getur það dregið úr okkur kjarkinn. Það er miklu betra að nota tímann sem við höfum til að taka framförum og bæta okkar andlega mann. Með því að lesa og hugleiða orð Guðs getum við ræktað með okkur eiginleika svo sem visku, skilning, góða dómgreind, þekkingu, skynsemi og aðgætni. Við þurfum daglega að taka ákvarðanir varðandi afþreyingu, klæðaburð, snyrtingu, peninga og samskipti við aðra. Með því að fylgja því sem við lærum af Biblíunni getum við tekið ákvarðanir sem gleðja Jehóva. *16.08 3:9-11*

Miðvikudagur 12. september

„Það er Guð sem verkar í ykkur.“ – Fil. 2:13.

Jehóva hjálpaði Ísraelsmönnum að sigra Amalekíta og Eþíópíumenn, og hann gaf Nehemía og félagum hans kraft til að ljúka við að endurreisa múra Jerúsalem. Hann gefur okkur líka styrk til að standast andstöðu og áhugaleysi og berjast gegn kviða svo að við getum haldið áfram að boða fagnaðarerindið. (1. Pét. 5:10) Við ætlumst ekki til að Jehóva vinni kraftaverk fyrir okkur. Við þurfum sjálf að leggja okkar af mörkum, meðal annars að lesa daglega í Biblíunni, sækja vikulegar samkomur og búa okkur undir þær, næra hugann og hjartað með sjálfsnámi og fjölskyldunámi og biðja Jehóva oft að styrkja okkur. Látum ekki önnur hugðarefni eða áhugamál verða til þess að við vanrækjum þetta. Ef þú áttar þig á að þú slærð slöku við eitthvað af þessu skaltu biðja Jehóva að hjálpa þér. Þá finnurðu hvernig hann „verkar í þér bæði að vilja og að framkvæma“. *16.09 1:12*

Fimmtudagur 13. september

„Til þess að forðast saurlífi hafi hver karlmaður sína eiginkonu og hver kona sinn eiginmann.“

– 1. Kor. 7:2.

Páll postuli mælti með einhleypi en sagði samt orðin hér að ofan. Hann bætti við: „Hafi þau ekki taumhald á sjálfum sér, þá gangi þau í hjónaband því að betra er að ganga í hjónaband en að brenna af girnd.“ Að giftast getur hjálpað manni að láta ekki undan kynhvötinni og stunda sjálfsfröun eða kynferðislegt siðleysi. Aldur getur einnig haft áhrif á ákvörðunina því að postulinn sagði að ef einhverjum fyndist hann hegða sér ósæmilega með því að giftast ekki og væri „á manndómsskeiði, þá geri hann sem hann vill ef ekki verður hjá því komist. Hann syndgar ekki. Giftist þau.“ (1. Kor. 7:9, 36; 1. Tím. 4:1-3) Engum ætti þó að finnast hann eiga að giftast ungur að árum bara vegna þess hve kynhvötin er sterk. Kannski hefur hann ekki þroska til að axla ábyrgðina sem fylgir hjónabandi.

w16.08 1:17

Föstudagur 14. september

„Í öllu læt ég sjáð að ég er þjónn Guðs.“ – 2. Kor. 6:4.

Margir mynda sér skoðanir um aðra með því að líta á „hið ytra“, það er að segja útlitið. (1. Sam. 16:7) Þar sem við erum þjónar Guðs skiljum við að það er ekki nóg að okkur finnist fötin þægileg eða falleg. Meginreglur Biblíunnar ættu að vera okkur hvatning til að ganga ekki í niðþröngum fötum, flegnum eða ögrandi. Það merkir að við ættum að forðast klæðnað sem sýnir of mikið af líkamanum eða dregur fram hið kynferðislega. Engum ætti

að þykja návist okkar óþægileg eða finnast hann tilneyddur að líta undan þegar hann sér hvernig við klæðumst. Þegar við erum hrein, snyrtileg og látlaus til fara eru meiri líkur á en ella að fólk virði okkur, og þá má vera að það laðist að þeim Guði sem við tilbiðjum. Auk þess gefum við góða mynd af söfnuðinum sem við tilheyrum ef við erum vel til fara. Og þá aukast líkurnar á að fólk hlusti á boðskapinn sem við berum.

w16.09 3:5, 6

Laugardagur 15. september

Verið sanngjörn og sýnið öllum mönnum vinsemd. – Tít. 3:2.

Ályktaðu ekki strax að þú vitir hverju aðrir trúá. Sumir segjast trúá þróunarkenningunni en hugsa samt að Guð sé til. Þeir trúá því að Guð hafi notað þróun til að skapa mismunandi tegundir lífs. Sumir segjast trúá þróunarkenningunni vegna þess að þeir hugsa að hún væri ekki kennd í skólum ef hún væri ekki staðreynd. Og aðrir hætta að trúá á Guð af því að trúarbrögðin hafa valdið þeim vonbrigðum. Það er því yfirleitt gott að byrja á að spyrja spurninga þegar maður ræðir við einhvern um uppruna lífsins. Áttaðu þig á hverju hann trúir. Ef þú ert sanngjarn og fús til að hlusta verður hann líklega fúsari til að hlusta á þig. Ef einhver virðist vera að ráðast á trú þína á sköpun gætirðu beðið hann vingjarnlega um að útskýra hvernig lífið hefði getað orðið til án skapara. Til að fyrsta lífveran gæti haldið velli þurfti hún að geta fjölgað sér, það er að segja afritað sjálfa sig. Efnafræðiprófessor segir: „Það er stórmærkilegt að sjá hve flóknar jafnvel hinar einföldustu lífverur eru.“

w16.09 4:12, 13

Sunnudagur 16. september

Þeir þágu ekki lausn til þess að öðlast betri upprisú. – Hebr. 11:35.

Við vitum ekki fyrir víst hverja Páll hafði í huga en sumir, þar á meðal Nabót og Sakaria, voru grýttir til dauða fyrir að hlýða Guði og gera vilja hans. (1. Kon. 21:3, 15; 2. Kron. 24:20, 21) Daníel og félögum hans stóð greinilega til boða að „þiggja lausn“ með því að víkja frá ráðvendni sinni. En trú þeirra á mátt Guðs gerði þeim kleift að „byrgja gin ljóna“ og „slökkva eldsbál“ ef svo má að orði komast. (Hebr. 11:33, 34; Dan. 3:16-18, 20, 28; 6:14, 17, 22-24) Spámenn eins og Míka og Jeremía „urðu að sæta háðsyrðum ... og fangelsi“ vegna trúar sinnar. Elía og fleiri „reikuðu um óbyggðir og fjöll og héldust við í hellum og gjótum“. Allir héldu þeir út vegna þess að þeir voru „fullvissir um það sem þeir vonuðu“. – Hebr. 11:1, 36-38; 1. Kon. 18:13; 22:24-27; Jer. 20:1, 2; 28:10, 11; 32:2. *W16.10* 3:10, 11

Mánudagur 17. september

„Verið lítillát og metið hvert annað meira en ykkur sjálf.“ – Fil. 2:3.

Við getum sýnt útlendingum, sem eru nýfluttir til landsins, góðvild með því að taka hlýlega á móti þeim í ríkissalnum. Þú hefur ef til vill tekið eftir að innflytjendur eru stundum feimnir og hlédregir. Uppeldi þeirra og þjóðfélagsstaða getur haft þau áhrif að þeim finnist þeir óaðri en fólk af öðrum kynþætti eða þjóðerni. Við ættum því að eiga frumkvæðið og sýna þeim hlýju og einlægan áhuga. Með því að nota appið *JW Language* geturðu ef til vill lært að heilsa aðkomumönnum á móðurmáli þeirra. (Fil.

2:4) Þú óttast kannski að þú verðir vandræðalegur ef þú gefur þig á tal við fólk frá öðrum menningarheimi. Til að sigrast á þessari tilfinningu gætirðu kannski sagt eitthvað frá sjálfum þér. Oft kemur þá í ljós að þið eigið margt sameiginlegt þó að sumt virðist ólíkt við fyrstu sýn. Þú uppgötvar líklega að báðir menningarheimar hafa sína styrkleika og veikleika. *W16.10* 1:13, 14

Þriðjudagur 18. september

„Fullyrt er að saurlifnaður eigi sér stað á meðal ykkar og það slíkur saurlifnaður sem jafnvel gerist ekki meðal heiðingja.“

– 1. Kor. 5:1.

Við getum stuðlað að hreinleika safnaðarins með því að fylgja leiðbeiningum Biblíunnar. Skoðum hvernig aðstæður voru í Korintu forðum daga. Páll hafði gefið sig allan að því að boða trúna í borginni og honum þótti ákaflega vænt um „heilög“ trúsystkini sín þar. (1. Kor. 1:1, 2) En það hefur trúlega reynt verulega á hann að þurfa að taka á kynferðislegu siðleysi sem fékk að viðgangast í söfnuðinum. Páll sagði öldungunum að selja þann sem stundaði siðleysi Satan á vald, það er að segja að víkja honum úr söfnuðinum. Öldungarnir þurftu að fjarlægja „súrdeigið“ til að söfnuðurinn héldist hreinn. (1. Kor. 5:5-7, 12) Þegar við styðjum ákvörðun öldunganna um að víkja iðrunarlausum syndara úr söfnuðinum leggjum við okkar af mörkum til að halda söfnuðinum hreinum og hugsanlega getur það hvatt hinn brotlega til að iðrast og leita fyrirgefningar Jehóva. *W16.11* 2:14

Miðvikudagur 19. september

*„Ef þið hafið einhver hvatningar-
orð til fólksins takið þá til máls.“*

– Post. 13:15.

Hvatning og uppörvun hefur góð áhrif. „Ég hef barist við þá tilfinningu árum saman að ég sé einsku virði,“ segir Rubén. „En dag einn var ég í boðuninni með öldungi sem tók eftir að mér leið illa. Hann hlustaði af samúð þegar ég lýsti líðan minni. Hann minnti mig á það góða sem ég gerði. Hann minnti mig líka á það sem Jesús sagði – að hvert og eitt okkar væri meira virði en margir spörvar. Ég leiði oft hugann að þessu versni og það snertir mig alltaf. Það sem öldungurinn sagði hafði mikið að segja fyrir mig.“ (Matt. 10:31) Það kemur ekki á óvart að Biblían skuli hvetja okkur til að uppörva aðra að staðaldri. Páll postuli skrifaði í bréfi sínu til kristinna Hebrea: „Uppörvið hvert annað *hvern dag* til þess að enginn forherðist af táli syndarinnar.“ (Hebr. 3:13) Hefurðu einhvern tíma fengið uppörvun sem létti þér lund? Þá veistu hve mikilvægt er að uppörva aðra. *W16.11* 1:2, 3

Fimmtudagur 20. september

Koma munu menn sem flytja rangsnúna kenningu til að tæla lærisveinana á eftir sér. – Post. 20:30.

Konstantínus Rómarkeisari, sem var heiðinn, veitti hinni svokölluðu kristni lagalega viðurkenningu árið 313. Eftir kirkjuþingið í Níkeu fyrirskipaði Konstantínus að Aríus prestur skyldi gerður útlægur af því að hann vildi ekki viðurkenna að Jesús væri Guð. Í valdatíð Þeódósíusar keisara fyrsta (379-395) varð kaþólsk trú, eins og þessi fráhvarfstrú var síð-

ar nefnd, hin opinbera ríkistrú Rómaveldis. Sagnfræðingar taka svo til orða að hið heiðna Rómaveldi hafi „snúist til kristni“ á fjórðu öld. Sannleikurinn er hins vegar sá að þegar hér var komið sögu var þessi fráhvarfsútgáfa kristinnar orðin hluti af Babýlon hinni miklu, ásamt heiðnum trúarbrögðum Rómaveldis. Fámennur hópur andasmurðra kristinna manna gerði engu að síður sitt besta til að tilbiðja Guð. – Matt. 13:24, 25, 37-39. *W16.11* 4:8, 9

Föstudagur 21. september

„Varpið allri áhyggju ykkar á hann því að hann ber umhyggju fyrir ykkur.“ – 1. Pét. 5:7.

Álagið er mikið í heimi nútímans. Satan djöfullinn er ævareiður og „gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim sem hann getur tortímt“. (1. Pét. 5:8; Opinb. 12:17) Það kemur því ekki á óvart að við sem þjónum Guði finnum fyrir áhyggjum og kvíða af og til, rétt eins og aðrir. Guðhræddir þjónar Jehóva forðum daga áttu stundum við kvíða og áhyggjur að stríða. Þar má meðal annars nefna Davíð konung. (Sálm. 13:3) Og Páll postuli hafði áhyggjur af öllum söfnuðunum. (2. Kor. 11:28) En hvað getum við gert ef við erum að sligast undan áhyggjum og kvíða? Kærleiksrikur faðir okkar á himnum hjálpaði þjónum sínum til forna þegar áhyggjur sóttu á þá. Hann getur líka hjálpað okkur að draga töluvert úr áhyggjum og kvíða. Hvernig? Við getum beðið innilegra bæna, lesið orð hans og hugleitt það, nýtt okkur kraftinn frá heilögum anda og talað um líðan okkar við einhvern sem við treystum. *W16.12* 3:1, 2

Laugardagur 22. september

Það leiðir að lokum til dauða.

– Rómv. 6:21.

Þjónar Jehóva hafa snúið baki við því líferni sem þeir lifðu áður en þeir kynntust Guði, lærðu að elska hann og tóku að þjóna honum. Þeir skammast sín núna fyrir sumt af því sem þeir gerðu þá og hefði að lokum leitt til dauða. (Rómv. 6:21) En þeir breyttu sér. Margir í Korintu höfðu gert það. Sumir höfðu dýrkað skurðgoð, framið hjúskaparbrót, tamið sér líferni samkynhneigðra, verið þjófar, drykkjumenn og annað þessu líkt. En þeir „létu laugast og helgast“. (1. Kor. 6:9-11) Trúlega var sömu sögu að segja af söfnuðinum í Róm. Páli var innblásið að skrifa honum: „Ljáið ekki ... syndinni lími ykkar sem ranglætisvopn. Nei, ljáið heldur Guði sjálf ykkur lifnuð frá dauðum og lími ykkar sem réttlætisvopn.“ (Rómv. 6:13) Páll var sannfærður um að trústýrkini sín gætu verið hrein í augum Guðs og notið einstakrar góðvildar hans áfram. *16.12 1:13*

Sunnudagur 23. september

„Treystu Jehóva.“

– Sálm. 37:3, NW.

Jehóva skapaði mennina með einstaka getu og eiginleika. Við erum fær um að hugsa, skipuleggja og leysa vandamál. (Orðskv. 2:11) Við erum fær um að hrinda áformum okkar í framkvæmd og keppa að góðum markmiðum. (Fil. 2:13) Jehóva áskapaði okkur líka samviskuna sem er innri vitund um rétt og rangt. Hún hjálpar okkur að leiðrétta mistök okkar og forðast það að syndga. (Rómv. 2:15) Jehóva minnir okkur margsinnis á það í

Bíbliunni að nota hæfileika okkar til góðs. Til dæmis stendur í Hebræsku ritningunum: „Áform hins iðjusama færa arð“ og „allt sem hönd þín megna að gera með kröftum þínum, gerðu það“. (Orðskv. 21:5; Préd. 9:10) Í Grísku ritningunum erum við hvött til að „gera öllum gott“ eftir því sem við höfum færi á. Þar stendur einnig: „Sérhvert ykkar hefur fengið náðargáfu. Notið þær og þjónið hvert öðru.“ (Gal. 6:10; 1. Pét. 4:10) Jehóva vill greinilega að við gerum það sem við getum til að stuðla að hamingju og velferð sjálfra okkar og annarra. *17.01 1:1, 2*

Mánudagur 24. september

„Allt þetta kom yfir þá sem fyrirboði og það er ritað til viðvörunar okkur sem endir aldanna er kominn yfir.“ – 1. Kor. 10:11.

Allir afkomendur Adams og Evu hafa fengið ófullkomleika og dauða í arf. Guð tók hins vegar ekki frjálssa viljann frá þeim. Það má sjá af því hvernig hann kom fram við Ísraelsmenn. Hann gaf þjóðinni val. Hún gat valið að verða „sérstök eign“ hans eða hafna því. (2. Mós. 19:3-6) Hvað valdi þjóðin? Af fúsum og frjálsum vilja valdi hún að verða þjóð Guðs og lúta honum. Einum rómi svarði hún: „Við skulum gera allt sem Drottinn hefur boðið.“ (2. Mós. 19:8) Seinna meir fór þjóðin illa með frjálssa viljann og sveik því miður loforðið. Við getum lært heilmikið af því. Við skulum alltaf hlýða réttlátum lögum Jehóva og varðveita náð samband við hann. Þannig sýnum við að við erum þakklát fyrir að hafa fengið frjálstan vilja að gjöf. *17.01 2:9*

Þriðjudagur 25. september

Þjónaðu Guði í hógværð.

– Míka 6:8.

Einhvern tíma í stjórnatíð Jeróbóams sendi Jehóva spámann frá Júda til að boða þessum fráhverfa konungi Ísraels napran dómsboðskap. Spámaðurinn var auðmjúk-ur og flutti trúfastlega boðskap Jehóva sem verndaði þjón sinn fyrir heiftarlegri reiði Jeróbóams. (1. Kon. 13:1-10) Á leiðinni heim hitti spámaðurinn óvænt gamlan mann frá Betel, borg þar í grennd. Maðurinn sagðist vera spámaður Jehóva. Hann blekkti yngri manninn og fékk hann til að óhlýðnast skýrum leiðbeiningum Jehóva um að „eta hvorki né drekka í Ísrael“ og að hann „mætti ekki snúa aftur sömu leið og hann kom“. Jehóva var ekki ánægður. Á leiðinni heim frá gamla manninum varð ljón á vegi spámannsins og drap hann. (1. Kon. 13:11-24) Hvers vegna sýndi þessi áður hógværi spámaður allt í einu hroka og fór heim með gamla manninum svík-sama? Biblían lætur það ósagt. En það gæti verið að hann hafi hreinlega gleymt að hann átti að „þjóna Guði í hógværð“. *W17.01 4:1-3*

Miðvikudagur 26. september

„Það sem ég hef sagt læt ég fram koma, það sem ég hef ákveðið geri ég.“ – Jes. 46:11.

„Í upphafi skapaði Guð himin og jörð.“ (1. Mós. 1:1) Þessi upphafsorð Biblíunnar hafa djúpstæða merkingu þótt einföld séu. Við höfum ekki nema takmarkaðan skilning á mörgu af því sem Jehóva skapaði. Þar má nefna geiminn, ljósið og þyngdaraflið. Við höfum ekki heldur séð nema örlítið brot af alheiminum. (Préd. 3:11) Jehóva hefur

samt opinberað okkur hvað hann ætlast fyrir með jörðina og mannkynið. Jörðin átti að vera fullkom- ið heimili handa körlum og konum sem voru sköpuð eftir mynd hans. (1. Mós. 1:26) Þau áttu að vera börn hans og hann faðir þeirra. Eins og fram kemur í þriðja kafla 1. Móse-bókar var reynt að koma í veg fyrir að fyrirætlun Jehóva næði fram að ganga. (1. Mós. 3:1-7) En þessi ögr-un var ekki slík að hann réði ekki við hana. Enginn getur staðið í vegi fyrir að Jehóva hrindi vilja sínum í framkvæmd. (Jes. 46:10; 55:11) Við getum því treyst að upphafleg fyrir-ætlun Jehóva nái fram að ganga á tilsettum tíma. *W17.02 1:1, 2*

Fimmtudagur 27. september

Hvar er sá sem lét heilagan anda sinn í hjarta Móse? – Jes. 63:11.

Hvernig gátu Ísraelsmenn séð að heilagur andi leiddi Móse þar sem hann er ósýnilegur kraftur? Heilagur andi gerði Móse kleift að vinna kraftaverk og kunngerá faraó nafn Guðs. (2. Mós. 7:1-3) Heilagur andi laðaði líka fram fallega eiginleika í fari Móse eins og kærleika, hógværd og þolinmæði en þannig varð hann fær um að leiða Ísraelsþjóðina. Þetta var skýr sönnun þess að Jehóva hafði útvalið Móse til að vera leiðtogi þjóðarinnar. Síðar meir útvaldi Jehóva aðra menn til að leiða þjóð sína og veitti þeim einnig kraft heilags anda. „Jósúa Núnsson var fullur vísdómsanda.“ (5. Mós. 34:9) „Andi Drottins kom yfir Gideon.“ (Dóm. 6:34) Og „andi Drottins kom yfir Davíð“. (1. Sam. 16:13) Þessir menn reiddu sig allir á anda Guðs og andinn veitti þeim kraft til að vinna afrek sem þeir hefðu ekki getað gert í eigin krafti. – Jós. 11:16, 17; Dóm. 7:7, 22; 1. Sam. 17:37, 50. *W17.02 3:3-5*

Föstudagur 28. september

„Ekki svo að skilja að ég vilji drottna yfir trú ykkar heldur erum við samverkamenn að gleði ykkar. Því að í trúnni standið þið stöðug.“

– 2. Kor. 1:24.

Páll var okkur góð fyrirmynd með því að virða frjálsan vilja trúsyskinnna sinna og rétt þeirra til að taka ákvarðanir. Öldungar ættu að fylgja fordæmi hans þegar þeir veita ráð í málum sem snúast um persónulegar ákvarðanir. Þeir eru fúsir til að benda trúsyskinum á hvað Biblían hefur um málið að segja. Þeir passa sig samt að leyfa þeim að taka eigin ákvarðanir. Það er rökrétt þar sem þau þurfa hvert og eitt að taka afleiðingunum af ákvörðunum sínum. Höfum þetta mikilvæga atriði í huga: Við getum hjálpað öðrum með því að benda á meginreglur Biblíunnar og ráð hennar. En þeir hafa rétt til að taka eigin ákvarðanir og bera ábyrgð á þeim. Ef þeir taka skynsamlegar ákvarðanir er það þeim til góðs. Það er greinilegt að við ættum aldrei að telja okkur hafa rétt til að taka ákvarðanir fyrir trúsyskinum okkar. *w17.03 2:11*

Laugardagur 29. september

„Hlýðið leiðtogum ykkar og verið þeim eftirlát.“ – Hebr. 13:17.

Trúi þjónninn hefur sýnt einstaka trú með því að efla boðun fagnaðarerindisins um ríki Guðs og kunngerða þau af kappi. Ert þú í hópi annarra sauða Jesús sem styðja hina andasmurðu í þessu mikilvæga starfi? Þú getur glaðst ákaflega þegar leiðtogi þinn, Jesús, segir: „Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.“ (Matt. 25:34-40) Jesús yfirgaf ekki fylgjendur sína þegar hann sneri aft-

ur til himna. (Matt. 28:20) Hann vissi hve mikla hjálp hann hafði fengið frá heilögum anda, englunum og orði Guðs til að fara með forystuna meðan hann var á jörð. Hann sér því til þess að trúi þjónninn nú á dögum fái sömu aðstoð. Þar sem bræðurnir í hinu stjórnanndi ráði eru andasmurðir, fylgja þeir lambinu hvert sem það fer. (Opinb. 14:4) Þegar við fylgjum leiðsögn þeirra fylgjum við því Jesú, leiðtoga okkar. Hann leiðir okkur innan skamms til eilífs lífs. (Opinb. 7:14-17) Það er loforð sem enginn mennskur leiðtogi getur veitt. *w17.02 4:17-19*

Sunnudagur 30. september

„Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.“

– Sálms. 37:5.

Þegar við stöndum frammi fyrir vandamáli sem virðist ófyrstiganlegt finnst okkur líklega augljóst að við þurfum að reiða okkur á Jehóva. En hvað gerum við þegar við þurfum að takast á við smærri mál í dagsins önn? Eigum við það til að treysta á sjálf okkur og reyna að leysa vandann ein og óstudd? Eða byrjum við á því að kanna hvað Biblían segir um málið og reynum síðan að fylgja leiðbeiningum hennar til að leysa vandann? Segjum til dæmis að fjölskylda þín setji sig stundum upp á móti því að þú sækir samkomur eða mót. Biðurðu þá Jehóva að leiðbeina þér og benda þér á hvernig best sé að taka á málinu? Eða segjum að þú hafir verið atvinnulaus um tíma en þér sé loksins boðið í atvinnuviðtal. Segirðu þá tilvonandi vinnuveitanda að þú sækir samkomur í hverri viku þó að það geti haft áhrif á hvort þú fái starfið? Hvert sem vandamálið er ættum við að gera eins og sálmaskáldið hvatti til í versí dagsins. *w17.03 4:6*

Mánudagur 1. október

*„Hann uppfyllir óskir þeirra sem óttast hann og hróp þeirra heyrir hann og hjálpar þeim.“
– Sál. 145:19.*

Það er Jehóva sem „veitir þolgæði og hugrekkið“. (Róm. 15:5) Hann einn skilur að fullu erfiðleikana sem hrjá okkur. Hann veit nákvæmlega hvaða áhrif umhverfi okkar, tilfinningar og erfðir hafa á okkur. Hann er því best til þess fallinn að hjálpa okkur að vera þolgóð. Hvernig svarar Jehóva bænum okkar þegar við biðjum hann um styrk til að vera þolgóð? Hann hjálpar okkur að standast prófraunir þegar við biðjum hann um það. (1. Kor. 10:13) Gerir hann það með því að losa okkur úr þeim? Ef til vill. En oft notar hann þá aðferð að „sjá um að við fáum staðist“ prófraunina. Hann styrkir okkur með því að „fylla okkur þolgæði og gleði“. (Kól. 1:11) Og þar sem Jehóva þekkir fullkomlega hvað líkami okkar, hugur og tilfinningar þola leyfir hann aldrei að prófraunin verði svo þung að við getum ekki verið trúföst. w16.04 2:5, 6

Þriðjudagur 2. október

„Gjaldid þá keisaranum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.“ – Matt. 22:21.

Í orði Guðs er okkur sagt að vera hlýðin yfirvöldum. En þar segir líka að við eigum að hlýða Guði fram- en en mönnum. (Post. 5:29; Tit. 3:1) Er mótsögn í þessu? Engan veginn. Meginreglan um undirgefni með skilyrðum varpar ljósi á þetta þannig að við getum fylgt þessum fyrirmælum. Jesús útskýrði þessa meginreglu með versí dagsins. Við erum undirgefin yfirvöldum þar sem við búum með því að fylgja lögum

þeirra, virða ráðamenn þeirra og embættismenn og borga þá skatta sem þau leggja á okkur. (Róm. 13:7) En ef yfirvöld vilja að við óhlýðnumst Guði neitum við því en sýnum þeim samt tilhlýðilega virðingu. Við erum hlutlaus í stjórnmálum heimsins. (Jes. 2:4) Við beitum okkur því ekki gegn yfirvöldum sem Jehóva hefur leyft að starfa né tökum þátt í athöfnum sem ýta undir þjóðernishyggju og ættjarðarást. (Róm. 13:1, 2) Við beitum yfirvöld ekki þrýstingi, reynum ekki að steypa þeim af stóli og tökum hvorki þátt í kosningum né bjóðum okkur fram í kosningum. w16.04 4:1, 2

Miðvikudagur 3. október

*„Sé hann þér sem heiðingi.“
– Matt. 18:17.*

Kristnir menn geta leyst einslega flest ágreiningsmál sín á milli og ættu að gera það þannig. Jesús benti þó á að í sumum tilfellum gæti þurft að leggja mál fyrir söfnuðinn. (Matt. 18:15-17) Hvað átti að gera ef sá brotlegi vildi ekki hlusta á bróður sinn, vitni og söfnuðinn? Þá átti að koma fram við hann eins og „heiðingja eða tollheimtumann“. Með öðrum orðum átti að víkja honum úr söfnuðinum. Þetta var svo alvarleg aðgerð að „syndin“ hlaut að vera annað og meira en smávægilegur ágreiningur. Það var um að ræða (1) synd sem hlutaðeigandi einstaklingar gátu útkljáð einslega en einnig (2) nógu alvarlega synd til að það mætti víkja manni úr söfnuðinum ef ekki tækist að ná sáttum. Syndin gat falist í svikum af einhverju tagi eða rógi sem kastaði rýrð á mann-orð einhvers. Skrefin þrjú, sem Jesús útlistaði í Matteusi 18:15-17, áttu því aðeins við að þessi skilyrði væru fyrir hendi. w16.05 1:14

Fimmtudagur 4. október

„Reynið að skilja hver sé vilji Drottins.“ – Ef. 5:17.

Um ótal mál eru engin ákveðin fyrirmæli í Biblíunni. Til dæmis eru ekki settar ítarlegar reglur um viðeigandi klæðnað fyrir kristna menn. Hvernig sýnir það fram á visku Jehóva? Fatatíska og siðir eru bæði breytilegir frá einum heimshluta til annars og frá einum áratug til annars. Ef til væri listi í Biblíunni um viðeigandi klæðnað og útlit væri hún löngu orðin úrelt að þessu leyti. Af svipuðum ástæðum er ekki að finna lista í Biblíunni með reglum um það hvers konar vinnu við eigum að velja, um afþreyingu eða hvernig við hugsum um heilsuna. Hvernig getum við þá tekið góðar ákvarðanir þegar Biblían segir ekki beint hvað við eigum að gera? Í slíkum tilfellum er það ábyrgð okkar að skoða allar hliðar málsins og taka ákvörðun sem ræðst ekki bara af eigin smekk heldur tekur mið af því sem Jehóva er ánægður með og blessar. – Sálm. 37:5. *W16.05* 3:2, 6

Föstudagur 5. október

Þið tókuð ekki við því sem manna orði heldur sem Guðs orði – eins og það í sannleika er. – 1. Þess. 2:13.

Allir eiga sér eflaust uppáhaldsbók eða -kafla í Biblíunni. Sumir hafa sérstakt yndi af guðspjöllunum þar sem dregin er upp fögur mynd af persónuleika Jehóva eins og hann birtist í syni hans. (Jóh. 14:9) Aðrir eru hrifnir af spádómsbókum Biblíunnar, kannski Opinberunarbókinni sem gefur innsýn í „það sem verða á innan skamms“. (Opinb. 1:1) Og hverjum hefur ekki

þótt hughreystandi að lesa í Sálmunum eða dregið lærdóma af Orðskviðunum? Biblían á vissulega erindi til allra. Þar sem okkur þykir svo vænt um Biblíuna þykir okkur líka vænt um biblíuskýringarritin okkar. Við erum afar þakklát fyrir andlegu fæðuna sem við fáum í tímaritum, bæklingum, bókum og öðrum ritum. Við vitum að þessi andlega fæða frá Jehóva nærir okkur og hjálpar okkur að halda andlegri vöku okkar og vera „heilbrigð í trúnni“. – Tít. 2:2. *W16.05* 5:1-3

Laugardagur 6. október

„Ávöxtur andans er: kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsagi. Gegn slíku er lögmálið ekki.“ – Gal. 5:22, 23.

Heilagur andi getur mótað okkur á marga vegu. Hann getur hjálpað okkur að líkja eftir persónuleika Jesú og þroska með okkur þá eiginleika sem mynda ávöxt andans. Kærleikur er einn þeirra. Við elskum Guð og *viljum* hlýða honum og leyfa honum að móta okkur. Við vitum að boðorð hans eru ekki þung. Heilagur andi getur líka gefið okkur styrk til að standast mótanda áhrif heimsins og anda hans. (Ef. 2:2) Sem ungur maður var Páll postuli undir sterkum áhrifum stoltra trúarleiðtoga Gyðinga. En heilagur andi hjálpaði honum að breyta sér. Páll skrifaði síðar: „Allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gerir.“ (Fil. 4:13) Við skulum gera eins og Páll og biðja um heilagan anda. Jehóva svarar einlægum bænnum auðmjúkra þjóna sinna. – Job. 22:29. *W16.06* 1:12

Sunnudagur 7. október

*„Verður ert þú, Drottinn vor og Guð, að fá dýrdina og heiðurinn.“
– Opinb. 4:11.*

Jehóva er hinn eini sanni Guð og því eigum við að sýna honum óskipta hollustu. Tilbeiðsla okkar verður að vera heils hugar og má ekki að nokkru leyti beinast að öðrum guðum. Í henni má ekki heldur vera vottur af hugmyndum eða siðvenjum sem eiga sér uppruna í tilbeiðslu af öðru tagi. Við þurfum að hafa hugfast að Jehóva er ekki bara einn guð af mörgum né hinn hæsti og máttugasti á meðal þeirra. Við ættum aðeins að tilbiðja Jehóva. Hann þarf að skipa fyrsta sæti í lífi okkar. Ef við viljum sýna honum óskipta hollustu þurfum við að gæta þess að ekkert annað komi í staðinn. Hvað gæti það verið? Í boðorðunum tíu lét Jehóva skýrt í ljós að þjónar sínir mættu ekki hafa neina aðra guði en hann né dýrka skurðgoð í nokkurri mynd. (5. Mós. 5:6-10) Skurðgoðadýrkun getur tekið á sig ýmsar myndir á okkar tímum og sumum þeirra getur verið erfitt að átta sig á. En kröfur Jehóva hafa ekki breyst. Jehóva er eftir sem áður „einn“. – Mark. 12:29. *w16.06 3:10, 12*

Mánudagur 8. október

*„Ef þér fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra þá mun og faðir yðar himneskur fyrirgefa yður.“
– Matt. 6:14.*

Þegar Pétur spurði Jesú hvort ætti að fyrirgefa „svo sem sjö sinnum“ svaraði hann: „Ekki segi ég þér sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö.“ Jesús vildi greinilega að við værum alltaf fús til að fyrirgefa. Það ætti að vera ríkjandi tilhneig-

ing hjá okkur. (Matt. 6:15; 18:21, 22) En þar sem við erum öll ófullkomin skulum við muna að við sjálf móðgum kannski aðra. Ef við áttum okkur á að það hefur gerst ættum við að fylgja leiðsögn Biblíunnar og taka frumkvæðið og reyna að sættast. (Matt. 5:23, 24) Við kunnum að meta að aðrir fyrirgefi okkur og því ættum við að reyna að gera það sama þegar þeir eiga í hlut. (1. Kor. 13:5; Kól. 3:13) Jehóva fyrirgefur okkur ef við temjum okkur að fyrirgefa öðrum. Það er því ljóst að besta leiðin til að bregðast við mistökum annarra er að líkja eftir miskunn Jehóva við okkur þegar við gerum mistök. – Sálms. 103:12-14. *w16.06 4:15, 17*

Þriðjudagur 9. október

„Ég fyrirverð mig ekki fyrir fagnaðarerindið. Það er kraftur Guðs sem frelsar hvern þann mann sem trúir.“ – Rómv. 1:16.

Núna á tímum endalokanna hefur þjónum Jehóva verið falið það verk að boða „fagnaðarerindið um ríkið ... um alla heimsbyggðina til þess að allar þjóðir fái að heyra það“. (Matt. 24:14) Þetta fagnaðarerindi um ríkið er einnig fagnaðarerindið um Guðs náð því að öll sú blessun, sem ríki Guðs færir okkur, er tilkomin vegna einstakrar góðvildar hans. (Post. 20:24; Ef. 1:3) Páll sýndi þakklæti fyrir góðvild Jehóva með því að boða fagnaðarboðskapinn af krafti. Líkjum við eftir honum? (Rómv. 1:14, 15) Við njótum góðs af góðvild Jehóva á margvíslegan hátt þó að við séum syndug. Það er skylda okkar að kenna fólki hvernig Jehóva sýnir kærleika sinn og hvernig það getur notið góðs af honum. *w16.07 4:4, 5*

Miðvikudagur 10. október

Verið viðbúinn því að Mannssonur-inn kemur á þeirri stundu sem þér ætlið eigi. – Lúk. 12:40.

Skömmu áður en Jesús dó varði hann lærisveina sína þrisvar við „höfðingja þessa heims“. (Jóh. 12:31; 14:30; 16:11) Satan reynir að halda þekkingu frá fólki. Margir skeyta þess vegna ekki um spádóma Biblíunnar sem sýna svart á hvítu að endir þessa heims er yfirvofandi. (Sef. 1:14) Satan notar falstrúarbrögðin til að blinda hugi fólks. Hefurðu ekki tekið eftir því þegar þú ræðir við fólk? Er Satan ekki búinn að blinda huga vantrúaðra? gagnvart því að þessi heimur sé að líða undir lok og að Kristur sé nú við völd í ríki Guðs? (2. Kor. 4:3-6) Flestir sýna lítil viðbrögð þegar við reynum að segja þeim hvert þessi heimur stefnir. Láttu ekki áhugaleysi annarra draga úr þér kjarkinn. Þú veist hve árið-andi er að halda vöku sinni. *W16.07 2:11, 12*

Fimmtudagur 11. október

„Hver og einn skal elska eiginkonu sína eins og sjálfan sig en konan beri lotningu fyrir manni sínum.“ – Ef. 5:33.

Orð fá ekki lýst gleðinni þegar yndisfögur brúðurin birtist myndarlegum brúðguma sínum á brúðkaupsdaginn. Orð Guðs hefur að geyma viturleg ráð fyrir alla sem kjósa að ganga í hjónaband. Ástríkur höfundur hjónabandsins vill að öll hjón séu farsæl og hamingjusöm. (Orðskv. 18:22) Engu að síður segir Biblían skýrt að ófullkomnir menn, sem ganga í hjónaband, eigi eftir að mæta erfiðleikum. (1. Kor. 7:28) Hvernig er hægt að halda þeim

í lágmarki? Og hvað gerir kristið hjónaband farsælt? Biblían leggur áherslu á mikilvægi kærleika. Væntumþykja (á grísku *filía*) er nauðsynleg í hjónabandinu. Rómantísk ást (*eros*) veitir ánægju og kærleikur til fjölskyldunnar (*storge*) er ómissandi þegar börn koma til sögunnar. En það er kærleikur byggður á meginreglum (*agape*) sem tryggir að hjónabandið verði farsælt. *W16.08 2:1, 2*

Föstudagur 12. október

„Haf gát á sjálfum þér og fræðslunni.“ – 1. Tím. 4:16.

Tímóteus var þegar reyndur boðberi fagnaðarerindisins. En aðeins með því að hafa stöðugt gát á fræðslunni myndi hann ná árangri í boðuninni. Hann mátti ekki ganga að því sem gefnum hlut að fólk brygðist vel við þegar hann notaði þær boðunaraðferðir sem hann var vanur. Til að ná til hjartna fólks þurfti hann að sníða kennsluaðferðir sínar að þörfum þess. Við þurfum að gera það líka þegar við boðum fagnaðarerindið. Oft er enginn heima þegar við bönkum upp á hjá fólk. Sums staðar megum við ekki fara inn á viss afgirt íbúðarsvæði eða inn í fjölbýlishús. Ef því er þannig farid þar sem þú býrð væri kannski ráð að reyna nýjar leiðir til að boða fagnaðarerindið. Boðun meðal almennings er frábær leið til að breiða út fagnaðarboðskapinn. Margir vottar hafa náð góðum árangri í þessu starfi. Þeir taka sér reglulega tíma til að spjalla við fólk á lestarstöðvum, strætóbiðstöðvum, mörkuðum, útivistarsvæðum og öðrum almenningssvæðum. *W16.08 3:14-16*

Laugardagur 13. október

Réttið úr máttvana höndum og magnþrota knjám. – Hebr. 12:12.

Jehóva hefur gefið okkur alþjóðlegt bræðralag umhyggjusamra trússystkina sem geta verið okkur til hvatningar. (Hebr. 12:12, 13) Margir fengu hjálp af þessu tagi á fyrstu öld. Hið sama er uppi á teningnum núna. Hvað getum við gert? Hugsaðu um það hvernig Aron og Húr studdu bókstaflega hendur Móse meðan orrusta stóð yfir. (2. Mós. 17:8-13) Við getum verið vakandi fyrir því að styðja aðra með einhverjum hætti. Hverja? Þá sem eru að glíma við ellina, heilsubrest, andstöðu frá fjölskyldunni, einmanakennd eða ástvinamissi. Við getum líka stutt unga fólkið þegar þrýst er á það til að gera eitthvað rangt eða til að „komast áfram“ í þessum heimi, hvort heldur það er fjárhagslega, á sviði menntunar eða í atvinnulífinu. (1. Þess. 3:1-3; 5:11, 14) Sýndu öðrum ósvikinn áhuga í ríkissalnum, boðuninni, við matarborðið og þegar þú spjallar við þá í síma. *wl6.09 1:13, 14*

Sunnudagur 14. október

*Gerið allt Guði til dýrðar.
– 1. Kor. 10:31.*

Klæðaburður okkar hefur áhrif á Guð, trússystkini okkar og fólk á starfssvæðinu. Við ættum alltaf að klæða okkur í samræmi við boðskapinn sem við berum. (Rómv. 13:8-10) Það er líka Jehóva til heiðurs. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar við sækjum samkomur og boðum fagnaðarerindið. Við ættum að klæða okkur „eins og sómir [þeim] er segjast vilja dýrka Guð“. (1. Tím. 2:10) Auðvitað er það breytilegt eftir löndum hvað

telst viðeigandi klæðnaður. Þjónar Jehóva um heim allan taka því mið af siðum og menningu á hverjum stað til að hneyksla engan. Þegar við sækjum mót þurfum við að klæða okkur á viðeigandi hátt. Við þurfum að vera látlaus í klæðaburði en ekki endurspegla þær öfgar sem einkenna tískustrauma heimsins. Þá getum við sagt frá því með stolti að við séum vottar Jehóva. Og þá erum við líka reiðubúin að segja frá trúnni þegar færi gefst. *wl6.09 3:7, 8*

Mánudagur 15. október

*„Sérhvert hús hefur einhver gert en Guð er sá sem allt hefur gert.“
– Hebr. 3:4.*

Rök Páls eru mjög sannfærandi. Á bak við flókna hönnun stendur vitiborinn hönnuður. Þú getur notað sömu aðferð þegar þú ræðir við einhvern sem efast um áreiðanleika Biblíunnar. Áttaðu þig á hverju hann trúir og hvaða málefni gætu vakið áhuga hans. (Orðskv. 18:13) Ef hann hefur áhuga á vísindum gæti verið gott að nota vers sem sýna fram á hve nákvæm Biblían er í vísindalegum málum. Öðrum gæti fundist athyglisvert að sjá dæmi sem sýna að spádómar Biblíunnar eru áreiðanlegir og að hún er sagnfræðilega nákvæm. Þú gætir líka bent á hvernig meginreglur Biblíunnar eru okkur til góðs, til dæmis þær sem koma fram í fjallræðunni. Hafðu í huga að markmiðið er að vinna hjórtu fólks en ekki rökræðurnar. Hlustaðu því vel á viðmælanda þinn. Spyrðu einlægra spurninga og sýndu hógværð og virðingu, sérstaklega þegar þú talar við eldra fólk. Viðmælandinn verður þá líklegri til að virða skoðanir þínar. *wl6.09 4:14-16*

Þriðjudagur 16. október

Takið hvert annað að ykkur.

– Rómv. 15:7.

Þú getur stuðlað að því að fólki af erlendum uppruna líði vel í söfnuðinum með því að spyrja þig: Hvernig vildi ég láta koma fram við mig ef ég flyttist til annars lands? (Matt. 7:12) Vertu þolinmóður við þá sem eru að laga sig að aðstæðum í nýju landi. Í byrjun skiljum við ef til vill ekki til fulls hugsunarhátt þeirra og viðbrögð. En er ekki ágætt að taka þeim eins og þeir eru í stað þess að ætlast til að þeir tileinki sér þína menningu? Við eigum líklega auðveldara með að eiga samskipti við þá ef við öflum okkur upplýsinga um heimaland þeirra og menningu. Kannski getum við gefið okkur tíma í tilbeiðslustund fjölskyldunnar til að kynna okkur betur menningarheima þeirra sem eru í söfnuðinum okkar eða á starfssvæðinu. Önnur leið til að kynnst þeim betur er að bjóða þeim heim í mat. Fyrst Jehóva hefur „opnað ... dyr trúarinnar“ fyrir fólki af öllum þjóðum ættum við að geta opnað okkar eigin dyr fyrir aðfluttum trúsystkinum. – Post. 14:27; Gal. 6:10; Job. 31:32. *W16.10* 1:15, 16

Miðvikudagur 17. október

„Virðið hann fyrir ykkur sem þolað hefur slíkan fjandskap gegn sér af syndurum.“ – Hebr. 12:3.

Eftir að Páll hafði rætt um ýmsa karla og konur sem höfðu sterka trú beindi hann athyglinni að bestu fyrirmyndinni – Drottni okkar Jesú Kristi. „Hann leið með þolinmæði á krossi og mat smán einskis,“ segir í Hebreabréfinu 12:2, „af því að hann vissi hvaða gleði beið hans og hefur nú sest til hægri handar hástöli Guðs.“ Við ættum að leggja okkur fram um að „virða fyrir okkur“ trú

Jesú en hann mátti þola erfiðustu prófraunir sem hugsast getur. Lærisveinninn Antípas og aðrir píslarvottar á tímum frumkristninnar fóru að dæmi Jesú og neituðu að víkja frá ráðvendni sinni. (Opinb. 2:13) Þeir áttu von um að verða reistir upp til lífs á himnum – von sem var fremri hinni „betri upprisu“ sem þjónar Guðs til forna væntu. (Hebr. 11:35) Einhvern tíma eftir að ríki Guðs var stofnsett árið 1914 voru allir trúfastir andasmurðir þjónar Guðs, sem sváfu dauðasvefni, reistir upp til lífs á himnum til að ríkja með Jesú yfir mannkyninu. – Opinb. 20:4. *W16.10* 3:12

Fimmtudagur 18. október

Uppörvið hvert annað hvern dag.

– Hebr. 3:13.

Sumir foreldrar hrósa ekki börnum sínum einfaldlega vegna þess að sjálfir fengu þeir aldrei hrós frá foreldrum sínum. Fullorðnir þurfa líka á hvatningu að halda. Til dæmis kvarta margir undan því að fá aldrei hrós í vinnunni. Við getum hvatt og uppörvað aðra með því að hrósa þeim fyrir vel unnið verk. Við getum líka uppörvað niðurdregna með því að minna á góða eiginleika þeirra eða með því að hughreysta þá. (1. Þess. 5:14) Gríska orðið, sem er yfirleitt þýtt „hvetja, uppörva“, merkir bókstaflega „að kalla upp að hlið sér“. Þegar við störfum með bræðrum okkar og systurum fáum við líklega mörg tækifæri til að segja eitthvað uppbyggilegt við þau. (Préd. 4:9, 10) Grípum við tækifærin sem gefast til að segja öðrum hvað við kunnum að meta í fari þeirra og hvers vegna okkur þykir vænt um þá? Áður en þú svarar því skaltu velta fyrir þér Orðskviðunum 15:23 en þar segir: „Fagurt er orð í tíma talað.“ *W16.11* 1:3-5

Föstudagur 19. október

„Sjá, hversu fagurt og yndislegt það er þegar bræður búa saman.“

– Sálm. 133:1.

Jehóva sagði fyrir hvernig aðstæður yrðu meðal þjóna hans í framtíðinni þegar hann lýsti yfir: „Ég mun smala þeim saman eins og sauðfé í rétt.“ (Míka 2:12) Þar að auki spáði hann fyrir milli-göngu Sefanía spámanns: „Þá mun ég gefa þjóðunum nýjar varir og hreinar [eða tungumál sannleikans í Biblíunni] svo að þær geti ákallað nafn Drottins og þjónað honum einhuga.“ (Sef. 3:9) Við erum ákaflega þakklát fyrir að mega tilbiðja Jehóva í einingu! Það er greinilegt að innblásnar leiðbeiningar í orði Guðs hjálpuðu frumkristnum mönnum í Korintu og annars staðar að varðveita hreinleika, frið og einingu í söfnuðunum. (1. Kor. 1:10; Ef. 4:11-13; 1. Pét. 3:8) Sameinað boðunarátak þeirra sem tilheyra söfnuðinum nú á dögum hefur orðið til þess að þekking á hinni stórkostlegu fyrirætlun Guðs hefur borist til fólks um alla jörð. *W16.11* 2:16, 18

Laugardagur 20. október

Þið eruð konunglegur prestdómur, heilög þjód, eignarlýður, til þess að þið skuluð viðfrægja dádír hans, sem kallaði ykkur frá myrkrinu.

– 1. Pét. 2:9.

Á fyrstu öldum okkar tímatafs gátu margir lesið Biblíuna á grísku eða latínu. Þeir höfðu þá tækifæri til að skoða trúarsetningar kirkjunnar í ljósi Biblíunnar. Þeir sáu að margar þeirra voru óbíbílulegar og sumir þeirra höfnuðu þeim. En það var varasamt – jafnvel lífshættulegt – að láta slíkar skoðanir í ljós. Með tíð og tíma hætti fjöldinn að tala

grísku og latínu, og kirkjan lagðist gegn því að Biblían væri þýdd á tungumál almennings. Þeir sem létu í ljós aðrar skoðanir en kirkjan máttu búaast við harðri refsingu. Trúir andasmurðir þjónar Guðs urðu að hittast í litlum hópum svo að lítið bar á – ef það var á annað borð hægt. Hinn andasmurði „konunglegi prestdómur“ gat ekki starfað með skipulegum hætti. Babýlon hin mikla hélt fólki í skrufstykki. *W16.11* 4:8, 10, 11

Sunnudagur 21. október

„Ranglátir munu ekki erfa Guðs ríki.“ – 1. Kor. 6:9.

Við megum auðvitað ekki að stunda af ásettu ráði alvarlegar syndir á borð við þær sem sumir í Korintu höfðu gert sig seka um. Annars getum við ekki sagt að við lifum í samræmi við einstaka góðvild Guðs og að „syndin ríki ekki yfir okkur“. En erum við líka staðráðin í að vera „af hjarta hlýðin“ og gera okkar besta til að forðast syndir sem sumum þykja ekki mjög alvarlegar? (Rómv. 6:14, 17) Tökum Pál postula sem dæmi. Hann gerði að sjálfsögðu ekki neitt af því ranga sem nefnt er í 1. Korintubrési 6:9-11. Hann játaði engu að síður að hann væri syndugur og skrifaði: „Ég er jarðneskt hold, í greipum syndarinnar. Ég skil ekki hvað ég aðhefst. Það sem ég vil geri ég ekki, hitt sem ég hata, það geri ég.“ (Rómv. 7:14, 15) Þessi orð bera með sér að Páll átti í baráttu við ýmislegt sem hann taldi vera synd, þó að það væri ekki eins alvarlegt og það sem hann nefnir í Korintubræfinu. (Rómv. 7:21-23) Við skulum líkja eftir Páli og gera allt sem við getum til að vera „af hjarta hlýðin“. *W16.12* 1:15, 16

Mánudagur 22. október

„Varpa áhyggjum þínum á Drottin, hann mun bera umhyggju fyrir þér.“ – Sál. 55:23.

Úthelltu hjarta þínu fyrir kærleiksríkum föður þínum á himnum þegar þú finnur fyrir ótta, áhyggjum eða kvíða. Þegar þú hefur gert allt sem í þínu valdi stendur til að leysa vandamálið kemur innileg bæn meiru til leiðar en áhyggjur. (Sál. 94:18, 19) Eins og sjá má af Filippíbréfinu 4:6, 7 getur Jehóva svarað einlægum og innilegum áköllum okkar. Hvernig gerir hann það? Hann veitir okkur innri frið sem sefar huga okkar og hjarta. Margir hafa upplifað það. Guð hjálpaði þeim að takast á við áhyggjur sínar og kvíða með því að veita þeim innri frið og ró sem var æðri mannlegum skilningi. Þú getur líka fengið að reyna það. Þá getur „friður Guðs“ hjálpað þér að sigrast á hvaða erfiðleikum sem ber að garði. Þú mátt treysta að Jehóva beri umhyggju fyrir þér og standi við eftirfarandi loforð: „Vertu ekki hræddur því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér.“ – Jes. 41:10. *W16.12* 3:3, 4

Þriðjudagur 23. október

„Fyrir trú hafnaði Móse því er hann var orðinn fulltíða maður að vera talinn dóttursonur faraós.“ – Hebr. 11:24.

Móse sneri bakinu við fjársjóðum Egyptalands og „kaus fremur að þola illt með lýð Guðs en njóta skammvinnns unaðar af syndinni“. (Hebr. 11:25, 26) Við skulum líkja eftir trú Móse og annarra trúfastra karla og kvenna, og nota frjálsa viljann á réttan hátt – til að

gera vilja Guðs. Það gæti virst auðveldara að láta aðra taka ákvörðun fyrir okkur. En þá misstum við af tækifæri sem lýst er í 5. Mósebók 30:19, 20. Í versí 19 kemur fram að Jehóva gaf Ísraelsmönnum tvo valkosti. Í versí 20 sjáum við að þeir fengu tækifæri til að sýna honum hve heitt þeir elskuðu hann. Við fáum líka að *velja* hvort við þjónum Jehóva eða ekki. Við höfum frábært tækifæri til sýna Jehóva hve innilega við elskum hann með því að nota frjálsa viljann honum til heiðurs. *W17.01* 2:10, 11

Miðvikudagur 24. október

Treystu Jehóva og gerðu gott og vertu trúfastur. – Sál. 37:3, NW.

Jehóva væntir þess að við notum hæfileikana, sem hann hefur gefið okkur, til góðra verka. Hvers vegna? Vegna þess að hann elskar okkur og veit að okkur líður vel þegar við notum það sem hann hefur gefið okkur. Jehóva veit samt að mönnunum eru takmörk sett. Við getum aldrei losnað við ófullkomleikann, syndina og dauðann af eigin rammleik. Við getum ekki heldur stjórnað því hvað aðrir gera því að öllum er frjálst að haga lífinu eins og þeir vilja. (1. Kon. 8:46) Og óháð reynslu okkar og þekkingu verðum við alltaf eins og börn í samanburði við Jehóva. (Jes. 55:9) Við þurfum alltaf að reiða okkur á leiðsögn hans og treysta að hann styðji okkur og hjálpi okkur með það sem við getum ekki sjálf. En við þurfum samt sjálf að gera það sem við getum til að leysa vandmál okkar og hjálpa öðrum. Í stuttu máli þurfum við bæði að *treysta* Jehóva og *gera* gott. *W17.01* 1:2-4

Fimmtudagur 25. október

„Komdu með mér. Ég skal sjá fyrir þér heima hjá mér í Jerúsalem.“

– 2. Sam. 19:34.

Barsillaí afþakkaði boðið. Hvers vegna? Hann var orðinn háaldraður og sagði konunginum að hann vildi ekki verða honum byrði. Barsillaí lagði því til að Kímham, sem var líklega sonur hans, færi í hans stað. (2. Sam. 19:32-38) Barsillaí gat tekið skynsamlega ákvörðun vegna þess að hann var hógvær. Hann hafnaði ekki boði Davíðs af því að honum fyndist hann ekki hæfur til að axla ábyrgð eða af því að hann vildi setjast í helgan stein og lifa rólegu lífi. Hann sætti sig einfaldlega við breyttar aðstæður og viðurkenndi takmörk sín. Hann vildi ekki taka á sig meira en hann gæti gert með góðu móti. (Gal. 6:4, 5) Ef við einblínum á stöðu, upphefð eða á það að hljóta viðurkenningu skapar það frjóa jörð fyrir sjálfselsku og keppnisanda og veldur að lokum vonbrigðum. (Gal. 5:26) Hógværd hjálpar hins vegar öllum að nota krafta sína og hæfileika til að vinna saman að því að heiðra Jehóva og styðja hver annan. – 1. Kor. 10:31. *w17.01* 4:5, 6

Föstudagur 26. október

„Guð leit allt sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott.“

– 1. Mós. 1:31.

Handaverk Jehóva vekja með okkur djúpa lotningu og aðdáun. Allt sem hann skapar er lýtalaust. (Jer. 10:12) Sköpunarverkið ber vitni um að Jehóva setur ákveðin takmörk. Hann setti bæði náttúrulögmál og siðferðisreglur til að tryggja að allt vinni fullkomlega saman. (Sálm. 19:8-10) Allt í alheiminum á sér því ákveðinn stað og gegnir ákveðnu hlutverki sem kemur heim og saman við fyrirlitun Guðs. Hann setur reglur um

það hvernig sköpunarverk hans eiga að vinna saman. Svo dæmi sé nefnt sér þyngdaraflíð um að halda andrúmsloftinu á sínum stað kringum jörðina, það stjórnar sjávarföllum og hreyfingum hafsins, og á sinn þátt í að viðhalda þeirri reglufestu sem er nauðsynleg öllu lífi á jörð. Allt sköpunarverkið, mennirnir þar á meðal, lifa og hrærast innan þessara marka. Reglan í sköpunarverkinu er greinilegt merki um að Guð hafi ætlað jörðinni og mannkyninu ákveðið hlutverk. Getum við vakið athygli fólks á frumorsök þessarar reglu þegar við boðum fagnaðareringindi? – Opinb. 4:11. *w17.02* 1:4, 5

Laugardagur 27. október

Guð sendi Móse sem höfðingja og lausnara með fulltingi engilsins.

– Post. 7:35.

Að því kom að Jósúa tók við af Móse. „Hershöfðingi Drottins“ styrkti Jósúa þannig að hann gæti leitt þjóð Guðs í stríð gegn Kanverjum. (Jós. 5:13-15; 6:2, 21) Öldum síðar átti Hiskía konungur við ofurefli að etja þegar firnastór her Assýringa hótadi að ráðast inn í Jerúsalem. En á einni nóttu „fór engill Drottins út og deyddi hundrað áttatíu og fimm þúsund menn“. (2. Kon. 19:35) Englarnir eru fullkomnir en mennirnir, sem þeir aðstoðuðu, voru það auðvitað ekki. Móse láðist eitt sinn að gefa Jehóva dýrdina. (4. Mós. 20:12) Jósúa leitaði ekki leiðsagnar Guðs áður en hann gerði sáttmála við Gibeoníta. (Jós. 9:14, 15) Og Hiskía „gerðist hrokafullur“ um stuttan tíma. (2. Kron. 32:25, 26) En þrátt fyrir ófullkomleika þessara manna ætlaðist Jehóva til að Ísraelsmenn fylgdu leiðsögn þeirra. Hann studdi þessa menn með ofurmannlegum sendiboðum sínum. Já, Jehóva leiddi þjóð sína. *w17.02* 3:7-9

Sunnudagur 28. október

„Honum, sem í hásetinu situr, og lambinu, sé lof og heiður, dýrð og kraftur um aldir alda.“

– Opinb. 5:13.

Að heiðra merkir að veita sérstaka athygli og virðingu. Við gerum eðlilega ráð fyrir að sá sem nýtur heiðurs hafi gert eitthvað til að verðskulda hann eða gegni sérstakri stöðu sem kallar á virðingu. Hverjum ber okkur að sýna heiður og hvers vegna verðskulda þeir það? „Honum, sem í hásetinu situr, og lambinu, sé lof og heiður,“ segir í Opinberunarbókinni 5:13. Í 4. kafla sömu biblíubókar kemur fram ein ástæða þess að Jehóva, hann sem „lifir um aldir alda“, verðskuldar heiður. Andaverur á himnum syngja honum lof og segja: „Verður ert þú, Drottinn vor og Guð, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn því að þú hefur skapað alla hluti og að þínum vilja urðu þeir til og voru skapaðir.“ – Opinb. 4:9-11. *17.03* 1:1, 2

Mánudagur 29. október

„Sá sem treystir á eigið hyggjuvit er heimskingi.“ – Orðskv. 28:26.

Oft er sagt: Fylgdu hjartanu. En það getur verið hættulegt og að vissu leyti er það líka óbíbílíulegt. Biblían varar okkur við því að láta ófullkomið hjarta okkar eða tilfinningarnar ráða ferðinni þegar við tökum ákvarðanir. Frásögur Biblíunnar benda líka á slæmar afleiðingar þess að fylgja hjartanu. Kjarni málsins er sá að hjá ófullkomnum mönnum er „hjártið svikult framfar öllu öðru og forhert“. (Jer. 3:17; 13:10; 17:9; 1. Kon. 11:9, *Biblían 1981*) Hvað gæti gerst ef við fylgdum bara hjart-

anu og létum tilfinningarnar stjórna hugsunum okkar og verkum? Hvað gæti til dæmis gerst ef við tökum ákvarðanir þegar við erum reið? Við vitum svarið ef við höfum einhvern tíma gert það. (Orðskv. 14:17; 29:22) Eða er líklegt að við tökum skynsamlegar ákvarðanir þegar við erum niðurdregin? (4. Mós. 32:6-12; Orðskv. 24:10) Við gætum auðveldlega blekkt sjálf okkur ef við látum stjórnast af tilfinningunum þegar við tökum mikilvægar ákvarðanir. *17.03* 2:12, 13

Þriðjudagur 30. október

„Ég hefi gengið fyrir augliti þínu með trúmennsku og einlægu hjarta.“

– 2. Kon. 20:3, *Biblían 1981*.

Við erum ófullkomin og þar af leiðandi gerum við oft mistök. Sem betur fer geldur Jehóva okkur ekki „eftir syndum vorum“, svo framarlega sem við iðrumst og leitum auðmjúk til hans í trú á lausnarfórn Jesú. (Sálm. 103:10) En eins og Davíð sagði Salómon þurfum við að þjóna Jehóva „af öllu hjarta“ til að hann hafi velþóknun á tilbeiðslu okkar dag frá degi. (1. Kron. 28:9, *Biblían 1981*) Að þjóna Guði „af öllu hjarta“ lýsir varanlegri hollustu. Í Biblíunni er orðið „hjarta“ yfirleitt notað til að lýsa hinum innri mannsins, hugsanir, skaplyndi, viðhorf, hæfileika, hvatir og markmið. Sá sem þjónar Jehóva af öllu hjarta tilbiður hann ekki aðeins til málamynda. Hvað um okkur? Við þjónum Jehóva af öllu hjarta ef við sýnum honum hræsnislausla hollustu þrátt fyrir að við erum ófullkomin. – 2. Kron. 19:9. *17.03* 3:1, 3

Miðvikudagur 31. október

Drottinn lítur til hins lága, þekkir hinn drambláta í fjarska.

– Sálm. 138:6.

Segjum að okkur hafi tekist vel til með eitthvað sem við gerðum. Getur þá verið að Jehóva „yfirgefi okkur til að reyna okkur“ þannig að við getum sýnt hvað býr í hjarta okkar? Hugsum okkur til dæmis að bróðir hafi lagt hart að sér við að undirbúa og flytja ræðu fyrir stórum hópi áheyranda. Margir hrósa honum fyrir ræðuna. Hvernig bregst hann við hrósinu? Þegar okkur er hrósað ættum við að gera eins og Jesús hvatti til. Hann sagði: „Þegar þér hafið gert allt sem yður var boðið skuluð þér segja: „Ónýtir þjónar erum vér. Vér höfum gert það eitt sem oss bar að gera.““ (Lúk. 17:10) Við getum dregið lærdóm af Hiskía. Hroki hans birtist í því að hann „endurgalt ekki þá velild, sem honum hafði verið sýnd“ (2. Kron. 32:24-27, 31) Það er gott að íhuga hve mikið Jehóva hefur gert fyrir okkur. Það auðveldar okkur að forðast viðhorf sem hann hatar. Við getum talað með þakklæti um hann því að hann gerir okkur kleift að gera verkefnum okkar góð skil. *W17.03 4:12-14*

Fimmtudagur 1. nóvember

„Öðlastu visku, sonur minn, og gleddu hjarta mitt svo að ég geti svarað þeim orði sem smána mig.“

– Orðskv. 27:11.

Að sögn Satans þjónar enginn maður Jehóva af óeigingjörnum kærleika. (Job. 2:4, 5) Hefur Satan breyst síðan hann staðhæfði þetta? Nei. Þegar honum var varpað niður af himnum var sagt að „hann stæði frammi fyrir Guði dag og nótt og ákærði þau sem trúá“. (Opinb. 12:10) Satan er ekki búinn að gleyma deilunni um ráðvendni mannsins. Hann

vill ólmur sjá okkur gefast upp í prófraunum og hætta að styðja drottinvald Guðs. Þegar þú verður fyrir mótlæti skaltu sjá fyrir þér hið ósýnilega tilverusvið. Hugsaðu þér að öðrum megin við þig séu Satan og illu andarnir. Þeir benda á að þú eigir í baráttu og fullyrða að þú sért að kíkna undan álaginu og gefist bráðum upp. Hinum megin eru Jehóva, konungurinn Jesús, hinir andasmurðu upprisnir og ógrynni engla. Þeir hvetja þig til dáða og gleðjast að sjá þig halda út og styðja drottinvald Jehóva. Þú getur tekið til þín innblásna beiðni Jehóva í versi dagsins. *W16.04 2:8, 9*

Föstudagur 2. nóvember

Taktu með þér einn eða tvo.

– Matt. 18:16.

Ef þér tekst að leysa málið með hjálp þeirra hefurðu „endurheimt bróður þinn“. Það ætti því aðeins að vísa máli til öldunganna að ekki hafi tekist að hjálpa hinum brotlega þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Það er sjaldgæft að bræður og systur þurfi að stíga öll þrjú skrefin sem er lýst í Matteusi 18:15-17. Það er ánægjulegt vegna þess að yfirleitt tekst að leysa málin og þau komast sjaldan á það stig að það þurfi að vísa einhverjum úr söfnuðinum af því að hann hefur syndgað en iðrast ekki. Oft sér hinn brotlegi að sér og bætir ráð sitt, og sá sem brotið var gegn áttar sig á að hann hafi ekki ástæðu til að gera meira í málinu og ákveður að fyrirgefa. Af orðum Jesú má sjá að það ætti ekki að blanda söfnuðinum í málið á frumstigi. Öldungarnir ættu aðeins að láta málið til sín taka að búið sé að stíga fyrstu tvö skrefin og fyrir liggi með öyggjandi hætti hvað gerðist. *W16.05 1:15, 16*

Laugardagur 3. nóvember

„Þeir eru ekki af heiminum.“

– Jóh. 17:16.

Við verðum að vera hlutlaus til að vera hollir þegnar Guðsríkis. Annars gætum við varla haft hreina samvisku þegar við boðum þær gleðifréttir að aðeins ríki Guðs geti leyst vandamál mannkyns. Fölsk trúarbrögð hafa sundrað sóknarbornum sínum með því að blanda sér í stjórnmál. En þeir sem iðka sanna trú eru sameinaðir í alþjóðlegu bræðralagi af því að þeir eru hlutlausir. (1. Pét. 2:17) Því nær sem dregur að endalokum þessa heims því meiri líkur eru á að það reyni á hlutleysi okkar. Heimurinn er fullur af þrjúsku og þveru fólki svo að sundrunin á bara eftir að aukast. (2. Tím. 3:3, 4) Í sumum löndum hafa orðið örar breytingar á vettvangi stjórnmála með þeim afleiðingum að það hefur reynt óvænt á hlutleysi trússystema okkar. Skilurðu af hverju það er mikilvægt að undirbúa sig núna svo að við getum varðveitt hlutleysi okkar? Ef við bíðum með það er hætt á að við látum undan og glötum hlutleysi okkar þegar á reynir. *w16.04* 4:3, 4

Sunnudagur 4. nóvember

„Það sem maður sáir, það mun hann og uppskera.“ – Gal. 6:7.

Sumum finnst ekki skipta máli hvað þeir kjósa að gera. Til að taka skynsamlegar ákvarðanir sem Jehóva er ánægður með þurfum við þó að skoða lög og meginreglur Biblíunnar og fara eftir þeim. Við þurfum til dæmis að fylgja lögum Guðs um notkun blóðs til að þóknast honum. (1. Mós. 9:4; Post.

15:28, 29) Bænin hjálpar okkur að taka ákvarðanir í samræmi við lög og meginreglur Biblíunnar. Mikilvægar ákvarðanir geta haft töluverð áhrif á trú okkar og velferð. Líklega hafa allar ákvarðanir okkar áhrif á samband okkar við Jehóva – annaðhvort til góðs eða ills. Góð ákvörðun styrkir samband okkar við hann en slæm ákvörðun getur skaðað það. Slæm ákvörðun getur auk þess komið öðrum í uppnám og veikt trú þeirra eða komið niður á einingu safnaðarins. Ákvarðanir okkar skipta greinilega máli. – Róm. 14:19. *w16.05* 3:4, 5

Mánudagur 5. nóvember

„Ég er Drottinn, Guð þinn, sem kenni þér það sem gagnlegt er.“

– Jes. 48:17.

Jehóva kann að meta að við notum tímann vel til að lesa í Biblíunni og stunda sjálfsnám. (Ef. 5:15, 16) Það er þó varla við því að búast að við getum þaullesið allt efnið sem við fáum. Við þurfum hins vegar að vita af ákveðinni hættu. Hver er hún? Hættan er sú að við ímyndum okkur að ákveðið efni eða vissir biblíukaflar eigi ekki við okkur. Segjum til dæmis að eitthvað sem við lesum í Biblíunni virðist ekki eiga við okkar aðstæður. Eða segjum sem svo að við tilheyrum ekki aðalmarkhópi ákveðins rits. Hættir okkur þá til að renna aðeins lauslega yfir þetta efni – eða sleppa jafnvel alveg að lesa það? Þá gætum við farið á mis við upplýsingar sem við hefðum annars mikið gagn af. Við skulum hafa hugfast að öll andlega fæðan er komin frá Jehóva. *w16.05* 5:5, 6

Priðjudagur 6. nóvember

*„Ef einhver er staðinn að misgjörð
þá leiðréttið þið, sem andleg eruð,
þann mann með högværd.“*

– Gal. 6:1.

Jehóva notar söfnuðinn og umsjónarmenn hans til að móta hvert og eitt okkar. Ef öldungarnir taka eftir að við eigum við ákveðinn veikleika að stríða reyna þeir að hjálpa okkur. En þeir byggja ekki ráð sín á eigin hugmyndum. Þeir leita til Jehóva og biðja hann um skilning og visku. Síðan leita þeir í Biblíuna og ritin til að finna efni sem getur komið okkur að gagni. Þannig geta þeir sniðið ráðleggingar sínar að þörfum okkar. Ef við skiljum hvernig Jehóva mótar okkur getur það auðveldað okkur að eiga góð samskipti við trússystkini. Við verðum þá líka jákvæðari gagnvart fólki á svæðinu, þar á meðal biblíunemendum okkar. Guð þvingar fólk ekki til að gera breytingar en hann bendir því á réttlátar meginreglur sínar sem geta hjálpað því að „taka til“ hjá sér og gera nauðsynlegar breytingar af fúsum og frjálsum vilja. *w16.06* 1:13, 14

Miðvikudagur 7. nóvember

*„Ætlarðu þér mikinn hlut?
Láttu af því.“ – Jer. 45:5.*

Jóhannes postuli varaði við því að elska það sem í heiminum er – „allt sem maðurinn gírnist, allt sem glepur augað, allt oflæti vegna eigna“. Sá sem gerir það „elskar ekki föðurinn“, segir hann. (1. Jóh. 2:15, 16) Það þýðir að við þurfum stöðugt að skoða hjarta okkar og athuga hvort veraldlegur félagskapur, skemmtiefni og fatatíska eða útlit sé farið að hafa áhrif á

okkur. Að elska heiminn getur líka falið í sér að við ætlum okkur „mikinn hlut“, til dæmis með því að afla okkur æðri menntunar. Nýi heimurinn er nú rétt handan við hornið. Það skiptir því öllu máli að við höfum áhrifamikil orð Móse í 5. Mósebók 6:4 ofarlega í huga. Ef við skiljum og trúum því staðfastlega að Jehóva, Guð okkar, „er einn“ gerum við allt sem við getum til að sýna honum óskipta hollustu og þjóna honum eins og honum er velþóknanlegt. – Hebr. 12:28, 29. *w16.06* 3:14

Fimmtudagur 8. nóvember

*Leitið ríkis Guðs og þá mun þetta
veitast yður að auki. – Lúk. 12:31.*

Sagt hefur verið að þarfir mannsins séu fáar en langanir hans óendanlegar. Margir virðast ekki sjá muninn á þörfum og löngunum í efnislega hluti. Hver er munurinn? Ef eitthvað er nauðsynlegt til að viðhalda lífinu er það þörf. Matur, föt og húsaskjól eru raunverulegar þarfir. Löngun er hins vegar eitthvað sem mann langar í en er í sjálfu sér ekki nauðsynlegt. Langanir fólks geta verið mjög ólíkar eftir því hvar það býr. Í þróunarlöndum langar marga einfaldlega til að geta keypt sér farsíma, skellinöðru eða lítinn landskíka. Í ríkari löndum sækist fólk oft eftir að eignast stærra húsnaði, flottari bíl eða fullan fataskáp af dýrum fötum. En sama hvar við búum og við hvaða aðstæður er ákveðin hætta á ferð. Við gætum lent í gildru efnishyggjunnar og farið að langa í æ meira þó að við þörfnumst þess ekki og höfum ekki efni á því. – Hebr. 13:5. *w16.07* 1:1-3

Föstudagur 9. nóvember

„Leggið ekki þann hug á jarðnesk efni að það vekir girndir.“

– Róm. 13:13.

Margir eru svo uppteknir af amstri daglegs lífs að þeir skynja ekki andlega þörf sína. (Matt. 5:3) Þeir nota allan tíma sinn og krafta í að eignast sem mest af því sem heimurinn hefur upp á að bjóða. (1. Jóh. 2:16) Við viljum láta anda Guðs en ekki anda heimsins hafa áhrif á okkur. Með anda sínum hefur Jehóva gefið okkur góðan skilning á þeim atburðum sem eru fram undan. (1. Kor. 2:12) Við vitum hins vegar að það er hæðarleikur að sofna á verðinum. Það getur gerst ef við verðum svo upptekin af hversdagslegum hlutum að þjónustan við Jehóva situr á hakanum. (Lúk. 21:34, 35) Sumir gera kannski gys að okkur fyrir að trúa að við lifum á síðustu dögum. (2. Pét. 3:3-7) En við megum ekki láta þá hafa áhrif á okkur því að það er deginum ljósara að endirinn er nærri. Við skulum sækja samkomur reglulega til að leyfa anda Guðs að hafa áhrif á okkur. *W16.07* 2:13, 14

Laugardagur 10. nóvember

Þú, sem heyrir bænir, til þín leita allir menn. Þú fyrirgefur oss.

– Sálm. 65:3, 4.

Margir biðja af því að þá líður þeim vel en þeir trúa ekki endilega að Guð heyri bænir þeirra. Þeir þurfa að fá að vita að Jehóva „heyrir bænir“. Jesús sagði við lærisveina sína: „Ef þér biðjið mig einhvers í mínu nafni mun ég gera það.“ (Jóh. 14:14) Hér er auðvitað átt við að biðja um það sem

er í samræmi við vilja Jehóva. Jóhannes skrifaði: „Þetta er traustid sem við berum til hans: Ef við biðjum um eitthvað eftir hans vilja, þá heyrir hann okkur.“ (1. Jóh. 5:14) Það er gott að kenna öðrum að bænin er annað og meira en aðferð til að líða betur. Bænin er stórkostleg leið til að nálgast „hásæti Guðs náðar“. (Hebr. 4:16) Með því að kenna öðrum að biðja til Jehóva, biðja á réttan hátt og um réttu hlutina getum við hjálpað þeim að nálgast Jehóva og finna huggun á erfiðleikatímum. – Sálm. 4:2; 145:18. *W16.07* 4:11, 12

Sunnudagur 11. nóvember

Dýrkendur þínir vegsama þig. Þeir segja frá dýrð ríkis þíns og tala um mátt þinn til að boða mönnum hina dýrlegu hátígn konungdæmis þíns.

– Sálm. 145:10-12.

Þessi orð tjá tilfinningar allra votta Jehóva sem þjóna honum dyggilega. En segjum að veikindi eða hár aldur setji þér skorður í þjónustu Guðs. Mundu þá að þú vegsamar Guð með heilagri þjónustu þinni þegar þú boðar trúna fólki sem annast þig eða öðrum sem þú hittir. Ef þú ert í fangelsi vegna trúar þinnar talarðu sennilega um sannleikann við aðra þegar færi gefst og það gleður hjarta Jehóva. (Orðskv. 27:11) Jehóva gleðst líka þegar þú heldur þínu striki í sannleikanum þótt fjölskylda þín sé ekki í trúnni. (1. Pét. 3:1-4) Þú getur lofað Jehóva og tekið framförum í þjónustu hans jafnvel við erfiðar aðstæður. Þú mátt vera viss um að Jehóva blessar þig þegar þú segir vondaufu fólki frá sannleikanum. *W16.08* 3:19, 20

Mánudagur 12. nóvember

Sýnið hvert öðru auðsveipni: konurnar eiginmönnum sínum eins og Drottni. Því að maðurinn er höfuð konunnar eins og Kristur er höfuð kirkjunnar. – Ef. 5:21-23.

Þetta fyrirkomulag gerir konuna ekki óæðri eiginmanni sínum. Það hjálpar henni öllu heldur að gegna því hlutverki sem Guð fól eigin-konum þegar hann sagði: „Eigi er það gott að maðurinn [Adam] sé einn. Ég vil gera honum með-hjálp við hans hæfi.“ (1. Mós. 2:18) Kristur er mjög kærleiksrikur sem höfuð safnaðarins, og sem höfuð fjölskyldunnar ætti kristinn eigin-maður að líkja eftir honum. Þegar hann gerir það finnur eigin-kona hans fyrir öryggi og hefur ánægju af að virða hann, styðja og vera honum undirgefin. Þjónar Guðs eiga að elska hver ann-an eins og Jesús elskaði lærisveina sína. (Jóh. 13:34, 35; 15:12, 13; Ef. 5:25) Kristin hjón eiga því að elska hvort annað svo heitt að þau séu reiðubúin að deyja hvort fyrir annað ef til þess kemur. *w16.08* 2:3, 4

Þriðjudagur 13. nóvember

*„Fagurt er orð í tíma talað.“
– Orðskv. 15:23.*

Þú getur haft sterk áhrif á aðra með því að vera jákvæður. Þannig hjálparðu þeim að þjóna Jehóva enn betur. Og mundu að þú ert öðrum til hvatningar þegar þú réttir upp höndina og segir eitt-hvað uppbyggilegt á samkomum. Nehemía og þeir sem voru með honum hófust handa við að reisa borgarmúra Jerúsalem með hjálp Jehóva. Það tók ekki nema 52 daga

að ljúka verkinu. (Neh. 2:18; 6:15, 16) En Nehemía hafði ekki bara umsjón með verkinu heldur tók sjálfur þátt í að endurreisa múrana. (Neh. 5:16) Margir safnaðaröldungar hafa getað líkt eftir honum og aðstoðað við byggingar-framkvæmdir á vegum safnaðarins og eins með því að taka þátt í ræstingu og viðhaldi ríkissalarins. Þeir styrkja líka máttvana hendur þeirra sem eru kjarklitlir með því að starfa með þeim við boðunina og fara í hirðis-heimsóknir. – Jes. 35:3, 4. *w16.09* 1:15, 16

Miðvikudagur 14. nóvember

*Kærleikurinn hegðar sér ekki ósæmilega, leitar ekki síns eigin.
– 1. Kor. 13:4, 5.*

Þjónar Guðs leggja sig fram um að gera eins og Biblían hvetur til: „Deyðið ... hið jarðbundna í fari ykkar: hórdóm, saurlifnað, losta.“ (Kól. 3:2, 5) Ekki viljum við gera trússystkinum okkar erfiðara fyrir að fylgja þessum leiðbeiningum. Bræður og systur, sem lifðu áður siðlausu lífi, eiga kannski enn í baráttu við rangar langanir. (1. Kor. 6:9, 10) Við viljum auðvitað ekki þyngja róðurinn fyrir þeim. Þegar við erum með trússystkinum okkar getum við stuðlað að því að söfnuðurinn veiti þeim skjól fyrir ósiðlegu líferni heimsins. Við getum gert það með klæðaburði okkar. Okkur er frjálst að klæðast eftir eigin smekk en það er samt ábyrgð okkar allra að vera þannig til fara að við auðveldum öðrum að vera hrein frammi fyrir Guði í hugsun, orðum og verkum. – 1. Pét. 1:15, 16. *w16.09* 3:9, 10

Fimmtudagur 15. nóvember

Yngismenn og yngismeyjar lofi nafn Jehóva. – Sál. 148:12, 13.

„Við trúum á Jehóva en það þýðir ekki endilega að börnin okkar eigi eftir að gera það,“ segja hjón í Frakklandi. Þau bæta við: „Maður erfir ekki trú. Börnin þurfa að byggja hana upp smátt og smátt.“ Ástralskur bróðir skrifaði: „Að hjálpa börnunum að byggja upp trú er sennilega erfiðasta verkefnið sem við þurfum að takast á við ... Stundum finnst okkur við hafa svarað spurningu barnsins á fullnægjandi hátt en seinna spyr það aftur sömu spurningar. Svörin, sem svara forvitni barnsins í dag, duga kannski ekki á morgun. Sum mál þarf að ræða aftur og aftur.“ Þið sem eruð foreldrar, finnst ykkur þið stundum óhæf til að gegna þeirri ábyrgð að kenna börnunum og hjálpa þeim að byggja upp varanlega trú? Reyndar getur ekkert okkar gegnt þessari ábyrgð hjálparlaust. (Jer. 10:23) En okkur getur tekist vel til þegar við leitum leiðsagnar Guðs. *W16.09* 5:1, 2

Föstudagur 16. nóvember

„Synjaðu ekki góðs þeim sem þarfnast.“ – Orðskv. 3:27.

Innflytjendur standa frammi fyrir því krefjandi verkefni að laga sig að menningu nýja landsins. Rut er góð fyrirmynd um það. Í fyrsta lagi sýndi hún virðingu fyrir siðvenjum í nýja landinu með því að biðja um leyfi til að tína korn á ökrum. (Rut. 2:7) Hún gekk ekki að því sem gefnum hlut að hún ætti þennan rétt, eins og aðrir skulduðu henni eitthvað. Í öðru lagi var hún innilega þakklát fyrir þá góðvild sem hún naut. (Rut. 2:13) Þegar innflytjendur

ur hugsa þannig eykur það líkurnar á að þeir ávinni sér virðingu heimamanna og trúsystkina. Það gleður okkur að Jehóva skuli sýna þá einstöku góðvild að leyfa fólki af öllum þjóðum að heyra fagnaðarerindið. Sumir hafa ekki haft tækifæri til að kynna sér Biblíuna í heimalandi sínu eða sækja samkomur með þjónum Jehóva. En núna hafa þeir tækifæri til að vera með okkur. Ættum við þá ekki að hjálpa þeim svo að þeir finni að þeir eigi heima meðal okkar? *W16.10* 1:17-19

Laugardagur 17. nóvember

Hann leið með þolinmæði á krossi af því að hann vissi hvaða gleði beið hans. – Hebr. 12:2.

Milljónir tilbiðjenda Guðs nú á dögum líkja eftir Jesú með því að hafa vonina skýrt í huga og leyfa ekki prófraunum að brjóta niður trú sína. Rudolf Graichen er einn þeirra en hann fæddist í Þýskalandi árið 1925. Hann minntist þess að heima hjá honum héngu myndir af ýmsu sem Biblían segir frá. Hann skrifaði: „Ein myndin var af úlfinum og lambinu, kiðlingnum og pardusdýrinu og kálfinum og ljóninu. Öll lifðu þau í friði hvert við annað og lítill strákur gætti þeirra ... Svona myndir höfðu varanleg áhrif á mig.“ (Jes. 11:6-9) Rudolf viðhélt sterkri trú á paradís á jörð þrátt fyrir grimmiðlegar ofsóknir í mörg ár, fyrst af hendi Gestapólögreglu nasista og síðar *Stasi*, leynilögreglu kommúnista í Austur-Þýskalandi. Rudolf gekk einnig í gegnum margar aðrar raunir. Móðir hans lést úr tauga-veiki í fangabúðunum í Ravensbrück og faðir hans veiktist í trúnni og undirritaði skjal þess efnis að hann væri ekki lengur vottur Jehóva. *W16.10* 3:12-14

Sunnudagur 18. nóvember

Þegar þið veittuð viðtöku orði Guðs þá tókuð þið við því sem Guðs orði – eins og það í sannleika er.

– 1. Þess. 2:13.

Þjónar Jehóva hafa miklar mætur á Biblíunni, heilagri bók hans. Þar sem við erum ófullkomin þurfum við öll að fá biblíulegar leiðbeiningar af og til. Hvernig bregðumst við við þeim? Hugsum um Evodíu og Sýntýke, kristnar konur á fyrstu öld. Alvarlegt missætti kom upp á milli þessara andasmurðu kvenna. Missættið milli systranna tveggja gæti hafa raskað friðinum í söfnuðinum öllum. Biblían segir ekki hvernig fór að lokum en það getur verið að systurnar hafi brugðist vel við kærleiksríkum ráðum Páls postula. (Fil. 4:2, 3) Svipaðar aðstæður valda stundum erfiðleikum í söfnuðum þjóna Jehóva nú á dögum. En hægt er að leysa slík vandamál og jafnvel komast hjá þeim ef við förum eftir ráðunum sem orð Guðs, Biblían, veitir okkur. Og ef við höfum miklar mætur á orði Guðs látum við það leiða okkur í lífinu. – Sálm. 27:11. *W16.11* 3:1-3

Mánudagur 19. nóvember

„Látir þú hugfallast á degi neyðarinnar er máttur þinn lítill.“

– Orðskv. 24:10.

Við þurfum öll á uppörvun að halda. En foreldrar þurfa að vera sérstaklega vakandi fyrir því að uppörva og hvetja börnin sín. Kennari að nafni Timothy Evans segir að börn þurfi „uppörvun rétt eins og plöntur þurfa vatn ... Börnum finnst þau metin að verðleikum og skipta máli ef þau fá uppörvun.“ En við lifum á erfiðum tímum. Fólk er eigingjarnt og kærleikslaust og

það er skortur á hvatningu og uppörvun. (2. Tím. 3:1-5) Satan djöfullinn vill gera okkur niðurdregin því að hann veit að þá gætum við gefist upp á að þjóna Jehóva. Satan reyndi að buga Job með illskeyttum ásökunum og með því að láta dynja yfir hann eitt áfallið á fætur öðru. En það mistókst. (Job. 2:3; 22:3; 27:5) Við getum varist Satan með því að vera uppörvandi við aðra í fjölskyldunni og söfnuðinum. Þá stuðlum við að því að gera heimili okkar og ríkissalinn að stað þar sem öllum líður vel og þeir finna til öryggiskenndar. *W16.11* 1:4, 6

Þriðjudagur 20. nóvember

Guð kallaði ykkur frá myrkrinu til síns undursamlega ljóss.

– 1. Pét. 2:9.

Fáeinir hugrakkir menn ákváðu að þýða orð Guðs á tungumál almennings í byrjun 16. aldar. Og ekki stóð á því að fólk læsi Biblíuna þegar það fékk aðgang að henni. Þegar það las spurði það spurninga: Hvar í Biblíunni er minnst á hreinsunareld? Eða sálumessur fyrir látnum gegn gjaldi? Eða páfa og kardínála? Frá sjónarhóli kirkjunnar var þetta hrein óhæfa. Hvernig dirfðist almenningur að véfengja orð kirkjuleiðtoganna? Kirkjan sneri vörn í sókn. Þeir sem vöguðu sér að afneita kenningum hennar voru dæmdir til dauða fyrir villutrú. Kirkjan felldi dauðadóminn – ríkið fullnægði honum. Markmiðið var að letja fólk þess að lesa Biblíuna og að véfengja kennivald kirkjunnar. Þetta dugði á heildina litið til að halda fólki í skefjum. Einstaka karlar og konur neituðu þó að láta Babýlon hina miklu kúga sig. Þau höfðu fengið að smakka á orði Guðs – og vildu meira! *W16.11* 4:13

Miðvikudagur 21. nóvember

„Sannorður vottur lýgur ekki.“

– Orðskv. 14:5.

Heiðarleiki er eitt af grundvallaratriðum kristninnar. (Ef. 4:25) Sat-an er „lyginnar faðir“. Ananías og eiginkona hans dóu vegna þess að þau lugu. Við viljum ekki líkjast þeim og ljúgum ekki. (Jóh. 8:44; Post. 5:1-11) En nær heiðarleiki okkar ekki lengra en það? Ef við erum Guði innilega þakklát fyrir einstaka góðvild hans reynum við að vera heiðarleg á öllum sviðum. Það er hægt að vera óheiðarlegur á fleiri vegu en beinlínis ljúga. Jehóva sagði Ísraelsmönnum: „Verið heilagir því að ég, Drottinn, Guð ykkar, er heilagur.“ Síðan nefndi hann dæmi sem sýna hvað það felur í sér. Hann sagði meðal annars: „Þið megið hvorki stela né svíkja.“ (3. Mós. 19:2, 11) Manneskja, sem lýgur aldrei berum orðum, gæti samt átt til að svíkja eða blekkja með einhverjum hætti. Það er líka óheiðarlegt. *W16.12 1:17, 18*

Fimmtudagur 22. nóvember

„Friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörta ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú.“ – Fil. 4:7.

Í Biblíunni getum við lesið hughreystandi orð Jesú. Kennsla hans var endurnærandi fyrir þá sem hlustuðu á hana. Fjöldi fólks laðaðist að Jesú af því að hann hughreysti áhyggjufulla, styrkti veikburða og huggaði niðurdregna. (Matt. 11:28-30) Honum var mjög umhugað um andlegar, tilfinningalegar og líkamlegar þarfir annarra. (Mark. 6:30-32) Loforð Jesú um

stuðning nær líka til okkar. Hann getur stutt þig eins og hann studdi postulana sem ferðuðust með honum. Við þurfum ekki að vera bókstaflega í návist Jesú til að hann geti hjálpað okkur. Hann ríkir sem konungur á himnum og ber mikla umhyggju fyrir mönnum, rétt eins og þegar hann var hér á jörð. Hann getur því stutt okkur „þegar við erum hjálparþurfi“. Já, Jesús getur hjálpað þér að takast á við erfiðar tilfinningar og veitt þér von og hugrekki. – Hebr. 2:17, 18; 4:16. *W16.12 3:4, 6*

Föstudagur 23. nóvember

„Ég hef ákveðið endalok allra manna.“ – 1. Mós. 6:13.

Nói bjó í heimi sem var fullur af ofbeldi og siðleysi. (1. Mós. 6:4, 9-12) Hann boðaði viðvörðun Jehóva dyggilega en hann gat ekki neytt fólk til að taka mark á henni. Hann gat ekki heldur flýtt flóðinu. Núi varð að treysta að Jehóva myndi standa við það loforð sitt að binda enda á illskuna og trúa að það yrði á réttum tíma. (1. Mós. 6:17) Heimurinn, sem við búum í, er líka fullur af illsku og við vitum að Jehóva hefur lofað að útrýma honum. (1. Jóh. 2:17) En við getum ekki neytt fólk til að taka við „fagnaðarerindinu um ríkið“. Og við höfum engin tækni á að flýta fyrir að „þrengingin mikla“ hefjist. (Matt. 24:14, 21) Við þurfum að hafa sterka trú líkt og Núi og treysta að Guð skerist bráðlega í leikinn. (Sálm. 37:10, 11) Við erum sannfærð um að Jehóva láti þennan illa heim ekki standa deginum lengur en nauðsyn krefur. – Hab. 2:3. *W17.01 1:5-7*

Laugardagur 24. nóvember

Ég er Drottinn sem kenni þér það sem gagnlegt er, leiði þig þann veg sem þú skalt ganga.

– Jes. 48:17.

Margir misnota frelsi sitt og taka rangar ákvarðanir í lífinu sem skaða jafnvel aðra. Biblían spáði því að menn yrðu „vanþakklátir“ á „síðustu dögum“. (2. Tím. 3:1, 2) Við skulum aldrei misnota þessa verðmætu gjöf frá Jehóva né líta á hana sem sjálfsgaðan hlut. En hvernig getum við forðast það? Okkur er öllum frjálst að velja okkur félagsskap, afþreyingu og klæðnað. En ef við værum þrælur holdlegra langana eða eltumst við tiskusveiflur heimsins gætum við farið að misnota þetta frelsi til að „hylja vonsku“. (1. Pét. 2:16) Við viljum alls ekki nota frelsi okkar „í þágu eigin girnda“ heldur nota það til að „gera allt Guði til dýrðar“ eins og við erum hvött til. – Gal. 5:13; 1. Kor. 10:31. *ψ17.01* 2:12-14

Sunnudagur 25. nóvember

Þegar ég heyrði þessar fréttir fastaði ég og bað frammi fyrir Guði himinsins. – Neh. 1:4.

Við sjáum af fordæmi Nehemía hvernig hógværd aftrar okkur frá því að treysta á sjálf okkur þegar við fáum nýtt verkefni eða aukna ábyrgð. Öldungur gæti treyst á eigin reynslu og farið að sinna safnaðarmálum án þess að leita fyrst til Jehóva í bæn. Aðrir biðja kannski ekki til Jehóva fyrr en þeir eru búnir að taka ákvörðun en vilja þá fá blessun hans. Ber það merki um hógværd? Sá sem er hógvær hefur alltaf í huga stöðu sína frammi

fyrir Guði og hlutverk sitt í skipan hans. Það eru ekki hæfileikar okkar sem skipta máli. Við þurfum sérstaklega að gæta þess að treysta ekki á sjálf okkur þegar við tökumst á við aðstæður og vandamál sem við þekkjum vel. (Orðskv. 3:5, 6) Við sem þjónum Jehóva lærum að hugsa um hlutverk okkar í fjölskyldunni og í söfnuðinum frekar en að sækjast eftir ákveðinni stöðu eða að klífa metorðastiga. – 1. Tím. 3:15. *ψ17.01* 4:7, 8

Mánudagur 26. nóvember

„Jörðina gaf hann mannanna börnum.“ – Sálm. 115:16.

Í upphafi ætlaði Jehóva mönnum að lifa að eilífu hér á jörð. (1. Mós. 1:28; Sálm. 37:29) Í ör-læti sínu gaf hann Adam og Evu margs konar verðmætar gjafir svo að þau gætu notið tilverunnar. (Jak. 1:17) Hann gaf þeim frjálsan vilja, rökhyggju og þann hæfileika að geta elskað og myndað vináttubönd. Skaparinn talaði við Adam og sagði honum hvernig hann gæti sýnt hlýðni í verki. Adam lærði að annast dýrin, landið og sjálfan sig. (1. Mós. 2:15-17, 19, 20) Jehóva gaf Adam og Evu bragðskyn, snertiskyn, sjón, heyrn og lyktarskyn. Þau gátu því notið fegurðar og allsnægta paradísar til hins ýtrasta. Fyrstu hjónin höfðu endalaus tækifæri til að njóta sín, uppgötva nýja hluti og sjá árangur erfiðis síns. Jehóva gerði Adam og Evu þannig úr garði að þau voru fær um að eignast fullkominn börn. Jörðin með öllum sínum auðlindum átti að vera heimili þeirra um ókomna tíð. *ψ17.02* 1:6, 7

Þriðjudagur 27. nóvember

Hann skal láta gera afrit á bók af þessum lögum og halda öll fyriræli þessa lögmáls.

– 5. Mós. 17:18, 19.

Hvaða áhrif hafði orð Guðs á þá sem fóru með forystuna? Tökum Jósía konung sem dæmi. Þegar handrit af lögmáli Móse fannst las ritari Jósía fyrir hann úr því. Jósía lét orð Guðs leiðbeina sér og fór í herferð gegn skurðgoðadýrkun. Hann skipulagði einnig mestu páskahátíð sem haldin hafði verið. (2. Kon. 22:11; 23:1-23) Þar sem Jósía og aðrir trúfastir leiðtogar fóru eftir orði Guðs voru þeir fúsir til að laga leiðbeiningar sínar að því og skýra þær fyrir þjóðinni. Þessar breytingar hjálpuðu þjóð Guðs til forna að lifa í samræmi við vilja hans. Konungarnir, sem ríktu yfir þjóðinni, fylgdu þó ekki allir leiðsögn Guðs. Í sumum tilfellum agaði Jehóva þá eða fól öðrum forystuna. (1. Sam. 13:13, 14) Þegar fram liðu stundir útvaldi hann leiðtoga sem yrði æðri öllum mönnum sem hann hafði notað fram að því. *W17.02* 3:11, 12, 14

Miðvikudagur 28. nóvember

Þú gerðir manninn litlu minni en Guð, krýndir hann hátign og heiðri. – Sálms. 8:6.

Mennirnir voru skapaðir „eftir Guðs mynd“. (1. Mós. 1:27) Flestir þeirra eru því færir um að sýna svipaða eiginleika og hann, til dæmis kærleika, góðvild og umhyggju. Mönnunum var líka ásköpuð samviska – þótt hún sé stundum misvísandi og brengluð – það er að segja innri vitund um hvað sé rétt

og rangt, heiðarlegt og óheiðarlegt, viðeigandi og óviðeigandi. (Rómv. 2:14, 15) Flestir laðast að því sem er hreint og fagurt. Flesta langar til að búa saman í sátt og samlyndi. Hvort sem þeir gera sér grein fyrir því eða ekki endurspeglar þeir dýrð Jehóva að einhverju marki. Þess vegna verðskulda þeir vissan heiður og virðingu. Það getur hins vegar verið viss vandi að vita hvers konar heiður eigi að sýna öðrum mönnum og hve mikinn. *W17.03* 1:5, 6

Fimmtudagur 29. nóvember

Guði snerist hugur og hann ákvað að valda fólkinu ekki þeirri ógæfu sem hann hafði boðað og refsar því ekki. – Jónas 3:10.

Jehóva tekur ekki ákvarðanir í einhverju reiðikasti eins og menn eiga það til að gera. En þegar hann sá að Nínívebúar höfðu iðrast og látið af slæmri breytni sinni breytti hann ákvörðuninni sem hann hafði tekið. Þannig sýndi hann sanngirni, auðmýkt og meðaumkun. Að sama skapi getur stundum verið skynsamlegt af okkur að endurskoða ákvörðun sem við höfum tekið. Það getur átt við þegar aðstæður breytast. Jehóva skipti stundum um skoðun út af breyttum aðstæðum. (1. Kon. 21:20, 21, 27-29; 2. Kon. 20:1-5) Það getur líka gerst að við fáum nýjar upplýsingar sem kalla á að við breytum ákvörðun okkar. Davíð konungur fékk eitt sinn rangar upplýsingar um Mefibóset, sonarson Sáls. Þegar hann fékk síðar að vita hið rétta breytti hann fyrri ákvörðun í samræmi við það. – 2. Sam. 16:3, 4; 19:25-30. *W17.03* 2:14, 15

Föstudagur 30. nóvember

Minn þau á að vera sanngjörn.

– Tit. 3:1, 2.

Þegar við þurfum að taka ákvörðun ættum við að skoða hvaða meginreglur Biblíunnar eiga við og hvernig best sé að fylgja þeim. Tökum dæmi: Systir í söfnuðinum hefur hugsað sér að fara út í boðunina á ákveðnum degi. Hún veit að það er skylda hennar að boða fagnaðarerindið. (Post. 4:20) Maðurinn hennar er ekki í trúnni og hann vill að hún sé heima þennan dag. Hann nefnir að þau hafi ekki verið mikið saman undanfarið og hann langar til að þau geri eitthvað í sameiningu. Hún veltir fyrir sér ýmsum biblíuversum, svo sem versunum þar sem segir að okkur beri að hlýða Guði og gera fólk að lærisveinum. (Matt. 28:19, 20; Post. 5:29) En hún veit að hún þarf líka að vera sanngjörn og undirgefin eiginmanni sínum. (Ef. 5:21-24) Er maðurinn hennar algerlega mótfallinn því að hún boði fagnaðarerindið eða er hann bara að biðja hana að gera eitthvað annað þennan ákveðna dag? Við sem þjónum Jehóva viljum vera skynsöm þegar við tökum ákvarðanir og leggja okkur fram um að þóknast honum. *ψ17.03 4:17*

Laugardagur 1. desember

„Standið gegn honum stöðug í trúnni og vitið að bræður ykkar og systur um allan heim verða fyrir sömu þjáningum.“ – 1. Pét. 5:9.

Pétur postuli skrifaði þessi orð til að hvetja kristna menn til að vera þolgóðir í prófraunum af völdum Satans. Reynsla þeirra sem „þolgóðir hafa verið“ segir okkur hvernig við getum verið staðföst og minnir á að okkur verður launuð trúfestin. (Jak. 5:11) Hefur þú orð-

ið fyrir harðri andstöðu eða jafnvel ofsóknum af hendi þeirra sem berjast gegn sannri tilbeiðslu? Ertu safnaðaröldungur eða farandhirðir og finnst þér ábyrgðin leggjast þungt á þig? Þá skaltu leiða hugann að Páli. Hann var grimmliga ofsóttur og hafði stöðugar áhyggjur af velferð safnaðanna. (2. Kor. 11:23-29) En hann gafst samt ekki upp og var öðrum til styrktar og hvatningar með forðæmi sínu. (2. Kor. 1:6) Líklegt er að þú getir einnig hvatt aðra til að vera þolgóðir með því að vera sjálfur þolgóður í þrengingum. *ψ16.04 2:11, 14*

Sunnudagur 2. desember

Farið og gerið allar þjóðir að lærisveinum og kennið þeim.

– Matt. 28:19, 20.

Hvort sem fólk er hliðhollt okkur eða andsnúið geta flestir fallist á að sem hópur séu Vottar Jehóva þekktir fyrir að boða trú sína. Kannski hefur þú hitt fólk sem segist virða okkur fyrir starf okkar þótt það sé ekki sammála því sem við trúum. Eins og við vitum spáði Jesús að fagnaðarerindið um ríkið yrði boðað um allan heim. (Matt. 24:14) Margir trúarhópar telja sig boða fagnaðarerindið. En boðun þeirra takmarkast oft við guðspjónustur, útsendingar í sjónvarpi eða á Netinu eða við það að lýsa eigin trúarupplifunum. Öðrum finnst þeir vera að boða trúna þegar þeir gefa til góðgerðarmála eða vinna í sjálfbodavinnu sem lækna, hjúkrunarfræðingar eða kennarar. En var það þetta sem Jesús átti við þegar hann sagði lærisveinum sínum að boða fagnaðarerindið? *ψ16.05 2:1, 2*

Mánudagur 3. desember

*„Ég skýt máli mínu til keisarans.“
– Post. 25:11.*

Frá 1914 hafa stjórnir manna sett sig upp á móti ríki Guðs en það mun bráðum fullnægja dómi yfir þjóðunum og eyða þeim. (Sálm. 2:2, 7-9) Guð leyfir stjórnálakerfi heimsins að standa af því að það veitir ákveðinn stöðugleika sem auðveldar okkur að boða ríki hans. (Róm. 13:3, 4) Guð segir okkur jafnvel að biðja fyrir valdamönnum, ekki síst þegar ákvarðanir þeirra geta haft áhrif á tilbeiðslu okkar. (1. Tím. 2:1, 2) Við biðjum yfirvöld að sýna okkur sanngirni eins og Páll postuli gerði. Biblían segir að vísu að andstæðingur Guðs, Satan djöfullinn, ráði yfir stjórnkerfi heims en hún segir ekki að hann stjórni beinlínis hverjum einasta leiðtoga eða valdamanni. (Lúk. 4:5, 6) Við ættum því ekki að gefa í skyn að ákveðinn valdamaður láti stjórnast af Satan. Við gætum þess að „lastmæla engum“ í samskiptum okkar við „höfðingja og yfirvöld“. – Tít. 3:1, 2. *w16.04* 4:5, 6

Þriðjudagur 4. desember

„Reynið að skilja hver sé vilji Drottins.“ – Ef. 5:17.

Þú veltir kannski fyrir þér hvernig hægt sé að vita hvað er Jehóva að skapi ef ekki eru nein bein fyrir-mæli um málið í orði hans. Hvernig getum við áttað okkur á hver vilji Guðs er á þeim sviðum þar sem Biblían gefur engin ákveðin fyrir-mæli? Með því að biðja til hans og þiggja leiðsögn hans sem við fáum fyrir milligöngu heilags anda. Skoðum hvernig Jesús gat vitað hvað faðir hans vildi að hann gerði. Sagt er frá tveim dæm-

um þar sem Jesús bað til Guðs og vann síðan það kraftaverk að gefa miklum mannfjölda að borða. (Matt. 14:17-20; 15:34-37) Hins vegar neitaði hann að breyta steinum í brauð þegar hann hungraði og Satan freistaði hans í eyðimörkinni. (Matt. 4:2-4) Jesús vissi hvernig faðir hans hugsaði og skildi að hann ætti ekki að breyta steinum í brauð. Hann áttaði sig á að Jehóva vildi ekki að hann notaði þennan mátt í eiginhagsmunaskyni. Hann sýndi að hann treysti að Jehóva leiðbeindi honum og sæi fyrir honum. *w16.05* 3:7, 8

Miðvikudagur 5. desember

*„Sérhver ritning er innblásin af Guði og nytsöm til fræðslu.“
– 2. Tím. 3:16.*

Sumt sem stendur í Biblíunni var upphaflega skrifað til ákveðins manns eða hóps. Áður en við byrjum að lesa í Biblíunni er þess vegna gott að biðja Jehóva að opna huga okkar og gefa okkur vísu til að koma auga á það sem hann vill að við lærum. (Esra. 7:10; Jak. 1:5) Þegar þú lest í Biblíunni skaltu gera hlé af og til og spyrja spurninga eins og: Hvað segir þetta mér um Jehóva? Hvernig get ég nýtt mér þetta efni? Hvernig get ég notað það til að hjálpa öðrum? Við fáum örugglega meira út úr biblialestrinum ef við spyrjum spurninga sem þessara. Tökum sem dæmi hæfniskröfur safnaðaröldunga sem eru tíundaðar í Biblíunni. (1. Tím. 3:2-7) Fæst okkar eru safnaðaröldungar þannig að við fyrstu sýn mætti ætla að þessi vers eigi ekki beint erindi til okkar. En við getum öll lært ýmislegt af þessari upptalningu. *w16.05* 5:7, 8

Fimmtudagur 6. desember

Þér eruð í hendi minni eins og leirinn í hendi leirkerasmiðsins.

– Jer. 18:6.

Þegar Gyðingar voru fluttir í útlegð til Babilónar blasti við þeim borg sem var full af skurðgoðum og íbúarnir voru í ánaud illra anda. En trúir Gyðingar, svo sem Daníel og félagar hans þrír, einsettu sér að láta ekki mótast af þessu umhverfi. (Dan. 1:6, 8, 12; 3:16-18) Daníel og félagar voru staðráðnir í að sýna Jehóva óskipta hollustu og láta hann móta sig. Og þeim tókst það. Þótt Daníel hefði búið mestan hluta ævinnar í Babilón sagði engill Guðs að hann væri Guði ákaflega hjartfólginn. (Dan. 10:11, 19) Leirkerasmiðir á biblíutímanum þrýstu stundum leirinu í mót til að hann tæki á sig þá lögun sem þeir vildu. Sannkristnir menn nú á dögum viðurkenna að Jehóva sé drottinn alheims og hafi vald til að móta þjóðir að vild sinni. (Jer. 18:6) Guð hefur einnig vald til að móta hvert og eitt okkar. Hann virðir hins vegar frjálsan vilja okkar og vill að við séum honum undirgefin af fúsu geði. *w16.06 2:1, 2*

Föstudagur 7. desember

„Verið ekki fégráðug.“

– Hebr. 13:5.

Satan notar auglýsingaiðnað heimsins til að telja okkur trú um að efnislegir hlutir umfram þarfir okkar séu nauðsynlegir til að við getum notið lífsins. Hann er slunginn í að höfða til okkar með því sem „glepur augað“. (1. Jóh. 2:15-17; 1. Mós. 3:6; Orðskv. 27:20) Heimurinn býður upp á aragrúa af efnislegum hlutum. Sumt er mjög gagnlegt og annað alveg fáránlegt

en getur samt verið mjög freistandi. Hefurðu einhvern tíma keypt óþarfan hlut bara af því að þú sást hann í auglýsingu eða búðarglugga? Komstu síðan að raun um að þú hefðir alveg getað lifað án hans alla ævi? Slíkir hlutir flækja bara líf okkar og þeir íþyngja okkur. Við getum fallið í þá gryfju að láta þá trufla andlega dagskrá okkar svo sem biblíunám, undirbúning fyrir samkomur, samkomusókn og reglulega þátttöku í boðuninni. Munum eftir viðvörðun Jóhannesar postula: „Heimurinn fyrirferst og fýsn hans.“ *w16.07 1:3, 4*

Laugardagur 8. desember

Þótt til séu margir guðir þá höfum við ekki nema einn Guð.

– 1. Kor. 8:5, 6.

Í kristna söfnuðinum á fyrstu öld voru Gyðingar, Grikkir, Rómverjar og fólk af öðrum þjóðum. Trúarlegur bakgrunnur þeirra, siðir og áherslur í lífinu voru ólíkar. Þess vegna fannst sumum erfitt að sætta sig við þetta nýja tilbeiðsluform eða að segja alfarið skilið við gamlar venjur. Páll postuli þurfti því að minna þá á að kristnir menn tilbiðja einn Guð, Jehóva. Hvað um kristna söfnuðinn nú á dögum? Jesaja spámaður sagði fyrir að „á hinum síðustu dögum“ kæmi fólk af öllum þjóðum saman til að tilbiðja Jehóva. Það myndi segja: „Drottinn kenni oss sína vegu og vér göngum á hans stígum.“ (Jes. 2:2, 3, *Biblían 1981*) Það er frábært að fá að fylgjast með þessum spádómi rætast núna! Í mörgum söfnuðum er fólk af mismunandi uppruna og menningu og það talar ólík tungumál, en allir tilbiðja Jehóva í sameiningu. *w16.06 3:15, 16*

Sunnudagur 9. desember

Hann reisti okkur upp með Kristi Jesú og bjó okkur stað hjá honum í himinhæðum. – Ef. 2:6.

Það er erfitt að ímynda sér hversu stórfenglegt það verður fyrir andasmurða kristna menn að sitja í hásætum og stjórna með Kristi á himnum. (Lúk. 22:28-30; Fil. 3:20, 21; 1. Jóh. 3:2) Þeir verða brúður Krists, hin „nýja Jerúsalem“. (Opinb. 3:12; 17:14; 21:2, 9, 10) Þeir aðstoða Jesú við að „lækna þjóðirnar“ og leysa mennina undan byrði syndar og dauða. Mannkynið verður fullkomið. (Opinb. 22:1, 2, 17) Ein helsta leið Jehóva til að sýna stórkostlega góðvild sína á jörðinni verður án efa þegar hann reisir upp hina dáu. (Job. 14:13-15; Jóh. 5:28, 29) Trúfastir menn og konur fortíðar, sem dóu áður en Jesús fórnaði lífi sínu, og aðrir sauðir, sem deyja trúfastir á síðustu dögum, verða reistir upp til lífs til að halda áfram að þjóna Jehóva. – Jóh. 10:16. *w16.07* 4:13-15

Mánudagur 10. desember

*„Sofið þið enn og hvílist?“
– Mark. 14:41.*

Að „vaka“ er annað og meira en að ætla sér bara að gera það. Nokkrum dögum áður en atburðurinn í Getsemane átti sér stað sagði Jesús þessum sömu lærisveinum að biðja Jehóva um hjálp. (Lúk. 21:36) Við þurfum líka að biðja stöðugt til að halda vöku okkar. (1. Pét. 4:7) Jesús sagði að endirinn kæmi „á þeirri stundu sem við ætlum eigi“. (Matt. 24:44) Nú er ekki rétti tíminn til að „blunda“

eða eltast við tálsýnir og draum-óra sem Satan og heimurinn halda á lofti og höfða til ófullkominna manna. (Matt. 24:44) Guð og Kristur segja okkur í Biblíunni hvað nánasta framtíð ber í skauti sér og hvernig við getum haldið vöku okkar. Við verðum að hlúa að okkar andlega manni og sambandinu við Jehóva og láta ganga fyrir að þjóna ríki hans. Við verðum að vera vakandi fyrir því sem er að gerast í heiminum og hvað tímanum líður. Þá verðum við viðbúin þegar endirinn kemur. (Opinb. 22:20) Líf okkar er í húfi! *w16.07* 2:15-17

Priðjudagur 11. desember

„Umberíð hvert annað og fyrirgefið hvert öðru.“ – Kól. 3:13.

Í traustu hjónabandi taka hjónin tillit til ófullkomleika hvort annars. Þau „umbera hvort annað og fyrirgefa hvort öðru“. Bæði eiga þau vissulega eftir að gera mistök. En þegar það gerist hafa þau tækifæri til að læra af mistökunum, fyrirgefa og láta skýrt í ljós kærleikann „sem bindur allt saman og fullkonnar allt“. (Kól. 3:14) Kærlekurinn er þar að auki „langlyndur, hann er góðviljaður ... ekki langrækin“. (1. Kor. 13:4, 5) Misskilning ætti að leiðrétta eins fljótt og hægt er. Kristin hjón ættu því að reyna að leysa öll ágreiningsmál sín á milli áður en dagurinn er úti. (Ef. 4:26, 27) Það krefst auðmýktar og hugrekksis að segja í einlægni: „Fyrirgefðu að ég skyldi særa þig.“ En það er stórt skref í þá átt að leysa vandamál og styrkja hjónabandið. *w16.08* 2:6

Miðvikudagur 12. desember

„Góðan lærdóm veiti ég yður.“

– Orðskv. 4:2.

Helsta verkefni Jesú var að boða fagnaðarerindið um ríkið. Hann gaf sér engu að síður tíma til að þjálfra lærisveinana svo að þeir yrðu hæfir hirðar hjarðarinnar og góðir kennarar. (Matt. 10:5-7) Filippus var ötull trúboði en lagði sig eflaust líka fram við að kenna dætrum sínum að miðla sannleika Biblíunnar til fólks. (Post. 21:8, 9) Hve mikilvægt er það að veita slíka kennslu og þjálfun nú á tímum? Um allan heim fjölgar þeim jafnt og þétt sem taka við fagnaðarerindinu. Nýir, sem eru enn óskirðir, þurfa að átta sig á hve sjálfsnám er mikilvægt. Það þarf líka að kenna þeim að boða fagnaðarerindið og að leiðbeina áhugasömum við biblíunám. Bræður í söfnuðinum þurfa að fá góða kennslu svo að þeir geti með tímanum orðið safnaðarþjónar og öldungar. Þroskaðir vottar geta allir lagt sitt af mörkum til að hjálpa nýjum að taka framförum í þjónustunni. *W16.08* 4:1, 2

Fimmtudagur 13. desember

„Styrkið máttvana hendur, styðjið magnþrota hné.“ – Jes. 35:3.

Það styrkir eininguna að starfa náið með bræðrum okkar og systurum. Það tengir okkur líka varanlegum vináttuböndum og vonin um blessunina í ríki Guðs verður enn sterkari. Þegar við styrkjum máttvana hendur annarra hjálpum við þeim að glíma við letjandi aðstæður, vera jákvæðir og horfa björtum augum til framtíðar. (Jes. 35:4) Og ef við styðjum aðra með þessum

hætti eigum við sjálf auðveldara með að halda okkar striki í þjónustu Guðs og finnum sterklega fyrir því að það sem hann ætlar að veita okkur verður að veruleika. Þannig styrkjum við sjálf okkur líka. Það ætti að styrkja trú okkar og traust á Jehóva að sjá hvernig hann studdi og verndaði dygga þjóna sína forðum daga. Láttu því ekki hugfallast andspænis álagi og erfiðleikum. (Sef. 3:16) Leitaðu heldur til Jehóva í bæn og leyfðu honum að styrkja þig með máttugri hendi sinni og leiða þig inn í ríki sitt. – Sálm. 73:23, 24. *W16.09* 1:16-18

Föstudagur 14. desember

Öllu er afmörkuð stund og sérhver hlutur hefur sinn tíma.

– Préd. 3:1.

Þegar þjónar Guðs ákveða hverju þeir klæðast hafa þeir í huga það sem stendur í versinu hér að ofan. Loftslag, árstíðaskipti og búsetuskilyrði hafa eðlilega sín áhrif á klæðaburð fólks. Meginreglur Jehóva eru hins vegar ekki breytilegar eftir veðri. (Mal. 3:6) Þegar heitt er í veðri getur reynt á að velja sér föt sem eru til sóma og vitna jafnframt um skynsemi og góða dómgreind. Bræður og systur eru þakklát fyrir að við klæðumst ekki svo þröngum fötum eða svo víðum að þau sýni meira en góðu hófi gegnir. (Job. 31:1) Ef við förum á baðströnd eða í sund ættum við að vera í látlausum sundfötum. (Orðskv. 11:2, 20) Þó að margir í heiminum klæðist efnislitlum sundfötum viljum við vera Jehóva, heilögum Guði okkar, til heiðurs. *W16.09* 3:11, 12

Laugardagur 15. desember

„Hvern segið þið mig vera?“

– Matt. 16:15.

Jesús var ófeiminn að spyrja fylgjendur sína hverju þeir trúðu. Farðu að dæmi hans. Þegar vel stendur á er gott að hvetja börnin ykkar til að tjá tilfinningar sínar. Reynið að bregðast ekki harkalega við ef barnið ykkar efast um eitt-hvað sem Biblían kennir, og farið ekki í vörn. Verið þolinmóð og hjálpið því að finna svör við spurningum sínum. Það er gott að barnið ykkar spyrji einlægra spurninga því að það er merki um að það vilji skilja málið betur. Jesús var ekki nema 12 ára þegar hann spurði veigamikilla spurninga. (Lúk. 2:46) Kynnstu börnunum ykkar vel – hugsunum þeirra, tilfinningum og áhyggjum. Dragið aldrei þá ályktun að þau trúu á Jehóva bara af því að þau sækja samkomur og taka þátt í boðuninni með ykkur. Ræðið andleg mál á hverjum degi þegar þið eruð saman. Biðjið með börnunum og fyrir þeim. Reynið að átta ykkur á hvort eitthvað gerir þeim erfitt að vera Jehóva trú og hjálpið þeim að takast á við það. *W16.09* 5:3-5

Sunnudagur 16. desember

„Sælir eru fátækir í anda því að þeirra er himnaríki.“ – Matt. 5:3.

Þúsundir votta Jehóva nú á tímum taka virkan þátt í að uppfylla spádóminn um að boða fagnaðarboðskapinn „sérhverri þjóð og kynkvísl, tungu og lýð“. (Opinb. 14:6) Ert þú ef til vill að læra nýtt tungumál? Þjónarðu sem trúboði á erlendri grund eða þar sem mikil þörf er á boðberum? Eða sæk-

irðu samkomur sem eru haldnar á erlendu tungumáli í heimalandi þínu? Allir þjónar Jehóva þurfa að huga vel að sambandi sínu við hann og hjálpa öðrum í fjölskyldunni að gera það líka. Stundum getur þó verið erfitt að finna tíma til að stunda innihaldsríkt sjálfsnám. En þeir sem starfa í erlendum söfnuðum þurfa að takast á við fleiri áskoranir. Þeir þurfa bæði að læra nýtt tungumál og næra hjarta sitt reglulega á staðgóðri andlegri fæðu. – 1 Kor. 2:10. *W16.10* 2:1-3

Mánudagur 17. desember

„Allir sem sverði bregða munu fyrir sverði falla.“ – Matt. 26:52.

Vottar Jehóva halda áfram að gleðjast í voninni þrátt fyrir hatrammar og linnulausar ofsóknir. Hundruð bræðra okkar og systra eru til dæmis í fangelsum í Eritreu, Singapur og Suður-Kóreu, flest vegna þess að þau hlýða orðum Jesú um að bregða ekki sverði. Fæstir þjónar Jehóva hafa þurft að þola miklar ofsóknir. Trúarprófraunir þeirra hafa verið af öðrum toga. Margir hafa búið við fátækt eða þjáðst sökum borgarastyrjalda eða náttúruhamfara. Aðrir hafa, eins og Móse og ættfeðurnir, fórnað ýmsum þægindum eða frama í heiminum. Þeir leggja sig alla fram um að láta ekki freistast af efnishyggjunni og láta ekki lífið snúast um eigin hag. Hvað gerir þeim kleift að standast? Kærleikurinn til Jehóva og sterk trú á loforð hans um að útrýma öllu óréttlæti. Þeir vita að hann umbunar trúum þjónum sínum með eilífu lífi í réttlátum nýjum heimi. – Sálms. 37:5, 7, 9, 29. *W16.10* 3:15, 16

Þriðjudagur 18. desember

„Drottinn er nálægur þeim sem hafa sundurmarið hjarta, hann hjálpar þeim sem hafa sundurkraminn anda.“ – Sál. 34:19.

Jehóva styrkti Jeremía spámann þegar hann var hræddur og niðurdreginn. (Jer. 1:6-10) Og þú getur rétt ímyndað þér hversu uppörvandi það var fyrir Daníel á gamalsaldri þegar Guð sendi engil til að styrkja hann og kallaði hann „ástmög“ sinn. (Dan. 10:8, 11, 18, 19) Gætir þú á sama hátt hvatt og uppörvað boðbera, brautryðjendur eða þá öldruð trúsystkini sem hafa ekki sama þrótt og áður? Þó að Jehóva hefði verið óralengi með syni sínum á himnum fannst honum ekki óþarfi að hrósa honum og hvetja hann meðan hann var hér á jörð. Tvisvar heyrði Jesús föður sinn tala af himni og segja: „Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á.“ (Matt. 3:17; 17:5) Jehóva hrósaði þannig Jesú og fullvissaði hann um að hann stæði sig vel. Jehóva sendi líka engil til að styrkja Jesú í angist hans kvöldið áður en hann dó. – Lúk. 22:43. *w16.11 1:7, 8*

Miðvikudagur 19. desember

*„Vertu ekki auðreittur til reiði.“
– Préd. 7:9.*

Það er ekki auðvelt að hafa stjórn á tilfinningunum þegar okkur finnst við vera sniðgengin eða órétti beitt. Það getur verið niðurdrepandi ef illa er komið fram við okkur vegna þjóðernis, hörundslitar eða annars sem gerir að verkum að við skerum okkur úr. Og ekki bætir úr skák ef sá sem særir okkur er bróðir eða systir í söfnuðinum. Það er vissulega skynsamlegt að fara eftir ráðum Biblíunnar um að

hafa stjórn á skapinu og vera ekki fljót til að móðgast. (Orðskv. 16:32) Við þurfum eflaust öll að leggja okkur fram um að taka ekki framkomu annarra of nærri okkur og vera dugleg að fyrirgefa. Í augum Jehóva og Jesú er mjög mikilvægt að við fyrirgefum. (Matt. 6:14, 15) Þarft þú að vera fúsari til að fyrirgefa eða hafa betri stjórn á tilfinningunum? Fólk, sem tekst ekki að hafa stjórn á tilfinningunum, verður oft biturt. Þar af leiðandi langar aðra kannski ekki að umgangast það. Sá sem er bitur getur haft neikvæð áhrif á söfnuðinn. – 3. Mós. 19:17, 18. *w16.11 3:4-6*

Fimmtudagur 20. desember

„Hvað er sameiginlegt með réttlæti og ranglæti eða með ljósi og myrkri?“ – 2. Kor. 6:14.

Charles Taze Russell og fáeinir félagar hans tóku að rannsaka Biblíuna markvisst á síðari hluta 19. aldar þar sem þá þyrsti í sannleika hennar. Í fyrstu hafði bróðir Russell ætlað sér að kanna hvert þáverandi trúfélaga kenndi sannleikann. Hann hafði borið kenningar margra trúfélaga, bæði kristinna og annarra, vandlega saman við orð Biblíunnar. Það rann fljótt upp fyrir honum að ekkert þessara trúfélaga fylgdi orði Guðs í einu og öllu. Einu sinni fundaði hann með allmörgum prestum í vonum að þeir tækju við þeim sannindum sem hann og félagar hans höfðu fundið í Biblíunni og tækju að kenna þau söfnuðum sínum. En prestarnir létu sér fátt um finnast. Biblíunemendurnir urðu að horfast í augu við veruleikann: Þeir áttu ekkert saman að selda við þá sem voru ákveðnir í að halda í falstrúna. *w16.11 4:14*

Föstudagur 21. desember

*Látið limina þjóna réttlæti Guðs og
helgast honum. – Róm. 6:19.*

Það er ekki nóg að forðast bara syndir eins og kynferðislegt siðleysi, drykkjuskap eða aðrar alvarlegar syndir. (1. Kor. 6:9-11) Ef við lifum í samræmi við einstaka góðvild Guðs forðumst við ekki bara kynferðislegt siðleysi heldur líka siðlaust skemmtiefni. Ef við viljum láta limi líkamans þjóna réttlætinu forðumst við ekki bara drykkjuskap heldur líka að drekka okkur næstum drukkin. Það getur verið talsvert átak að standast freistingar af þessu tagi en það er samt hægt. Það ætti að vera markmið okkar að forðast bæði grófar syndir og syndir sem teljast ekki eins alvarlegar. Okkur tekst það ekki fullkomlega en við ættum samt að reyna það, rétt eins og Páll. Hann hvatti trússystkini sín og sagði: „Látið ... ekki syndina ríkjast í dauðlegum líkama ykkar svo að þið hlýðnist girndum hans.“ – Róm. 6:12; 7:18-20. *W16.12* 1:19-21

Laugardagur 22. desember

*„Ávöxtur andans er: kærleiki,
gleði, friður, langlyndi, gæska,
góðvild, trúmennska, hógværd
og sjálfsagi.“ – Gal. 5:22, 23.*

Jesús sagði að faðir okkar á himnum myndi ekki hika við að gefa okkur heilagan anda ef við bæðum um hann. (Lúk. 11:10-13) Ávöxtur andans, þeir góðu eiginleikar sem andi Guðs laðar fram í fari okkar, endurspeglar persónuleika Guðs sjálfs. (Kól. 3:10) Ef þú ræktar ávöxt andans

verða samskipti þín við aðra betri. Fyrir vikið kemstu að raun um að ákveðnar aðstæður, sem geta valdið kviða, koma alls ekki upp. Maður þarf að vísa að vera auðmjúkur til að beygja sig undir „Guðs voldugu hönd“ og „varpa allri áhyggju sinni á hann“. (1. Pét. 5:6, 7) En ef maður temur sér auðmýkt á maður blessun Guðs og stuðning vísan. (Míka 6:8) Með því að treysta á hann og viðurkenna takmörk sín er ólíklegra að áhyggjur nái tökum á manni. *W16.12* 3:7, 12

Sunnudagur 23. desember

*Nói var boðberi réttlætisins.
– 2. Pét. 2:5.*

Nói var „boðberi réttlætisins“ og boðaði dyggilega viðvörunina sem Jehóva hafði falið honum að flytja. Það hefur ábyggilega hjálpað honum að halda sér sterkum í trúnni. Auk þess að vara fólk við vann hann hörðum höndum að því að smíða örkina sem Guð hafði falið honum að gera. (Hebr. 11:7) Við reynum að vera önnur kafín í „verki Drottins“ rétt eins og Núi. (1. Kor. 15:58) Við getum tekið þátt í að byggja ríkissali og viðhalda þeim, boðið fram krafta okkar til ýmissa starfa á mótum eða unnið á einni af deildarskrifstofum eða þýðingastofum safnaðarins. Síðast en ekki síst erum við önnur kafín við að boða fagnaðarerindið, vitandi að það styrkir vonina í brjósti okkar. Með því að boða fagnaðarerindið verðum við enn ákveðnari í að halda áfram að hlaupa þannig að við hljótum eilíft líf. – 1. Kor. 9:24. *W17.01* 1:8, 9

Mánudagur 24. desember

„Sérhver mun verða að bera sína byrði.“ – Gal. 6:5.

Við verðum að virða rétt annarra til að taka ákvarðanir og það setur frelsi okkar vissar skorður. Við höfum öll fengið frjálsan vilja að gjöf og engir tveir einstaklingar taka nákvæmlega sömu ákvörðun, ekki einu sinni í málum sem varða hegðun eða tilbeiðslu. Við virðum valfrelsi annarra, líka í málum sem skipta minna máli, ef við höfum hugfast að „sérhver mun verða að bera sína byrði“. (1. Kor. 10:32, 33) Jehóva hefur gefið okkur frjálsan vilja og honum fylgir sannkallað frelsi. (2. Kor. 3:17) Þessi gjöf er okkur mikils virði af því að hún gefur okkur tækifæri til að taka ákvarðanir sem sýna Jehóva hve heitt við elskum hann. Við skulum halda áfram að sýna að við kunnum að meta þessa dýrmætu gjöf með því að nota hana Jehóva til heiðurs. Virðum einnig rétt annarra til að beita frjálsum vilja sínum eins og þeim þykir best. *W17.01* 2:15, 17, 18

Þriðjudagur 25. desember

„Ég geri ekkert einn og sér heldur tala ég það eitt sem faðirinn hefur kennt mér.“ – Jóh. 8:28.

„Hógvær og hljóðlátur andi“ gerir okkur aðlaðandi í augum annarra en ekki það að monta okkur eða draga óviðeigandi athygli að sjálfum okkur. (1. Pét. 3:3, 4; Jer. 9:22, 23) Ef við erum hégómagjörn kemur það að lokum fram í verkum okkar. Við ýjum kannski að því að við höfum ákveðna stöðu, vitum meira en aðrir eða þekkj-

um vel bræður í ábyrgðarstöðum. Við gætum útskýrt eitthvað þannig að við ein hljótum heiðurinn af hugmyndum eða afrekum sem aðrir hafa líka átt hlut að. Jesús er okkur frábær fyrirmynd. Stór hluti þess sem hann sagði var annaðhvort tilvitnun eða vísun í Hebresku ritningarnar. Hann var hógvær og vildi að áheyrendur sínir skildu að það sem hann sagði væri frá Jehóva komið en stafaði ekki af hans eigin visku. *W17.01* 4:12

Miðvikudagur 26. desember

„Af skilningstré góðs og ills máttu ekki eta.“ – 1. Mós. 2:17.

Adam og Eva áttu ekki erfitt með að skilja þetta lagaboð. Og það átti ekki að vera mikið mál að hlýða því vegna þess að í Eden var meira framboð af fæðu en þau gátu torgað. Satan djöfullinn tældi Evu til að óhlýðnast Jehóva, föður sínum. (1. Mós. 3:1-5; Opinb. 12:9) Satan gerði sér mat úr því að börn Guðs á jörð máttu ekki borða „af öllum trjám í aldingarðinum“. Það var eins og hann væri að spyrja Evu: „Meinarðu að þið megið ekki gera eins og ykkur sýnist?“ Þessu næst laug hann blygðunarlaust og sagði: „Sannið til, þið munuð ekki deyja.“ Síðan reyndi hann að telja Evu trú um að hún þyrfti ekki að hlusta á Guð. Hann sagði: „Guð veit að um leið og þið etið af honum ljúkast augu ykkar upp.“ Satan gaf í skyn að Jehóva vildi ekki að þau borðuðu ávöxtinn vegna þess að þá myndu þau öðlast nýjan skilning. Síðan gaf Satan marklaust loforð. „Þið verðið eins og Guð og skynjið gott og illt,“ sagði hann. *W17.02* 1:8, 9

Fimmtudagur 27. desember

„Spámann slíkan sem ég er mun Drottinn, Guð þinn, láta fram koma úr hópi ættbræðra þinna.

Á hann skuluð þið hlýða.“

- 5. Mós. 18:15.

Jesaja sagði fyrir að þessi spámaður yrði „höfðingi og stjórnandi“. (Jes. 55:4) Daníel var líka innblásið að skrifa um „hinn smurða höfðingja“ sem koma skyldi. (Dan. 9:25, *Bíblían* 1981) Að lokum lét Jesús Kristur í ljós að hann væri þessi „leiðtogi“ þjóna Guðs. (Matt. 23:10) Lærisveinar Jesú fylgdu honum fúslega og staðfestu að hann var sá sem Jehóva hafði útvalið. (Jóh. 6:68, 69) Hvað sannfærði þá? Við skírnr Jesú sá Jóhannes skírari „himnana ljúkast upp og andann stíga niður yfir hann“. (Mark. 1:10-12) Á allri þjónustutíð sinni hér á jörð gat Jesús síðan unnið kraftaverk og kennt í krafti heilags anda. (Post. 10:38) Þar að auki hjálpaði andinn Jesú að sýna eiginleika eins og kærleika, gleði og bjargfasta trú. (Jóh. 15:9; Hebr. 12:2) Enginn annar leiðtogi sýndi með eins skýrum hætti að hann hefði anda Guðs. Jehóva hafði greinilega útvalið Jesú. *w17.02* 3:15, 16

Föstudagur 28. desember

„Minnist leiðtoga ykkar.“

- Hebr. 13:7.

Postularnir tóku að veita kristna söfnuðinum forystu á hvítasunnu árið 33. Á þeim degi „steig Pétur fram og þeir ellefu“ og sögðu fjölmönnum hópi Gyðinga og trúskiptinga sannindi sem gátu veitt þeim líf. (Post. 2:14, 15) Margir þeirra tóku kristna trú og helguðu sig „uppfræðslu postulanna“ þaðan í

frá. (Post. 2:42) Postularnir höfðu umsjón með fjármálum safnaðarins. (Post. 4:34, 35) Þeir sáu fyrir andlegum þörfum þjóna Guðs. „Við munum helga okkur bæninni og þjónustu orðsins,“ sögðu þeir. (Post. 6:4) Þeir fólu líka reyndum kristnum mönnum að boða trúna á nýjum svæðum. (Post. 8:14, 15) Með tímanum sáu aðrir andasmurðir öldungar um mál safnaðanna ásamt postulunum. Saman mynduðu þeir stjórnandi ráð og veittu öllum söfnuðunum leiðbeiningar. - Post. 15:2. *w17.02* 4:4

Laugardagur 29. desember

Gjaldið öllum það sem skylt er:

Þeim heiður sem heiður ber.

- Róm. 13:7.

Ófullkomið fólk er upp til hópa undir sterkum áhrifum frá heimi Satans. Þess vegna hættir fólki til að *dýrka* einstaka manneskju í stað þess að sýna henni bara viðeigandi virðingu og heiður. Leiðtogum á sviði stjórnmála og trúmála, íþróttamönnum, kvikmyndastjórnum og öðru frægu fólki er stillt upp á stall, rétt eins og það sé ofurmenni. Ungir og gamlir hafa það sem fyrirmyndir og líkja kannski eftir töktum þess, klæðaburði eða hegðun. Sannkristnir menn vita að það er ekki rétt að veita öðrum mönnum heiður af þessu tagi. Af öllum mönnum, sem hafa verið uppi, er Kristur eina fullkomna fyrirmyndin. (1. Pét. 2:21) Við myndum ekki gleðja Guð ef við sýndum öðrum mönnum meiri virðingu en þeim ber. Við þurfum að hafa hugfast að „allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð“. (Róm. 3:23) Enginn maður verðskuldar heiður sem jafnar virðingunni. *w17.03* 1:6-8

Sunnudagur 30. desember

Hjarta Asa var óskipt gagnvart Drottni alla ævi hans.

– 1. Kon. 15:14, Biblían 1981.

Við getum öll litið í eigin barm og kannað hvort við erum Guði trú af öllu hjarta. Spyrðu þig hvort þú sért staðráðinn í að þóknast Jehóva, verja sanna tilbeiðslu og vernda þjóna hans fyrir öllu sem gæti spillt þeim. Segjum til dæmis að víkja þurfi einhverjum sem er þér nákominn úr söfnuðinum. Myndirðu taka einarða afstöðu og hætta að umgangast viðkomandi? Hvað myndi hjartað knýja þig til að gera? Þú getur líkt eftir Asa og sýnt að þú þjónir Guði af öllu hjarta með því að reiða þig á hann þegar þú verður fyrir andstöðu, jafnvel þótt hún virðist óviðráðanleg. Er þér strítt í skólanum eða gert grín að þér fyrir að taka afstöðu sem vottur Jehóva? Hæðast vinnufélagarnir að þér fyrir að taka fri til að sinna trúnni eða fyrir að vinna sjaldan yfirvinnu? Þá skaltu biðja til Guðs eins og Asa. (2. Kron. 14:10) Stattu fast á því sem þú veist að er rétt og skynsamlegt. Mundu að Guð styrkti Asa og hjálpaði honum, og hann styrkir þig líka. *W17.03 3:6-8*

Mánudagur 31. desember

„Hroðvirkni endar í örbiörgð.“

– Orðskv. 21:5.

Í orði Guðs er okkur ráðlagt að vera ekki fljótþær þegar við þurfum að taka mikilvæga ákvörðun. Okkur gengur líklega betur ef við tökum okkur tíma til að skoða allar hliðar málsins vandlega áður en við tökum ákvörðun. (1. Þess. 5:21) Þeir sem fara með forystu í fjölskyldu ættu að lesa sér til í Biblíunni og ritum safnaðarins áður en þeir taka ákvörðun. Þeir ættu einnig að taka mið af skoðunum annarra í fjölskyldunni. Mundu að Guð hvatti Abraham til að hlusta á konuna sína. (1. Mós. 21:9-12) Öldungar ættu líka að taka sér tíma til að skoða vandlega ákveðin mál. Og ef þeir eru sanngjarnir og hógværir óttast þeir ekki að þeir missi virðingu annarra ef þeir fá nýjar upplýsingar sem kalla á að þeir endurskoði fyrri ákvörðun. Þeir ættu að vera fúsir til að breyta ákvörðunum sínum þegar það á við, og við ættum öll að líkja eftir þeim að þessu leyti. Það getur stuðlað að friði og einingu í söfnuðinum. – Post. 6:1-4. *W17.03 2:16*